


Ársskýrsla Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024–2025



Ársskýrsla Stúdentaráðs Háskóla Íslands 2024–2025



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Ársskýrsla Stúdentaráðs Háskóla Íslands

2024–2025

© 2025 Stúdentaráð Háskóla Íslands

Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Útgefandi:

Stúdentaráð Háskóla Íslands

Sæmundargata 2

102 Reykjavík

Umsjón: Arent Orri Jónsson Claessen

Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson

Umbrot: Tinna Martinsdóttir

Prentað hjá Háskólaprent

Efnisyfirlit

1. Ávarp forseta Stúdentaráðs	16
2. Stúdentaráð Háskóla Íslands	19
2.1 Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024-2025	20
2.2. Fulltrúar í Stúdentaráði	24
2.3. Fulltrúar í sviðsráðum Stúdentaráðs	25
2.4. Fulltrúar stúdenta á Háskólaþingi	26
2.5. Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum	26
2.6. Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna	29
2.7. Fulltrúar í stjórn Félagsstofnunar Stúdenta	29
2.8. Fulltrúar í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta	29
2.9. Fulltrúar í fulltrúaráði Byggingafélags námsmanna	29
2.10. Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs 2024-2025	30
3. Stjórn Stúdentaráðs	33
3.1. Skýpud stjórn árið xxxx'xxxx	34
4. Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs	37
4.1. Nánari upplýsingar	38
5. Ársskýrsla forseta	41
5.1. Að taka við keflinu	42
5.2. Stúdentaráðsfundir	43
5.3. Októberfest SHÍ	44
5.4. Húsnæði stúdentaráðs	46
5.5. Samstarf við HR	47
5.6. Nemenda- og hagsmunafélög innan HÍ	48
5.7. LÍS	49
5.8. LUF	50
5.9. Kjarafulltrúi	51
5.10. Samstarf við HÍ	52
6. Ársskýrsla varaforseta	55
6.1. Nemendafélög	56
6.2. Nefndir	58
6.3. Stúdentar taka til	59
6.4. Annað	59
7. Ársskýrsla hagsmunafulltrúa	63
7.1. Hlutverk hagsmunafulltrúa	64
7.2. Málaskrá	64
7.3. Viðtalstímar	65
7.4. Formennska í jafnréttisnefnd SHÍ	66
7.5. Fulltrúi nemenda í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands	66
7.6. Samráð við nemenda- og hagsmunafélög	67
7.7. Önnur störf	67
8. Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa	69
8.1 Nánari upplýsingar	70

9. Ársskýrsla framkvæmdastjóra	75
9.1. Starfsmannamál	76
9.2. Bókhald og fjármál	77
9.3. Verkefnastjórnun	78
9.4. Skrifstofan almennt	79
9.5. Afslættir	79
9.6. Tilfallandi	80
9.7. Fundargerðir	80
9.8. Að lokum	81
10. Ársskýrsla alþjóðafulltrúa	83
10.1. Alþjóðanefnd (e. International Committee)	84
10.2. Mentor-kerfið	84
10.3. Kynningardagar	86
10.4. Alþjóðadagar	88
10.5. Aurora	89
10.6. Jafnréttisdagar	91
10.7. Kveðjustund Alþjóðanema	91
10.8. Erasmus Student Network Iceland	92
10.9. Hagsmunamál og réttindi alþjóðanema	92
10.10. Markaðsmál	93
11. Ársskýrsla ritstjóra	95
11.1. Nánari upplýsingar	96
12. Ársskýrsla kjara- og réttindafulltrúa	101
12.1.VANTAR KAFLAHEITI	102
12.2. Upplýsinga- og réttindavefur	103
12.3. Komandi starfsár	104
13. Ársskýrsla verkefnastjóra Októberfests	107
13.1. Tímasetning	108
13.2. Markaðsefni	108
13.3. Auglýsingar	110
13.4. Hönnun	110
13.5. Samfélagsmiðlar	111
13.6. Miðasala	112
13.7. Bjórkort	113
13.8. Fjölmiðlar og öryggismál	113
13.9. Samstarfsaðilar	114
13.10. Uppsetning	115
13.11. Aðgengi	115
13.12. Matarvagnar	115
13.13. Fallturn	115
13.14. Kvartanir	115
13.15. Minni viðburðir	116
13.16. Uppákomur	117
13.17. Punktar frá mér	117

14. Samstarfsaðilar Stúdentaráðs	119
14.1. Stjórnsýsla Háskóla Íslands	120
14.2. Stjórnvöld	120
14.3. Landssamtök Íslenskra Stúdenta (LÍS)	121
14.4. Landssamband ungmennafélaga (LUF)	122
14.5. Félagssstofnun stúdenta (FS)	123
14.6. Viðskiptalíf og fyrirtæki í nánu samstarfi	124
15. Starfsemi Stúdentaráðs	129
15.1. Málefnavinna og stefnumótun	130
15.2. Helstu viðburðir og sýnileiki	133
15.3. Menntasjóður námsmanna	136
15.4. Fjarnám	138
15.5. Endurskoðun á lögum Stúdentaráðs	140
15.6. Herferð Stúdentaráðs – Stúdentar taka til	140
15.7. Geðheilbrigðisþjónusta við Háskóla Íslands	142
15.8. Skipulags- og samgöngumál	142
16. Októberfest	145
16.1. Viðburðir í aðdraganda hátíðarinnar	146
16.2. Skipulagsmál í aðdraganda	152
16.3. Skipulag á hátíðinni	154
17. Árshátíð SHÍ	159
17.1. Aðdragandi	160
17.2. Skipulag – árshátíðin sjálf	161
17.3. Samantekt	162
18. Stúdentaráðsfundir	165
18.1. Kjörfundur 16. apríl 2024	166
18.2. 1. fundur – 21. maí 2024	166
18.3. 2. fundur – 6. ágúst 2024	169
18.4. 3. fundur - 26. ágúst 2024	170
18.5. 4. fundur – 25. september 2024	174
18.6. 5. fundur – 12. nóvember 2024	177
18.7. 6. fundur – 21. janúar 2025	181
18.8. 7. fundur – 25. febrúar 2025	183
18.9. 8. fundur – 25. mars 2025	185
18.10. Kjörfundur 29. apríl 2025.	189
19. Ársskýrslur sviðsráða	191
19.1. Ársskýrsla sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs	192
19.2. Ársskýrsla sviðsráðs Hugvísindasviðasvið	194
19.3. Ársskýrsla sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs	198
19.4. Ársskýrsla Sviðsráðs Menntavísindasviðs	202
19.5. Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs	205

20. Fastanefndir Stúdentaráðs	209
20.1. Félagslífs- og menningarnefnd	210
20.2. Félagslífs- og menningarnefnd	213
20.3. Umhverfis- og samgöngunefnd	215
20.4. Lagabreytinganefnd	219
20.5. Fjármála- og atvinnulífsnefnd	220
20.6. Fjölskyldunefnd	222
20.7. Alþjóðanefnd	224
20.8. Jafnréttisnefnd	227
20.9. Kennslumálanefnd	228
21. Skýrslur annarra starfseininga	233
21.1. Lagaráð	234
21.2. Skipulagsnefnd HÍ	235
21.3. Öryggisnefnd HÍ	236
21.4. Íslensk málnefnd Háskóla Íslands 2023-2025	237
21.5. Sjálfbærnnefnd HÍ	242
21.6. Starfshópur um gervigreind	243
21.7. Nefnd um endurskoðun á deildaskipan Háskóla Íslands	243
21.8. Úrskurðarnefnd Stúdentagárða	244
21.9. Ráð um málefni fatlaðs fólks	245
21.10. Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands	247
21.11. Kennslumálanefnd háskólaráðs	247
22.12. Háskólaráð	248
22. Stúdentasjóður	251
22.1.AAAAAA	252
23. Viðaukar	255
Viðhengi 1: viðburðir og dagskrá í aðdraganda Októberfest	256
Viðhengi 2	257
25. Lög Stúdentaráðs	263
Lög Stúdentaráðs	264
26. Skýrsla kjörstjórnar	299
26.1. Skipan kjörstjórnar	300
26.2. Fundir kjörstjórnar	300
26.3. Næstu fundir og framhald	303
26.4. Samskipti kjörstjórnar á milli funda	315
26.5. Kjördagar	317
26.6. Tillögur til úrbóta	319
26.7. Kjörsókn	320
27. Starfsemi Stúdentaráðs og Tímalína	323

1. Ávarp forseta Stúdentaráðs

Kæru stúdentar,

Nú þegar 105. starfsárið hjá Stúdentaráði Háskóla Íslands er að líða undir lok – og við erum að gera upp skólaárið – langar mig til að staldra aðeins við og lýsa því stolti og þakklæti sem maður finnur fyrir innra með sér um þessar mundir.

Á hverju ári fer Stúdentaráð með hagsmunabaráttu stúdenta: hvort sem það er að berjast fyrir málefnum okkar stúdenta, setja bættar aðstæður í forgang eða einfaldlega gera það aðeins bærilegra að vera á skólabekki. Í ár höfum við unnið að fjölmörgum verkefnum: velferð nemenda, geðheilbrigðisþjónustu við skólann, endurskoðun laga, jafnréttismálum og umhverfis- og samgöngumálum auk þess sem við tókum undir mál þess fólks sem kallar eftir bættum húsnæðisaðstæðum, virkri námskrárendurskoðun og að sjálfsögðu að staðinn sé vörður um bílastæðin. Svo má ekki gleyma því að það var bara miklu skemmtilegra í ár!

Í vetur höfum við boðað til ný Stúdentaráðsfunda, haldið 11 stjórnarfundir og svo óteljandi aðrir fundir, bæði innan SHÍ og utan. Í viðburðaslóði ársins tryggðum við að Októberfest yrði bringt inn með gleði, héldum nýnemamót og stúdentaböll, tókum þátt í Gledigöngunni, héldum HÍ-HR heilagan og svo mætti lengi telja.

Þessir viðburðir eru ekki eingöngu tækifæri til að skemmta sér eða slökkva á prófastreitinu. Þeir undirstrika það hvernig sameiginlegur vilji, framsækinn hugur og sambærileg geta slegið rót innan Háskólans. Þannig byggjum við upp skólafyrirkomulag sem er meira en námsvettvangur – það verður lifandi samfélag sem við öll getum kallað aðra heim.

Mikilvægust er þó trúin á að hagsmunir nemenda fái ekki að fjúka út um gluggann. Í Stúdentaráði höfum við beitt okkur af festu fyrir geðheilbrigðisþjónustu, neyddum fram ritrýni á starfsumhverfi, knúðum fram lagabreytingar og fundum lausnir til að létta undir í málefnum lánasjóðs, réttinda, atvinnu

og jafnréttis. Við höfum heyrt ótal sögur af því hvernig þessi vitundarvakning hefur bætt líf ykkar í prófahljóðum. Þið hafið tekið þátt í samráðsfundum og látið í ykkur heyra þegar á þurfti að halda.

Ég vil færa ykkur öllum þakkir fyrir þetta starfsár; fyrir þátttöku ykkar, hugrekið við að tjá ykkur, færni ykkar við að efna til gleði og hversu vel þið hafið tekið í það nýja, alþjóðlega flæði sem nemendabópurinn okkar myndar. Það eru sönn forréttindi að vinna fyrir ykkur sem forseti Stúdentaráðs og ég er fullur hjartsýni fyrir þau tækifæri sem fram undan eru.

Megum við hefja veturinn sem kemur með nýja vitund, nýjan eldmóð og áframhaldandi sambeldni; megum við halda áfram að berjast fyrir réttindum okkar, efsla háskólasamfélag sem er opið, öruggt og hvetjandi fyrir alla nemendur, óháð bakgrunni, starfsnámsstigi eða hvaðan þeir koma að.

Kæru stúdentar: Þessi skóli er ykkar skóli, þetta er ykkar vettvangur – og Stúdentaráð mun alltaf standa vörð um ykkur, tala fyrir ykkur og skapa tækifæri til að þið njótið háskólanámsins í Háskóla Íslands.

Takke fyrir þetta starfsár – förum nú í sumarfrí með stolti, uppbyggilega hugarfarið sem einkennt hefur okkur, og endurnýjaðan kraft til að hefja næsta markmið.

Arent Orri Jónsson Claessen,
forseti Stúdentaráðs

2. Stúdentaráð Háskóla Íslands

Stúdentaráð Háskóla Íslands er æðsti fulltrúi nemenda innan Háskóla Íslands og hefur það hlutverk að gæta menningarlegra, félagslegra og fjárhagslegra hagsmuna stúdenta gagnvart Háskólanum sjálfum og öðrum aðilum, svo sem stjórnvöldum og fjölmiðlum. Ráðið vinnur að hagsmunagæslu, lagabreytingum, umsögnum og ýmsum fyrirspurnum í umboði nemenda. Þá skipar Stúdentaráð fulltrúa í sviðsráð fimm fræðasviða, í háskólaþing, í ýmis ráð og nefndir Háskólans auk stjórna og nefnda utan HÍ.

2.1 Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs 2024-2025

Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs Háskóla Íslands fóru fram dagana 20. og 21. mars 2024. Heildarkjörsókn til Stúdentaráðs var 31,11% samanborið við 32,54% árið á undan. Nýtt Stúdentaráð tók við á skiptafundi ráðsins í lok maí. Atkvæðisrétt hafa allir stúdentar sem stunda nám við Háskóla Íslands, innan þess sviðs sem þeir læra. Þá hafa stúdentar sem eru í þverfræðilegu námi val um hvar þeir nýta atkvæðisrétt sinn, en geta þó einungis kosið á einu sviði. Fjöldi nemenda eftir sviðum eru því nemendur innan þess sviðs auk þeirra sem stunda þverfræðilegt nám og kusu innan þess sviðs. Fjöldi fulltrúa í Stúdentaráði ræðst af nemendafjölda hvers sviðs, en öll svið höfðu þrjá fulltrúa, utan Félagsvísindasviðs sem hafði fimm.

2.1.1. Félagsvísindasvið

Á Félagsvísindasviði voru 3524 nemendur með atkvæðisrétt og kjörsókn 34,85%. Fulltrúar í Stúdentaráði af Félagsvísindasviði eru fimm, en atkvæði skiptust með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	621,15	Júlíus Viggó Ólafsson	Vaka
2	456,6	Katla Ólafsdóttir	Röskva
3	372,15	Ragnheiður Geirsdóttir	Vaka
4	248,93	Birkir Snær Brynleifsson	Vaka
5	239,02	Patryk Lukasz Edel	Röskva
6	222,93	Alda María Þórðardóttir	Vaka
7	192,32	Helga Björg B. Óladóttir	Röskva
8	155,28	Kristófer Breki Halldórsson	Vaka
9	137,93	Mathias Bragi Ölvisson	Röskva
10	116,67	Kristján Benóný Kristjánsson	Röskva

2.1.2. Heilbrigðisvísindasvið

Nemendur á kjörskrá Heilbrigðisvísindasviðs voru 2501 en kjörsókn var 39,14%. Atkvæði skiptust með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	478,83	Kristrún Vala Ólafsdóttir	Röskva
2	445,5	Tinna Eyvindardóttir	Vaka
3	254,33	Eiríkur Kúld Viktorsson	Vaka
4	250	Jón Karl Einarsson	Röskva
5	183,17	Styrmir Hallson	Röskva
6	165,83	Snæfríður Blær Tindsdóttir	Vaka

Eins og áður hefur komið fram tók Styrmir sæti Kristrúnar í Stúdentaráði.

2.1.3. Hugvísindasvið

Á kjörskrá voru 2239 nemendur á Hugvísindasviði, en kjörsókn 23,54%. Atkvæði skiptust með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	309,83	Ísleifur Arnórsson	Röskva
2	219,33	Sóley Anna Jónsdóttir	Röskva
3	154,5	Anna Sóley Jónsdóttir	Vaka
4	136	Védís Drótt Cortes	Röskva
5	79,83	Bjarni Hjaltason	Vaka
6	56,5	Ísar Máni Birkisson	Vaka

2.1.4. Menntavísindasvið

Á kjörskrá Menntavísindasviðs voru 2667 og kjörsókn 22,68%. Atkvæði skiptust með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	304,5	Gunnar Ásgrímsson	Vaka
2	211,5	Magnús Bergmann Jónasson	Röskva
3	196,17	Ásthildur Bertha Bjarkadóttir	Vaka
4	144,83	Gunnar Freyr Þórarinnsson	Vaka
5	132,67	Sesselía Sól Dagsdóttir	Röskva
6	99,33	Andrea Þórey Sigurðardóttir	Röskva

2.1.5. Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Nemendur með atkvæðisrétt á Verkfræði- og náttúruvísindasviði voru 1848, en kjörsókn var þar hæst, eða 41,5%. Atkvæði skiptust með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	387,17	Kristín Friða Sigurborgardóttir	Röskva
2	280	Jóhann Almar Sigurðsson	Vaka
3	236,83	Ester Lind Eddudóttir	Röskva
4	202,83	Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir	Röskva
5	165,67	Ásdís Rán Kolbeinsdóttir	Vaka
6	103,17	Fannar Gíslason	Vaka

2.1.6. Niðurstöður stúdentaráðskosninga

Réttkjörnir stúdentaráðslíðar voru því Anna Sóley Jónsdóttir, Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, Birkir Snær Brynleifsson, Eiríkur Kúld Viktorsson, Ester Lind Eddudóttir, Gunnar Ásgrímsson, Ísleifur Arnórsson, Jóhann Almar Sigurðsson, Júlíus Viggó Ólafsson, Katla Ólafsdóttir, Kristín Friða Sigurborgardóttir, Krístrún Vala Ólafsdóttir, Magnús Bergmann Jónasson, Patryk Lukasz Edel, Ragnheiður Geirsdóttir, Sóley Anna Jónsdóttir og Tinna Eyvindardóttir.

Þann 29. júlí 2024 tilkynnti Krístrún Vala Ólafsdóttir ráðinu um afsögn sína úr Stúdentaráði. Jón Karl Einarsson hlaut næst flest atkvæði úr hópi Röskvuliða á Heilbrigðisvísindasviði en þáði ekki sæti í ráðinu. Styrmir Hallsson tók því sæti í hennar stað, en Guðlaug Eva Albertsdóttir var skipuð sem varafulltrúi.

Niðurstöður kosninga voru því að Vaka bar sigur úr býtum með 9 fulltrúa gegn 8 fulltrúum Röskvu.

2.1.7. Niðurstöður háskólaráðskosninga

Kosning til háskólaráðs 2024 fór fram samhliða stúdentaráðskosningum, en annað hvert ár eru kjörnir tveir fulltrúar stúdenta til háskólaráðs, og tveir til vara.

Heildarkjörsókn til háskólaráðs var 28,06% en þegar síðast var kosið um fulltrúa nemenda í Háskólaráði árið 2022 var kjörsókn 17,95%. Nýir fulltrúar stúdenta tóku við í lok júní og skiptust atkvæði með eftirfarandi hætti:

Sæti	Atkvæði	Nafn	Listi
1	1654,25	Andri Már Tómasson	Röskva
2	1610,25	Viktor Pétur Finnsson	Vaka
3	1015,5	Gréta Dögg Þórisdóttir	Röskva
4	1001	Sigurbjörg Guðmundsdóttir	Vaka
5	687,5	S. Maggi Snorrason	Röskva
6	577,67	Axel Jónsson	Vaka
7	571,33	Rakel Anna Boulter	Röskva
8	488,17	Dagur Kárasen	Vaka

Réttkjörnir fulltrúar stúdenta í háskólaráð kjörtímabilið 2024–2026 eru því Andri Már Tómasson og Viktor Pétur Finnsson, en varafulltrúar þær Gréta Dögg Þórisdóttir og Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Athygli er vakin á því að kjörstjórn komst að þeirri niðurstöðu að Rakel Anna Boulter, frambjóðandi Röskvu í háskólaráð, væri ókjörgeng og því falla atkvæði greidd henni niður.

2.2. Fulltrúar í Stúdentaráði

2.2.1. Félagsvísindasvið

- Júlíus Viggó Ólafsson
- Katla Ólafsdóttir
- Ragnheiður Geirsdóttir
- Birkir Snær Brynleifsson
- Patryk Lukasz Edel

Varamenn:

- Kjartan Leifur Sigurðsson
- Kristófer Breki Halldórsson
- Alda María Þórðardóttir
- Helga Björg Óladóttir
- Mathias Bragi Ölvisson

2.2.2. Heilbrigðisvísindasvið

- Styrmir Hallsson
- Tinna Eyvindardóttir
- Eiríkur Kúld Viktorsson

Varamenn:

- Snæfríður Blær Tindsdóttir
- Lilja Ósk Atladóttir
- Guðlaug Eva Albertsdóttir

2.2.3. Hugvísindasvið

- Ísleifur Arnórsson
- Sóley Anna Jónsdóttir
- Anna Sóley Jónsdóttir

Varamenn:

- Diljá Valsdóttir
- Védís Drótt Cortez
- Jenný María Jóhannsdóttir

2.2.4. Menntavísindasvið

- Gunnar Ásgrímsson
- Magnús Bergmann Jónasson
- Ásthildur Bertha Bjarkadóttir

Varamenn:

- Gunnar Freyr Þórarinnsson
- Andrea Þórey Sigurðardóttir
- Sólmundur Magnús Sigurðarson

2.2.5. Verkfræði- og náttúruvísindasvið

- Kristín Fríða Sigurborgardóttir
- Jóhann Almar Sigurðsson
- Ester Lind Eddudóttir

Varamenn:

- Ásdís Rán Kolbeinsdóttir
- Ingibjörg B. Finnbjörnsdóttir
- Magnús Hallsson

2.3. Fulltrúar í sviðsráðum Stúdentaráðs

Á kjörfundi eru skipaðir fimm fulltrúar í hvert sviðsráð, en stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs kjósa sín á milli um hver þeirra fari með forsæti í sviðsráði þess sviðs. Forsæti sviðsráðs verður að vera úr hópi stúdentaráðsliða, en engar kröfur eru gerðar um setu í stúdentaráði þegar kemur að öðrum fulltrúum í sviðsráði. Réttinum til tilnefninga er skipt í hlutfalli eftir niðurstöðum stúdentaráðskosninga.

2.3.1. Sviðsráð Félagsvísindasviðs

Sviðsráð Félagsvísindasviðs var skipað þeim Birki Snæ Brynleifssyni (V), Ólöfu Soffíu Eðvarðsdóttur (R), Patryk Lukasz Edel (R), Ragnheiði Geirsdóttur (V) og Öldu Maríu Þórðardóttur (V). Ragnheiður Geirsdóttir fór með forsæti í ráðinu.

2.3.2. Sviðsráð Heilbrigðisvísindasvið

Sviðsráð Heilbrigðisvísindasviðs var skipað þeim Eiríki Kúld Viktorssyni (V), Guðlaugu Evu Albertsdóttur (R), Jóni Karli Einarssyni (R), Tinnu Eyvindardóttur (V) og Viktoríu Teu Vökudóttur (V). Tinna Eyvindardóttir fór með forsæti sviðsráðs þar til 25. september 2024 þegar Eiríkur Kúld Viktorsson tók við af henni.

2.3.3. Sviðsráð Hugvísindasviðs

Sviðsráð Hugvísindasviðs var skipað þeim Bjarna Hjaltasyni (V), Ísleifi Arnórssyni (R), Sóley Önnu Jónsdóttur (R), Védísi Drótt Cortez (R) og Önnu Sóley Jónsdóttir (V), en Ísleifur Arnórsson fór með forsæti í ráðinu. Þann 25. september 2024 tók Diljá Valsdóttir sæti Bjarna Hjaltasonar í ráðinu.

2.3.4. Sviðsráð Menntavísindasviðs

Sviðsráð Menntavísindasviðs var skipað þeim Andreu Þóreyju Sigurðardóttur (R), Ásthildi Berthu Bjarkadóttur (V), Gunnari Ásgrímssyni (V), Gunnari Frey Þórarinssyni (V) og Magnúsi Bergmann Jónassyni (R). Gunnar Ásgrímsson fór með forsæti í ráðinu.

2.3.5. Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

Sviðsráð Verkfræði- og náttúruvísindasviðs var skipað þeim Kristínu Fríðu Sigurborgardóttur (R), Fannari Gíslasyni (V), Ingibjörgu B. Finnbjörnsdóttur (R), Jóhanni Almar Sigurðssyni (V) og Magnúsi Hallssyni (R). Kristín Fríða Sigurborgardóttir fór með forsæti í ráðinu.

2.4. Fulltrúar stúdenta á Háskólaþingi

Aðalfulltrúar stúdenta á háskólaþingi voru Anna Sóley Jónsdóttir (V), Arent Orri Jónsson Claessen, Gunnar Ásgrímsson (V), Ísleifur Arnórsson (R), Jóhann Almar Sigurðsson, Katla Ólafsdóttir (R), Kristín Friða Sigurborgardóttir (R), Sigurbjörg Guðmundsdóttir og Tinna Eyvindardóttir (V).

Varafulltrúar voru Ásthildur Bertha Bjarkadóttir (V), Birkir Snær Brynleifsson (V), Eiríkur Kúld Viktorsson (V), Magnús Bergmann Jónasson (R), Mathias Bragi Ölvísson (R), Ragnheiður Geirsdóttir (V) og Styrmir Hallsson (R).

2.5. Fulltrúar Stúdentaráðs í ráðum og nefndum

2.5.1. Alþjóðanefnd

Fulltrúar í alþjóðanefnd voru Abdullah Arif, Auður Aþena Einarsdóttir, Cynthia Anne, Jóhann Almar Sigurðsson, Kateryna Markova, Moses Jason Osabutey og Snæfríður Blær Tindsdóttir. Alþjóðafulltrúi SHÍ fer jafnframt með hlutverk forseta nefndarinnar en Snæfríður Blær var alþjóðafulltrúi stúdentaráðs þetta starfsár.

2.5.2. Félagslífs- og menningarnefnd

Fulltrúar í félagslífs- og menningarnefnd voru Björgvin Viðar Þórðarson, Fjóra Kristný Andersen, Kristján Benóný Kristjánsson og Kristófer Breki Halldórsson. Kristófer Breki fór með forsæti í nefndinni. Fjóra Kristný og Kristján Benóný sögðu af sér nefndarsetu og í þeirra stað komu S. Maggi Snorrason og Þórkatla Eggerz Tinnudóttir, líkt og staðfest var á fimmta fundi stúdentaráðs þann 12. nóvember 2024.

2.5.3. Fjármála- og atvinnulífsnefnd

Fulltrúar í fjármála- og atvinnulífsnefnd voru Afomia Mekonnen, Ármann Leifsson, Björn Rúnar Kristinsson og Signý Rut Hermannsdóttir. Signý Rut fór með forsæti í nefndinni.

2.5.4. Fjölskyldunefnd

Fulltrúar í fjölskyldunefnd voru Karen Lind Skúladóttir, Fjóla María Sigurðardóttir, Linda Rún Jónsdóttir og Viktoría Tea Vökudóttir. Karen Lind fór með forsæti í nefndinni.

2.5.5. Lagabreytinganefnd

Fulltrúar í lagabreytinganefnd voru Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Jens Ingi Andrésson, Helga Björg Óladóttir og Kjartan Leifur Sigurðsson. Jens Ingi fór með forsæti í nefndinni.

2.5.6. Umhverfis- og samgöngunefnd

Fulltrúar í umhverfis- og samgöngunefnd voru Ásdís Rán Kolbeinsdóttir, Brittany Kristín Skagfield, Guðni Thorlacius, Jóhann Almar Sigurðsson og Svanlaug Halla Baldursdóttir. Jóhann Almar fór með forsæti nefndarinnar þar til Ásdís Rán gekk í embættið með staðfestingu á fundi stúdentaráðs þann 25. nóvember 2025.

2.5.7. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Fulltrúar í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd voru Grímur Ólafsson, Gunnar Snær Mogensen, Hannes Lúðvíksson, Haraldur Bergvinsson, Muhammad Muzammil Mustafa, Patryk Lukasz Edel og Þórður Guðlaugsson. Hannes Lúðvíksson fór með forsæti í nefndinni.

2.5.8. Jafnréttisnefnd

Fulltrúar í jafnréttisnefnd voru Agla Arnars Katrínardóttir, Ásthildur Bertha Bjarkadóttir, Friðrik Þór Ólafsson, Tinna Eyvindardóttir, Valgerður Laufey Guðmundsdóttir og Védís Drótt Cortez. Valgerður Laufey fór með forsæti í nefndinni.

2.5.9. Kennslumálanefnd

Í kennslumálanefnd sátu Andrea Þórey Sigurðardóttir, Eiríkur Kúld Viktorsson, Ingibjörg B. Finnbjörnsdóttir, Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir og Sóley Anna Jónsdóttir. Ólöf Soffía fór með forsæti í nefndinni.

2.5.10. Lagaráð

Í lagaráði sátu Arent Orri J. Claessen, Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Helga Björg Óladóttir, Jens Ingi Andrésson, Júlíus Viggó Ólafsson, Katla Ólafsdóttir, Kjartan Leifur Sigurðsson og Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Arent Orri fór með formennsku í ráðinu.

2.5.11. Stúdentasjóður

Í stjórn Stúdentasjóðs áttu sæti Anna Sóley Jónsdóttir, Fannar Gíslason, Gunnar Freyr Þórarinnsson, Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir, Sæþór Már Hinriksson, Tinna Eyvindardóttir og Viktor Pétur Finnsson. Viktor Pétur var formaður stjórnarinnar og Tinna varaforseti.

2.6. Fulltrúar í stjórn Menntasjóðs námsmanna

Menntasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd stúdentaráðs en Júlíus Viggó Ólafsson gegndi embætti menntasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs.

2.7. Fulltrúar í stjórn Félagsstofnunar Stúdenta

Stúdentaráð skipar samkvæmt lögum nr. 33/1968 þrjá fulltrúa í stjórn Félagsstofnunar stúdenta til tveggja ára en í stjórn eiga sæti frá 2023–25 þau Brynhildur Bolladóttir, Elísabet Brynjarsdóttir og Pétur Urbancic Tómasson.

2.8. Fulltrúar í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta

Hvert aðildarfélag LÍS á tvo fulltrúa í fulltrúaráði samtakanna. Arent Orri Jónsson Claessen og Rakel Anna Boulter sátu fyrir hönd SHÍ, en Rakel hafði verið skipuð af Stúdentaráði 2023–24 til tveggja ára. Varamenn voru Sigurbjörg Guðmundsdóttir og Júlíus Viggó Ólafsson.

2.9. Fulltrúar í fulltrúaráði Byggingafélags námsmanna

Arent Orri Jónsson Claessen og Janus Arn Guðmundsson voru kjörnir til tveggja ára sem aðalmenn í stjórn Byggingafélags námsmanna. Íris Gunnarsdóttir var kjörin til eins árs sem varamaður í stjórn.

2.10. Fulltrúar stúdenta í nefndum háskólaráðs 2024-2025

2.10.1. Stefnu og gæðaráð

- Arent Orri Jónsson Claessen
- Sigurbjörg Guðmundsdóttir

2.10.2. Skipulagsnefnd

- Júlíus Viggó Ólafsson

2.10.3. Ráð um málefni fatlaðs fólks

- Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir
- Styrmir Hallsson

2.10.4. Málanefnd Háskóla Íslands

- Piergiorgio Consagra

2.10.5. Jafnréttisnefnd

- Valgerður Laufey Guðmundsdóttir

2.10.6. Kennslumálanefnd

- Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir

2.10.7. Sjálfbærni- og umhverfisnefnd

- Ásdís Rán Kolbeinsdóttir

2.10.8. Öryggisnefnd

- Dagmar Ísleifsdóttir

Bergmann Óli Aðalsteinsson var áheyrnarfulltrúi í öryggisnefnd en sagði af sér á starfsárinu.

2.10.9. Vísindanefnd

- Hrannar Már Hafberg

3. Stjórn Stúdentaráðs

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli Stúdentaráðsfunda og fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins. Stjórnin annast framkvæmd þeirra verkefna sem ráðið felur henni og getur einnig tekið ákvarðanir og afgreitt mál á fundum innan þeirra marka sem ráðið ákveður hverju sinni.

Í stjórn stúdentaráðs sitja forsetar sviðsráða hvers sviðs, ásamt forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Oddvitar fylkinganna hafa áheyrnaraðild að stjórn. Forseti Stúdentaráðs er jafnframt formaður stjórnar og stýrir fundum hennar, en í fjarveru hans gerir varaforseti það. Þá kýs stjórnin sér gjaldkera. Allir stjórnarmenn skipa sinn varafulltrúa, en formaður fylkingar er varamaður oddvita.

3.1. Stjórn SHÍ 2024-2025

Stjórn stúdentaráðs þetta starfsár var því skipuð þeim:

- Arent Orra Jónssyni Claessen, forseta Stúdentaráðs
- Sigurbjörgu Guðmundsdóttur, varaforseta Stúdentaráðs
- Ragnheiði Geirsdóttur, forseta sviðsráðs Félagsvísindasviðs
- Eiríki Kúld Viktorssyni, forseta sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
- Ísleifi Arnórssyni, forseta sviðsráðs Hugvísindasviðs
- Gunnari Ásgrímssyni, forseta sviðsráðs Menntavísindasviðs
- Kristínu Fríðu Sigurborgardóttur, forseta sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Þá höfðu Júlíus Viggó Ólafsson og Katla Ólafsdóttir áheyrnaraðild að fundum stjórnar sem oddvitar fylkinganna í stúdentaráði.

Stjórnin hélt alls 11 formlega fundi yfir starfsárið. Þeir voru alla jafna mánaðarlegir en þó tíðari í aðdraganda Októberfest.

4. Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs

Styrkur Stúdentaráðs felst einna helst í því að hjá ráðinu eru ekki einungis sjálfboðaliðar heldur einnig starfsmenn. Óljóst er hvenær Stúdentaráð var fyrst í þeirri stöðu að geta verið með stúdenta á launum við að sinna hagsmunabaráttu en ljóst er að Stúdentaráð gæti ólíklega sinnt þeim verkefnum sem það tekur sér fyrir hendur á ári hverju án þess að starfrækja skrifstofu.

Þeir sem hafa fasta aðstöðu á skrifstofu Stúdentaráðs skiptast í tvennt, þ.e. kjörna fulltrúa stúdentaráðs til að sinna embættisstörfum, og svo starfsmenn sem ráðnir eru til starfa af ráðinu. Kjörnir fulltrúar Stúdentaráðs á skrifstofunni eru forseti, varaforseti, hagsmunafulltrúi og menntasjóðsfulltrúi. Starfsfólkið er framkvæmdastjóri, ritstjóri, alþjóðafulltrúi og kjarafulltrúi en síðastnefndu stöðunni var komið á fót á liðnu starfsári.

4.1. Um skrifstofu

Hlutverk skrifstofunnar er í meginatriðum að sinna þjónustu við nemendur, en þar fara fremst menntasjóðs-, hagsmuna-, kjara- og alþjóðafulltrúar Stúdentaráðs. Þessum stöðum er hægt að halda úti vegna þjónustusamninga við samstarfsaðila, en mikilvægt er að Stúdentaráð rækti samband sín við þá aðila til að tryggja öflugt starf. Þá sinnir skrifstofan einnig öðrum verkefnum, ýmist pólitískri málefnavinnu, framkvæmd og úrvinnslu á samþykktum álitum Stúdentaráðs og að sjálfsgöðu að tryggja blómlegt félagslíf stúdenta með hátíðum eins og Októberfest og Árshátíð SHÍ. Réttindaskrifstofan deildi með sér rúmlega þremur og hálfu stöðugildi starfsárið 2024–2025, þar af voru forseti og framkvæmdastjóri í fullu starfi á starfsárinu, en hin stöðugildin skiptust niður á aðra starfsmenn.

Viðtalstímar voru eftirfarandi:

Alþjóðafulltrúi

- Þriðjudagar 10:00–12:00
- Miðvikudagar 15:00–17:00

Hagsmunafulltrúi

- Þriðjudagar 10:00–12:00
- Miðvikudagar 11:00–13:00

Lánasjóðsfulltrúi

- Miðvikudagar 12:30–14:00

5. Ársskýrsla forseta

Arent Orri Jónsson Claessen, kjörinn á kjörfundi 16. apríl 2024, tók formlega við embætti forseta Stúdentaráðs af Rakel Önnu Boulter á skiptafundi 21. maí 2025.

Forseti ber ábyrgð á starfsemi og framkvæmd Stúdentaráðs. Þá fer hann með fundarstjórn á fundum ráðsins og gegnir einnig lykilhlutverki á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs með því að tryggja framvindu verkefna. Forseti er einnig helsti málsvari stúdenta annars vegar gagnvart Háskóla Íslands og hins vegar út á við.

5.1. Að taka við keflinu

Þegar nýr meirihluti tekur við Stúdentaráði geta verkefnin verið ögn strembnari en ella. Stofnanaminnið er mikilvægt tól sem vont er að missa. Þegar svo ber undir er mikilvægt að fráfarandi forseti setji sig í stellingar og bjóði fram krafta sína í að koma nýkjörnum forseta inn í hlutina. Það sem er mikilvægast er að gögn fljóti á milli á ára. Starfsmenn SHÍ verða að tileinka sér að vista öll mikilvæg gögn á sameiginlegu svæði skrifstofunnar til að tryggja lágmarksstofnanaminni. Þá er einnig mikilvægt að farið sé yfir praktísk atriði, eins og tilkynningar á Uglu/tölvupósti, lykilorð og aðganga að miðlum ráðsins og fleira.

Fráfarandi forseti og nýkjörinn forseti verða að vinna saman við yfirfærslu á öllu stofnanaminni sem er mögulegt og einnig tryggja að allir þeir sem taka við stöðum geri slíkt hið sama. Það mætti jafnvel festa slíkt í ráðningarsamninga.

Yfirstjórn & skipulag

Forseti ber ábyrgð á starfsemi Stúdentaráðs og mikilvægt er að hann sé með yfirsýn yfir þau verkefni sem unnin eru á skrifstofu SHÍ. Til þess að halda utan um skjöl og gögn ráðsins var notast við OneDrive-skjalavistun; eitt fyrir skrifstofu SHÍ, annað fyrir Stúdentaráð og það þriðja fyrir stjórn ráðsins. Til að halda góðu verkefnaskipulagi var ákveðið að nota verkefnastjórnunarkerfi, ClickUp, sem reyndist mjög vel. Mælt er með að skrifstofa SHÍ tileinki sér sama eða sambærilegt kerfi til að tryggja yfirsýn og framvindu, en mögulega er til ódýrara kerfi sem hentar betur en þetta tiltekna kerfi.

Lagt var upp með í byrjun starfsárs að vera með vikulega fundi skrifstofunnar, en það reyndist erfitt að halda þeim til streitu vikulega. Í staðinn tóku forseti, varaforseti og framkvæmdastjóri vikulega stöðufundi á mánudögum og fóru yfir verkefni vikunnar, en stöðufundur með öllum starfsmönnum skrifstofunnar var alla jafna mánaðarlega. Fundirnir voru þó mun tíðari á álagspunktum eins og í kringum Októberfest og Árshátíð SHÍ, og var raunar fundað daglega á köflum.

Sum verkefni sem falla á skrifstofuna eru ekki á ábyrgð einhvers tiltekins starfsmanns SHÍ. Þetta eru verkefni eins og markaðsmál, verkefni tengd vefsíðunni og tilkynningum, samskipti við sjálfbóðaliða í tengslum við Októberfest o.s.frv. Í byrjun árs var því ákveðin gróf verkefnaskipting meðal starfsmanna. Alþjóðafulltrúa voru falin markaðsmál

og utanumhald um samfélagsmiðla. Forseti og varaforseti fóru með ábyrgð á vef og tilkynningu.

Mikilvægt er að forseti sé með yfirsýn yfir verkefni sem ráðið ræðst í, en þó er á ábyrgð allra starfsmanna að tryggja skipulag og góða starfshætti um sín verkefni. Verkefnin sem koma á borð Stúdentaráðs eru fjölbreytt og ótal mörg, og það er mikilvægt að þeim sé deilt út til starfsmanna. Að fenginni reynslu er verra að treysta á aðila utan skrifstofunnar, enda eru þeir í ólaunuðum störfum fyrir Stúdentaráð. Forseti telur að eðlilegt væri að stöðugildi og starfsmenn skrifstofunnar yrðu endurskoðaðir, t.d. með því að bæta við hlutastarfi um markaðsmál, samskipti við samstarfsaðila, viðburðastjórnun, og þar fram eftir götum. Það þurfa ekki allir starfsmenn að vera með starfsaðstöðu á skrifstofu SHÍ, en einnig væri hægt að leysa það með samnýttum skrifborðum.

5.2. Stúdentaráðsfundir

Samkvæmt samþykktum Stúdentaráðs er forseta skylt að boða til Stúdentaráðsfunda með tilkynningu til hvers fulltrúa í Stúdentaráði, auk tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs. Fundirnir skulu boðaðir með sjö daga fyrirvara, hið minnsta. Samkvæmt lögum Stúdentaráðs fer forseti jafnframt með fundarstjórn á stúdentaráðsfundum, en yfir árið skulu haldnir a.m.k. níu fundir.

Markmiðið var að halda u.þ.b. einn fund í mánuði, og sleppa þá sumarmánuðum og desembermánuði. Árið áður höfðu fundirnir verið þéttari og fleiri, eða tólf talsins, og þótti það helst til mikið. Mikilvægt er að forseti taki tillit til þess að stúdentaráðsliðar eru í ólaunuðum störfum og að ekki sé hægt að ætlast til af þeim að mæta tvisvar í mánuði á fjögurra klukkustunda fundi.

Forseti fór gagnert í það að tryggja að á Stúdentaráðsfundum yrði góður andi, eða í það minnsta betri en á fyrra starfsári. Þótt tvær fylkingar myndi ráðið hljóti að vera hægt að tryggja að fundirnir fari fram af virðingu við alla og að rökræðum sé haldið á málefnalegum nótum. Fyrstu fundirnir voru erfiðir, en fundarsköp voru ekki virt sem leiddi til þess að mikill hiti var á fundunum. Forseti réðst í þetta með því að taka

fund með oddvitum, þar sem þeim var gert að ræða við sínar fylkingar og tryggja betri frið, en einnig með því að breyta örlítið fundarsköpum. Sú meginregla var sett að Stúdentaráðsliðar kæmu upp í ræðustól til að tjá sig, eftir að hafa sett sig á mælendaskrá. Undantekningar á þessu mátti þó gera með leyfi fundarstjóra. Þá voru fundir þar eftir haldnir í stofu N-132 í Öskju, en ástæðurnar fyrir því eru í meginatriðum tvær: stofan er fyrirlestrastofa, þannig að allir snúi fram að ræðustól en ekki að öðrum fundarmönnum, en svo skemmtilega vill til að í fremstu sætaröð stofunnar eru 17 sæti, þ.e. jafn fjölda stúdentaráðsliða. Því sitja allir stúdentaráðsliðar í sömu röð og aðrir fundargestir í öðrum röðum. Til að undirstrika „vægi“ ræðustólsins enn fremur voru fundir teknir upp með myndavél og hljóðnema sem tekur einungis upp ræðumann í pontunni.

Forseti mælir eindregið með því að sama fyrirkomulagi sé viðhaft við fundina sjálfa, þ.e.a.s. að fundirnir séu miðaðir að ræðustólnum og að fundarstjórn sé skilvirk.

5.3. Októberfest SHÍ

Forseti gegndi stóru hlutverki í skipulagi og framkvæmd hátíðarinnar Októberfest í ár. Aðkoma forseta var meiri heldur en hefur tíðkast síðustu ár, sem skýrist af því að Stúdentaráð var í raun að halda hátíðina sjálft í fyrsta skipti. Forseti sá um samningagerð við verktaka, stefnumótun og ut anumhald um samskipti. Í raun var forseti í eins konar yfirstjórn skipulags, samhliða öðrum verkefnum. Í ljósi aðstæðna og takmarkaðra upplýsinga/gagna frá fyrri árum þurfti Stúdentaráð að „finna upp hjólið“ við hátíðina, þ.e.a.s. að hugsa og skipuleggja alla hátíðina frá grunni. Hér verður ekki farið ítarlega í framkvæmdina og skipulag, en ítarlegrar er fjallað um Októberfest í kafla 16.

5.3.1. Riftun samnings

Í upphafi þessa starfsár lá fyrir að stuttu fyrir kosningar hafði samningur við verktaka vegna Októberfest verið endurnýjaður. Forseti fór því strax og fundaði með þeim verktökum. Fljótlega komu upp efasemdir um að samkomulag við verktaka væri það besta fyrir Stúdentaráð, en í rauninni var allur rekstur og þ.a.l. öll ákvarðanatataka og hagnaður af hátíðinni hjá viðkomandi verktaka. Forseti fór í samningaviðræður um breytt fyrirkomulag og reyndi að komast að samkomulagi sem allir væru sáttir með,

t.d. með því að skipta hagnaði til helminga, eða að auka hlutfall hagnaðar sem rynni til Stúdentaráðs. Fljótlega fór að verða mjög stírt á milli skrifstofu Stúdentaráðs og verktakanna, og óþarfi að fara í saumana á öllu sem gerðist þar. Áhugasamir geta skoðað tímalínuna sem er aftast í skýrslunni.

5.3.2. Skipulag

Um leið og ljóst var að Stúdentaráð þyrfti að fara aðrar leiðir en að reiða sig á fyrri verktaka á hátíðinni fór forseti í að hafa samband við reynda aðila í viðburðageiranum. Basement ehf. var fengið inn til að sjá um skipulag, yfirstjórn, listræna stjórnun og samskipti við listamenn en þar starfar Skarphéðinn Finnbogason, sá sem hafði verið ráðinn inn sem samskiptastjóri Októberfest af Stúdentaráði síðustu tvö árin. Þá var verktakafyrirtækið Live Production fengið sem framkvæmdaraðili, en félagið sá um yfirumsjón við skipulagningu hátíðarinnar, til að mynda með samskiptum við undirverktaka, öryggismál, og annað tilfallandi. Manhattan Events var fengið til að sjá um vínsölu, starfsmenn á bar og þess háttar verkefni. Ótal aðrir verktakar komu að hátíðinni, en þessir þrír báru hátíðina að stóru leyti á herðum sér og verður þeim seint þakkað nægilega fyrir sín störf.

5.3.3. Hátíðin

Markmiðið með hátíðinni var að sjálfsögðu fyrst og fremst að allir myndu skemmta sér, upplifa sig örugga, að fólk myndi ekki finna fyrir þeim breytingum sem áttu sér stað og síðast en ekki síst, að Stúdentaráð yrði ekki gjaldþrota. Allt þetta gekk eftir.

Úrval listamanna á hátíðinni var rosalegt þó ég segi sjálfur frá, og jafnast að einhverju leyti á við Þjóðhátíð. Ef eitthvað er mætti kjarna úrvalið betur og draga eitthvað úr fjölda atriða og hafa jafnvel stærri en færri atriði. Það voru engin alvarleg atvik sem ógnuðu öryggi hátíðargesta, sem verður að sjálfsögðu að skrifast að einhverju leyti á þá miklu áherslu sem lögð var á öryggismál. Forseti fór meira að segja í kvöldfréttir Stöðvar 2 vegna stóraukinna öryggisráðstafanna.

5.4. Húsnæði stúdentaráðs

Það var snemma ljóst að fara þyrfti í miklar umbætur á skrifstofu Stúdentaráðs. Mikilvægt er að umgengni sé góð og að skrifstofan sé vinnustaður. Eitt af fyrstu verkum forseta og framkvæmdastjóra var að tæma rusl og fjarlægja aðra hluti sem engin not voru fyrir og höfðu jafnvel verið geymdir á skrifstofunni í fleiri ár án sýnilegrar ástæðu. Þá var „kompan“ tæmd og gerð að fundarherbergi, en áður var fundarborð við inngang og því ekkert fundarherbergi þar sem hægt væri að læsa að sér. Fundarherbergið var gífurlega vel nýtt yfir árið og varla hægt að ímynda sér starfseminu án þess. Forseti fékk svo sérstaka lykla frá umsjónarmanni fasteigna þannig fundarherbergið nýttist einnig sem læsanlegt rými, sem var nauðsynlegt í Októberfestvikunni þar sem geyma þurfti reiðufé, hátíðarmiða og önnur verðmæti í læstu rými. Í Októberfestvikunni var eðlilega mikill umgangur af sjálfbodaliðum og öðrum hátíðargestum á skrifstofunni, sem ýtti enn fremur undir þörfina fyrir læst rými.

Þá kom forseti á talsambandi við framkvæmda- og tæknisvið og fékk gefins húsgögn frá sviðinu til að nýta inni í fundarherberginu. Áður höfðu verið tveir opnir skápar, en nú eru þar skápar með hurðum.

Þá lagði forseti fram beiðni á borð stjórnar FS um styrk að fjárhæð kr. 600.000 vegna endurnýjunarinnar, þá sérstaklega til kaupa sófa og stóla í anddyri. Stjórn FS féllst á styrkinn, og fyrir vikið gerðu forseti og framkvæmdastjóri sér ferð í IKEA þar sem gullfallegi sófinn var keyptur. Enn á eftir að kaupa stóla og sófaborð, en við felum nýrri skrifstofu að hljóta heiðurinn af því.

Þá hafði framkvæmdastjóri einnig samband við framkvæmda- og tæknisvið til að fá fundarherbergið inn í bókunarkerfi í tölvupóstaumhverfi skrifstofunnar, sem var auðsótt mál. Nú getur skrifstofa Stúdentaráðs því bókað skrifstofuna í gegnum tölvupóst, og þarf ný skrifstofa að setja sig í samband við framkvæmda- og tæknisvið til að gefa nýjum starfsmönnum heimild til að bóka. Mælt er með því að veita einnig Stúdentaráðsliðum heimild til að bóka fundarherbergið og kynna það.

Þá voru gamlir tölvuskjáiir settir í endurvinnslu, en ný skrifstofa er hvött til að afla sér tilboðs og útvega tvo skjái fyrir starfsmenn eins og var áður. Í samstarfi stúdentaráðs við MOWO var ákvæði um að þeir ættu að greiða fyrir nýja tölvuskjáir fyrir skrifstofuna, sem varð svo ekkert úr. Eflaust væri hægt að óska eftir nýjum tölvuskjáum hjá framkvæmda- og tæknisviði.

Þá er einnig kominn tími á að endurnýja tölvur og annan grundvallaraðbúnað fyrir skrifstofuna, sem best er að gera í samstarfi við upplýsinga- og tæknisvið. Þó leggur forseti til að Stúdentaráð kaupir sjálft tölvur hjá þriðja aðila og geri samning við UTS að þjónusta tölvurnar, en fyrir einhverjum árum var gerður kaupleigusamningur við UTS og greiðir SHÍ því tiltekna upphæð á mánuði vegna leigu á tölvunum. Sú fjárhæð hefur farið langt fram úr þeirri fjárhæð sem hefði kostað stúdentaráð að kaupa tölvurnar sjálft.

5.5. Samstarf við HR

Snemma á árinu hafði forseti samband við formann Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík (SFHR), og boðaði stjórn SFHR á fund á skrifstofu Stúdentaráðs. Háskólarnir tveir í Vatnsmýri eru stórir og margir samliggjandi fletir. Því er mikilvægt að það sé gott talsamband milli stjórnar SFHR og SHÍ.

5.6. Nemenda- og hagsmunafélög innan HÍ

Innan Háskólans er fjöldinn allur af nemendafélögum, samtökum og frábærum nemendadrifnum verkefnum. Það mikilvægasta sem skólinn hefur eru stúdentarnir. Það var stefna okkar í Stúdentaráði í ár að reyna eftir fremsta megni að virkja nemendafélög og vera stuðningur við þau. Stúdentaráð Háskóla Íslands á ekki að vera eyland með fjarlægja tengingu við nemendafélögin. Nemendafélögin hafa haldið uppi félagslífi skólans og eru helsta tenging við stúdenta á meðan Stúdentaráð fer með hlutverk málsvara stúdenta. Sú þróun er ekki heillavænleg. Framtíðarsýnin ætti alltaf að vera að þótt nemendafélögin og hagsmunafélögin séu sjálfstæð og óháð SHÍ, þá sé SHÍ þó eins konar guðfaðir þeirra. Það er hagsmunamál stúdenta að innan deildar þeirra starfi öflug nemendafélög sem fari með mun hnitmiðaðari hagsmunabaráttu og haldi utan um félagslíf innan deildarinnar. Þess vegna er mikilvægt að Stúdentaráð standi vörð um nemendafélögin og aðstoði þau eftir fremsta megni.

Forseti og varaforseti settu sig í samband við formenn nemendafélaga úr stærstu deildum og fengu þá á fund til sín, til að ræða Stúdentaráð, nemendafélag þeirra, þarfir félagsins og félagsmanna. Þessir fundir reyndust gífurlega farsælir, þar sem við fengum að kynnst ólíkum áherslum og sjónarmiðum, auk þess sem formennirnir sem forseti og varaforseti áttu fundi með urðu því mun opnari fyrir störfum og starfsemi Stúdentaráðs.

Forseti mælir eindregið með því að forysta Stúdentaráðs haldi áfram og setji meiri kraft í að hitta forystu nemendafélaga. Þá eru að sjálfsögðu samráðsfundir sem varaforseti og hagsmunafulltrúi héldu utan um mikilvægir og einnig mikilvægt að forseti stúdentaráðs mæti á þá fundi og kynni sig.

Á framtíðaráætlun Stúdentaráðs ætti að vera á dagskrá hvernig betur má innvinka nemenda- og hagsmunafélög í störf Stúdentaráðs, og þá sérstaklega í stóra viðburði eins og Árshátíð SHÍ og Októberfest. Þannig er hægt að tryggja góða þátttöku nemenda og ýta frekar undir betra og þéttara háskólasamfélag.

5.7. LÍS

Forseti situr í fulltrúaráði Landssambands íslenskra stúdenta (LÍS), en samkvæmt fyrri verklagsreglum Stúdentaráðs, sem eru ekki í gildi lengur, situr forseti í tvö ár í senn með fléttufyrirkomulagi. Rakel Anna Boulter sat því einnig í fulltrúaráði, en tveir fulltrúar eru frá öllum átta aðildarfélögum. Önnur aðildarfélög eru með eins árs skipun og er það iðulega forseti og varaforseti félagsins, enda fara þeir með lýðræðislegt umboð þess félags. Ekki er mælt með að þetta fyrirkomulag haldi sér, heldur að forseti og varaforseti stúdentaráðs séu fulltrúar í fulltrúaráði, en reyndin var sú að þar sem ekki var eining milli forseta og Rakelar Önnu voru áhrif SHÍ minni en annars, sem er ógnvænlegt að geti gerst. Stúdentar í HÍ eru rúmlega 70% af stúdentum á Íslandi en lýðræðislega kjörinn málsvari þeirra hafði þó aðeins 1/16 atkvæðavægi á fundum fulltrúaráðs LÍS.

Samstarf forseta við forseta LÍS, Lísu Margréti Gunnarsdóttur, var gott og mikið yfir árið. Mælt er með því að forseti kalli eftir fundi við forseta LÍS á fyrstu dögum í starfi til að tryggja að félögin séu samstíga. Mikilvægt er að Stúdentaráð missi ekki sjónar á því að tilgangur og markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands og verður að taka því alvarlega ef LÍS er ekki samstíga SHÍ í stefnu sinni, enda eru eins og fyrr segir stúdentar við HÍ rúmlega 70% af stúdentum landsins.

Stúdentaráð verður einnig að taka til skoðunar atkvæðavægi og fyrirkomulag LÍS, en SHÍ fer með 2 atkvæði af 16 í fulltrúaráði og á landsþingi á SHÍ 13 fulltrúa af 39, eða þriðjung atkvæða. Mikilvægt er að rödd stúdenta við HÍ sé sterk og leiðandi í starfi og starfsemi LÍS, þó SHÍ eigi að sjálfsögðu að fagna samstarfi við önnur hagsmunasamtök stúdenta.

Ítarlegri umfjöllun um LÍS má finna í kafla 14.4.

5.8. LUF

Landssamband ungmennafélaga (LUF) heldur sambandsþing og leiðtogaráðsfundi. Á sambandsþingi hefur SHÍ hæsta fjölda atkvæða samkvæmt samþykktum, eða 7 atkvæði. Í leiðtogaráði fer SHÍ með 1 atkvæði. Forseti sótti bæði sambandsþing og leiðtogaráð fyrir hönd SHÍ á starfsárinu. Gott samstarf var á milli SHÍ og LUF á árinu, en rétt eins og innan LÍS er ljóst að fulltrúar SHÍ þurfa að vera meðvitaðir um þennan mismun í atkvæðavægi og láta í sér heyra og eftir atvikum leggja til breytingu á atkvæðavægi.

Samkvæmt LUF eru u.þ.b. 70.000 félagsmenn í aðildarfélögum LUF, en þar af eru félagsmenn SHÍ 14.000. Engu að síður fer SHÍ aðeins með 7 atkvæði á fundi þar sem allt að 41 félag fer með atkvæði, flest með u.þ.b. 3 atkvæði. Því er ljóst að atkvæðavægi SHÍ endurspeglar illa fjölda félagsmanna. Þá er einnig ástæða til að hafa áhyggjur af þeirri þróun hjá LUF að vinna markvisst að innlimun nýrra félaga, sem á sama tíma þynna út atkvæðavægi SHÍ.

Einnig er varhugavert að ekki virðist vera neinn greinarmunur á þeim tillögum og erindum sem geta farið í gegnum sambandsþing annars vegar og leiðtogaráðsfundi hins vegar, þrátt fyrir algerlega ólíka fundi m.t.t. atkvæða. Þá hafa einnig stjórnarmenn LUF atkvæði á leiðtogaráðsfundum, og allir fulltrúar aðildarfélaga með eitt atkvæði. Nauðsynlegt er fyrir SHÍ að tryggja að stefna félagsins, erindi og yfirlýsingar fari annaðhvort einungis fram á sambandsþingi eða að breytt atkvæðavægi sé einnig tekið upp á leiðtogaráðsfundum.

Þá hefur einnig verið einhver umræða um hvort LÍS fái fulla aðild að LUF, en þá myndi full aðild SHÍ falla niður. Eftir samtöl forseta við forseta LÍS er það ekki stefna LÍS eins og staðan er í dag en það gæti þó breyst. Ljóst er að gerist það verði SHÍ að segja sig úr LÍS og/eða LUF, enda myndu þau samtök ekki endurspeglar rödd stúdenta með sama hætti og SHÍ gerir.

Þá er einnig varhugaverð þróun að umræður og yfirlýsingar sem deilt er um og eftir atvikum samþykkt á vettvangi LUF eru hápólítískar, og er að mati forseta stýrt af ungmennafélögum stjórnmalaflokka að stóru leyti. Forysta SHÍ verður að hafa í huga að SHÍ þarf ekki að vera aðili að þessum samtökum, og þá allra síst ef þau endurspeglar ekki hagsmunabaráttu stúdenta.

5.9. Kjarafulltrúi

Snemma á árinu fundaði forseti með fulltrúum úr nýju stéttarfélagi, Visku. Stéttarfélagið varð til við sameiningu þriggja stéttarféлага árið 2023. Á þeim fundi varð forseta fljótt ljóst að stúdentar gætu hagnast verulega á góðu samstarfi Stúdentaráðs við Visku. Hugmynd kviknaði á fundinum að stærra samstarfi en að skipta á aurum fyrir auglýsingar í blöðum, en sú hugmynd kom upp að fá inn starfsmann á skrifstofu Stúdentaráðs sem myndi þjónusta nemendur við vinnu- og kjaramál. Fljótlega kviknaði hugmyndin að kjara- og réttindafulltrúa stúdentaráðs og samningar voru teiknaðir upp milli Visku og SHÍ. Í kjölfarið varð staðan til. Þetta er í fyrsta sinn sem slík þjónusta verður í boði fyrir háskólanema hér á landi. Þetta eru ekki aðeins tímamót í þjónustu SHÍ við háskólanema heldur einnig ný skref í þjónustuframboði íslensks stéttarfélags. Kjara- og réttindafulltrúanum er ætlað að veita þjónustu og ráðgjöf auk þess að vinna að því að efla vitund háskólanema um réttindi sín á vinnumarkaði.

Það eru mikil sóknartækifæri í stöðu kjara- og réttindafulltrúa stúdentaráðs og er hlutverk fulltrúans enn að mótast. Mikilvægt er að Stúdentaráð leggi sig fram við að móta hlutverkið til að ýta undir vitneskju háskólanema um vinnutengd réttindi, brúa bilið milli atvinnulífs og Háskólans ofl. Eðlilegt væri ef kjara- og réttindafulltrúinn væri t.d. einnig forseti í fjármála- og atvinnulífsnefnd SHÍ.

5.10. Samstarf við HÍ

Mikið af starfi forseta felst í samstarfi við Háskólann á hinum ýmsu vígstöðvum. Mikilvægt er að forseti eigi í virku samtali við starfsfólk og yfirstjórn Háskólans til að tryggja að teknar ákvarðanir taki mið af hagsmunum stúdenta. Eins á Stúdentaráð að fara fram á að fulltrúi stúdenta sé í hverjum starfshóp eða nefnd skólans.

6. Ársskýrsla varaforseta

Sigurbjörg Guðmundsdóttir gegndi Embætti varaforseta Stúdentaráðs Háskóla Íslands starfsárið 2024–25. Hún var kjörin á kjörfundi Stúdentaráðs 16. apríl 2024 en tók formlega við á skiptafundi 21. maí.

Hlutverk varaforseta er síður en svo fastmótað og tekur breytingum á milli ára. Segja má að starfið megi móta eftir áhuga og styrkleikum þess sem gegnir því hverju sinni. Auk þess að vera staðgengill forseta og sinna daglegum störfum í þágu Stúdentaráðs er varaforseti tengiliður skrifstofunnar við fastanefndir ráðsins og nemenda- og hagsmunafélög innan Háskólans. Hlutverk varaforseta snýr þannig að miklu leyti að samskiptum, bæði innan og utan Stúdentaráðs.

6.1. Nemendafélög

Varaforseti gegnir meðal annars því hlutverki að vera tengiliður Stúdentaráðs við nemendafélög innan Háskólans. Í upphafi starfsárs var sendur út tölvupóstur á öll nemendafélög þar sem óskað var eftir upplýsingum um nýja tengiliði félaganna og forsvarsmenn þeirra beðnir um að ganga í Facebook-hóp fyrir nemendafélög og önnur hagsmunafélög. Í kjölfarið voru upplýsingar um formenn og forseta nemendafélaga uppfærðar á vefsíðu Stúdentaráðs og hélt sú vinna áfram eftir því sem fleiri svör bárust.

Í ár var stefna okkar í Stúdentaráði að reyna að virkja nemendafélög eins vel og kostur var á og reyna eftir fremsta megni að styðja þau og styrkja. Markmiðið var og er að þau viti af okkur og séu óhrædd við að leita til okkar. Sú var raunin í ár og áttum við farsælt samstarf við fjölmörg nemendafélög sem leituðu ráða hjá okkur og fengu jafnvel drykki og annað til að gefa sem vinninga á viðburðum svo dæmi séu tekin.

Varaforseti og hagsmunafulltrúi héldu samráðsfundi með nemendafélögum tvisvar á starfsárinu, einu sinni á haustmisseri og svo aftur á vormisseri. Í ár var ákveðið að skipta nemendafélagunum upp í tvo hópa eftir sviðum og gengu fundirnir mjög vel. Samráðsfundir haustmisseris fóru fram þann 29. október en eftir á að hyggja hefði mátt halda þá fyrr á starfsárinu. Á fundunum var lögð áhersla á að kynna starfsemi skrifstofunnar og starfsfólk hennar, fara yfir helstu réttindi stúdenta og minna á þjónustu hagsmunafulltrúa. Auk þess var fyrirhuguð Árshátíð SHÍ kynnt og á fundunum gafst fulltrúum nemendafélaga kostur á að skiptast á skoðunum og hugmyndum um framkvæmd árshátíðarinnar. Á fundunum voru fulltrúar nemendafélaganna minntir á Stúdentasjóð og hvattir til að nýta sér hann. Þess má geta að í ár voru styrkir til nemendafélaga hækkaðir umtalsvert sem skilaði sér í öflugra og betra félagslífi.

Samráðsfundir vormisseris voru haldnir 28. janúar en þar var meðal annars farið yfir algeng hagsmunamál í prófatið ásamt því að vakin var athygli á sálfræðipjónustunni sem stendur nemendum skólans til boða. Ný staða kjarafulltrúa var kynnt og nemendafélögin hvött til að miðla þeim fréttum áfram til félagsmanna sinna. Einnig var dagskrá árshátíðarinnar kynnt og fyrirkomulag miðasölnunnar útskýrt en skráning í borðhald fór nær alfarið fram í gegnum nemendafélögin. Mætingin á samráðsfundina var góð.

Forseti og varaforseti settu sig þar að auki í samband við forsvarsmenn einstakra

nemendafélaga og mæltu sér mót við þá en það reyndist farsæll vettvangur til að ræða þarfir félaganna og félagsmanna þeirra. Einnig gafst þar enn betra tækifæri til að kynna starfsemi Stúdentaráðs og byggja upp frekara samstarf á milli þess og nemendafélaganna. Varaforseti telur þetta vera heillavænlegt skref sem mikilvægt er að halda áfram að þróa á næsta starfsári. Mikilvægt er að á næstu árum verði áfram lögð rík áhersla á að efla nemendafélögin í störfum sínum og byggja upp enn frekara samstarf á milli þeirra og SHÍ.

Varaforseti flutti tillögu á Stúdentaráðsfundi 25. september 2024 um endurskoðun á skilgreiningu félaga sem starfa innan Háskólans og var hún samþykkt. Í tillögunni fólst að Stúdentaráð myndi framleiðis nota eftirfarandi skilgreiningar: Nemendafélög eru félög sem starfa í þágu nemenda og eru afmörkuð við deild innan Háskólans, hagsmunafélög eru félög sem hafa þann tilgang að standa vörð um hagsmuni nemenda Háskólans, tiltekna eða almennt, og önnur félög eru félög sem falla hvorki undir nemendafélög né hagsmunafélög eða félög þar sem félagsmenn eru ekki afmarkaðir við nemendur Háskóla Íslands. Tilgangurinn með tillögunni var einkum sá að koma á betra skipulagi og auka skýrleika hvað varðar félög innan Háskólans en í lögum Stúdentaráðs er vitnað í nemenda- og hagsmunafélög en hvergi er að finna skilgreiningu á þeim. Sú staða var komin upp að almenn félög sem einnig mætti kalla klúbba höfðu í raun sömu stöðu og nemendafélög gagnvart SHÍ. Varaforseti taldi mikilvægt að tryggja sérstöðu nemendafélaga og hagsmunafélaga, sem afmörkuð eru við HÍ, og aðgreina þau frá öðrum félögum.

Í lok apríl var send út tilkynning á Facebook-hóp nemendafélaga þar sem varaforseti óskaði eftir að fá fundargerðir aðalfunda nemendafélaganna sendar. Þetta er mikilvægur liður í því að stuðla að nánara samstarfi nemendafélaganna og SHÍ og einfaldar skrifstofunni til muna að hafa yfirsýn yfir það hvaða félög eru virk og hverjir eru forsvarsmenn þeirra.

6.2. Nefndir

Í upphafi starfsárs átti varaforseti fund með forsetum fastanefnda Stúdentaráðs. Þar var farið yfir ýmis hagnýt atriði, svo sem aðgang að pósthólfi nefnda, aðgang að samfélagsmiðlum og fleira. Varaforseti sat einnig fyrstu fundi nefndanna og aðstoðaði við að koma starfi þeirra af stað. Á fundunum fór varaforseti yfir helstu atriði sem nefndirnar bera ábyrgð á, bæði atriði sem eiga við um allar nefndir, svo sem gerð framkvæmdaáætlunar og ársskýrslu, en einnig ólík atriði og viðburði sem hver og ein nefnd þarf að huga að. Einnig voru nefndarmeðlimir látnir vita af því að skrifstofan væri nefndunum alltaf innan handar.

Í lok ágúst var auglýst eftir fimmta meðlim nefnda, bæði í tölvupósti til allra nemenda Háskólans sem og á samfélagsmiðlum stúdentaráðs. Í sumar nefndir bárust margar umsóknir en í aðrar bárust fáar og jafnvel engin sem gerði það að verkum að sumar nefndir tóku ekki inn fimmta meðlim á starfsárinu. Varaforseti hvetur eftirmann sinn til að kanna, í samvinnu við nefndirnar, hvernig sporna megi við þessu og sjá til þess að allar nefndir séu fullmannaðar.

6.3. Stúdentar taka til

Eitt af veigameiri verkefnum varaforseta í ár var herferðin Stúdentar taka til. Varaforseti tók virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd herferðarinnar og átti í góðum samskiptum við framkvæmdaraðila verkefnisins, Laufið. Varaforseti sá um skipulagningu á markaðssetningu tengdri herferðinni, í samvinnu við Ásthildi Berthu Bjarkadóttur stúdentaráðsliða. Forseti og varaforseti fóru í viðtal hjá Atvinnulífinu á Vísi sem vakti athygli. Að öðru leyti vísast til kaflans um herferðina í ársskýrslu þessari fyrir frekari upplýsingar um hana.

6.4. Annað

Ásamt því að vera staðgengill forseta, tengiliður SHÍ við nefndir og nemendafélög og halda utan um mælendaskrá á Stúdentaráðsfundum sinnir varaforseti hinum ýmsu verkefnum þess á milli. Í ár fór þar mest fyrir herferðinni Stúdentar taka til, líkt og komið var inn á hér að ofan. Þá var ýmislegt sem þurfti að gera í aðdraganda Októberfest og sá varaforseti um utanumhald með mönnun sjálfboðaliðavakta en þau eru mörg handtökin sem duglega fólkið innan SHÍ vinnur við uppsetningu hátíðarinnar svo og miðasölu og sitthvað fleira. Að auki hafði varaforseti yfirumsjón með miðasölu á háskólasvæðinu en hún fór fram í hinum ýmsu byggingum og jókst hún verulega á milli ára.

Þá hafði varaforseti umsjón með heimasíðu Stúdentaráðs, skrifaði fréttir og auglýsingar þegar við átti og sá um að uppfæra upplýsingar jafnt og þétt. Einnig sá varaforseti, ásamt forseta, að mestu leyti um tilkynningar frá Stúdentaráði sem og boðun funda. Að auki svaraði varaforseti erindum sem bárust Stúdentaráði, hvort sem var símleiðis eða með tölvupósti, líkt og aðrir starfsmenn skrifstofunnar.

Varaforseti á sæti í hinum ýmsu nefndum og ráðum. Hann situr í stjórn Stúdentaráðs, lagaráði, stefnu- og gæðaráði HÍ og nefnd um endurskoðun á deildaskipan HÍ sem

skipuð er tímabundið. Að auki sat varaforseti, ásamt forseta og hagsmunafulltrúa, fundi geðheilbrigðisteymis Háskólans. Það samstarf var vel heppnað en þess má geta að varaforseti og hagsmunafulltrúi skrifuðu ályktun sem send var fráfarandi rektor og tilvonandi rektor um mikilvægi þess að auka við stöðugildi sálfræðinga við Háskólann. Varaforseti og hagsmunafulltrúi skipulögðu jafnframt góðgerðavíkuna sem haldin var í samstarfi við Visku í mars en tilgangur vikunnar var að vekja athygli á því hversu mikil þörf er á fleiri stöðugildum sálfræðinga við Háskólann.

Varaforseti sótti hina ýmsu viðburði sem fulltrúi SHÍ, þar má helst nefna háskólaþing sem fram fór í nóvember og landsþing Landssamtaka íslenskra stúdenta sem haldið var í Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri dagana 3. - 6. apríl.

Að lokum má nefna að stúdentar eiga fulltrúa í hinum ýmsu nefndum og ráðum og í ár var ákveðið að óska eftir stuttum skýrslum frá þeim til þess að birta í ársskýrslu SHÍ. Er þetta til þess fallið að auka gagnsæi gagnvart stúdentum og auðvelda þeim að kynna sér störf sinna fulltrúa.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir
varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024-2025

7. Ársskýrsla hagsmunafulltrúa

Valgerður Laufey Guðmundsdóttir var kjörin hagsmunafulltrúi SHÍ fyrir starfsárið 2024–2025, á kjörfundi Stúdentaráðs 16. apríl 2024 en tók formlega við á skiptafundi 21. maí 2024. Valgerður Laufey hitti í framhaldinu fyrrum hagsmunafulltrúa, Rannveigu Klöru Guðmundsdóttur, til þess að fá handleiðslu í starfið og fara yfir verkferla, sem gekk mjög vel.

7.1. Hlutverk hagsmunafulltrúa

Hlutverk hagsmunafulltrúa er að vera stúdentum innan handar og standa vörð um hagsmuni þeirra í námi. Hann sinnir almennu ráðgjafar- og fræðsluhlutverki fyrir nemendur Háskólans. Hagsmunafulltrúi þarf að vera lesinn í lögum og reglum Háskólans, lausnamiðaður og úrræðagóður. Starf hagsmunafulltrúa er mjög fjölbreytt, enda erindi frá nemendum jafn ólík og þau eru mörg. Starfsárið hjá hagsmunafulltrúa einkenndist af fjölbreyttum fyrirspurnum frá nemendum, fundum, viðtölum og viðburðahaldi.


7.2. Málaskrá

Hagsmunafulltrúi heldur utan um málaskrá til að hafa yfirsýn yfir mál sem koma á hans borð. Þegar þetta er skrifað hafa 122 mál komið á borð hagsmunafulltrúa á starfsárinu, 88 á haustönn og 34 á vorönn. Málin eru eins misjöfn og þau eru mörg, sum mál eru leyst sama dag og þau koma á borð hagsmunafulltrúa á meðan önnur mál eru leyst á nokkrum dögum, jafnvel vikum. Stundum leystust málin þannig að hagsmunafulltrúi gaf stúdent leiðbeiningar hvað best væri að gera og málin leystust auðveldlega. En oft þurfti hagsmunafulltrúi sjálfur að senda erindi, hringja símtöl, mæta á fundi o.s.frv., sem málsvári nemenda, svo að málið yrði leyst.

7.2.1. Fjöldi mála eftir sviðum

Málin sem komu á borð hagsmunafulltrúa á starfsárinu voru mörg og fjölbreytt og dreifðust á öll fimm fræðasvið skólans. Alls komu 23 mál frá stúdentum á Félagsvísindasviði, 12 mál frá stúdentum á Hugvísindasviði, 36 mál frá stúdentum á Heilbrigðisvísindasviði, 10 mál frá stúdentum á Menntavísindasviði og 14 mál frá stúdentum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Mál utan sviða og almennar fyrirspurnir sem bárust beint til hagsmunafulltrúa voru 27 talsins.

Fjöldi mála eftir sviðum



7.3. Viðtalstímar

Hagsmunafulltrúi var með fasta opna viðtalstíma tvisvar í viku allt starfsárið á skrifstofu SHÍ. Viðtalstímarnir voru auglýstir á heimasíðu Stúdentaráðs, á Instagram-síðu Stúdentaráðs og upplýsingaskjám skólans, þeir voru á þriðjudögum frá kl. 10:00–12:00 og miðvikudögum frá kl. 11:00–13:00. Á þessum tímum gafst nemendum tækifæri til að mæta til hagsmunafulltrúa og fá aðstoð, án þess að bóka viðtalstíma. Hagsmunafulltrúi var þó opinn fyrir því að bjóða upp á viðtöl utan þessara opnu viðtalstíma, ef nemendur komust ekki á þeim tímum og var það vel nýtt. Algengast var þó að nemendur sendu tölvupóst beint á hagsmunafulltrúa eða á SHÍ og voru málin þá yfirleitt leyst í gegnum tölvupóstasamskipti. Vinnutími hagsmunafulltrúa var fjölbreyttur utan þessa tilteknu opnu viðtalstíma, málin voru misjöfn og komu á mismunandi tímum dags, en hagsmunafulltrúi greip öll mál eins fljótt og auðið var.

7.4. Formennska í jafnréttisnefnd SHÍ

Hagsmunafulltrúi gegndi embætti forseta jafnréttisnefndar SHÍ. Jafnréttisnefndin hélt einn viðburð á Jafnréttisdögum í Háskólanum 10. febrúar 2025. Viðburðurinn var í formi fyrirlestrar og hét Þegar dropinn holar steininn: Herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum í samhengi við ráðandi hatursorðræðu á netinu. Nánari upplýsingar um störf nefndarinnar má finna í ársskýrslu hennar.

7.5. Fulltrúi nemenda í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands

Hagsmunafulltrúi var fulltrúi nemenda í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands á starfsárinu. Fundað var 10 sinnum á starfsárinu, hagsmunafulltrúi mætti á níu fundi og varaforseti SHÍ mætti á einn fund sem varafulltrúi þegar hagsmunafulltrúi forfallaðist. Á fundunum er fjallað um alls kyns mál er lúta að jafnréttismálum í Háskólanum. Hagsmunafulltrúi kom þar sjónarmiðum nemenda á framfæri, sem ætíð var tekið vel í.

7.6. Samráð við nemenda- og hagsmunafélög

Hagsmunafulltrúi hélt tvo samráðsfundi með varaforseta, við fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga innan Háskólans. Fyrri fundurinn var haldinn á haustönn, 29. október og sá seinni á vorönn, 28. janúar. Á fundunum fórum við yfir réttindi stúdenta, viðburði á döfinni, Stúdentasjóð, starfsemi skrifstofunnar o.fl. Vel var mætt á fundina, við áttum gott samtal við fulltrúana og fengum m.a. að heyra af vandamálum sem ríkja innan þeirra deilda. Hagsmunafulltrúi telur það mikilvægt að haldnir verði samráðsfundir með nemenda- og hagsmunafélögum innan Háskólans áfram. Fundirnir efla tengsl og virkja gott samband skrifstofu SHÍ við fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga hverju sinni.

7.7. Önnur störf

Þar sem starf hagsmunafulltrúa er mjög fjölbreytt og álagið mismikið, gafst oft tími til að sinna öðrum verkefnum. Hagsmunafulltrúi tók þátt í að skipuleggja viðburði eins og Októberfest, árshátíð SHÍ og góðgerðarviku SHÍ. Einnig tók hagsmunafulltrúi þátt í að efla sýnileika SHÍ t.a.m. með því að vera bás á nýnemadögum og Háskóladeginum þar sem starfsemi SHÍ var auglýst. Að auki sat hagsmunafulltrúi, ásamt forseta og varaforseta, fundi geðheilbrigðisteymis Háskólans. Þá svaraði hagsmunafulltrúi erindum sem bárust Stúdentaráði, hvort sem var símleiðis eða með tölvupósti, líkt og aðrir starfsmenn skrifstofunnar gerðu. Við lok starfsársins fór hagsmunafulltrúi ásamt öðrum sem fulltrúi SHÍ á Landsþing LÍS í apríl 2025 og tók þátt í öðrum tilfallandi verkefnum skrifstofunnar.

Valgerður Laufey Guðmundsdóttir
Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024-2025.

8. Ársskýrsla lánasjóðsfulltrúa

Júlíus Viggó Ólafsson var kjörinn Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) á kjörfundi ráðsins 16. apríl 2024 og tók við störfum á skiptafundi 21. maí sama ár. Störf lánasjóðsfulltrúa skiptust í fimm meginhluta á starfsárinu. Í fyrsta lagi sinnti hann almennu ráðgjafar- og fræðsluhlutverki, í öðru lagi sinnti hann almennri baráttu fyrir hagsmunum lántaka, í þriðja lagi sat hann í stjórn Menntasjóðs námsmanna (MSNM), í fjórða lagi tók hann að sér umsjá um málefni Félagsstofnunar stúdenta og sat stjórnarfundum hennar, og í fimmta lagi sinnti hann eftir atvikum ýmsum öðrum störfum sem sinna þurfti á skrifstofu Stúdentaráðs.

Yfir sumarmánuðina tók lánasjóðsfulltrúi að sér störf hagsmunafulltrúa sem og önnur tilfallandi störf, og var því í fullu starfi á skrifstofunni með forseta og framkvæmdastjóra.

8.1 Um störf lánasjóðsfulltrúa

Lánasjóðsfulltrúi hefur með höndum það verkefni að veita persónulega ráðgjöf til einstaklinga um reglur er varða námslán. Gjarnan leituðu nemendur Háskóla Íslands til lánasjóðsfulltrúa með spurningar sem á þeim brunnu og var þar algengast spurningar um hvort að stúdentar uppfylltu kröfur um námslán, spurningar um sértæka liði í þjónustu eða lánum Menntasjóðsins eða að þeir væru komnir í einhvers konar vandræði með lán sín hjá sjóðnum. Sérstaklega bar á fyrirspurnum frá erlendum nemum um hvort þeir uppfylltu almennar kröfur fyrir námslán eða um sérstaka liði námslána eins og t.d. barnastyrki. Lítið bar á því að íslenskir stúdentar gerðu sér ferð á skrifstofu SHÍ vegna almennra spurninga um námslánakerfið, en það átti það til að gerast að stúdentar spurðu lánasjóðsfulltrúa spurninga þegar þeir mættust á förnum vegi eða í einkaskilaboðum. Flest mál sem komu á borð lánasjóðsfulltrúa sem kröfðust íhlutunar hans voru vegna vandræða sem lántakar voru komnir í vegna óvæntra uppákoma í lífi þeirra eins og veikinda eða annarra uppákoma sem komu í veg fyrir næg einingaskil (22 ECTS).

Lánasjóðsmál eru í eðli sínu flókin og illskiljanleg fyrir flesta stúdenta. Þó virðist vera að flestir lántakar spjari sig með því að nýta sér þær upplýsingar sem þegar eru aðgengilegar á heimasíðum MSNM og SHÍ. Þau mál sem gjarnan rata á borð lánasjóðsfulltrúa frá íslenskum stúdentum eru þess eðlis að erfitt er að sjá fram á að fyrirbyggja þau með aukinni fræðslu þar sem þau stafa oftast af flækjum sem orsakast af einingaskilum eða öðrum sértækari kröfum eða reglum sjóðsins. Hins vegar mætti vinna gegn þeim fjölda af upplýsingabeidnum sem berast lánasjóðsfulltrúa frá erlendum nemum með því að bæta aðgengi að almennum upplýsingum um námslán á ensku. Oft snerust beiðnirnar um hvort að erlendir stúdentar uppfylltu almennar kröfur til að sækja um námslán. Því mætti bæta aðgengi að upplýsingum um úthlutunarreglur og lög um Menntasjóð námsmanna fyrir erlenda stúdenta á vefsíðum MSNM og SHÍ, þá sérstaklega fyrir stúdenta sem ekki eru frá Norðurlöndunum. Lánasjóðsfulltrúi sendi tilkynningar á alla virka nemendur við Háskóla Íslands til þess að minna á umsóknarfresti fyrir námslán í aðdraganda þess að þeir runnu út.

Lánasjóðsfulltrúi hefur almenna fræðsluskyldu gagnvart nemendum Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands. Í þessu skyni ferðaðist

hann til Akureyrar og hélt opinn fund á skrifstofu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA). Viðvera lánasjóðsfulltrúa var sérstaklega auglýst með myndbandi sem birt var á samfélagsmiðlum SHÍ og SHA, þar sem það kom fram í ársskýrslu 2023–2024 að auglýsa þyrfti betur heimsókn lánasjóðsfulltrúa til að auka aðsókn þegar hann er með viðveru á skrifstofu SHA. Þrátt fyrir þessa auglýsingu þá gerði enginn stúdent sér ferð á skrifstofu SHA til að ræða námslán eða lánasjóðsmál þegar lánasjóðsfulltrúi var með viðveru. Fulltrúar SHA vöktu athygli á því að þeir upplifðu almennt færri stúdenta við Háskólann á Akureyri leitast við að taka námslán til að fjármagna nám sitt, og að það gæti útskýrt litla aðsókn. Lagt er til að næsti lánasjóðsfulltrúi SHÍ skoði almennt þá þjónustu sem lánasjóðsfulltrúi SHÍ veitir öðrum opinberum háskólum, hvernig hún fer fram og hvernig hún er auglýst. Mögulegt er að auglýsa þurfi betur þá þjónustu sem stendur til boða eða almennt endurhugsa fyrirkomulag þjónustu við aðra opinbera háskóla, með það að leiðarljósi að hámarka þjónustustig fyrir alla stúdenta í opinberum háskólum.

Lánasjóðsfulltrúi sinnir almennt hagsmunabaráttu fyrir SHÍ í lánasjóðsmálum. Hagsmunabaráttan átti sér stað á mismunandi vettvöngum, bæði formlegum og óformlegum. Lánasjóðsfulltrúi sótti vinnustofur og fundi á vegum háskólamálaráðuneytisins þar sem lög um námslánakerfið voru rædd. Þar má helst nefna vinnustofu ráðuneytisins um endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna sem haldin var föstudaginn 11. október. Vinnan þar bar þó kannski minni ávöxt en annars mætti vænta þar sem alþingiskosningar 30. nóvember 2024 breyttu pólitíska landslaginu og nýr ráðherra, samhliða gjörbreyttri ríkisstjórn, tók við í desember sama ár. Þessi breyting hefur þó veitt töluverð tækifæri. Með nýjum ráðherra hefur tekið við ný stjórn í MSNM sem samhliða ráðningu nýs tímabundins framkvæmdastjóra sjóðsins hefur skapað umhverfi sem virðist opnara fyrir breytingum, hverjar sem þær svo sem verða. Ný stjórn virðist opnari fyrir almennum umræðum um skipulag námslánakerfisins og fyrir því að breyta vinnubrögðum sjóðsins frá því sem tíðkast hefur undanfarin ár og áratugi. Því er mikilvægt að næsti lánasjóðsfulltrúi nýti sér þetta umhverfi breytinga og þau tækifæri sem það býður upp á til að sækja fram og ná árangri í hækkun framfærslunnar, jöfnun kjarabils kynslóðanna í námslánakerfinu og upptöku tvískipts frítækjumarks.

Þó má nefna það að umræðurnar í vinnustofunni 11. október skiluðu sér að einhverju leyti. Einhverjar af áherslum stúdenta rötuðu inn í drög að frumvarpi um Menntasjóð námsmanna sem leggur til smávægilegar breytingar til hins betra, eins og t.d. niðurfellingu höfuðstóls eftir hvert misseri til viðbótar við niðurfellingu við námslok, þá 20% á hverju misseri og 10% við námslok, og betra fyrirkomulagi afborgana af

lánum fyrir þá sem eru að borga af fleiri en einu láni bæði í nýja og gamla kerfinu. Þessi drög voru kynnt lánasjóðsfulltrúa áður en þau voru lögð fyrir ríkisstjórn, á fundi í háskólamálaráðuneytinu með fulltrúum stúdentahreyfingarinnar 3. febrúar 2025.

Jákvæð þróun sem hefur átt sér stað á þessu starfsári er aukið samráð og samþætting vinnu stúdentahreyfingarinnar í heild. Samstarf í lánasjóðsmálum hefur aukist milli SHÍ, Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS) og Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) sem og stéttarfélagsins Visku og Bandalags háskólamanna (BHM). Til að mynda skrifuðu lánasjóðsfulltrúi SHÍ og hagfræðingur Visku saman umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna 10. mars 2025, þar sem vakin var athygli á nauðsyn hækkunar á framfærslu og leiðréttingar á þeim kjarahalla sem nýir lántakar búa við miðað við lántaka í gamla kerfinu, þ.e.a.s. hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Einnig tóku allir þessir aðilar sig saman í apríl, eftir að háskólamálaráðuneytið sendi könnun á félögin um skipulag námslánakerfisins, og neituðu að svara könnuninni. LÍS sendi, fyrir hönd allra félaganna, tilkynningu á ráðuneytið um að félögin neyti að svara könnuninni, að þau muni senda ráðuneytinu minnisblað um námslánakerfið og að þau fari fram á fund með ráðherra, aðstoðarmönnum og starfsmönnum ráðuneytisins til að ræða námslánakerfið í heild fremur en að gera það innan ramma vinnustofa eða kannana. Ráðuneytið hefur boðið fund með starfsmönnum ráðuneytisins sem verður síðan fylgt eftir með fundi með ráðherra. Minnisblaðinu hefur verið komið á ráðuneytið og beðið er eftir fundum með starfsmönnum ráðuneytis og ráðherra. Nú ber að skipti á skrifstofu SHÍ á þessum tímapunkti, þegar ný dýnamík virðist vera að myndast í stjórnkerfi námslánakerfisins, og því er mikilvægt að næsti lánasjóðsfulltrúi haldi vinnunni áfram með fagleg vinnubrögð, eflingu tengsla og samstarf að leiðarljósi. Með því að finna sameiginlega snertifleti í hagsmunum stúdentahreyfingarinnar, ráðuneytisins og sjóðsins er möguleiki að ná stórum sigrum fyrir stúdenta á næsta starfsári.

Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna til 30. júní 2025, sem einn af þremur fulltrúum Landssamtaka íslenskra stúdenta, og sótti þar fundi sem haldnir voru einu sinni í mánuði að jafnaði. Innan stjórnar MSNM hefur lánasjóðsfulltrúi vakið athygli á lágri framfærslu lántaka og mikilvægi þess að hækka hana. Afrakstur þessarar hagsmunagæslu var að sjóðurinn vann nokkrar sviðsmyndir af kostnaði fyrir sjóðinn vegna hækkunar á framfærslu miðað við nokkrar mismunandi forsendur. Ákveðið var innan stjórnar að samþykka nýjar úthlutunarreglur með almennri 3,5% hækkun á framfærslu, vegna mikilvægi þess að reglur liggi fyrir eftir umbrotatíma í stjórn málum síðasta vetur, en að fulltrúar stúdenta myndu taka þessar sviðsmyndir á borð ráðherra. Lánasjóðsfulltrúi hefur sent þessar sviðsmyndir áfram á ráðherra og bíður enn átekta.

Jafnframt virðist vera frjósamur jarðvegur fyrir stærri og umfangsmeiri umræðu um mótun úthlutunarreglna fyrir árið 2026 innan stjórnar MSNM. Mikilvægt er að fráfarandi lánasjóðsfulltrúi og arftaki hans vinni þétt saman að því að halda þeirri umræðu og vinnu á lofti, í von um að næstu úthlutunarreglur gætu séð raunverulega hækkun á framfærslu lántaka, sem kæmi til með að auka kaupmátt þeirra, sem og að ná í gegn öðrum mikilvægum breytingum.

Júlíus Viggó Ólafsson
lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024–2025

9. Ársskýrsla framkvæmdastjóra

Undanfarið ár einkenndist einna helst af gríðarlegum breytingum á starfsemi stúdentaráðs og skrifstofu þess. Undirritaður, Daníel Hjörvar Guðmundsson, tók til starfa fyrsta virka daginn í júní 2024 en þá höfðu forseti og lánasjóðsfulltrúi þegar starfað í eina viku. Fyrstu vikurnar í starfinu fóru aðallega í að skipuleggja árið fram undan og fara yfir verk fyrri skrifstofu með það að leiðarljósi að vita hvað við vildum gera eins áfram og hverju við vildum breyta.

Fjallað hefur verið um það á öðrum vettvangi en hér að núverandi skrifstofa kom inn með gjörólíkar áherslur en sú fyrri. Skýrist það aðallega af sviptingum í stúdentapólitíkinni. Þær áherslur sem við fórum með inn í árið voru í fyrsta lagi að auka sýnileika SHÍ og snertiflöt gagnvart stúdentum, með það að leiðarljósi að með því að standa fyrir viðburðum sjálf og styðja aðra til þess myndi ánægja nemenda aukast og þeir myndu sjá ástæðu til þess að dvelja frekar á háskólasvæðinu. Í öðru lagi vildum við blása til sóknar

í málefnum samstarfsaðila. Ástæðan fyrir því er tvíþætt. Annars vegar styrkja samstarfsaðilar SHÍ fjárhagslega sem kemur sér vel en hins vegar hafa þeir upp á ýmislegt skemmtilegt að bjóða líkt og upplifanir, tilboð og vörur. Við einbeittum okkur sérstaklega að þessu síðarnefnda, að velja samstarfsaðila sem voru tilbúnir að mæta okkur í þeirri hugsjón okkar að skemmtilegur háskóli sé góður háskóli. Í þriðja lagi vildum við breyta um nálgun gagnvart Háskólanum og yfirvöldum. Við töldum að meiri árangur myndi nást með samstarfi og góðum samskiptum, frekar en fjandsamlegu umhverfi, skömmum, og úthrópunum.

Hér að neðan verður umfjöllun skipt eftir málaflokkum og hinum ýmsu birtingarmyndum starfa framkvæmdastjóra, svo áhugasamir geti valið hvað þeir lesa með hliðsjón af sínu áhugasviði og ekki séu allir neyddir til að sitja í gegnum sömu orðasúpuna. Að því sögðu er öllum frjálst að lesa textann í heild sinni.

9.1. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri hefur umsjón með starfsmannamálum skrifstofunnar. Starfsmenn í upphafi starfsárs voru sjö en í janúar bættist við sá áttundi. Á grundvelli samstarfs við stéttarfélagið Visku var ráðinn kjara- og réttindafulltrúi stúdenta sem hefur það hlutverk að veita nemendum ráðgjöf varðandi réttindi þeirra á vinnumarkaði. Á seinni hluta starfsárs urðu því kynjahlutföll á skrifstofunni jöfn sem er ánægjuefni.

Undir starfsmannamál fellur m.a. að útbúa ráðningasamninga fyrir starfsmenn og halda utan um þá. Næsti framkvæmdastjóri getur haft þá til hliðsjónar þegar hann útbýr ráðningasamninga fyrir næsta starfsár. Þá fellur það einnig í hlut framkvæmdastjóra að sjá um launamál starfsmanna skrifstofunnar. Þar kemur Payday að góðum notum. Payday er bókhaldskerfi sem við innleiddum í byrjun starfsárs og þar er auðvelt að halda utan um allar upplýsingar starfsmanna tengdum launamálum líkt og hlutfall, persónuafslátt, lífeyrissjóð og stéttarfélag.

Þá var það einnig í verkahring framkvæmdastjóra að tryggja að skrifstofan væri mönnuð á opnunartíma. Tekin var ákvörðun um að hafa opið frá 10 til 17 alla virka daga. Þar sem forseti og framkvæmdastjóri voru í 100% starfi allt starfsárið féll það yfirleitt í þeirra hlut að vera viðstaddir og gekk það heilt yfir vel. Helstu áskoranir risu þegar þeir sóttu saman fundi eða voru báðir á fundum á sama tíma. Þá stukku aðrir til og kom það sjaldan fyrir að skrifstofan væri lokuð á auglýstum opnunartíma. Nýr framkvæmdastjóri ætti ef til vill að íhuga að taka upp skipulagt viðverukerfi þannig að meiri fyrirsjáanleiki sé í því hvenær starfsmenn skrifstofu verði við störf.

9.2. Bókhald og fjármál

Framkvæmdastjóri starfsársins er ekki með bakgrunn í bókfærslu eða viðskiptafræði líkt og forveri sinn. Því þurfti að leita til utanaðkomandi aðila til aðstoðar með ýmis mál. Fyrstu mánuði starfsársins var það Eva hjá Rassvasa sem annaðist bókhaldsráðgjöf fyrir okkur en hún þurfti að hætta því vegna vaxandi anna hjá henni og okkur. Hún vísaði okkur á Ásgeir og Jón hjá 360 rekstrarráðgjöf og önnuðust þeir ráðgjöf það sem eftir lifði starfsársins. Þar sem Októberfest er komin í hendur Stúdentaráðs er afar mikilvægt að geta treyst á öfluga fagmenn á þessu sviði og tilefni til að gera slíkar ráðstafanir strax í upphafi árs. Framkvæmdastjóri annaðist þó daglegt og minni háttar bókhald í gegnum þjónustu Payday, en hún er bæði ódýr og auðveld í notkun.

Mikil vöxtur var á tekjum og kostnaði Stúdentaráðs á starfsárinu og átti framkvæmdastjóri oft fullt í fangi með þann hluta starfsins, auk þess að sinna fjöldanum öllum af öðrum tilfallandi verkefnum. Gott væri að afmarka þann hluta betur og aðrir sinni þá bókhaldi eða þessum tilfallandi verkefnum. En þrátt fyrir ótal bolta á lofti gekk yfirleitt vel að halda skipinu á réttri leið.

9.3. Verkefnastjórnun

Framkvæmdastjóri hafði umsjón með pósthólfum Stúdentaráðs en þar hrannast inn fyrirspurnir um allt á milli himins og jarðar, oft margar á dag. Nokkur óregla gat myndast um póstinn á helstu álagstímum, líkt og þegar skipulagning Októberfest og Árshátíðar SHÍ stóð sem hæst. Notast var við kerfi sem boðið er upp á í Outlook að gerður sé miði fyrir hvern starfsmann og póstum síðan úthlutað á viðkomandi starfsmann eða starfsmenn, þannig geti starfsmenn sem hafa ekki yfirumsjón með pósthólfinu séð hvaða póstar eiga erindi við þá. Þetta er eilífðarverkefni en okkur tókst nokkuð vel að svara póstum á skikkanlegum tíma. Mikilvægt er að hafa þetta hugfast alltaf og góður siður að svara póstum ekki seinna en daginn eftir að þeir berast. Þá er einnig nokkuð mikið af ruslpósti sem er auðvitað bagalegt. Gott væri að leita einhverra leiða til að takmarka slíkt.

Þá tókum við til notkunar verkefnastjórnunarforrit til að halda utan um þau ótal verkefni sem eru í gangi á skrifstofunni hverju sinni og svo að starfsmenn geti haft góða hugmynd um hvað sé í gangi hjá öðrum. Forritið býður upp á mikla möguleika og almennt reyndist notkun þess mjög vel, þó tekur smá tíma að venja sig á að nota það. Hægt er að búa til svokölluð „spaces“ inni í forritinu og notuðum við þau sem yfirflokka, þar voru t.a.m. flokkar fyrir markaðsmál, útgáfu, hagsmunamál, nefndir og félög, málefnnastarf, viðburði og daglegan rekstur. Undir þessum flokkum voru síðan aðrir minni flokkar, t.a.m. undir viðburði vorum við með svæði fyrir Októberfest. Þar undir voru 34 minni verkefni sem hverju var hægt að úthluta á starfsmann, einn eða fleiri, og setja lýsingu og hvenær verki ætti að vera lokið. Ef þörf var á var einnig hægt að setja gátlista og önnur minni verkefni undir. Þannig býður þetta upp á mjög mikla möguleika en eins og áður segir getur verið yfirþyrmandi.

9.4. Skrifstofan almennt

Framkvæmdastjóri sá, ásamt forseta, um að skrifstofan væri almennt í góðum málum. Í byrjun starfsárs fór fram mikil vinna við að gjörbreyta fyrirkomulagi skrifstofunnar. Herbergi innst inn af skrifstofunni var breytt úr geymslu í fundarherbergi og miklu drasli sem safnast hafði saman yfir árin hent. Við það gátum við fært stórt borð næst inngangi skrifstofunnar inn í fundarherbergið og búið til móttöku þar sem gengið er inn á skrifstofuna. FS styrkti okkur og keyptur var sófi fyrir þann pening, þar voru einnig hirslur, kæliskápar, og kaffivél. Einnig var breytt uppsetningu rýmisins og skrifborða til að koma áttunda borðinu fyrir, þegar kjara- og réttindafulltrúi var ráðinn. Forseti réðst síðan í endurskipulagningu á gömlum skjölum. Einnig var miklu hent sem var í slæmu ástandi eða óþarfi að eiga. Einnig voru keypt vifta og lofthreinsitæki sem kom sér ansi vel þar sem engir opnanlegir gluggar eru á skrifstofunni. Annars fólst starf framkvæmdastjóra á þessu sviði aðallega í að alltaf væru til skrifstofuvörur og kaffi.

9.5. Afslættir

Framkvæmdastjóri tók að sér að halda utan um afslætti á vefsíðu Stúdentaráðs. Í byrjun starfsársins var sendur tölvupóstur á alla þá sem voru með auglýstan afslátt fyrir stúdenta á vefsíðunni og þeir spurðir hvort þeir væru enn að veita téðan afslátt. Þá voru einnig fjarlægð fyrirtæki sem ekki eru lengur í rekstri. Einnig barst fjöldi pósta á starfsárinu frá áhugasömum fyrirtækjum og var þeim bætt við.

9.6. Tilfallandi

Framkvæmdastjóri tók að sér tilfallandi störf, sem eru of mörg til að gera fyllilega skil í þessari skýrslu. Einnig er fjallað um þau á öðrum stöðum. Svo fátt eitt sé nefnt þá tók framkvæmdastjóri virkan þátt í samningagerð og rekstri samninga við samstarfsaðila SHÍ, sem og samskiptum við hin ýmsu svið Háskólans t.a.m. framkvæmda- og tæknisvið og markaðs- og samskiptasvið. Þá sinnti hann aðstoð, ráðgjöf, og upplýsingagjöf til nemendafélaga, sviðsráða, og nefnda Stúdentaráðs; skipulagningu og framkvæmd viðburða á borð við Októberfest, Árshátíð SHÍ, og stefnumótunardag. Þá sá framkvæmdastjóri um nær allt skipulag í kringum fundi Stúdentaráðs ásamt forseta.

9.7. Fundargerðir

Líkt og undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri haft það hlutverk að rita fundargerðir á Stúdentaráðsfundum. Í ár varð engin breyting þar á. Að rita fundargerðir á Stúdentaráðsfundum kann ekki að hljóma mjög skemmtilegt en samt sem áður er það gríðarlega mikilvægt. Verklag á yfirstandandi ári hefur verið á þá leið að undirritaður ritar niður það allra helsta af fundum og sér í lagi hverjir tjá sig. Síðan er upptaka af fundinum höfð til hliðsjónar og ítarlegri fundargerð rituð. Það er hverjum í sjálfsvald sett að ákveða hve ítarlegar og langar fundargerðirnar eiga að vera en ég hef tamið mér að hafa þær lengri frekar en styttri.

8.8. Að lokum

Að lokum vil ég þakka öllu því frábæra fólki sem ég hef orðið svo lánsamur að fá að kynnast á þessu ótrúlega ári. Fyrst og fremst vil ég þakka samstarfsfólki mínu á skrifstofunni. Einnig vil ég þakka Stúdentaráðsliðum, sviðsráðsliðum, og nefndarfólki. Þá vil ég líka þakka öllum þeim sem hafa starfað með okkur á árinu, innan sem utan Háskólans. Það hefur verið heiður lífs míns að þjóna Stúdentaráði Háskóla Íslands sem framkvæmdastjóri þess.

Daníel Hjörvar Guðmundsson
framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024–2025.

10. Ársskýrsla alþjóðafulltrúa

Snæfríður Blær Tindsdóttir gegndi stöðu Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs á námsárinu 2024-2025. Staða Alþjóðafulltrúa er tvíþætt: hann sinnir þjónustu við erlenda nemendur við Háskóla Íslands og tekur þátt í Aurora-samstarfinu.

10.1. Alþjóðanefnd (e. International Committee)

Upplýsingar um störf alþjóðanefndar má finna í ársskýrslu nefndarinnar

10.2. Mentor-kerfið

Alþjóðafulltrúi hefur umsjón með mentor-kerfi þar sem nemendur við Háskóla Íslands geta boðið sig fram sem mentor fyrir hóp af skiptinemum. Áður fyrr náði kerfið einnig yfir erlenda nemendur í fullu námi, en vegna sívaxandi fjölda nemenda sem óskuðu eftir mentor, er kerfið frá árinu 2023 aðeins ætlað skiptinemum. Þó hafa viðræður átt sér stað um breytingu á þessu fyrirkomulagi, svo hægt sé að styðja við alla erlenda nemendur en ekki aðeins hluta þeirra.

10.2.1. Haustmisseri

264 skiptinemar sóttu um að fá mentor og var þeim skipt í 36 hópa með alls 49 mentorum. Mentorar gátu óskað eftir því annars vegar að vera einir með hóp eða í pörum. Samkvæmt óskum mentora voru minnstu hóparnir með 5–6 nemendur, en þeir stærstu með 8–10. Alls voru tveir mentorar sem drógu sig úr kerfinu eftir myndun hópanna. Þá var brugðist við því með því að skipta nemendum úr tilteknum hópum yfir í aðra hópa með samþykki mentoranna.

10.2.2. Vormisseri

110 skiptinema sóttu um að fá mentor og var þeim skipt í 20 hóp með alls 31 mentor. Mentorar gátu óskað eftir því annars vegar að vera einir með hóp eða í pörum. Samkvæmt óskum mentora voru minnstu hóparnir með 5–6 nemendur, en þeir stærstu með 8–10. Enginn mentor dróg sig úr kerfinu. Á báðum misserum voru haldnir tveir kynningarfundir fyrir mentora, einn í stofu á Háskólatorgi og annar í gegnum Teams. Á fundinum var farið yfir væntingar Háskólans til mentora og þeir upplýstir um hvernig þeir gætu leitað eftir stuðningi ef þörf væri á. Upptaka af fjarfundinum var síðan gerð aðgengileg í sérstökum Facebook-hópi sem var stofnaður fyrir mentora.

Fundirnir voru jafnframt nýttir til að tryggja að mentorar fylgdust með tölvupósti sínum og væru þar með virkir í hlutverkinu. Alþjóðafulltrúi notaði tölvupóst til að ná til bæði mentora og skiptinema með upplýsingum um mentor-kerfið og kynningardagana. Reglulegir tölvupóstar voru sendir á mentora og skiptinema til að fylgjast með stöðu þeirra og hvetja þau til að hafa samband ef upp kæmu vandamál. Þrátt fyrir upplýsingafundi hafa mentorar kvartað yfir því að þeir séu ekki nægilega upplýstir um þær spurningar sem nýnemar hafa. Hægt væri að leysa þetta með því að þróa leiðarvísi eða handbók fyrir mentora sem inniheldur allar algengustu spurningar og atriði. Á vorönn var einnig bent á að gott væri að hafa skiptinema úr sömu námsdeild eða sviði saman í hóp til að tryggja að mentorar og skiptinemar sem paraðir eru saman hafi sömu eða svipuð áhugamál. Að lokum óskuðu mentorar eftir að fleiri skipulagðir viðburðir, á borð við Mentor Mingle sem haldið var á kynningardögunum, skyldu vera haldnir fyrir mentora sem tækifæri til að kynnst sínum hópmeðlimum betur.

10.2.3. Samstarf við fjölmennningarfulltrúa HÍ

Alþjóðafulltrúi tók upp á því að fá fjölmenningarfulltrúa Háskólans til að slást í lið við umsjón á mentorakerfinu. Fjölmenningarfulltrúi var einnig verkefnastjóri Sprettis.

Sprettur styður og undirbýr nemendur með innflytjendabakgrunn til að stunda háskólanám og verða sjálfbærir í námsferli sínu með fræðslu og félagslegum félagsskap og fjölmennningarlega leiðsögn. Fjölmenningarfulltrúi var með innslag á kynningarfundinum bæði misseri þar sem hann kynnti starf sitt og fór yfir mikilvæg atriði sem snúa að því að veita erlendum nemendum leiðsögn. Hann hélt einnig tvö námskeið yfir báðar annir sem mentorar gátu sótt til að fá dýpri skilning og þekkingu á því sem felst í því að vera mentor.

10.3. Kynningardagar

Kynningardagar fóru fram daga 19.–23 ágúst á haustmisseri og 13.–17. janúar á vormisseri. Kynningardagar fóru fram eftir að kennsla var hafin sem leiddi til góðrar þátttöku nemenda. Á báðum misserum var kynningarfundur fyrir skiptinema, skipulagður af alþjóðaskrifstofu HÍ. Á kynningarfundinum var alþjóðafulltrúi með kynningu um hina ýmsu þætti varðandi að búa á Íslandi („Surviving in Iceland“). Á kynningardagunum voru þrjár skipulagðar göngur um háskólasvæðið sem alþjóðafulltrúi, meðlimir alþjóðanefndar og aðrir starfsmenn skrifstofu SHÍ leiddu.

10.3.1. Móttaka skiptinema

Í samstarfi við alþjóðaskrifstofu HÍ skipulagði alþjóðafulltrúi móttöku fyrir skiptinema. Á haustönn var hún haldin fyrir utan íþróttahúsið en á vorönn var hún haldin á Háskólatorgi. Í bæði skiptin fluttu alþjóðafulltrúi og rektor ávarp og buðu nemendur velkomna. Alþjóðaskrifstofa sá um pantanir á mat en alþjóðafulltrúi sá um að bóka plötusnúð, útvega drykki frá samstarfsaðilum, poppvél og önnur skemmtiatriði.

10.3.2. Sundferð

Á kynningardögum á báðum misserum skipulagði alþjóðanefnd sundlaugarferð í samstarfi við ESN Iceland. Alþjóðafulltrúi útvegaði hópafslætti með því að hafa samaband við Sundlaug Vesturbæjar.

10.3.3. Mentor Mingle

Á kynningardögum á báðum misserum skipulagði alþjóðafulltrúi Mentor Mingle. Viðburðurinn er hugsaður sem vettvangur þar sem mentorar geta hitt hópinn sinn í fyrsta skipti. Viðburðurinn var haldinn á Háskólatorgi og Alþjóðafulltrúi útvegaði borð fyrir hvern hóp merktu með númeri. Viku fyrir höfðu mentorar og skiptinemar fengið sendan tölvupóst með lista af sínum hóp og númerinu á honum til að gæta þess að allir vissu hvar þeirra hópur væri staðsettur þegar þeir mættu. Á viðburðinum var hópunum útvegað skemmtilegum verkefnum sem þeir gátu leyst saman sín á milli. Þetta reyndist vera góð leið til að fá hópmeðlimi til að taka virkan þátt og kynnast. Í lokin var spilað Icebreaker Bingo og hafði alþjóðafulltrúi útvegað ýmis verðlaun frá samstarfs- og styrktaraðilum. Icebreaker Bingo gaf fólki tækifæri á að eiga í samskiptum við og

kynnast öðrum úr hinum hópunum. Alþjóðafulltrúi fékk góðar viðtökur á þessum viðburði; mæting var gríðarlega góð og allir mjög ánægðir með kvöldið. Mentor Mingle er þó umfangsmikill viðburður og krefst góðs skipulags. Því er ráðlagt að alþjóðafulltrúi fái góðan stuðning og aðstoð frá meðlimum alþjóðanefndar eða starfsmönnum skrifstofu SHÍ.

10.3.4. Bar-hopp

Alþjóðafulltrúi og aðrir starfsmenn á Skrifstofu SHÍ skipulögðu Bar-hopp fyrir skiptinema á kynningardögum. Alþjóðafulltrúi útvegaði skráningarskjal sem var deilt á Facebook hóp skiptinema. Aðeins var pláss fyrir 25 þar sem starfsmenn á börunum voru ekki tilbúnir að taka við stærri hóp. Framkvæmdastjóri hafði samband við fjóra bari, lét vita af hópnum og útvegaði afslátt fyrir hópinn. Hópurinn hittist á Háskólatorgi og gekk þaðan niður í miðbæ. Viðburðurinn gekk vel og fékk gríðarlega góðar viðtökur. Þó þurfti skrifstofan að hætta við bar-hoppið á vorönn vegna veðurs.

10.3.5. Alþjóðanemar kynnast

Í samstarfi við ESN Iceland var haldin viðburður sem öllum alþjóðanemum skólans var boðið á og fengu þar tækifæri á að kynnast öðrum alþjóðanemum. Viðburðurinn var haldinn á Háskólatorgi þar sem stóllum var raðað í stóran hring. Þáttakendur fengu sér sæti og fengu tvær mínútur að kynnast hverjum og einum. Alþjóðafulltrúi útvegaði lista af spurningum sem þátttakendur gátu stutt sig við ef þörf var á. Á báðum misserum var viðburðurinn gríðarlega vel sóttur og mættu talsvert fleiri en gert var ráð fyrir. Því er mikilvægt að skipuleggja hann vel, útvega nógu mörg sæti og fá aðstoð frá alþjóðanefnd.

10.3.6. Karaoke

Á báðum misserum skipulagði alþjóðafulltrúi kararoke-kvöld sem lokaviðburð kynningardaga. Stúdentakjallarinn var bókaður og mælt er með að gera það með góðum fyrirvara þar sem mörg nemendafélög halda viðburði þar á svipuðum tíma. Alþjóðafulltrúi keypti áskrift af Karafun til að auðvelda fyrirkomulagið á viðburðinum. Gríðarlega margir sóttu viðburðinn á báðum misserum.

10.4. Alþjóðadagar

Alþjóðadagar voru haldnir 6.–8. nóvember. Dagskrá Alþjóðadaga má finna á vefsíðu Háskóla Íslands. Markmið alþjóðadaga er að vekja athygli á alþjóðlegu samstarfi hákólans og þeim fjölmörgu tækifærum sem standa nemendum og starfsfólki til boða um allan heim. Á dagskrá eru kynningar á möguleikum á námi erlendis, Alþjóðatorg, karaoke, pöbbkviss, happdrætti og margt fleira

10.4.1. Alþjóðatorg

Á Alþjóðatorginu gefst nemendum kostur á að kynna sér ótal tækifæri á skiptinámi, starfsþjálfun og styttri námsdvökum, auk náms á eigin vegum. Á Alþjóðatorginu voru skiptinemar, fulltrúar frá sendiráðum og fjölmörgum íslenskum stofnunum og félögum til taks til að svara spurningum. Á Alþjóðatorgi var alþjóðafulltrúi með ávarp og bauð alla velkomna og kynnti happdrættið staðsett á kynningarbás alþjóðanefndar. Þetta árið var ákveðið að sleppa því að fá plötusnúð, sem hafði áður verið gert, og bjó alþjóðafulltrúi til spilunarlista á Spotify í staðinn. Alþjóðafulltrúi var með bás annars vegar með alþjóðanefndinni og hins vegar með starfsfólki Aurora þar sem starfsemin var kynnt fyrir nemendum og starfsfólki.

10.4.2. Happdrætti

Alþjóðafulltrúi skipulagði happdrætti í samráði við alþjóðaskrifstofu. Alþjóðaskrifstofan útvegaði happdrættismiða sem var dreift út á Alþjóðatorgi. Þátttakendur skiluðu miðunum í happdrættisbox sem alþjóðanefnd hélt utan um. Alþjóðafulltrúi hafði útvegað happdrættisvinninga frá samstarfs- og styrktaraðilum, til að mynda gjafabréf í hvalaskoðun, Bláa Lónið, Laugarvatn Fontana, Bæjarins bestu og margt fleira. Undir lok alþjóðadaga voru 10 vinningshafar dregnir út og þeim tilkynnt það í gegnum tölvupóst. Vinningshafar gátu nálgast vinningana á skrifstofu SHÍ.

10.4.3. Pöbbkviss

Í samstarfi við alþjóðaskrifstofuna og nemendafélagið Politica hélt Alþjóðafulltrúi pöbbkviss til að hita upp fyrir forsetakosningarnar í Bandaríkjunum. Pöbbkvissið var haldið í Stúdentakjallaranum og var Friðjón R. Friðjónsson, borgarfulltrúi og sérfræðingur í bandarískum stjórnmálum, fenginn til að ræða við viðstadda um forsetakosningarnar

sem fóru fram þann dag. Spurningarnar voru samdar af meðlimum Politica og snerust um kosningarnar og fyrrum forseta Bandaríkjanna. Tveit og tveir pöruðu sig saman í lið og vinningar voru fyrir þrjú efstu sætin. Félagar í Politica útveguðu vinningana.

10.4.4. Alþjóðlegt Pálínuboð

Í samstarfi við ESN skipulagði alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd alþjóðlegt pálínuboð. Á viðburðinum gátu nemendur skráð sig og komu með heimagerðan rétt sem er dæmigerður fyrir ákveðið land, menningu eða fjölskylduhefð. Alþjóðafulltrúi bjó til skráningarskjal sem var deilt á alla helstu samfélagsmiðla, en þó var aðeins pláss fyrir 30 manns. Viðburðurinn var haldinn í samkomusal í Gamla Garði.

10.4.5. Karaoke

Undir lok alþjóðadaga hélt alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd karaóki á Stúdentakjallaranum. Fyrirkomulagið var eins og það var á kynningardögum (e. Orientation Days).

10.5. Aurora

Aurora er náð samstarf öflugra evrópskra háskóla sem eflir nám, rannsóknir og nýsköpun við Háskóla Íslands í takt við örar samfélagslegar breytingar og áskoranir. Samstarfið innan Aurora er hluti af stefnu Háskóla Íslands um alþjóðavæðingu náms og kennslu. Samstarfið skapar einnig sóknarfæri fyrir HÍ til að leggja meira af mörkum til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

10.5.1. Stúdentaráð

Alþjóðafulltrúi situr í stúdentaráði Aurora ásamt Aurora-fulltrúi sem kjörinn er af Stúdentaráði HÍ. Þetta árið sat alþjóðafulltrúi ekki stjórn Stúdentaráðs. Þar sem aðrir frambjóðendur til stjórnar höfðu allir setið í ráðinu árið áður, þótti það skynsamlegt að láta reynslumikla einstaklinga með djúpa þekkingu á Aurora-verkefninu taka að sér stjórnarsetu. Stúdentaráðsfundir voru haldnir í hverjum mánuði í gegnum Teams. Á hverju ári er kosið áherslumálefni sem stúdentaráðið vinnur markvisst að yfir starfsárið. Áherslan þetta árið var “Student Engagement” þar sem stúdentaráð lagði sérstaka áherslu á að finna leiðir til að efla þátttöku og virkni stúdenta í ákvarðanatöku innan Aurora-starfsins en einnig innan hvers háskóla fyrir sig. Í ljós kom að Háskóli Íslands

stendur nokkuð framarlega hvað þetta varðar í samanburði við aðra samstarfsskóla innan Aurora-háskólanetsins. Þó er alltaf hægt að gera enn betur.

10.5.2. Vinnupakkar

Alþjóðafulltrúi tók þátt í annars vegar vinnupakka 2.1 - *Aurora Quality System* og hins vegar vinnupakka 8.1 - *Enabling Mobility and Exchange*. Markmið vinnupakka 2 (WP2) er að stuðla að jákvæðum samfélagsbreytingum með því að byggja upp öflug tengslanet nemenda, kennara, fræðafólks og annarra sem láta sig málið varða. Markmið vinnupakka 8.1. er að stuðla að sameiginlegri áætlunargerð, tilraunaverkefnum, prófun og miðlun reynslu og góðra starfshátta, ásamt því að veita nemendum og starfsfólki alþjóðlega námsreynslu.

10.5.3. Ráðstefnur

Á starfsárinu voru haldnar tvær ráðstefnur sem alþjóðafulltrúi sótti. Annars vegar var það *Student Conference* í Olomouc í Tékklandi og hins vegar *Aurora Spring Biannual* í París.

Í Olomouc hittist stúdentaráð Aurora daglega þar sem haldnar voru vinnustofur, jafningjafræðslur og undirbúningur fór fram fyrir ráðstefnuna í París. Alþjóðafulltrúi, ásamt tveimur öðrum fulltrúum, bar ábyrgð á vinnustofum sem sneru að málefni sem stúdentaráðið hafði kosið um, andlegri heilsu stúdenta (*e. mental health*). Í vinnustofunum var rætt um hvernig bæta megi aðgengi stúdenta að geðheilbrigðisþjónustu og hvernig háskólasamfélagið geti betur stutt við andlega vellíðan nemenda.

Í París var haldinn stúdentaráðsfundur þar sem farið var yfir starfsárið og framhald. Alþjóðafulltrúi stóð fyrir pallborðsumræðu ásamt tveimur öðrum fulltrúum stúdentaráðs.

10.6. Jafnréttisdagar

Jafnréttisdagar fóru fram 10.–14. febrúar. Hugmyndin með jafnréttisdögum er að þeir hjálpi til við að skapa umræðu um jafnréttismál og gera þau sýnileg innan sem utan skólans. Í samstarfi við jafnréttisnefnd og Q-félagið hélt alþjóðanefnd viðburðinn 10. febrúar. Þar var haldinn fyrirlesturinn Þegar dropinn holar steininn: Herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum í samhengi við ráðandi hatursorðræðu á netinu. Á fyrirlestrinum fjallaði Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna '78, um herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum í samhengi við ráðandi hatursorðræðu á netinu. Í starfi sínu hjá Samtökunum hefur Þorbjörg lagt áherslu á að rannsaka hvernig hatursorðræða birtist á netinu og hvernig hægt sé að sporna gegn henni. Þessi viðburður fór fram á íslensku og var haldinn á Stúdentakjallaranum. Ókeypis var inn og þátttaka opin öllum.

10.7. Kveðjustund Alþjóðanema

Í samstarfi við ESN hélt alþjóðafulltrúi kveðjuviðburð sem var haldinn fyrir skiptinema Háskóla Íslands í lok annar. Viðburðurinn fór fram í Gamla Garði og var opinn öllum skiptinemum. Boðið var upp á léttar veitingar og karaoke, sem skapaði skemmtilega og afslappaða stemningu. Markmið viðburðarins var að gefa nemendum tækifæri til að hittast, kveðjast og njóta samvista áður en námi þeirra við HÍ lauk.

10.8. Erasmus Student Network Iceland

Í upphafi árs 2023 var Erasmus Student Network (ESN) á Íslandi. Alþjóðafulltrúi sat í stjórn ESN sem fulltrúi Háskóla Íslands til að tryggja gott samstarf milli ESN og alþjóðanefndar SHÍ. Alþjóðafulltrúi studdi við starf ESN með því að halda ýmsa sameiginlega félagslega viðburði, til að mynda karaoke, fjallgöngur, sundferðir og skíðaferðir, en einnig með því að auglýsa viðburði þeirra. Stjórn ESN vann einnig hart að því að fá ESN Ísland sem fullgildan meðlim ESN Network. Þetta krafðist mikillar vinnu sem skilaði árangri að lokum. ESN Ísland var samþykkt sem fullur meðlimur ESN og er þar með 46. landið sem sem gerist formlegur meðlimur ESN. Þetta styrkir stöðu ESN gríðarlega og gerir það að verkum að við getum haldið áfram að styðja við alþjóðanemendur á Íslandi.

10.9. Hagsmunamál og réttindi alþjóðanema

Alþjóðafulltrúi var með viðtalstíma tvisvar í viku á skrifstofu Stúdentaráðs, þar sem nemendur gátu leitað til hennar með ýmis mál. Fjöldi nemenda fékk aðstoð við ýmsar spurningar tengdar lífi almennt og námi hér á landi. Á haustmisseri ákvað alþjóðafulltrúi og alþjóðanefnd að vinna að málum er varða atvinnuleyfi alþjóðanema frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Alþjóðafulltrúi á starfsárinu 2023–2024 hafði lagt drög að skýrslu um málið og var það borið undir dómsmálaráðuneytið. Eftir það lág málið kyrrt. Á haustmisseri ákvað nýr alþjóðafulltrúi að taka málið aftur upp og hóf viðræður við Útlendingastofnun og Vinnumálastofnun. Þrátt fyrir góðar undirtektir gat dómsmálaráðuneytið ekki unnið frekar í málinu vegna Alþingiskosninga. Því leggur alþjóðafulltrúi til að málið verði tekið upp aftur á næsta starfsári.

Alþjóðafulltrúi vann náið með hagsmunafulltrúa að hagsmunamálum alþjóðanema. Alls bárust um 43 hagsmunamál á haustmisseri en 27 á vormisseri frá alþjóðanemum. Langflest málín tengdust félagslegri einangrun alþjóðanema. Því lagði alþjóðafulltrúi mikla áherslu á að halda félagslega viðburði til að styðja við þá. Einnig vann

alþjóðafulltrúi að því yfir starfsárið, ásamt alþjóðanefnd, að búa til eins konar handbók fyrir alþjóðanema með hinum ýmsu úrræðum; bæði praktískum varðandi nám og dvöl á Íslandi, en einnig varðandi félagslega hópa og viðburði sem nemendur geta sótt

10.10. Markaðsmál

Alþjóðafulltrúi hafði umsjón með markaðsmálum Stúdentaráðs SHÍ og stýrði samfélagsmiðlum, þar á meðal Instagram og Facebook. Hann kom að öllum helstu markaðsverkefnum á vegum ráðsins, þar á meðal kynningu og auglýsingum tengdum allri starfsemi Stúdentaráðs, t.d. Októberfest og Árshátíð SHÍ. Samfélagsmiðlarnir voru nýttir markvisst til að auka sýnileika og hvetja til þátttöku stúdenta.

Snæfríður Blær Tindsdóttir
Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024–2025

11. Ársskýrsla ritstjóra

Vésteinn Örn Pétursson sinnti starfi ritstjóra frá júlí 2024, þegar hann tók við af Jean-Rémi Chareyre, og til maíloka 2025. Stúdentablaðið er mál gagn allra stúdenta, og upplýsinga- og afþreyingarmiðill miðaður að nemendum Háskóla Íslands.

Í ritstjórn blaðsins felst verkefnastjórn og yfirsýn með vinnslu blaðsins, auk samskipta við hönnuði, prentsmiðju og aðra þá sem koma að gerð blaðsins með einum eða öðrum hætti. Þar að auki ber hann ábyrgð á dreifingu þess, bæði í raunheimum sem og á netinu. Auglýsingaöflun og fjárhagshlið útgáfunnar voru að mestu í höndum framkvæmdastjóra Stúdentaráðs á liðnu skólaári.

11.1 Um störf ritstjóra

Fyrsta verkefni ritstjóra er gerð Akademíunnar. Akademían er handbók Stúdentaráðs til nemenda við Háskóla Íslands um það sem viðkemur náminu og lífinu í Háskólanum. Akademían haustið 2024 var að miklu leyti byggð á Akademíum fyrri ára, líkt og venjan hefur verið, þegar litið er til almennra upplýsinga um skólann, þeirrar þjónustu sem stendur stúdentum til boða og þeirra réttinda sem þeir hafa.

Ritstjóri sér þó um að kanna efni fyrri ára og uppfæra það sem við átti, auk þess að kalla fram ávörp nýrra persóna og leikenda í Stúdentaráði og á skrifstofu þess. Þó var einnig tekið upp á þeirri nýbreytni að bæta við efni sem ekki hafði verið í Akademíunni, sem allt var í léttari kantinum. Má þar nefna slangurorðaleiðarvísi, hluti til að hafa í huga þegar Stúdentakjallarin er sóttur heim, og ábendingar um skemmtilega hluti til að gera í Reykjavík meðan á skólaárinu stendur. Síðastnefndi liðurinn var einkum og sér í lagi miðaður að alþjóða- og skiptinemum. Ritstjóri sá um útgáfu Akademíunnar haustið 2024, sem kom út í upphafi september og var dreift um háskólasvæðið og birt rafrænt á Issuu, líkt og síðustu ár. Ritstjórn var ekki ráðin við gerð Akademíunnar, heldur annaðist ritstjóri vinnslu hennar og útgáfu. Auk ritstjóra komu aðrir starfsmenn skrifstofu Stúdentaráðs að útgáfunni, auk þess sem Jean-Rémi, fyrrverandi ritstjóra, eru færðar þakkir fyrir góðar ábendingar og leiðbeiningar. Sunna Þórðardóttir var ráðin til að annast uppsetningu Akademíunnar, sem og reyndar Stúdentablaðsins sjálfs.

Að lokinni útgáfu Akademíunnar var auglýst eftir fólki í teymið á bak við blaðið. Öllum sem mættu til viðtals var gefið færi á að koma að gerð blaðsins. Almennt þýðir það að efnistöð verða fjölbreyttari, en þó gæti slík aðferð einnig verið ófýsileg ef aðsókn er þeim mun meiri. Því var þó ekki til að dreifa á liðnu ári.

Rétt eins og Akademían voru öll tölublöð Stúdentablaðsins prentuð hjá prentsmiðjunni Litla-prent, eftir að framkvæmdastjóri hafði leitað tilboða hjá öllum helstu prentsmiðjum. Litla-prent var þar hlutskarpast og veitti framúrskarandi og snögga þjónustu, og skutlaðist raunar í eitt skiptið með blöðin niður í háskóla þegar illa stóð á og útlit fyrir að ekki yrði hægt að sækja þau samdægurs. Félaginu er þakkað gott samstarf, og mælir ritstjóri með því að nýr ritstjóri kanni grundvöll fyrir áframhaldandi samstarfi við prentsmiðjuna.

Fyrsta tölublað Stúdentablaðsins kom út nokkuð seinna en venjan er. Skrifast það að öllu leyti á ritstjóra, sem tók þá ákvörðun að fresta útgáfu blaðs sem þegar var í vinnslu þegar boðað var til Alþingiskosninga um miðjan október 2024, og gefa út sérstaka kosningaútgáfu af Stúdentablaðinu. Vinna við almenna útgáfu blaðsins frestaðist því aðeins á meðan, sem gaf ekki endilega sérstaklega góða raun. Kosningablað SHÍ kom út í aðdraganda Alþingiskosninganna sem haldnar voru laugardaginn 30. nóvember, og var dreift um háskólasvæðið og gefið út á Issuu. Blaðið hafði að geyma viðtöl við fulltrúa ofarlega á lista hjá öllum flokkum sem buðu fram á landsvísi, fyrir utan Flokk fólksins þar sem erfiðlega gekk að fá endanleg svör frá þeim um hvort þeir myndu taka þátt eða ekki. Því fór sem fór, hvað það varðar.

Viðtöl fyrsta tölublaðs við frambjóðendur áttu það sameiginlegt að hafa verið tekin augliti til auglitis, og voru öll um 30 til 45 mínútur að lengd. Viðmælendur fengu að vissu leyti frjálssar hendur um hverju þeir vildu koma á framfæri við stúdenta, en spurningarnar miðuðu þó allar að því að binda umræðuna við málefni stúdenta og þá framtíðarsýn sem frambjóðendur höfðu fyrir þá. Þar sem rætt var við tíu oddvita í nokkuð löngu máli þótti nauðsynlegt að brjóta blaðið upp. Var það gert bæði með ávörpum frá ritstjóra og forseta Stúdentaráðs, aðsendum greinum frá nemendum og Stúdentaráðsliðum, auk þess sem léttara efni á borð við stjörnuspa rötuðu í blaðið. Við þetta blasti við að blaðið varð nokkuð efnismikið og í þykkara lagi, sem er eitthvað sem vert er að hafa í huga þegar kemur að útgáfu sem þessari. Engu að síður voru viðbrögð við útgáfunni góð, og sjá mátti fjölda fólks glugga í blaðið í aðdraganda kosninga á háskólasvæðinu. Þar að auki var blaðinu dreift á þó nokkrar kosningamiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu, fólki þar til mismikillar ánægju (svona eftir því hver staðan í skoðanakönnunum var).

Annað tölublað Stúdentablaðsins, sem vinna var hafin við þegar ákveðið var að ráðast í gerð kosningablaðsins, kom út í upphafi árs 2025. Í blaðinu var ekki að finna neitt einhlítt þema, heldur fengu blaðamenn nokkuð frjálssar hendur þegar kom að umfjöllunarefni. Eina línan sem komið var upp var að efnið skyldi tengjast stúdentum og málefnum þeirra með einhverju móti. Í blaðinu kenndi því ýmissa grasa; allt frá örskýringu á hlutverki Stúdentaráðs og heimspekilegra sjónarmiða um fantasíuna sem háskólalífið er, yfir í greiningu á siðferðislegri notkun gervigreindar í háskólanámi, stjörnuspar og greinar um verkefni meistaranema tengt Grænlandi og Hringborði Norðurslóða. Efnið í blaðinu var í senn litríkt, fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt og var því vel tekið af stúdentum, ef marka má hversu fljótt eintök af því ruku af blaðastöndum, borðum og hillum víðs vegar um háskólasvæðið.

Þriðja tölublað var sama marki brennt, það er að segja, efni þess hafði ekkert eitt þema sem fylgja þurfti, en var engu að síður tengd stúdentum og málefnum þeirra með einum eða öðrum hætti. Það var heldur efnisminna en tölublaðið sem á undan kom, en þar var

þó að finna margt áhugavert. Má þar nefna sérlega „arkitektúrgöngu“ sem runnin var undan rifjum framkvæmdastjóra Stúdentaráðs, þar sem hann fræddi lesendur um sögu og byggingarstíl hinna fallegu húsa sem prýða háskólasvæðið, og einstaklega áhugavert viðtal við Ólaf Egilsson, elsta núlifandi mann sem gegnt hefur embætti formanns Stúdentaráðs. Það gerði hann á sjötta áratug síðustu aldar, og því mátti draga fram mikinn mun á því sem stúdentar og fulltrúar þeirra í Stúdentaráði sýsluðu þá og nú.

Öllum blöðunum var að sjálfsögðu dreift um háskólasvæðið og þau gefin rafrænt út á Issuu. Sýnileiki blaðsins á samfélagsmiðlum hefði mátt vera meiri, en utanumhald um slíkan sýnileika gæti hæglega verið meira með lítilli fyrirhöfn á næsta starfsári.

Heilt yfir gekk starfsemin þokkalega, en því skal haldið til haga að utanumhald ritstjóra með störfum tengdum blaðinu hefði mátt vera betra. Skrifast það einkum og sér í lagi á þá staðreynd að ritstjóri sinni öðru starfi samhliða ritstjórnarstörfum, og það í nokkuð háu hlutfalli. Slíkt kann ekki góðri lukku að stýra, því jafnvel þótt starf ritstjóra sé ákveðið hlutfall á blaði, er margt sem þarf að sinna og oft fer meiri tími í þau verkefni en útlit er fyrir við fyrstu sýn. Þetta kann að vera eitthvað sem ráðningarnefnd myndi vilja hafa í huga þegar ráðið er í stöðu ritstjóra á næsta ári.

Þrátt fyrir það má hæglega segja að útgáfa blaðsins hafi gengið vel og stórslysalaust fyrir sig. Efni blaðsins virðist hafa átt við stúdenta og náð til þeirra, og blaðið virðist hafa þjónað tilgangi sínum sem mál gagn og afþreyingarmiðill, til handa öllum stúdentum.

Auk hefðbundinna starfa á vettvangi blaðsins hljóp ritstjóri einnig undir bagga með félögum sínum á skrifstofunni þegar þörf var á. Sérstaklega má þar nefna störf tengd stærstu tveimur viðburðum SHÍ. Ritstjóri var, líkt og aðrir starfsmenn skrifstofunnar, liðtækur í kynningu, miðasölu og tilfallandi verkefnum tengdum Októberfest SHÍ í fyrri hluta september. Sérstaklega er ritstjóra minnisstæður sunnudagurinn eftir hátíðina, þegar hann tók þátt í því að taka niður heljarinnar sirkústjald ásamt vöskum hópi. Að því verkefni loknu öðlaðist ritstjóri djúpstæða virðingu fyrir þeim sem starfa við slíkt að staðaldri, því það var mjög erfitt. Að sama skapi tók ritstjóri þátt í að kynna og selja miða á árshátíð SHÍ sem fór fram á Hlíðarenda í febrúar, og tókst vel til.

Ritstjóri þakkar öllum sem komu að gerð og vinnslu Stúdentablaðsins árið 2024 til 2025, sem og öðrum störfum á vegum SHÍ, innilega fyrir samstarfið, aðstoðina og, ekki síst, lesturinn.

Vésteinn Örn Pétursson
ritstjóri 2024-25

12. Ársskýrsla kjara- og réttindafulltrúa

Karen Lind Skúladóttir gegndi stöðu Kjarafulltrúa SHÍ frá ráðningu 2025 en hún var ráðin í janúar sama ár af skrifstofu Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Stöðugildi kjarafulltrúa er hluti af nýtilkomnu samstarfi Stúdentaráðs við Visku – stéttarfélag en staðan er að norrænni fyrirmynd þar sem hún hefur sannað mikilvægi sitt. Bæði SHÍ og Viska hafa fundið fyrir eftirspurn frá háskólanemum um fræðslu á sviði kjara- og réttindamála og vilja í sameiningu svara því kalli. Með því að koma stöðunni á laggirnar vilja SHÍ og Viska leggja ríka áherslu á að styðja við háskólanema.

Hlutverk kjarafulltrúa er að efla vitund háskólanema um kjara- og réttindamál á vinnumarkaði, í samstarfi við Visku, og veita þjónustu til háskólanema er varða kjör og réttindi þeirra á vinnumarkaði. Kjarafulltrúinn veitir Visku upplýsingar um stöðu háskólanema á vinnumarkaði.

12.1 Um störf kjarafulltrúa

Starfssvið kjarafulltrúa skiptist í tvo meginþætti. Annars vegar snýst það um að styðja Visku í kynningu á þjónustu sinni gagnvart háskólanemum og að vinna í samstarfi við Visku að umbótum og nýsköpun á þjónustu félagsins til háskólanema. Hins vegar felur það svo í sér samskipti við háskólanema um kjara- og réttindatengd mál. Nemendur við HÍ höfðu greiðan aðgang að kjarafulltrúa í gegnum tölvupóst eða með því að leita til kjarafulltrúa á föstum viðtalstímum (á þriðjudögum frá 10:00 til 12:00). Kjarafulltrúi hélt utan um mál sem henni bárust og vann úr þeim í samráði við sérfræðinga Visku.

SHÍ og Viska vilja halda áfram að þróa stöðu kjara- og réttindafulltrúa í sameiningu. Viðtökurnar hafa verið góðar og eftirspurn er hjá háskólanemum eftir þjónustu sem þessari enda eru 76% íslenskra stúdenta á vinnumarkaði skv. könnun Eurostudent. Það liggur því ljóst fyrir að þjónustu sem þessari fylgja mikil sóknarfæri fyrir háskólanema og er stöðugildið komið til þess að vera á skrifstofu SHÍ. Það sem félögin vilja m.a. gera er að:

- Auka sýnileika kjara- og réttindafulltrúa innan veggja HÍ
- Miðla meira af fræðslu um kjara- og réttindamál til háskólanema
- Styrkja enn frekar tengingar kjara- og réttindafulltrúa við skrifstofu Visku og þá sérfræðipækkingu á kjara- og réttindamálum sem þar býr
- Halda áfram að uppfæra síðuna haskolanemarskiptamali.is með algengum spurningum og svörum sem ungt fólk hefur um kjara- og réttindamál á vinnumarkaði
- Þróa frekar þá þjónustu sem Viska býður háskólanemum upp á í gegnum Viska – stúdent í samstarfi við Visku
- Skoða þjónustu stéttarfélaganna til háskólanema með heildrænum hætti og skoða það sem er verið að gera á Norðurlöndunum enn frekar

Það er gífurlega mikilvægt að huga að réttindum háskólanema á vinnumarkaði og mikilvægt fyrir háskólanema að hafa aðgang að þjónustu stéttarfélaga án þess að þurfa að greiða sérstaklega fyrir það. Staða kjara- og réttindafulltrúa við skrifstofu SHÍ tryggir það og hefur alla burði til þess að geta orðið að einni þeirri vegamestu við skrifstofu SHÍ, nemendum við HÍ (og í raun öllum íslenskum háskólanemum) til heilla.

Fastir viðtalstímar voru auglýstir á þriðjudögum frá 10:00–12:00, þar sem nemendur höfðu greiðan aðgang að kjarafulltrúa á skrifstofu stúdentaráðs. Viðtalstímar voru ekki vel nýttir heldur sendu nemendur fyrirspurnir frekar beint á netfang kjarafulltrúa.

12.2. Upplýsinga- og réttindavefur

Að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði meðfram háskólanámi getur verið krefjandi og það er marga sem þarf að huga að. Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) og Viska stéttarfélag hafa tekið höndum saman til þess að tryggja hagsmuni háskólanema á vinnumarkaði. Vefsíðan haskolanemarskiptamali.is miðlar upplýsingum er varða kjör og réttindi háskólanema á vinnumarkaði. Þar er m.a. að finna svör við algengum spurningum háskólanema eins og: „Hvað á ég að vera með í laun?“ og „Á ég rétt á sumarleyfi og hvað á það að vera langt?“

12.3. Komandi starfsár

Á komandi starfsári mætti kjara- og réttindafulltrúi beita sér enn frekar fyrir því að auka sýnileika stöðunnar innan veggja Háskóla Íslands, t.d. á samfélagsmiðlum Stúdentaráðs. Frekari auglýsing á viðtalstímum myndu eflaust leiða til þess að þeir væri nýttir betur. Auk þess ætti að leggja sérstaka áherslu á að efla fræðslu og miðlun upplýsinga um kjara- og réttindamál til nemendafélaga HÍ, með það að markmiði að styrkja þekkingu nemenda á eigin réttindum. Að lokum ætti kjara- og réttindafulltrúi að vinna að, í samstarfi við Visku, þróun og eflingu vefsvæðisins haskolanemarskiptamali.is, sem gegnir mikilvægu hlutverki í upplýsingagjöf og stuðningi við háskólanema.

*Karen Lind Skúladóttir,
Kjarafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024-2025*

13. Ársskýrsla verkefnastjóra Októberfests

Logi Stefánsson var ráðinn verkefnastjóri Októberfest SHÍ 2024. Á starfsárinu 2024-2025 var tekin ákvörðun um að hátíðin yrði aftur í höndum stúdenta og rekin af Stúdentaráði Háskóla Íslands. Vegna breytts rekstrarforms var nóg um að vera hjá verkefnastjóra hátíðarinnar. Í þessum kafla verður farið yfir helstu þætti og verkefni sem Stúdentaráð og verkefnastjóri stóðu að í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar.

13.1. Tímasetning

Hátíðin var haldin dagana 5.–7. september í ár. Hátíðin var í vikunni eftir nýnemaviku Háskólans. Árið áður var hátíðin í nýnemavikunni og tel ég að það sé heppilegra upp á að hafa fótboltamótið, sem skapar mikla stemningu, rétt fyrir Októberfest. Tímasetningin var ágæt með tilliti til veðurs. Veðrið var gott á fimmtudeginum, vindur en annars gott. Föstudagurinn var langerfiðastur þegar að kom að verði. Mikil rigning og kalt, auk þess sem vatn safnaðist ofan á tjöldin og miklir pollar mynduðust. Starfsfólkið var algjört fagfólk og fór beint í að leysa vatnið af þökunum með stórum prikum. Laugardagurinn einkenndist af fallegu veðri en kulda.

13.2. Markaðsefni

Skarpéðinn Finnbogason og Ásgrímur Gunnarsson voru búnir að plana útgáfu á markaðsefni áður en ég kom til starfa. Þeir voru búnir að setja saman mánaðarlangt markaðsplan með ýmsu efni. Ég dældi þó inn fyrirspurnum á Ásgrím fyrir meira efni og gerði líka eitthvað sjálfur. Ég sá um að setja allt efnið á Instagram og Facebook hjá Októberfest og SHÍ.

13.2.1. Októberfest tilkynning

Hátíðin var tilkynnt 1. ágúst á öllum helstu miðlum.

13.2.2. Trailerar

Gefnir voru út nokkrir trailerar í aðdraganda hátíðar. Sumir bara með stemningu og aðrir með nöfnum á listamönnum sem voru að fara spila.

13.2.3. Kynning á listamönnum (artistadropp)

Við póstuðum þremur myndum af listamönnum sirka annan hvern dag í gegnum allt ferlið. Sumir voru áðir tilkynntir í trailerum en aðrir í fyrsta skipti í þessum droppum. Ég legg til að næst verði sirka þriðjungur tilkynntur bæði með trailer og poster snemma í ferlinu og artistadroppin minna á það og einblína á hvern listamann fyrir sig.

13.2.4. Viðtöl

Ég tók viðtöl við nokkra listamenn sem Skarpi var búinn að hafa samband við. CCEP græjaði upptökumann og klippara hjá Obbosí. Tekin voru viðtöl við: Patr!k, Kötlú Yamagata, Nussun, Inspector Spacetime, HúbbaBúbba, Yung Nigo Drippin og Siggú Ózk. Viðtöl við Patr!k og HúbbaBúbba stóðu sig best á samfélagsmiðlum þegar horft er til áhorfa. Mun meira var lagt í viðtölin en á síðustu árum og það sást. Viðtölin heppnuðust vel en ég myndi prófa eitthvað nýtt fyrirkomulag á næsta ári til að breyta til á milli ára en halda í hátt fjárframlag. TikTok kom sterkt inn í viðtölunum og sum fóru á flug og náðu um 10–20 þúsund áhorfum.

13.2.5. Stories

Ég var duglegur að posta á story og setja allt sem fór á Instagram einnig í story. Þá var mikilvægt að vera með Like + Deila hóp með skrifstofu SHÍ, Stúdentaráðsliðum, nefndarmeðlimum og formönnum. Oft vildi fólk ekki reposta í story en líklegra var að stærri tilkynningum yrði dreift

13.2.6. Spotify

Við gerðum lagalista á Spotify, að vanda, með listamönnum sem voru kynntir snemma og bættum svo við þegar að restin var kynnt. Við notuðum hann í miðasölu en hann endaði bara með um 50 fylgjendum.

13.2.7. Gjafaleikir

Stærsti gjafaleikurinn var í samstarfi við Coca-Cola á Instagram. Fyrsti vinningur var miði og bjórkort á Októberfest, 10 rútur af bjór, 40.000 kr. gjafabréf út að borða og kassi af orkudrykknum Monster. Færslan endaði með 1.215 athugasemdir þar sem fólk var beðið um að tagga vin og deila í story. Myndin náði til rúmlega 18.500 manns en því miður er ekki hægt að sjá hversu margir deildu henni í story. Bæjarins bestu gáfu pulsugjafabréf með 50 miðum sem voru seldir og Landsbankinn var með gjafaleik á miðum á Facebook hjá Aukakrónum. Á heildina litið tel ég að gjafaleikirnir hafi virkað vel og þá sérstaklega Coca-Cola leikurinn.

13.3. Auglýsingar

Arent sá um stýringu auglýsinga á Meta og greiddi fyrir aukinn sýnileika á færslum (boost). Ég var ekki alveg nógu mikið inni í því til að gefa skoðun á því hvernig það gekk. Næst væri best ef verkefnastjóri myndi fá skýrar fjárheimildir fyrir auglýsingar og gæti leikið sér með það og vaktað betur hvað er að virka og ekki. Við prentuðum A3 og A2 plaköt og hengdum upp á sýnilegum stöðum í öllum helstu byggingum skólans. Plaggötin voru með listamönnum hátíðarinnar. Það gleymdist að fá auglýsingarnar á upplýsingaskjái skólans en eins og kom fram í skýrslu síðasta árs er það góður kostur að hafa til að dreifa auglýsingum um allan skólann og án mikillar vinnu.

13.4. Hönnun

Ásgrímur Gunnarsson var fenginn aftur til þess að hanna útlit hátíðarinnar. Sú hönnun var notuð í plakötum, trailerum, við kynningu listamanna o.fl. Útlitið í ár var enn betra en í fyrra að mínu mati og gaf hátíðinni nýjan blæ. Ég legg til að hátíðin á næsta ári byggi ofan á þessa hönnun í stað þess að byrja frá grunni. Ási var alltaf til taks og vann eins og vel smurð vél. Hann á skilið stórt hrós fyrir alla sína vinnu og að þola allar fyrirspurnirnar og böggið frá mér á fáránlegum tímum í ferlinu.

13.5. Samfélagsmiðlar

Instagram, TikTok og Facebook var aðaláherslan í markaðsefni og í þessari röð. Instagram er langbesta forritið fyrir auglýsingar á hátíðinni. Stories, reels og gamla góða feedið bjóða upp á ótal leiðir til að ná til fólks. Við reyndum að hafa alltaf eitthvað í story og allt, sem var postað sem reel eða post, fór þar inn líka. Postarnir stóðu sig mis vel en stærri tilkynningar fengu mikla athygli. Mest like-aði posturinn fékk um 550 like og var um ekkert ofbeldi á Októberfest sem svar við hræðilegum atburðum sem áttu sér stað stuttu fyrir hátíð. Meira um það seinna. Reels fór mikið á aðganga sem voru ekki að followa Októberfest og er langbesta leiðin til að ná til fleiri kúnna. Helstu reelin voru trailerar og viðtöl við listamenn. Instagram-reikningur Októberfest bætti við sig 830 fylgjendum á milli 1. ágúst, þegar hátíðin var tilkynnt, og 7. september daginn sem hátíðin kláraðist. Nýir fylgjendur voru 934 voru en á móti hættu 104 að fylgja aðgangnum. Fleiri hafa nú hætt að fylgja, en við því mátti búast þar sem hátíðin er búin.

TikTok kom skemmtilega inn en allt myndbandsefni hentar mjög vel þar. Sumt fer á flug en annað ekki á TikTok. Mikill munur var á milli áhorfa á efnið sem fór þar inn. TikTok er samt hentugur og einfaldur miðill og algjör skylda að henda inn öllum videoum þar.

Facebook sem auglýsingamiðill var hins vegar ansi slappt. Lítil virkni, fá like og nánast engar deilingar. Viðburðurinn var hins vegar með 872 sem skráðu sig sem þátttakendur (going) sem var fleira en í fyrra og 1.200 manns merktu sig áhugasama (interested). Facebook-hópar komu þó mjög sterkir inn. Ég sendi formönnum allra nemendafélaga vinabeiðni á mínum persónulega aðgangi og bað þá um að bæta mér við í hópa hjá nemendafélögunum. Þar postaði ég inn auglýsingum sem fengu oft um 100 áhorf í hverjum hópi. Einnig gerði ég hópsþjall með öllum formönnum þar sem ég gat upplýst þá um hluti eins og fótboltamót og sölu á bjórkútum til nemendafélaga. Ég tel mig hafa séð ágætishækkun á miðasölu í hvert sinn sem ég postaði á hópa nemendafélaga. Hins vegar var ég oft settur í biðflokk (pending) í hópunum þar sem Facebook hélt að ég væri spam-vélmenni. Flestir formenn tóku vel í þetta en sumir vildu fá frekar sent á sig og svo postuðu þeir sjálf. Það hægði mikið á ferlinu og því mæli ég með að reyna sitt besta að sannfæra formenn um að komast inn.

13.6. Miðasala

Miðasalan var ágætis stress. Við höfðum einungis heildarsölu ársins á undan sem viðmið. Við gátum ekki borið saman hvernig miðasala var að ganga fyrir sig dag fyrir dag við eldri tölur. Því ætla ég að lýsa því í stuttu máli. Forsala fór ágætlega af stað en jókst þegar postað var að fáir miðar væru eftir á forsöluverði og fyrsti artistatrailer var birtur. Eftir það fór hún í ágætis dvala og var mjög misjöfn eftir dögum. Hvaða efni var postað hafði mikil áhrif á þetta. Miðvikudaginn, vikuna fyrir hátíð, rankaði hún svo við sér og gjörsamlega sprakk út þegar dagspassar fóru í sölu. Um 50% miða voru seldir milli föstudagsins, sem dagspassar fóru í sölu, og lok hátíðar. Miðasala fór aðallega fram í gegnum Aur og var mjög þægileg. Erlendir nemendur þekktu þó ekki Aur og margir komu á skrifstofuna að kaupa miða áður en að miðasala í byggingum skólans fór af stað. Miðasala innanhúss fór langt fram úr væntingum og stóð sig mun betur en árinu áður. Mögulega var það vegna þess að Aur er ekki alveg jafn einfalt fyrir skiptinema og önnur miðasölukerfi.

13.7. Bjórkort

Bjórkortin seldust upp í ár. Þau seldust aðalega á Aur þar sem þau kláruðust fyrir miðasölu innanhúss en við bættum við nokkrum sem seldust svo einnig á Háskólatorgi. Það þarf að passa, þegar þau seljast upp á Aur, að fólk sé ekki ennþá að selja þau í húsinu. Skoðuð var athugasemd úr fyrri skýrslu um að hafa kort fyrir aðra drykki en niðurstaða var að þau voru alltof dýr. Í fyrra var bara Tuborg Classic á krana og mælt með að bæta við lite-bjór. Í ár var Víking styrktaraðili hátíðarinnar og boðið var upp á mun betra úrval á bjór, meðal annars Lite. CCEP tók á sig að prenta bjórkortin og við á skrifstofunni, ásamt nokkrum vinum, fórum í að hefta öll 10.000 kortin saman.

13.8. Fjölmiðlar og öryggismál

Arent, forseti SHÍ, fór í viðtal við Stöð 2 fyrir hátíð og ræddi öryggismálin. Við bættum við málmleitarækjum í öryggisleitina og gerðum allt til að koma í veg fyrir ofbeldi á hátíðinni. Á hátíðinni komu ekki upp nein alvarleg ofbeldis mál. Daníel, framkvæmdastjóri SHÍ fór einnig í viðtal á Stöð 2 á föstudeginum á hátíðinni og fór yfir málin. Arent og Sigurbjörg fóru í viðtal á miðvikudagsmorgni á FM957 og stöðin gaf miða á hátíðina. Ég er ekki viss hvort að FM957 að morgni til nái beint til okkar markhóps og kostaði það okkur nokkra miða, bæði fyrir útvarpsfólkið og í gjafaleikinn. Sniðugt væri að reyna komast frekar í Síðdegisútvarpið eða jafnvel í podcast.

13.9. Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilarnir í ár voru CCEP (Coca-Cola, Víking), Red Bull, Bæjarins bestu og Aukakrónur (Landsbankinn). Tjöldin voru merkt Víking, Aukakrónum og Red Bull. Við fengum Ása í það að hanna útlit utan á tjöldin í anda þýsks bæjar með merkingum styrktaraðilana blandað inn í stórum stöfum. Það kom mjög vel út en fór seint upp og var því ekki lokið fyrr en á öðrum degi hátíðar. Við náðum þó að dekkja merkingar á sýnilegustu stöðum á fyrsta degi. Mikilvægt er að setja þetta fyrr upp næst. Samstarfsaðilarnir tóku svo þátt í kostnaði á merkingum á sínum tjöldum. Merkingarnar voru prentaðar á stór segl af Samskiptum. CCEP og Red Bull voru að mínu mati sterkustu samstarfsaðilarnir. Ég gat alltaf heyrt í þeim varðandi viðburði sem þau tóku þátt í í aðdraganda hátíðar og þau voru til í að taka á sig auka kostnað í kringum það. Bæjarins bestu voru líka mjög hress en það er bara ákveðið mikið sem þú getur gefið og auglýst sem pulsvagn. Ég var persónulega ekki í miklum samskiptum við Landsbankann en Arent og Daníel sáu aðallega um það.

13.10. Uppsetning

Ég tók ekki mikinn þátt í uppsetningu en hún fór vel fyrir utan rok sem fór illa með svæðið daginn fyrir hátíð. Þetta olli því að við náðum ekki að merkja tjöldin nógu vel fyrir hátíðina. HljóðX og Manhattan stóðu sig mjög vel og voru með allt á hreinu og ég vil líka þakka öllum sjálfboðaliðunum sem hjálpuðu við uppsetningu og niðurrif.

13.11. Aðgengi

Aðgengi fyrir hjólastóla var í toppstandi í ár og að mér skilst að allir hafi verið sáttir. Við fengum mann í hjólastól til að taka út aðstæður áður en að hátíðin hófst og hann var mjög sáttur.

13.12. Matarvagnar

Daníel var í öllum samskiptum við matarvagna og fékk Robba Kronik til að sjá um þá. Ég tel að það væri betra að vera með enn færri á næsta ári en við fækkuðum þeim líka í ár niður í 5. Sumir vagnar voru ósáttir við sölu og því væri sniðugt að fá stærra eldhús frá vinsælustu vögnunum eins og Gastro Truck.

13.13. Fallturn

Fallturninn var ekki í ár og ég fékk persónulega nokkrar kvartanir frá fólki sem saknaði hans. Við fengum hann ekki í ár vegna ljósanætur og rugli í dagatali fyrirtækisins sem sér um hann.

13.14. Kvartanir

Ég fékk enga kvörtun í ár sem er vert að minnast á.

13.15. Minni viðburðir

Ég var einnig með yfirsýn yfir minni viðburði í ár ásamt félagslífs- og menningarnefnd og skrifstofu SHÍ. Viðburðir í ár voru eftirfarandi: Nýnemamót HÍ, SHÍ-laugin og HÍ-hr Dagurinn.

Nýnemamót SHÍ í ár var styrkt af CCEP og var kallað Powerade-Nýnemamót SHÍ. CCEP kom með nóg af drykkjum og flottum skreytingum fyrir mótið. Við fengum stóran, uppblásinn Powerade-boga og tvær risaflöskur til að skreyta svæðið og nóg af Powerade fyrir alla keppendur. Einnig fengum við fiskikar af Monster Energy fyrir áhorfendur. Mörkin komu frá KR og félagslífs- og menningarnefnd (hér eftir fél- og menn) sá um að sækja þau. Skráning var góð og fél- og menn á stórt hrós skilið fyrir gott mót. Í vinning voru tvö bjórkort, kassar af Monster, bikarinn og heiðurinn. Mjög sáttur með framlag CCEP á þessu móti.

SHÍ-laugin var nánast alfarið í höndum fél- og menn ásamt öðrum á skrifstofunni. Nefndin safnaði til sín hellingi af vinningum og við tókum saman stutt peppmyndband af kynnum kvöldsins og póstuðum á Instagram og TikTok. Mætingin var mjög góð en kjallaranum var að mér skilst lokað fyrr í ár vegna of margra áhorfenda. Hann náði að stappast meira í fyrra en það var of mikið og því góð ákvörðun að loka fyrr á fleira fólk. Laugin sjálf fór vel og ekkert of óviðeigandi átti sér stað.

HÍ-hr dagurinn fór af stað í fyrsta skipti í ár. Við hittumst á fundi með SFHR og skipulögðum keppnir og auglýsingar fyrir viðburðinn. Við hefðum mátt auglýsa meira og fyrirhugað „beef“ við HR fór ekki langt. Við flögguðum fánanum okkar fyrir utan HR og lúndum upp stríðyfirlýsingu í Sólinni sem að ég frétti að hafi verið tekin niður snögg af húsverði. Þau „sektuðu“ alla í skólanum með miða sem sagði að við völdum rangan skóla og þyrftum að borga fyrir það. Þó að herferðin hafi ekki heppnast eins og við vonuðum var samt vel mætt. Passa þarf á næsta ári að hafa nóg af bjór en við náðum að klára hann fyrir lok leika og þyrftum að redda meira. Nokkur nemendafélög, SFHR og SHÍ keyptu kút fyrir mótið og voru að gefa nemendum. Ágætis leið til að auka sölu á bjórkútum. Við keyptum allt of stóran bikar fyrir mótið sem er ætlað að vera farandsbikar og hann sem betur fer fór til HÍ í ár. Ég vona að þetta verði að hefð og verði enn stærra á næsta ári. Best væri að fá einhvern sem er ekki á kafi í Októberfest til að markaðssetja þetta.

13.16. Uppákomur

Háskólatorg var notað sem vígvöllur markaðssetningar fyrir Októberfest. Við fengum Soundboks-hátalara til að spila tónlist, CCEP gaf Coke og var með DJ, Red Bull kom með lukkuhjól og DJ og Bæjarins bestu gáfu pulsar. Einnig fengum við listamenn til að spila nokkur lög og bóksalan bókaði einnig listamann. Þetta lagðist misvel í kennara og umsjónarmann fasteigna en við, að mér skilst, fengum samt leyfi. Nemendur voru hressir yfir þessu og Háskólatorg var stútfullt af fólki að sækja miða og taka þátt í uppákomunum.

13.17. Hugleiðingar verkefnastjóra

Ég var mjög sáttur með hátíðina og við sönnuðum það að SHÍ getur haldið hana sjálfstætt. Þetta var mikil vinna en það skilaði sér svo sannarlega. Á næsta ári legg ég til að byrja aðeins fyrr í ferlinu svo að undirbúningurinn geti verið aðeins rólegri. Á næsta ári væri sniðugt að opna næststærsta tjaldið sirka 30–45 mínútum seinna á fimmtudeginum. Það var aðeins of dreift í upphafi kvöldsins en þó ekkert sem hafði alvarleg áhrif á stemningu. Minnsta tjaldið (Red Bull) var að mínu mati smá útundan í ár og staðsetning hjálpaði því ekki. Það voru bara DJ-set í því og þau byrjuðu seinna en annað á dagskrá. Gæti verið sniðugt að hafa DJ-set og einn vinsælan listamann á hverju kvöldi. Tjaldið var stútfullt á laugardeginum þegar ClubDub spilaði þar.

Armböndin voru flottari en áður en ollu kláða hjá sumum. Hins vegar ber að hafa í huga að armböndin í ár voru úr minna plasti og því umhverfisvænni og einnig betur fest en aðrar típur.

Passa þarf að listamenn komi ekki með of mikið af vinum baksviðs. Það hefur áhrif á aðstæður baksviðs sem varða öryggi og skipulag og í ár var hart gengið á bjórbirgðir listamanna.

14. Samstarfsaðilar Stúdentaráðs

Margir lifa í þeim misskilningi að hagsmunabarátta stúdenta sé tilgangslaus, enda hafi þeir engin raunveruleg völd. Það gæti ekki verið fjarri sannleikanum. Í fyrsta lagi þarf maður að hafa ansi takmarkaðan skilning á orðinu völd til að halda að aðeins löggjafinn eða yfirvöld geti farið með völd. Í öðru lagi má ekki horfa fram hjá því að hagsmunabarátta stúdenta á sér ekki aðeins stað á vettvangi Stúdentaráðs Háskóla Íslands heldur endurspeglast hún í starfi og gjörðum þeirra 20.000 manna sem stunda nám við háskóla á Íslandi. Þeir sem starfa í þágu þessa hóps finna fljótt á eigin skinni í samskiptum við aðra að hagsmunabarátta og rödd þessa hóps er allt nema tilgangslaus. Baráttan á sér auðvitað birtingarmynd í samskiptum við aðra hópa, fyrirtæki, yfirvöld, stofnanir, og fólk. Það eru þessir aðilar sem liðsinna okkur í baráttunni og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

14.1. Stjórnsýsla Háskóla Íslands

Þann 16. október 2024 undirrituðu Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs og Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, nýjan samstarfssamning um rekstur skrifstofu og þjónustu við stúdenta en viðstödd voru einnig Sæunn Stefánsdóttir, þróunarstjóri HÍ, og Sæþór Már Hinriksson, formaður Vöku. Gott samstarf við Háskóla Íslands er mikilvæg undirstaða að störfum Stúdentaráðs, og endurnýjun samstarfssamningsins er liður í áframhaldi þess.

14.2. Stjórnvöld

14.2.1. Fundur með fjármála- og efnahagsráðsherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi fjármála- og efnahagsráðsherra, heimsótti Háskóla Íslands í október 2024 ásamt aðstoðarmönnum sínum, Sigtryggi Magnasyni og Ingvaldi Sæmundsdóttur. Á fundinum var farið yfir skólastarfið, þann árangur sem skólinn hefur náð í alþjóðlegu vísindasamfélagi, uppbyggingu Vísindagarða skólans og uppbyggingu á háskólasvæðinu öllu, þær áskoranir sem skólinn stendur frammi fyrir og ýmislegt fleira. Um leið gafst tækifæri til að skoða Grósku, eina af nýjustu byggingunum á háskólasvæðinu og hjarta nýsköpunar á svæðinu.

Fyrir hönd HÍ tók Jón Atli Benediktsson rektor, Ingibjörg Gunnarsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu, Sæunn Stefánsdóttir, þróunarstjóri HÍ, Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stjórnarformaður Vísindagarða, Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu, og Arent Orri J. Claessen, nýr forseti Stúdentaráðs, á móti ráðherra og hans samstarfsfólki.

14.2.2. Fundur með forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson, þáverandi forsætisráðherra, kom í heimsókn í aðalbyggingu Háskóla Íslands í september 2024 ásamt Áslaugu Friðriksdóttur, aðstoðarmanni sínum. Fundinn sátu Jón Atli Benediktsson rektor, Sæunn Stefánsdóttir, þróunarstjóri HÍ, og Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri miðlægrar stjórnsýslu. Rætt var skólastarfið fram undan þann veturinn, stefna Háskólans og árangur, uppbygging á háskólasvæðinu, fjárhagsstaða skólans og ýmislegt annað. Þau Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs, og Sigurbjörg Guðmundsdóttir, varaforseti ráðsins, voru einnig viðstödd hluta fundarins og þau ræddu við ráðherra, m.a. um áherslur stúdenta á starfsárinu.

14.3. Landssamtök Íslenskra Stúdenta (LÍS)

Landssamtök íslenskra stúdenta (LÍS), stofnuð 3. nóvember 2013, eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍs eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélög sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍs eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta.

Arent Orri Jónsson Claessen og Rakel Anna Boulter sátu í fulltrúaráði LÍs á árinu, en fulltrúaráðið fundar alla jafna mánaðarlega, og fer með hæsta ákvörðunarvald á milli landsþinga.

Landsþing fór fram dagana 3.–6. apríl 2025 á Hvanneyri. Þema þingsins í ár var „Þátttaka stúdenta í mótun háskólasamfélagsins“. Dagskrá þingsins var meðal annars vinnustofur, pallborðsumræður, stefnumótun, kosningar og skemmtanir. Logi Einarsson, nýr háskólamálaráðherra, María Rut Einarsdóttir, þingmaður og fyrrverandi forseti Stúdentaráðs, Páll Winkel, framkvæmdastjóri Menntasjóðs námsmanna og Silja

Bára R. Ómarsdóttir, nýkjörinn rektor, voru sérstakir gestir á landsþinginu.

Stúdentaráð skipar 13 fulltrúa á þingið, en fulltrúum var skipt eftir hlutfalli við Stúdentaráðsliða. Vaka fékk þar 7 fulltrúa og Röskva 6. Fulltrúar stúdentaráðs á þinginu voru:

- | | |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| ▪ Arent Orri Jónsson Claessen | ▪ Katla Ólafsdóttir |
| ▪ Sigurbjörg Guðmundsdóttir | ▪ Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir |
| ▪ Valgerður Laufey Guðmundsdóttir | ▪ Auður Aþena Einarsdóttir |
| ▪ Friðrik Þór Ólafsson | ▪ S. Maggi Snorrason |
| ▪ Styrmir Hallsson | ▪ Júlíus Viggó Ólafsson |
| ▪ Magnús Hallsson | ▪ Birkir Brynleifsson |
| ▪ Tinna Eyvindardóttir | ▪ Kjartan Leifur Sigurðsson |

14.4. Landssamband ungmennafélaga (LUF)

Landssamband ungmennafélaga eru regnhlífasamtök fyrir félagasamtök ungs fólks á Íslandi. Félaginu tilheyra núna 41 aðildarfélag, en LUF er þverpólitískur samstarfs- og samráðsvettvangur fulltrúa ungmennafélaga.

Forseti sótti bæði sambandsþing samtakanna og leiðtogaráðsfund.

14.5. Félagsstofnun stúdenta (FS)

Félagsstofnun stúdenta (FS) er óhagnaðardrifin sjálfseignarstofnun sem hefur það að markmiði að þjónusta stúdenta eins vel og unnt er, enda sett á fót fyrir tilstuðlan stúdenta. Lánasjóðsfulltrúi sat stjórnarfundum FS á starfsárinu og sá um framgang áherslna Stúdentaráðs á þeim vettvangi. Samstarf við FS og starfsfólk hennar, einkum framkvæmdastjóra stofnunarinnar og rekstrarstjóra Stúdentakjallarans, var einstaklega gott á liðnu starfsári.

FS studdi skrifstofuna í endurskipulagi með kaupum á húsgögnum fyrir SHÍ og mikið og gott samstarf var við Stúdentakjallarann með fjölda viðburða sem haldnir voru þar.

Tillögu frá síðasta starfsári Stúdentaráðs um það að báðar fylkingar fái áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum FS var fylgt áfram af lánasjóðsfulltrúa innan stjórnar FS. Úr varð að oddvita Röskvu var boðið að skipa áheyrnarfulltrúa í stjórn FS, en því boði var hafnað og því sat lánasjóðsfulltrúi einn sem áheyrnarfulltrúi stúdenta í stjórninni á starfsárinu.

Ný stefna Stúdentaráðs um rekstur FS var samþykkt á skiptafundi 21. maí 2024. Í stefnunni er áhersla lögð á forgangsöröðun rekstarheilbrigðis umfram aðrar áherslur til að sporna gegn frekari lokunum útsölustaða Hámu, eftir lokanir í Odda og Háskólabíói á síðasta starfsári. Tillagan var einnig að draga sem flestar rekstrartengdar ákvarðanir út af borði Stúdentaráðs, þar sem það er ekki góður vettvangur til að taka slíkar ákvarðanir heldur er þeim best varið hjá framkvæmdastjóra eða stjórn FS. Stjórn FS fylgdi þessari stefnu Stúdentaráðs nokkuð vel á starfsárinu, þó ekki hafi verið farið í umfangsmiklar breytingar á rekstrinum.

Stúdentaráð samþykkti tillögu á fundi 26. ágúst þess efnis að Stúdentaráð lýsti yfir vilja sínum að FS myndi hefja sölu á níkótínþúðum á útsölustöðum Hámu. Sú tillaga var tekin til umræðu innan stjórnar FS, og var hún rædd meira en flest önnur mál á starfsárinu, en að lokum ákvarðaði stjórn FS að fylgja ekki vilja Stúdentaráðs og hafnaði því að hefja sölu níkótínþúða. Var þá aðalega borið fyrir sig lýðheilsusjónarmið.

Á starfsárinu kom upp stór E.Coli-sýking á leikskólanum Mánagarði, sem er í rekstri FS. Viðbrögð stofnunarinnar við smitinu tóku mikinn tíma og orku á starfsárinu, en FS gerði allt í sínu valdi til að koma til móts við foreldra barna sem veiktust í sýkingunni, en þau voru mörg og sum hver mjög alvarlega veik. Atvikið hafði mikil áhrif á starfsfólk

FS sem og orðspor stofnunarinnar, sérstaklega vegna mikillar fjölmiðlaumfjöllunar. Framkvæmdastjóri og stjórn hafa leitast við að bæta úr skipulagi og ferlum til að fyrirbyggja að sambærilegt atvik geti átt sér stað aftur.

Flutningur menntavísindasviðs í Sögu liggur fyrir í haust. Félagsstofnun stúdenta tók í notkun stúdentaíbúðir í Sögu árið 2023, en stefnir einnig á að opna og reka nýja Hámu í húsnæðinu. Stjórn fór yfir og tók afstöðu til merkinga á húsinu, sem munu m.a. merkja hana Stúdentagörðum.

14.6. Viðskiptalíf og fyrirtæki í nánu samstarfi

14.6.1. CCEP

Við áttum í nánu samstarfi við CCEP allt starfsárið. Fyrirtækið var meðal stærstu bakhjarla Októberfest og styrktaraðili Árhátíðar SHÍ. Þá voru fulltrúar þess duglegir að koma með drykki til að gefa á hinum ýmsu viðburðum sem við höldum á starfsárinu, og gáfu okkur alltaf góð kjör á . Þá hjálpuðu þeir einnig með skipulagningu viðburða, sér í lagi árhátíðarinnar. Þeir tóku einnig þátt í kostnaði og mótun á markaðsefni. CCEP tók einnig þátt í herferð Stúdentaráðs sem styrktaraðili.

14.6.2. Landsbankinn

Landsbankinn var annar af stóru styrktaraðilum starfsársins en bankinn kom sterkur inn í Októberfest. Þá var hann einnig með mikla viðveru á atvinnudögum. Landsbankinn var aðalstyrktaraðili Fyndnasta háskólanemans og aðstoðuðu starfsmenn mikið við skipulagningu viðburðarins. Auk þess tóku þeir virkan þátt í markaðsefni, t.a.m. á Októberfest.

14.6.3. Steindal

Steindal, aðallega í gegnum vörumerkið Red Bull, var stór styrktaraðili Októberfest. Fyrirtækið tók virkan þátt í að mynda stemmingu í aðdraganda hátíðarinnar og var m.a. með lukkuhljól og tónlist á Háskólatorgi. Þá voru starfsmenn alltaf duglegir að gefa okkur vörur sem við síðan gáfum á hinum ýmsu viðburðum. Þeir gáfu okkur einnig mjög góð kjör á vörum sínum á hátíðinni.

14.6.4. Aur

Aur sá um nær alla miðasölu á Októberfest og Árshátíð SHÍ, á mjög hagstæðum kjörum. Þjónustan var ávallt framúrskarandi.

14.6.5. Straumur

Straumur er systurfélag Aurs og sá um greiðslumiðlun á Októberfest og árshátíðinni. Góð kjör og góð þjónusta.

14.6.6. Mowo

Mowo sá okkur fyrir góðum tæknibúnaði sem hluti af samstarfinu og gaf einnig stúdentum rausnarlegan afslátt á tölvum og aukahlutum í gegnum sameiginlega vefsíðu. Þá héldum við tvö FC25 mót með fyrirtækinu, sem voru vel heppnuð. Mowo setti einnig upp svæði á Stúdentakjallaranum þar sem hægt var að spila tölvuleiki.

14.6.7. Norðurál

Norðurál var einn stærsti styrktaraðili herferðar Stúdentaráðs og tók virkan þátt í mótun hennar og markaðssetningu.

14.6.8. Bæjarins beztu pylsur

Bæjarins beztu komu nokkrum sinnum yfir árið og héldu pylsuveislur á Háskólatorgi fyrir nemendur. Þá tók fyrirtækið virkan þátt í Októberfest og tók upp glæsilegt myndband af hátíðinni. Fyrirtækið mætti einnig á Árshátíð SHÍ og seldi svöngum háskólanemum pylsur.

14.6.9. Litlaprent

Litlaprent annaðist prentun Stúdentablaðsins og Akademíu.

14.6.10. Háskólaprent

Háskólaprent annaðist alls konar tilfallandi prentstörf eins og plaköt.

14.6.11. Live Production

Hrannar var okkur til halds og traust allt árið en einna helst á Októberfest. Meira er fjallað um aðkomu hans í þeim kafla.

14.6.12. Hljóðx

Hljóðx sá um hljóðkerfi og tjöld á Októberfest með góðum árangri. Meiri umfjöllun um þeirra þátt í kaflanum um hátíðina.

14.6.13. Luxor

Luxor var með takmarkaða aðkomu að Októberfest en fyrirtækið sá um hljóð, ljós, og skreytingu á Árshátíð SHÍ. Meira er fjallað um það í kaflanum um árshátíðina.

14.6.14. Basement

Skarphéðinn var gríðarlega dýrmætur á Októberfest og á Árshátíð SHÍ. Hann var okkur einnig til halds og traust á árinu varðandi allt viðburðatengt. Meira er fjallað um hans framlag í köflunum um hátíðina og árshátíðina.

14.6.15. Manhattan

Manhattan er viðburðafyrirtæki og annaðist það áfengissölu á Októberfest og Árshátíð SHÍ. Miklir fagmenn og gott samstarf. Meira fjallað um það í köflunum um hátíðina og árshátíðina. Við vorum einnig með hátalara að láni frá þeim eiginlega allt starfsárið.

14.6.15. RIFF

Kvikmyndahátíðin RIFF bauð háskólanemum góð kjör á miðum á hátíðina auk þess sem við höldum viðburð í samsarfi við hana.

14.6.16. Viska

Stéttarfélagið Viska var einn nánasti samstarfsaðili okkar á árinu. Félagið kostaði nýjan starfsmann á skrifstofuna, kjara- og réttindafulltrúa. Þá voru fulltrúar okkur innan handar með öll mál á þeim vettvangi og skrifuðu umsögn og grein með okkur um hag stúdenta.

14.6.17. Festa

Festa miðstöð um sjálfbærni varð samstarfsaðili okkar á seinni hluta starfsársins og því ekki allir þættir samstarfsins orðnir ljósir. Festa vann könnun með okkur um viðhorf ungs fólks til sjálfbærnimála og kynnti forseti niðurstöður hennar á ráðstefnu í Hörpu.

15. Starfsemi Stúdentaráðs

Á hverju ári kjósa fulltrúar í Stúdentaráði starfsfólk á réttindaskrifstofu ráðsins sem fer með framkvæmdavald þess og sinnir daglegum störfum. Á skrifstofunni starfar fjórir kjörnir fulltrúar; forseti í fullu starfi, varaforseti, hagsmunafulltrúi og lánasjóðsfulltrúi í hlutastarfi. Skrifstofan ræður að auki til sín framkvæmdastjóra, ritstjóra Stúdentablaðsins, alþjóðafulltrúa og kjara-og sjálfbærni fulltrúa.

Réttindaskrifstofa Stúdentaráðs vinnur náið saman að bættum hag stúdenta og aðstoðar jafnframt nemendur Háskóla Íslands dagsdaglega við ýmis úrlausnarefni sem tengjast réttindum þeirra gagnvart háskólanum. Öllum stúdentum er velkomið að hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs vakni spurningar um réttindi þeirra.

15.1. Málefnavinna og stefnumótun

15.1.1. Stefnumótunardagur

Stefnumótunardagur Stúdentaráðs var haldinn 26. júlí 2024, í Skólabæ, Suðurgötu 26. Mæting var prýðileg en nokkur halli var á skiptingu milli fylkinga þar sem Vökuliðar voru nokkuð fleiri.

Unnið var á þremur stöðvum, en þær voru innri málefni, viðburðir, og ytri málefni. Nokkur einhugur var um málefnið en það var mikið ánægjuefni að sjá að stúdentar virtust ætla að ganga í sömu átt. Í innri málefnum bar hæst atriði eins og kennslumál, aðgengismál, flutning Menntavísindasviðs í Sögu, og réttindi stúdenta í prófatíð. Hvað viðburði varðar, voru flestir sammála um að mikilvægt væri að efla viðburðastarf SHÍ til þess að auka umferð nemenda um háskólasvæðið. Þá kviknuðu líka vangaveltur um að halda árshátíð. Undir ytri málefnum var mikið rætt atriði á borð við samgöngumál, sér í lagi bílastæðamál, menntasjóðsmálin, og málefni stúdenta af landsbyggðinni.

Stefnumótunardeginum lauk síðan með lítilsháttar veislu og var þar mikið stuð.

15.1.2. Samgöngumál

Samgöngumál eru stúdentum afar mikilvæg, eins og sést hefur í kosningum síðustu ára, en fylkingarnar hafa báðar lagt mikla áherslu á samgönguvandann. Á skiptafundi samþykkti Stúdentaráð tillögu um að kalla á eftir því að strætóskyli á háskólasvæðinu yrðu stórbætt og að þau yrðu upphituð. Forseti átti samtöl við bæði borgarfulltrúa og framkvæmda- og tæknisvið, en verið var að endurnýja strætóskylin við Háskólann. Þá voru kröfur stúdenta ítrekaðar við framkvæmda- og tæknisvið sem tók vel í hugmyndina ef til kæmi fjármagn. Strætóskylin eru stórbætt en þar sem HÍ leyfir strætó að nýta aðstöðuna í Stapa væri eðlilegt ef Háskólinn myndi krefja Strætó um að hita upp skylin.

Á fundum forseta með rektor yfir árið voru samgöngumál iðulega rædd og þá sérstaklega að tryggja þurfi að það sé ekki farið í ráðstafanir sem þrengja að stúdentum í bið eftir samgöngumálum borgarinnar, t.d. borgarlínu, fyrr en að þær úrbættur verði klárar. Þá er t.d. enn mikilvægara að huga að því að á næsta starfsári verður Saga tekin í gagnid og því væntanlega mun meiri umferð á háskólasvæðið.

Forseti fór á fund nýs borgarstjóra 7. maí 2025 með Jóni Atla Benediktssyni rektor og

Kristni Jóhannessyni, sviðsstjóra framkvæmda- og tæknimála. Fundarefnið var aukið samráð Reykjavíkurborgar við stúdenta, sem borgarstjóri tók vel í. Þá kom einnig tillaga frá forseta um að í haust yrði aukin tíðni strætisferða frá háskólasvæðinu þegar stúdentar eru að klára tíma, eða upp úr hádegi. Borgarstjóri tók vel í það og ætlaði að taka tillöguna á borð stjórnar Strætó.

15.1.3. Menntasjóður námsmanna

Menntasjóður námsmanna er félagslegur jöfnunarsjóður á vegum ríkisins sem tryggir Íslendingum og ríkisborgurum annara landa með sérstök tengsl við Ísland aðgang að námslánnum. Hlutverk Menntasjóðs námsmanna er að tryggja jöfn tækifæri til náms án tillits til efnahags samkvæmt lögum sjóðsins.

Umfjöllun um málefni sem tengjast Menntasjóði námsmanna og þróun þeirra á starfsárinu má finna í kafla 15.3.

Umfjöllun um störf lánasjóðsfulltrúa SHÍ, sem sinnir námslánamálum stúdenta í HÍ og situr jafnframt í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd stúdenta opinberra háskóla á Íslandi, má finna í ársskýrslu lánasjóðsfulltrúa í kafla 8.

15.1.4. Gjaldtökuheimildir opinberra háskóla

Undir lok árs 2024 birtust í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008, en ætlunin er að heimila upptöku á skólagjaldi fyrir nemendur utan EES. Brugðist var við frumvarpinu með meðfylgjandi umsögn sem send var frá Stúdentaráði í samráðsgátt:

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (gjaldtökuheimildir opinberra háskóla; mál nr. S-224/2024)

Vegna fyrirbyggjandi áforma um breytingu á lögum um gjaldtöku opinberra háskóla fyrir nemendur sem koma utan EES svæðisins vill Stúdentaráð Háskóla Íslands vekja athygli á mikilvægi þess að standa vörð um þá stúdenta sem þegar stunda nám við Háskóla Íslands, óbáð uppruna.

Stúdentaráð telur mikilvægt að ef að farið verður í breytingar sem þessar sé sérstaklega litið til þeirra nemenda, frá löndum utan EES, sem stunda nú þegar nám við Háskólann. Ekki er boðlegt að breyta þeim forsendum sem fyrir lágu fyrir þá nemendur sem hafa þegar hafið nám við skólann og þarf að líta til þess að þeir nemendur verði ekki fyrir auknum álögum. Við sem samfélag viljum ekki kippa fótunum undan nemendum sem þegar hafa komið til landsins til að stunda nám og hafa gert tilbeyrandi ráðstafanir og skuldbindingar þess vegna. Mikilvægt er að ef í þessar breytingar verður farið, að skólagjöld á nemendur frá löndum utan EES verði hófleg.

Í kjölfar ríkisstjórnarslita og Alþingiskosninga hefur málið ekki komið aftur á dagskrá á Alþingi, en óvíst er hvort að það dagi aftur upp eða ekki á núverandi kjörtímabili.

15.1.5. Bílastæðamál

Umræðan um upptöku Háskóla Íslands á gjaldskyldu fyrir stúdenta og starfsfólk hefur haldið áfram á starfsárinu. Háskólinn hefur þegar ákveðið að fara eftir minna íþyngjandi leið í upptöku á gjaldskyldu, hinni svokölluðu Leið B, sem felur í sér að gjaldskylda verði tekin upp á öllum bílastæðum Háskólans en að stúdentar og starfsfólk gæti skráð bíla sína í stæði gegn vægu mánaðarlegu gjaldi. Stefnt var að því að hefja gjaldskylduna á þessu starfsári en mistök við útboð á rekstrinum urðu til þess að henni hefur seinkað og hún hefur ekki litið dagsins ljós enn sem komið er.

Háskólinn stefnir enn á að koma á gjaldskyldu á bílastæðum Háskólans, og hinar ýmsu skipulagseiningar stefna að því að fækka bílastæðum á svæðinu, hvort sem þær séu innan HÍ, eins og skipulagsnefnd, eða utan, eins og skipulagseiningar á vegum Reykjavíkurborgar. Fulltrúar stúdenta og starfsmenn réttindaskrifstofu hafa haldið afstöðu stúdenta til málsins á lofti og stefnt er á að halda því áfram. Óásættanlegt er að skert verði aðgengi stúdenta að háskólanámi með þessu móti. Í núverandi samgönguinnviðumhverfi er ekkert sem kemur í stað einkabílsins fyrir stóran hlut stúdenta og engin áþreifanleg áform um mótvægisáðgerðir fyrir stúdenta hafa verið kynnt, og þar dugar ekki einungis frír eða ódýrari aðgangur að strætó þar sem um innviðavanda er að ræða, ekki kostnaðarvanda.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur, og mun halda áfram að leita allra leiða til að lágmarka kostnað stúdenta við að mæta til skóla, hvort sem það er í gegnum skipulagseiningar HÍ og borgarinnar, eða fram hjá þeim.

15.2. Helstu viðburðir og sýnileiki

15.2.1. Gleðigangan

Stúdentaráð Háskóla Íslands tók þátt í Gleðigöngunni, sem er hápunktur Hinsegin daga sem haldnir eru á ári hverju. Gleðigangan fór fram laugardaginn 10. ágúst 2024, hún hófst við Hallgrímskirkju og endaði við gatnamót Fríkirkjuveggar og Skothúsveggar. Stúdentar og fjölskyldumeðlimir þeirra hittust við Tækniskólann og gengu saman alla gönguna með skilti og fána.

15.2.2. Nýnemadagar

Nýnemadagar fóru fram 26.–30. ágúst 2024. Fulltrúar SHÍ sáu um að manna upplýsingaborð á Háskólatorgi þar sem svör við hinum ýmsu spurningum er varða námið, skólann, húsnæði, félagslíf, þjónustu og margt fleira, voru veitt.

Dagskrá nýnemadaga fór að mestu fram á Háskólatorgi þar sem boðið var upp á skemmtilega viðburði og fræðslu um lífið í Háskólanum og þjónustuna sem veitt er þar.

15.2.3. Nýnemamótið

Árlegt nýnemamót Stúdentaráðs var haldið á grasfletinum framan við aðalbyggingu 30. ágúst. Þar gátu allir namar keppt í fótbolta með sínu nemendafélagi og var hvert lið skipað sjö keppendum. Sigurvegarar nýnemamótsins 2024 voru lið Stiguls. Mótið var æsispennandi og var þátttaka mjög góð. CCEP bauð upp á Powerade og Monster fyrir keppendur og gesti.

15.2.4. Fjölskylduhátíð SHÍ

Fjölskylduhátíð SHÍ var haldin í október á grassvæðinu fyrir utan íþróttahúsið. Hoppukastali var á svæðinu og mikil gleði.

15.2.5. Háskólaþing

Á háskólaþingi sem fram fór í hátíðarsal 20. nóvember 2024 voru öryggismál í Háskóla Íslands, alþjóðasamstarf skólans og alþjóðleg staða, sem og skipulags- og samgöngumál til umræðu. Þingið sótti fjölbreyttur hópur úr háskólasamfélaginu: stjórnendur skólans, kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar kennarafélaga, starfsfólks og stúdenta ásamt

fulltrúum helstu stofnana Háskólans og samstarfsstofnana hans. Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs, tók til máls um andstöðu stúdenta við fyrirhuguð áform um gjaldskyldu, fækkun bílastæða og aðrar skipulagsbreytingar sem munu skerða aðgengi stúdenta að Háskólanum, án nokkurra útfærðra mótvægisáðgerða.

15.2.6. Fullveldisdagurinn

Á fullveldisdaginn 1. desember 2024 var, að gamalli hefð, haldið að leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði þar sem stúdentar heiðruðu minningu Jóns og lögðu blómsveig að leiði hans. Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs, og Jón Atli Benediktsson rektor fluttu ávörp.

15.2.7. Atvinnudagar

Atvinnudagar voru haldnir í lok janúar á Litla torgi á háskólasvæðinu. Fjármála- og atvinnulífsnefnd sá um skipulagningu viðburðarins með dyggri aðstoð frá Landsbankanum. Þá var boðið upp á glæsilegar veitingar frá FS.

15.2.8. Erindi í kennslustund í háskólakennslufræðum

Þann 22. janúar 2025 héldu forseti og hagsmunafulltrúi SHÍ erindi um það hvað skiptir nemendur mestu máli varðandi skipulag námskeiða í kennslustund í námskeiði sem heitir Skipulag námskeiða og er kennt í háskólakennslufræðum. Það er mikilvægt að rödd stúdenta heyrist í þessum málum, að loknu erindinu sköpuðust skemmtilegar og gagnlegar umræður um hvað vel væri gert og hvað mætti fara betur.

15.2.9. Fyndnasti háskólaneminn

Fyndnasti háskólaneminn er einn af ástsælustu viðburðum skólaársins. Keppnin var haldin 19. febrúar á Stúdentakjallaranum. Félagslífs- og menningarnefnd sá um skipulag viðburðarins. Landsbankinn kostaði viðburðinn og bauð upp á góða vinninga. Oddur Sigurðsson hlaut nafnbótina fyndnasti háskólaneminn 2024. Hrafnhildur Anna, sigurvegarinn frá 2023 og Patrekur Jaime voru kynnar.

15.2.10. Sæmundarstund

Þann 20. mars 2025 var efnt til hinnar árlegu Sæmundarstundar við styttna af Sæmundi fróða fyrir framan aðalbyggingu Háskóla Íslands. Á þessum viðburði er lærdómsmannsinn og þjóðsagnapersónunnar Sæmundar fróða Sigfússonar minnst en það var að frumkvæmi Oddafélagsins, félags áhugamanna um endurreisn fræðaseturs að Odda á Rangárvöllum, þar sem Sæmundur var prestur, sem Sæmundarstund var sett á laggirnar.

Ásamt Oddafélaginu standa Stúdentaráð og skrifstofa rektors að viðburðinum og að þessu sinni fluttu Katrín Jakobsdóttir, fyrrverandi forsætisráðherra og fulltrúi í háskólaráði, Þór Jakobsson, fyrrverandi formaður Oddafélagsins, og Arent Orri, forseti Stúdentaráðs, ávörp og minntust Sæmundar hvert með sínum hætti.

Ávarp forseta Stúdentaráðs:

Kæru stúdentar, rektor og góðir gestir,

Í dag erum við samankomin við styttu Sæmundar fróða til að heiðra mikilvægi þekkingar og fræðslu. Sæmundur fróði Sigfússon var uppi á 11. og 12. öld. Hann fór utan til náms í Evrópu áður en hann sneri aftur heim og gerðist prestur á Odda. Hann var talinn einn lærðasti maður sinnar tíðar og arfleifð hans – þekkingarþorsti og ást á fróðleik – lifir enn í dag meðal okkar. Styttan, sem sýnir Sæmund á baki sela, rifjar upp þjóðsöguna af því þegar hann sneri heim ríðandi á sjálfum kölska í selslíki.

Sú saga er táknræn fyrir sigur vискunnar; hún minnir okkur á að með fróðleik og útsjónarsemi að vopni getum við yfirstígið hvers kyns hindranir. Fræðsla og þekking hafa alla tíð verið undirstaða framfara á Íslandi. Frá skrifum

miðaldafræðimanna til nýsköpunar og rannsókna samtímans hefur arfur fróðleiks leitt okkur áfram. Sjálfur Háskóli Íslands var stofnaður á grunni þeirrar arfleifðar og við stúdentar njótum ávaxtanna af starfi fyrri kynslóða fróðra manna. En arfleifð fróðleiks er ekki aðeins gjöf sem við þiggjum; hún er einnig ábyrgð sem við berum. Við, stúdentar dagsins í dag, berum þá skyldu að miðla áfram þekkingunni sem við öflum og auka hana enn frekar. Framtíðin kallar á nýja þekkingu og nýjar lausnir, og þeim áskorunum verðum við að mæta af sömu fróðleiksfjísni og forverar okkar. Megum við aldrei missa forvitnina eða þekkingarþorstann, heldur halda áfram að þróa þekkingu til framtíðar svo að komandi kynslóðir megi njóta góðs af. Þannig tryggjum við að ljós vискunnar haldi áfram að loga skært inn í framtíðina.

15.2.11. Pallborð með rektorsframbjóðendum

SHÍ hélt pallborð á Háskólatorgi í aðdraganda rektorskosninga. Öllum innlendu frambjóðendum var boðið og mættu þau öll. Markmið pallborðsins var að veita nemendum innsýn í persónulegt líf rektorsframbjóðenda. Því var reynt að hafa spurningar frekar um líf og starf frambjóðenda en minna um málefnið.

15.2.12. Verkalýðsganga, 1. maí

Fulltrúar SHÍ tóku þátt í verkalýðsgöngunni 1. maí 2025, þar sem gengið var frá Hallgrímskirkju á Skólavörðuholti niður á Ingólfstorg, og báru þar skilti sem vöktu athygli á aðstæðum stúdenta í íslensku samfélagi.

15.2.13. Háskóladagurinn

Háskóladagurinn var haldinn hátíðlegur 1. mars 2025. Þar voru fulltrúar Stúdentaráðs með bás og kynntu starfsemi SHÍ fyrir gestum og gangandi. Tilvonandi nemendur HÍ spurðu fulltrúa Stúdentaráðs spjörunum úr. Margir áhugasamir gestir kíktu við hjá okkur og spurðu okkur um leiðbeiningar og út í starfsemi ráðsins. Vakti það athygli okkar að tilvonandi háskólanemar voru sérlega áhugasamir um viðburðastarfið, sér í lagi Októberfest.

15.3. Menntasjóður námsmanna

Málefni Menntasjóðs námsmanna (MSNM) voru í nokkuð mikilli óreiðu á liðnu starfsári miðað við það sem gengur og gerist í eðlilegu árferði. Má að miklu leyti rekja það til sviptinga í íslensku stjórn málaumhverfi á árinu 2024.

Lengri tíma en vanalega tók að skipa nýja stjórn MSNM haustið 2024. Nýr tímabundinn framkvæmdastjóri, Páll E. Winkel, tók við rekstri sjóðsins af Hrafnhildi Ástu Þorvaldsdóttur. Ríkisstjórnarslit í október settu strik í reikning pólitískrar dagskrár í lánasjóðsmálum og tilkoma nýrrar ríkisstjórnar og ráðherra í kjölfar alþingiskosninga þann 30. nóvember 2024 skapaði nýtt pólitískt umhverfi, boðaði mögulega breytta stefnu í málaflokknum og varð til þess að skipa þurfti aðra stjórn Menntasjóðsins á ný, rétt svo í tæka tíð svo hægt væri að leggja lokahönd á úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2025–2026.

Snemma á starfsárinu, réttara sagt áður en ný skrifstofa Stúdentaráðs tók til starfa, fóru fulltrúar nýs meirihluta Vöku í Stúdentaráði á fund þáverandi háskólamálaráðherra, Áslaugar Örne Sigurbjörnsdóttur, til þess að ræða málefni Menntasjóðs námsmanna. Á þeim fundi kynntu fulltrúar meirihlutans áherslur sínar í lánasjóðsmálum, og fannst

flötur á breytingu til hins betra með hækkun frítekjumarksins. Frítekjumarkið var í kjölfarið hækkað um 35% úr 1.622.000 kr. í 2.200.000 kr.

Þrátt fyrir sviptingar í umhverfi Menntasjóðs námsmanna nýtti lánasjóðsfulltrúi SHÍ sér öll tækifæri sem gáfust til að vekja athygli á bágrri stöðu lántaka hjá sjóðnum, þá sérstaklega lágrí framfærslu lántaka, í bæði formlegum og óformlegum samskiptum við fulltrúa ráðuneytisins og sjóðsins. Þar má nefna stjórnarfund MSNM, vinnustofu og fundi hjá ráðuneyti sem og óformleg samskipti við fulltrúa MSNM og aðstoðarmann ráðherra. Sú vinna virðist ætla að bera ávöxt, en skapast hefur virk umræða um úthlutunarreglur MSNM inni á stjórnarborði sjóðsins. Þá virðist frjósamari jarðvegur vera fyrir breytingum til hins betra hjá ráðuneytinu. Þar að auki hefur námsmannahreyfingin orðið samheldnari og skipulagðari í sinni hagsmunabaráttu fyrir bættum námslánnum, en meiri samskipti og samvinna hefur myndast milli SHÍ, SÍNE, LÍS, BHM og Visku.

Lánasjóðsfulltrúi SHÍ og hagfræðingur Visku skrifuðu og birtu umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna 10. mars 2025, þar sem vakin var athygli á nauðsyn þess að hækka framfærslu og taka á þeim kjarahalla sem nýir lántakar búa við miðað við gamla lántaka hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (LÍN). Umsögn má finna í viðhengi 3 (bls. 261) Samhliða var birt grein á Vísí og vefsíðu Visku um umsögnina.

Í apríl 2025 tóku SHÍ, LÍS, SÍNE, BHM og Viska sigsaman, eftir að háskóla-málaráðuneytið sendi könnun á félögin um skipulag námslánakerfisins, og neituðu að svara könnuninni. LÍS sendi, fyrir hönd allra félaganna, tilkynningu á ráðuneytið um að félögin neiti að svara könnuninni, að þau muni senda ráðuneytinu minnisblað um námslánakerfið og að þau fari fram á fund með ráðherra, aðstoðarmönnum og starfsmönnum ráðuneytisins til að ræða námslánakerfið í heild fremur en að gera það innan ramma vinnustofa eða kannana. Ráðuneytið hefur boðið fund með starfsmönnum ráðuneytisins sem verður síðan fylgt eftir með fundi með ráðherra. Minnisblaðinu hefur Í apríl 2025 tóku SHÍ, LÍS, SÍNE, BHM og Viska sig saman, eftir að háskóla-málaráðuneytið sendi könnun á félögin um skipulag námslánakerfisins, og neituðu að svara könnuninni. LÍS sendi, fyrir hönd allra félaganna, tilkynningu á ráðuneytið um að félögin neiti að svara könnuninni, að þau muni senda ráðuneytinu minnisblað um námslánakerfið og að þau fari fram á fund með ráðherra, aðstoðarmönnum og starfsmönnum ráðuneytisins til að ræða námslánakerfið í heild fremur en að gera það innan ramma vinnustofa eða kannana. Ráðuneytið hefur boðið fund með starfsmönnum ráðuneytisins sem verður síðan fylgt eftir með fundi með ráðherra. Minnisblaðinu hefur verið komið á ráðuneytið og boðið er eftir fundum með starfsmönnum ráðuneytis og ráðherra.

15.4. Fjarnám

Fjarnám var eins og oft áður í brennidepli og skrifuðu forseti og Gunnar Ásgrímsson, fulltrúi í Stúdentaráði, skoðanagrein sem kjarnaði afstöðu SHÍ á starfsárinu.

*Arent Orri Claessen og Gunnar Ásgrímsson
skrifa 27. mars 2025 12:32*

Lengi hafa stjórnvöld lýst yfir áhuga á því að efla byggð um allt landið, enda sé það hagur þjóðarinnar að landið allt sé í blómlegri byggð. Staðan er því miður þó þannig að stjórnvöld, og Háskóli Íslands, hafa brugðist landsbyggðinni að mörgu leyti.

*Grunnskólakennari, Íslenskufræðingur,
Kynjafræðingur, Leikskólakennari,
Mannfræðingur, uppeðis- og
menntunarfræðingur, þjóðfræðingur,
þroskapijálfi, þýskufræðingur.*

Þetta er tæmandi listi yfir það sem landsbyggðinni stendur til að læra í fjarnámi í grunnnámi. Undirritaðir þora að fullyrða að það hafi reyndar ekki stakur eyjapeyji eða Skagfirðingur verið hafður með í ráðum hvað þetta framboð varðar.

Á fundi Stúdentaráðs Háskóla Íslands í janúar var einróma samþykkt ályktun sem kallaði eftir því að HÍ myndi auka fjarnámskosti í grunnnámi til að koma til móts við íbúa um allt land.

„SHÍ krefst þess að Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að stórbæta möguleika nemenda til fjarnáms við Háskólann. Mikilvægt er að Háskóli Íslands sé aðgengilegur nemendum óháð búsetu.

SHÍ telur að venjan ætti að vera sú að námskeið séu einnig í boði í fjarnámi, nema góður og gildur rökstuðningur sé fyrir hendi. Frekar en að möguleiki til fjarnáms sé undantekning. Horfa þarf sérstaklega til námsleiða í grunnnámi.

Það er skylda skólans að vera háskóli alls Íslands.”

Ungt fjölskyldufólk og íbúar á landsbyggðum eiga rétt á aðgengi að gæða háskólanámi jafnt og þau sem barnlaus eru í miðbæ Reykjavíkur. Teljum við að það sé blutverk Háskóla Íslands að koma til móts við þann hóp sem hefur vilja til að mennta sig meira en getur það ekki vegna þess að það hefur ekki færi á að flytja á höfuðborgarsvæðið.

Háskólarnir á Akureyri og Bifröst sinna fjarnámi með sóma og viljugir stúdentar geta vissulega hafið nám þar. Námsframboð í Háskóla Íslands er þó margfalt það sem finnst í öðrum Háskólum á Íslandi, og margt nám sem einungis er í boði í HÍ.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að kenna allt í fjarnámi, og mikilvægt að háskólasvæðið sé blómlegt og vel sótt. Það er þó einnig dagsljóst að þetta framboð er verulega takmarkað, og það framboð sem er í boði er ekki mjög fjölbreytt. Háskólinn hefur sýnt það að hann getur boðið upp á gott fjarnám, enda var fjárfest fleiri tugum milljóna í fjarfundabúnaði fyrir fáeinum árum auk þess sem úrvalið á meistarastigi er miklu skárra.

Líkt og kemur fram í ályktun SHÍ telja stúdentaráðsliðar að venjan atti að vera sú að áfangar séu í boði í fjarnámi og að rökstyðja þyrfti að loka á það. Þar gætu verið rök eins og að áfangi sé verkefni að fullu eða hluta. Við í SHÍ hlökkum til að vinna með Háskólanum að því hvernig hægt er að gera Háskólann aðgengilegri fólki utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrsta skrefi í þeirri vinnu er að fá nokkra hluti á breint.

1. Hvaða ástæður eru fyrir því að einstaka bóknámsáfangar eru ekki í boði í fjarnámi?
2. Hvaða vandamál þarf að leysa geta boðið upp á fleiri bóknámsáfanga í fjarnámi? Þ.e.a.s. hvaða tækjabúnað eða aðstöðu þarf til þess að gera fyrirlestra og tíma aðgengilega.
3. Hvar telur HÍ að það sé hægt að byrja til að auka fjarnám í grunnnámi?
4. Er raunverulegur vilji á meðal stjórnenda og kennara Háskólans til þess að koma til móts við landsbyggðirnar?

Vonumst við eftir góðu samstarfi í vinnu að þessu göfuga markmiði að gera Háskóla Íslands aðgengilegan fyrir allt Ísland.

*Arent Orri Claessen, Forseti SHÍ
Gunnar Ásgrímsson, Sviðsráðsforseti MVS og
stúdentaráðsliði
2024–2025*

15.5. Endurskoðun á lögum Stúdentaráð

Ráðist var í allsherjarendurskoðun á lögum Stúdentaráðs á vettvangi lagaráðs sem var stofnað á fyrsta fundi stúdentaráðs. Afraksturinn var síðan kynntur og samþykktur á Stúdentaráðsfundum yfir starfsárið.

15.6. Herferð Stúdentaráðs – Stúdentar taka til

Á fundi Stúdentaráðs 26. ágúst lagði forseti SHÍ fram tillögu að herferð Stúdentaráðs. Lagt var til að Stúdentaráð færi í herferð um umhverfismál, þar sem einkum yrði litið til vistspors Háskólans, birgja hans og vistspors fyrirtækja sem stúdentar versla við. Þessi hugmynd kviknaði í kjölfar stefnumótunardags Stúdentaráðs sem var haldinn í júlí en þar kom skýrt fram rík áhersla á umhverfismál. Herferðin hlaut titilinn Stúdentar taka til og fór undirbúningur fljótlega af stað eftir að tillagan var samþykkt. Samið var við fyrirtækið Laufið um að annast framkvæmd verkefnisins og hélt framkvæmdastjóri Laufsins kynningu á Stúdentaráðsfundi 25. september. Aðrir samstarfsaðilar herferðarinnar eru Norðurál og Coca-Cola á Íslandi.

Tilgangurinn með herferðinni er að skora á íslensk fyrirtæki að hefja sína sjálfbærnivegferð. Sérstök áhersla er lögð á fyrirtæki sem eiga viðskipti við HÍ og stúdenta. Þann 26. febrúar var haldinn kynningarfundur í Auðarsal í Veröld þangað sem helstu hagaðilum úr atvinnulífinu og stjórnámálum var boðið, auk fjölmiðla. Skipulag fundarins var á þá leið að haldnir voru nokkrir örfyrirlestrar af samstarfsaðilum herferðarinnar og öðrum þátttakendum, þar sem gestir fengu að heyra ólíkar reynslusögur, meðal annars frá arkitektinum Arnhildi Pálmadóttur sem hlaut Umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs

2024 fyrir þverfaglega nálgun og áherslu á minnkaða kolefnislosun og endurnýtingu byggingarefnis. Þess á milli voru sýnd TikTok-myndbönd úr smiðju Stúdentaráðs en þau voru fjölbreytt og skemmtileg. Í einu þeirra var herferðin kynnt á mannamáli, í öðru mátti sjá Ásthildi og Sigurbjörgu ganga í fyrirtæki og afhenda þeim áskorun og í öðrum fengum við að kynnst starfsemi einstakra fyrirtækja.

Í mars fengu 400 fyrirtæki áskorun frá Stúdentaráði senda í tölvupósti. Úthringiver Laufsins sá um að hringja í hvert og eitt fyrirtæki til að kynna verkefnið betur og hvetja fyrirtæki til að taka þátt. Þau fyrirtæki sem taka áskoruninni fá ókeypis aðgang að hugbúnaði Laufsins í tvo mánuði en þar fá þátttakendur aðgang að á annað hundrað aðgerða sem tengjast sjálfbærni, þ.e. á sviði umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnunarhátta (UFS). Þar er einnig hægt að fylgjast með árangri fyrirtækja og stofnana og bera hann saman. Þó er ekki gerð krafa um að fyrirtæki notist við hugbúnað Laufsins enda kjósa sum fyrirtæki að notast við annars konar hugbúnað. Þá skiptir máli að stúdentar geti samt sem áður fengið aðgang að þeim gögnum til að tryggja gagnsæi.

Þegar herferðin var komin af stað fóru Ásthildur Bertha og Sigurbjörg varaforseti í vel valin fyrirtæki sem taka þátt í herferðinni og gerðu TikTok-myndband með þeim. Tilgangurinn með myndböndunum var að vekja athygli á herferðinni en ekki síst fá fleiri fyrirtæki til þess að taka þátt. Einnig voru gerð fleiri myndbönd til að vekja athygli á herferðinni. Arent og Sigurbjörg fóru í viðtal hjá Atvinnulífínu á Vísi í mars og vakti það mikla athygli.

Þau fyrirtæki sem taka þátt í verkefninu eiga kost á því að komast á fyrirtækjalista stúdenta sem nefnist „Fyrirtæki framtíðarinnar“ en í ár þurfa fyrirtæki að ná að minnsta kosti 30% árangri í Laufinu til að komast á listann. Á næsta ári mun takmarkið hækka og þurfa fyrirtæki því að halda áfram að vinna markvisst að sjálfbærnimálum ætli þau sér að halda í viðurkenninguna. Í maí fóru fulltrúar stúdenta, Ásthildur Bertha og Fannar Gíslason, í fyrirtæki sem hafa nú þegar náð markmiði ársins 2025 og veittu þeim viðurkenningu. Stefnt er að því að halda heiðursráðstefnu fyrirtækja framtíðarinnar í október næstkomandi þar sem fyrirtæki framtíðarinnar verða heiðruð á formlegri viðurkenningarathöfn. Við vonumst eftir því að verkefnið haldi áfram að vaxa og dafna.

15.7. Geðheilbrigðisþjónusta við Háskóla Íslands

Forseti, varaforseti og hagsmunafulltrúi SHÍ sóttu fundi um geðheilbrigðisþjónustu við HÍ. Á fundunum voru sálfræðingar og deildarstjóri NHÍ, sviðsstjóri kennslumála, prófessor í geðlæknisfræði og forstöðumaður sálfræðiráðgjafar á Heilbrigðisvísindasviði. Á fundunum voru mikilvæg málefni rædd, þ.á m. staða sálfræðiþjónustu við HÍ, hvernig best sé að ná til stúdenta, þjónustuna sem er í boði og hvað hægt sé að gera til að aukið sé við stöðugildi sálfræðinga við skólann.

15.8. Skipulags- og samgöngumál

Júlíus Viggó Ólafsson var skipaður í skipulagsnefnd Háskóla Íslands í stað Sindra Freys Ásgeirssonar. Nefndin fundaði í fyrsta sinn eftir skipun Júlíusar í desember 2024. Hafði þá síðasti fundur nefndarinnar verið í maí sama ár. Nefndin hefur unnið að mótun framtíðaráætlunar fyrir háskólasvæðið, og hefur sú áætlun verið samþykkt af Háskólanum og lögð fyrir Reykjavíkurborg sem grunnur að deiliskipulagi á svæðinu.

Á þeim fundum sem haldnir hafa verið á starfsárinu hefur verið til umræðu svokallað Running Start verkefni, þar sem Háskólinn hefur úthlutað fjármunum til þess að hefja framkvæmdir samkvæmt áformum þróunaráætlunar. Nefndin hafði tekið ákvörðun um að byrja á framkvæmdum við hringgarðinn sem áætlað er að muni umkringja háskólasvæðið. Þó svo að nýr fulltrúi stúdenta hafi fengið sína skipun seint í ferlinu notaði hann tækifærið til að andmæla áformum um að hefja framkvæmdirnar á bílastæðinu fyrir utan VR II og Tæknigarð, þar sem engar áætlanir væru til staðar um bílastæði eða aðrar mótvægisáðgerðir sem ættu að koma í staðinn.

Ekki hefur verið mikil virkni í nefndinni síðan í janúar 2025, en hlutverki hennar er að miklu leyti lokið eftir samþykkt þróunaráætluninnar. Fulltrúar stúdenta hafa þó og munu

halda áfram að mótmæla forgangsröðun framkvæmda sem skerða aðgengi stúdenta að háskólanámi án nokkurra áætlaðra mótvægisáðgerða.

16. Októberfest

Októberfest var haldin hátíðleg í ár og fór fram 5.–7. september 2024. Þetta var í 20. skiptið sem hátíðin hefur verið haldin. Líkt og flestir eru meðvitaðir um er Októberfest útihátíð sem haldin er ár hvert á malarstæðinu við Sæmundargötu. Í ár urðu stórar breytingar á rekstrarformi hátíðarinnar en SHÍ sagði skilið við samstarfsaðila til margra ára og hélt hátíðina á eigin forsendum. Því var ansi margt sem var gert í fyrsta skipti nú í ár og breytingar á bak við tjöldin gífurlegar. Við vonum þó að upplifun stúdenta hafi verið að hátíðin hafi breyst til hins betra.

16.1. Viðburðir í aðdraganda hátíðarinnar

16.1.1. Alþjóðadagar – 19. ágúst – 23. ágúst

Alþjóðadagarnir eru fastur liður í starfi Háskólans og eru haldnir til að taka á móti skiptinemum. Snæfríður Blær Tindsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ, sá alfarið um skipulagið af hálfu SHÍ, og var í góðu samstarfi við alþjóðaskrifstofu skólans. Viðburðirnir heppnuðust allir mjög vel.

Það mætti vera skýrari boðleið fyrir skiptinema að kaupa miða á hátíðina og auðveldari leið fyrir þá að kaupa miðann, en þar sem við höfðum miðasöluna í gegnum Aur-appið var nánast ómögulegt fyrir skiptinema að kaupa miða þar, þannig að þeir þurftu að kaupa miða í miðasölu.

16.1.2. Nýnemadagar – 26. ágúst – 30. ágúst

Markaðs- og samskiptasvið HÍ fór með skipulag nýnemadaga. Í ár byrjaði skólinn viku fyrr og því var vikan fyrr en fyrri ár, og því Októberfest-vikan eftir nýnemaviku en ekki sömu viku eins og einhver ár.

Skiptar skoðanir eru á því hvort að það sé betra að hafa Októberfest-vikuna eftir nýnemavikuna, en að mati forseta er þetta heillaskref, þar sem hátíðin fær þá meira pláss. Það verður að tryggja næst að hafa meira umstang og betra skipulag í hátíðarvikunni sjálfri. Þótt það hafi heppnast ágætlega í ár voru margir boltar að klárast rétt fyrir viðburði. Það þyrfti því helst að fara fyrr í það að negla niður hvaða viðburðir eiga að vera og hvenær, og skipuleggja það betur.

16.1.3. Listamaður á Háskólatorgi – 29. Ágúst

Í hádeginu 29. ágúst, fimmtudaginn í nýnemavikunni, kom Katla Yamagata, upprennandi söngkona, og tróð upp á Háskólatorgi. Var þetta ákveðið eftir fund með Markaðs- og samskiptasviði HÍ, en þetta hefur víst verið einhver venja síðustu ár. Skilningur forseta og framkvæmdastjóra var sá að HÍ myndi borga fyrir þennan listamann, sem var svo víst einhver misskilningur. Lendingin var þó að Katla, sem var einnig að spila á hátíðinni, var til í koma fram fyrir upphæð sem féll innan fjárheimilda Markaðs- og samskiptasviðs.

16.1.4. Fótboltamót – 30. Ágúst

Í nýnemavíkunni er haldið fótboltamót SHÍ, yfirleitt kallað „Nýnemamótið“, en hlaut titillinn Powerade-nýnemamót SHÍ í ár, en með samstarfi SHÍ við Powerade náðum við að koma mótinu á hærra plan. Allir keppendur fengu Powerade, en við fengum um 240 flöskur til að gefa. Á svæðinu voru svo tvær stórar uppblásnar Powerade-flöskur, enn stærra uppblásið Powerade-hlið sem var sett fyrir framan aðalbygginguna. Auk þess kom CCEP á Íslandi með ískar af Monster-orkudrykkjum til að gefa öllum, auk starfsmanna sem sáu um dreifingu.

Skráning nemendafélaganna var ekki frábær lengst af, en rétt fyrir mótið varð algjör sprenging í skráningu. Stemningin var satt best að segja mögnuð. Liðin voru búnar að hafa fyrir því að samstillta keppnisbúninga, sum lið mættu í sérmerktum íþróttatreyjum en önnur tóku upp á því að spila í skyrtu og hálsbindi. Veittur var vinningur fyrir best klædda liðið og að sjálfsögðu fyrir sigurliðið. Vinningarnir voru m.a. bjórkort á hátíðina, Monster-orkudrykkir, og Powerade. Stigull, nemendafélagið í stærðfræði og eðlisfræði, bar sigur úr býtum og fær því að halda farandbikarnum í ár.

16.1.5. DJ á Háskólatorgi – 2. September

DJ ANNAMARÍA kíkti við á Háskólatorg og hélt uppi stuðinu í hádeginu. Mikilvægt að hafa í huga að hljóðkerfið á torginu er stundum með vesen og því er gott að gera eigin ráðstafanir. Við vorum með eigin hátalara.

16.1.6. Listamaður í Bóksölu stúdenta – 3. September

Hipsumhups kom og lék nokkur lög í bóksölunni. Skemmtilegur viðburður til að byggja upp spennu fyrir hátíðina.

16.1.7. Redbull lukkuhjól – 4. September

Vinir okkar hjá Steindal komu með lukkuhjól og gáfu Red Bull-orkudrykki og annað skemmtilegt. Þeir voru einnig með hátalara og spiluðu tónlist. Það þarf að passa fá leyfi frá þjónustuborðinu áður en við spilum tónlist á Háskólatorgi.

16.1.8. SHÍ-laugin – 4. September

SHÍ-laugin er stefnumótaleikur sem átti sér stað á kjallaranum. Skemmtilegur viðburður sem er orðinn að ómissandi þætti af hauststarfinu. Sjá nánar umfjöllun í skýrslu félagslífs- og menningarnefndar

16.1.9. HÍ-HR dagurinn – 6. september

HÍ-HR dagurinn var haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti 6. september 2024, eða á föstudeginum á Októberfest-hátíðinni. Hugmyndin kviknaði á fundi með stjórn SFHR snemma um sumarið þar sem reynt var að koma meira og betra samstarfi milli háskólanna í kringum hátíðina. Dagurinn er í raun röð leikja eða keppna þar sem fulltrúar SHÍ etja kappi við fulltrúa SFHR í hinum ýmsu viðburðum. Slíkt fyrirkomulag er alþekkt hjá nemendum Menntaskólans í Reykjavík og Verzlunarskóla Íslands en þar fer fram ár hvert VÍ-mr vikan eða MR-ví vikan, eftir því hver er spurður. Hugmyndavinna fór í gang og fundaði framkvæmdastjóri með stjórnarmönnum SFHR til að ákveða í hvaða afl-, hreysti-, og drykkjuraunum skyldi keppt. Eftir þrotlausu fundi var lendingin eftirfarandi:

- *Bjórlest:* Viðburðurinn gengur þannig fyrir sig að liðin raða sér upp í tvær samsíða raðir. Síðan þarf fremsti maður að klára heilan 330ml bjór áður en liðsfélagi hann fyrir aftan má byrja, síðan gengur þetta koll af kolli þar til síðasti liðsmaður klárar sinn bjór. Það lið sem er á undan að klára sína bjóra ber sigur úr býtum.
- *Pylsukappát:* Þessi keppni útskýrir sig nokkurn vegin sjálf en hérna tilnefndi hvort lið einn liðsmann, þannig tveir keppendur tóku sér stöðu og keppnin fólgin í því hvor þeirra yrði fljótari að sporðrenna fjórum Bæjarins bestu pylsum með engu.
- *Stígvélið:* Hér var stórt glas í líki stígvéls fyllt af bjór og einn leikmaður í hvoru liði tók sér stöðu og reyndi að klára úr glasinu á undan hinum. Hér reynir auðvitað á drykkjuþol en einnig kensku þar sem miklu máli skiptir hvernig glasið snýr.
- *Reipítog:* Þennan leik kannast allir við.
- *Bjórkuðubbur:* Líkt og venjulegur kubbur þar sem liðsmenn raða sér sitt hvoru megin við markaðan völl og kasta keflum yfir helming hinna í von um að fella kubba sem raðað er við endamörkin. Hér hefur kubbumum verið skipt út fyrir bjórdósir.
- *Standoff:* Hér standa tveir leikmenn bak í bak. Síðan stíga þeir nokkur skref áfram þar til þeir standa nokkrum metrum frá hvorum öðrum. Því næst opna þeir einn bjór og drekka hann eins hratt og þeir geta. Þegar bjórinn er kláraður má leikmaður kasta dósinni í hinn leikmanninn með það fyrir augum að hæfa hann með dósinni og sigra.
- *Bjórblaup:* Hér áttu liðsmenn að klára einn bjór við upphafslínu, og hlaupa síðan hring markaðan með keilum. Fjórir liðsmenn kepptu fyrir hvort lið og þegar fjórði maður kom í mark vann það lið.

Í aðdragandanum var ákveðið að skólarnir myndu ýkja þann ríggjaf sem er á milli nemenda hans með skemmtilegum hrekkjum og þvíumlíkt. Allt var þetta gert í hinu mesta bróðerni en reynt var að láta aðgerðir líta svo að eldar ófriðar loguðu glatt á milli nemendafélaganna. Þannig skrifaði forseti SHÍ stríðsyfirlýsingu sem var prentuð á stóra pappírsörk og komið fyrir á áberandi stað innan HR. Þá var fáni SHÍ einnig dreginn að húni fyrir utan skólann. Sem hefndaraðgerð fóru fulltrúar SFHR með prentaða miða sem líktust stöðumælasektum og festu undir rúðupurrkur á bílum sem voru lagðir á bílastæðum Háskólans. Á miðunum stóð að SFHR væri að sekta nemendur við Háskóla Íslands fyrir það að velja sér rangan háskóla. Vakti þetta mikla athygli og ekki voru allir sammála um ágæti hreksins.

Þátttaka í keppninni var framúrskarandi og fjöldi af stoltum nemendum mættu að hvetja sína keppendur. En eins og alþjóð veit þá getur bara verið einn sigurvegari og var það lið Háskóla Íslands sem vann með nokkrum yfirburðum, sex stig gegn einu, og rataði farandbikarinn glæsilegi sem framkvæmdastjóri hafði látið útbúa beinustu leið á skrifstofu SHÍ þar sem hann mun standa um ókomna tíð. Í það minnsta þar til næsta september. Heilt yfir var þessi viðburður mjög vel heppnaður, sér í lagi í ljósi þess að hann hefur aldrei verið haldinn áður og þurftu starfsmenn skrifstofu, stjórnarmeðlimir SFHR, og nefndarmeðlimir félagslífs- og menningarnefndar að finna upp hjólið og leika af fingrum fram oftar en einu sinni og oftar en tvisvar. Eiga þau öll skilið sérstakar þakkir, auk Geirs Zoëga fyrir mikið og gott starf við skipulagningu dagsins.

Á næsta skólaári er því ekkert til fyrirstöðu að halda þennan viðburð aftur og í raun mætti gera hann stærri og meira áberandi. Ein af áskorunum sem mætti leysa betur er hvar viðburðurinn er haldinn. Á þessu starfsári höfðum við megnið af keppnunum inni á hátíðarsvæðinu, en eina úti á grastúninu við aðalbygginguna. Meginkosturinn við að hafa þetta inni á hátíðarsvæðinu er að það undirstrikar tenginguna við hátíðina auk þess að það myndar góða og mikla stemmingu. Helsti ókosturinn er að allir þeir sem fara inn á svæðið þurfa að sæta öryggisleit sem er tímafrek og krefst starfsfólks, þannig að ef ætlunin er að fjölga keppendum og áhorfendum þarf að hafa það hugfast. Fyrsti kostur er að halda viðburðinn áfram á hátíðarsvæðinu og gera viðeigandi ráðstafanir. Ef sú leið er ófær gaf góða raun að vera á grasbalanum fyrir framan aðalbyggingu.

Þá má næsta Stúdentaráð einnig taka afstöðu til þess hvort vilji sé til að endurvekja Ölympíuleikana, en sá viðburður var ekki haldinn á yfirstandandi starfsári. Fulltrúar nemendafélaga kölluðu sumir eftir því að sá viðburður yrði haldinn. Það væri áhugavert að sjá hann tvinnast saman við HÍ-HR daginn. Ölympíuleikarnir eru svipaðir HÍ-HR deginum nema að keppendur voru fulltrúar frá nemendafélögum HÍ og þ.a.l. fleiri þátttakendur í fámennari en fleiri liðum.

Yfirlýsingu frá forseta SHÍ má sjá í heild sinni hér að neðan:

háskólinn í reykjavík

Nauthólsvík

B.t. „stúdenta” hr

Reykjavík, vestan Vatnsmýrar

23. ágúst 2024

Dagurinn er 17. júní. Árið er 1911. Hundrað ár eru liðin frá fæðingu frelsisbetju Íslendinga Jóns Sigurðssonar. Háskóli Íslands er stofnaður á neðri hæð Alþingis. Húsið er minnisvarði um lýðræði og hinn óbugandi mannlega anda. Sem ætíð vill vera frjáls. Árið er 1940. Æðstu menntastofnun landsins er fundinn nýr staður við vatnsverndarsvæðið í Vatnsmýri í friðsamlegri sambúð við náttúru og menn. Í 70 ár ríkti friður og velsæld. Spólum áfram til ársins 2008. Við fall bandaríska stórfyrirtækisins Lehman Brothers vofði draugur alþjóðlegrar fjármálakreppu yfir íslensku þjóðinni. Okkar verstu martraðir urðu að veruleika og íslenskt atvinnulíf riðaði til falls, auk þess sem að fjárhagslegu heilbrigði ríkisins var stefnt í tilbýnu. Á þessum myrku tímum. Þegar íslensk fyrirtæki of almenningur réru lífróður til að halda æti á borðum sínum og þaki yfir höfðum sínum sofnuðum við á verðinum. Þegar við vöknudum aftur til lífsins var það orðið of seint. Handan Vatnsmýrar, við Nauthólsvík, hafði þegar verið reistur minnisvarði

meðalmennsku, græðgi, og broka. háskólinn í reykjavík reis úr ösku aðflutta sandsins í vikinni. Guð blessi Reykjavík. Á þessum örlagaríka degi féll þjóðin úr náð Guðs. Áföllum og brökum hefur rignt yfir þjóðina og ekki sér fyrir endann á eyðimerkurgöngu Íslendinga. Vér, stúdentar hins réttmæta Háskóla við Vatnsmýrina, tökum því málið í vorar hendur. Stúdentar í hr; þér hafið tvo valkosti. Hefjist handa við búferlaflutninga til Selfoss eða handan höfuborgarsvæðisins, ellegar verða sverðin dregin úr slíðrum og við skorum yður til hólmgöngu. Þér hafið til sólmiðjam er í hásuðri eftir tvær natúr.

Virðingarfyllt,

Arent Orri J. Claessen

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

16.2. Skipulagsmál í aðdraganda

Eins og hefur verið fjallað um á öðrum vettvangi og annars staðar hér í skjalinu þurftu starfsfólk skrifstofu, verktakar og sjálfboðaliðar að takast á við áskoranir og verkefni sem enginn eða fáir höfðu nokkra reynslu af. Því varð mikil reynsla til í undirbúningsferlinu fyrir hátíðina og mælt er með því að næsta Stúdentaráð sækji í þá reynslu við undirbúning næstu hátíða.

16.2.1. Miðasala

Miðasalan er einn stærsti og veigamesti liðurinn í undirbúningi hátíðar. Það flækir málin að ótal margar leiðir eru í boði og hafa þær allar sína kosti og galla. Leiðin sem við fórum var að senda tölvupósta á alla aðila sem við vissum að önnuðust miðasölu hér á landi og fengum tilboð frá þeim öllum. Þetta voru t.a.m. Tix, MiðiX, og Aur. Tix bauð uppá hæsta þjónustustigið en innheimti einnig hæstu prósentuna.

Aur bauð okkur ógnargóð kjör en fyrirtækið hafði þarna litla sem enga reynslu í miðasölu fyrir svona viðburð. MiðiX var síðan mitt á milli. Að endingu var ákveðið að skipta við Aur en fyrirtækið hafði mikinn áhuga á þessu og reyndist samstarf við það ansi vel. Miðasalan á hátíðinni er í raun þrískipt en megnið af henni fer fram á netinu, í þetta skipti í gegnum Aur-appið. Kostir Aurs eru að lang flestir Íslendingar á háskólaaldri eru þegar með það forrit og kunna vel á það. Þá er auðvelt að kaupa miða og tekur það mjög stuttan tíma. Allar nauðsynlegar persónuupplýsingar um miðakaupanda eru þegar inni í forritinu. Miðinn er síðan aðgengilegur í Aur-veski notanda, sem er þægilegt.

Ókostirnir eru m.a. að erlendir nemendur eiga erfitt með að nálgast miða í gegnum forritið og býr það til meira álag á miðasölu á svæðinu. Miðasala á svæðinu er síðan þar sem fylgir næst á eftir netmiðasölunni. Í byrjun ágústmánaðar tókum við á leigu tvo posa sem við vorum með á skrifstofunni. Þangað gat fólk komið sem lenti í tæknivesni með Aur eða vildi af einhverri ástæðu kaupa miða á staðnum. Mikilvægt er að koma sér strax upp skýru og einföldu skjali þar sem haldið er utan um upplýsingar þeirra sem kaupa miða í gegnum posa. Þegar nær tók að draga hófum við staðbundna miðasölu á Háskólatorgi og öðrum byggingum Háskólans líkt og VR-II, Læknagarði, og Stakkahlíð. Það getur verið gríðarleg áskorun að halda utan um skipulag á staðbundinni miðasölu, enda fjöldinn allur af sjálfboðaliðum sem þarf í það verkefni. Þá þarf að

kenna öllum sjálfboðaliðum á posa, skjalið, og passa að alltaf sé næg mönnun og fólk á vakt þegar það á að vera. Þessi miðasala er þó gríðarlega mikilvæg m.a. til að auka sýnileika hátíðarinnar. Mikið ómak en ómaksins virði. Þá var einnig í boði að kaupa miða í gegnum greiðsluhlekk og er mikilvægt að bjóða upp á það en fáir nýttu sér það. Miðasala á svæðinu sjálfu var síðan í höndum verktaka og er það gott fyrirkomulag svo starfsmenn SHÍ geti einbeitt sér að hátíðinni sjálfri.

16.2.2. Svæðið

Svæðinu sjálfu var breytt ansi mikið frá síðustu hátíðum. Við tókum strax þá ákvörðun að hátíðarsvæðið ætti aðeins að vera á malarstæðinu en áður hafði það náð inn á grasflötinn næst verndarsvæðinu og norræna húsinu. Við það gátu myndast stærðarinnar drullublettir á hátíðarsvæðinu ef mikill raki var í jörðu og hefur það í gegnum tíðina verið vandamál. Þá var legu tjalda einnig breytt til að hámarka aðgengi og flæði. Tjöldin á svæðinu voru eftirfarandi.

- *Víking-tjaldið*: Stærsta tjaldið, kostað af CCEP. Í þessu tjaldi var stórt svið með pláss fyrir hljómsveit. Hér var hátíðin opnuð og stærstu atriðin voru alla jafna í þessu tjaldi. Þá var stór bar sem var á langhliðinni og var yfirleitt pakkaður. Í rigningu á föstudagskvöldinu var tjaldið alveg fullt þannig það má ekki vera neitt minna.
- *Aukakrónu-tjaldið*: Næststærsta tjaldið, Landsbankinn kostaði. Þetta tjald var litlu minna en Víking-tjaldið en sviðið töluvert minna. Hér komu aðallega fram rapparar og raftónlistarfólk. Tjaldið var yfirleitt tómlegt í blábyrjun hátíðar en síðan var stemmingin fljót að taka við sér og mjög gott andrúmsloft þar föstudags- og laugardagskvöld.
- *Red Bull-tjaldið*: Minnst af hefðbundnu tjöldunum. Hér voru yfirleitt plötusnúðar og minni listamenn. Ekki nægilega góð mæting í tjaldið á fimmtudagskvöldinu og rík ástæða til að hafa það bara opið á föstudags og laugardagskvöld. Hér voru bekkir og borð sem eru ekki í hinum tjöldunum og einnig partýleikir og klárlega má skoða að bæta í á þeim vígvelli á næstu hátíð.
- *Sirkús-tjaldið*: Þetta tjald er ólíkt hinum, það er töluvert hærra og er hringlaga. Hér var mjög lítið svið upp við jaðarinn og tveir barir. Hér voru yfirleitt trúbadorar eða engin dagskrá. Eitthvað var um bekki og borð en það má bæta í þar. Þá má passa lýsingu í tjaldinu en það átti til að vera dimmt þar.

16.3. Skipulag á hátíðinni

16.3.1. Verktakar

Það þarf heilt þorp til að halda hátíð eins og Októberfest. Við vildum hafa allt í toppstandi og réðum þess vegna einvalalið verktaka og starfsfólks til liðs við okkur. Hérna verður stiklað á stóru um það fólk og hlutverk þess.

- *Hrannar Hafsteinsson í Live Production:* Hrannar var nokkurs konar verndarengill okkar í ferlinu öllu. Hrannar er fagmaður fram í fingurgóma og er öllum hnútum kunnugur í viðburðahaldi. Hrannar hafði yfirumsjón með nánast öllum praktískum hlutum í tengsl við hátíðina. Hann veitti einnig verðmæta ráðgjöf um mörg atriði og var alltaf til taks. Hann var líka í samskiptum við alla verktaka og passaði að allt gengi smurt fyrir sig. Það hefði ekki verið hægt að halda hátíðina án hans.
- *Skarphéðinn Finnbogason í Basement:* Skarpi sá um að bóka listamenn á hátíðina og hafði einnig umsjón með markaðsmálum auk þess sem hann sá um móttöku og umsjón listamanna þegar á hátíðina var komið, ásamt öðrum. Skarpi var einnig mjög dýrmætur viskubrunnur þar sem hann hafði unnið við hátíðina undir fyrri verktökum. Því var mikið stofnanaminni sem hefði glatast algjörlega ef ekki væri fyrir Skarpa.
- *Manhattan Events:* Gunnar í Manhattan sá um allt sem viðkom barsölu á hátíðinni. Hann sá um skipulagningu, innkaup, og stýrði fjölmönnum barþjónaher af stakri þrýði.
- *HljóðX:* HljóðX var stærsti verktaki hátíðarinnar en fyrirtækið sá um allt tengt tjöldum og uppsetningu þeirra sem og hljóðkerfi. Starfsmenn voru til taks alla hátíðina og sáu um biluð læti og stemmingu alla helgina. Okkar tengiliðir við fyrirtækið voru Jói og Eyvindur aðallega og fá þeir miklar þakkir fyrir gott starf.
- *M87:* M87 sá um alla öryggisgæslu á viðburðinum og á fyrirtækið mikið hrós skilið fyrir fagmennsku og góðan árangur í þeim efnum. Fjallað er sérstaklega um öryggisgæslu á hátíðinni í þessum kafla.
- *Egill Tómasson:* Egill sá um allt baksviðs á hátíðinni ásamt Skarpa auk ýmissa tilfallandi atriða. Egill er nokkurs konar ofurrótari og alt-muligt mand. Hann tekur alltaf á móti manni með bros á vör. Reynslumikill leikmaður sem er gott að eiga að.

- *Óli X Tryggvason:* Óli var nokkurs konar hægri hönd Hrannars og sá um svokölluð „operations“ með honum. Þeir voru yfirleitt póstaðir í skrifstofuvagninum að fylgjast eins og haukar með svæðinu og stýra flæði starfsfólks og gesta auk þess sem þeir voru á ferðinni að gera og græja.
- *Benni og Jón Leifs:* Benni og Jón Leifssynir eru bræður og meistarar sem eru með öll lyftarapróf undir sólinni. Þeir mættu með her af ungum og vöskum mönnum og áttu stóran þátt í uppsetningu alls nema tjaldanna og hljóðbúnaðar. Þótt ég efist ekki um að þeir hafi aðstoðað við það líka. Áreiðanlegir og skilvirkir. Þeir sáu m.a. um að girða allt svæðið af, með aðstoð frá starfsfólki skrifstofu og öðrum sjálfbóðaliðum.
- *Svarta Perlan:* Svarta perlan skaffaði salerni og ýmsa gáma sem voru mjög mikilvægir.
- *Lee:* Lee er meistarinn sem á sirkústjaldið. Hann mætir með það á vagninum sínum, hrækir því upp og leyfir okkur að nota það. Nauðsynlegt að hafa þetta góða tjald.
- *Robbi Chronic:* Robbi var ekki eiginlegur verktaki en var okkar maður þegar kom að matarvögnum. Hann sá um samskipti við þá og að miðla til þeirra okkar óskum. Á hann bestu þakkir skilið fyrir aðstoðina.
- *Ásgrímur Gunnarsson:* Ási sá um að hanna flest allt markaðsefni sem tókst meistaralega vel.
- *Aðrir:* Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi listi yfir það fólk sem kom að hátíðinni en við þökkum þeim öllum fyrir gríðarlega vel unnið starf og vonandi fáum við að vinna með þeim um ókomna tíð.

16.3.2. Samstarfsaðilar

Líkt og gildir um verktaka þá væri ekki hægt að halda hátíðina án aðkomu samstarfsaðila. Verður fjallað hér um helstu aðila sem sponusuðu hátíðina auk annarra sem komu að henni með einum eða öðrum hætti.

- *CCEP:* Coke var afar mikilvægur samstarfsaðili á hátíðinni. Fyrirtækið kostaði stærsta tjaldið á hátíðinni, Víking-tjaldið, og veitti okkur góð kjör á drykkjum en nær allir drykkir seldir á hátíðinni voru frá vörumerkjum þeirra. Þá tók fyrirtækið einnig þátt í markaðskostnaði og viðburðum í aðdraganda hátíðarinnar.

- *Landsbankinn*: Landsbankinn var að sama skapi stór samstarfsaðili en bankinn kostaði næststærsta tjaldið, Aukakrónutjaldið, og tók virkan þátt í markaðsstarfi og viðburðum í aðdraganda hátíðarinnar.
- *Steindal*: Steindal var mjög virkt í öllu viðburðastarfi í aðdraganda hátíðarinnar og eiga starfsmenn sérstakar þakkir skilið fyrir þá viðleitni. Þeir sköffuðu einnig skemmtilegt dót til að hafa inni á hátíðarsvæðinu eins og bekki og bord. Þeir kostuðu þriðja stærsta tjaldið, Red Bull-tjaldið, og tóku þátt í markaðsstarfi. Þá veittu þeir okkur einnig góð kjör á drykkjum sem seldir voru á börunum.
- *Bæjarins beztu pylsur*: Bæjarins beztu voru stemmingssamstarfsaðilar hátíðarinnar en þau voru jafnan í mesta stuðinu. Þau mættu með öflugt upptökulið og bjuggu til myndband sem sýndi vel hvað fólk skemmti sér vel á hátíðinni. Þá voru þau einnig með pylsukofa þar sem gestum gafst færi á að grípa sér gómsætar pylsur.
- *Aur og Straumur*: Aur annaðist miðasölu fyrir hátíðina og veitti okkur gríðargóð kjör á þeirri þjónustu. Auðvelt og þægilegt var fyrir fólk að nálgast miða í Aur-appinu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Aurs, sér í lagi Lúðvík, fyrir framúrskarandi þjónustu en við vorum í samskiptum við hann nánast daglega. Systurfélag Aurs, Straumur, annaðist greiðslumiðlun í gegnum posa og greiðsluhlekk. Félagið útvegaði okkur posa á góðum kjörum frá Verifone og var einnig til fyrirmyndar varðandi alla þjónustu.

16.3.3. Öryggisgæsla

Öryggi hátíðargesta var númer eitt á lista yfir forgangsatriði á hátíðinni. Á þeim tíma sem hátíðin var haldin var vopnað ofbeldi ungmenna í miklum brennidepli í samfélaginu, sér í lagi eftir þann harmleik sem átti sér stað á Menningarnótt. Við tókum því öryggismál afar alvarlega og lögðum mikla áherslu á að öryggisatriði á hátíðinni væru óaðfínnanleg. Við stórfjölguðum öryggisvörðum miðað við hátíðir af sambærilegri stærð og enginn gestur kom inn á hátíðarsvæðið án þess að sæta leit með málmeitartæki. Þá voru myndavélar víðsvegar um svæðið sem Hrannar og Óli notuðu til að koma auga á mögulegar ógnir. Þökk sé strangri öryggisgæslu, og framúrskarandi hátíðargestum, áttu sér engin ofbeldisatvik stað á hátíðinni. Allir skemmtu sér vel og fallega og við erum afar þakklát fyrir það.

16.3.4. Hátíðin sjálf

- *Fimmtudagur*: Svæðið var opnað klukkan 18:30 fyrsta hátíðardaginn. Valdimar opnaði hátíðina klukkan 19:50 í Víking-tjaldinu. Mjög vel heppnað og margt fólk mætt strax. Mjög gott að hefja hátíðina á stóru atriði sem er líklegt til að trekkja fólk að. Við vorum ekki með opnunarathöfn eins og tíðkast hefur í fortíðinni, en það má vel

skoða að hafa þannig á næstu hátíðum. Fimmtudagurinn gekk heilt yfir mjög vel og góð stemming var á fólkinu. Það má hafa það í huga fyrir næstu hátíð að hafa minnsta tjaldið bara lokað þetta kvöld þar sem fjöldi gesta er ekki slíkur að nauðsynlegt sé að hafa það opið. Þá opnaði Aukakrónu-tjaldið með atriði klukkan 20:00 og mætti seinka því þannig það atriði hefjist þegar opnunaratriði í Víking-tjaldinu lýkur.

- *Föstudagur:* Svæðið var opnað 18:30 og dagskrá hófst klukkan 19:40 þegar JóiPé og Króli stigu á svið í Víking-tjaldinu. Þeir áttu upphaflega að vera í Aukakrónu-tjaldinu en þurftu að færa sig á síðustu stundu þar sem þeir voru með trommara. Aftur gott að byrja kvöldið á stóru nafni því þá mætir fólk snemma á svæðið. Nokkuð rigndi þetta kvöld og því fáir úti en tjöldin þétt. Þá safnaðist vatn á þaki tjalda og þarf að fylgjast vel með því og leysa um leið.

- *Laugardagur:* Svæðið var opnað klukkan 18:30 en reyndar höfðu verið gestir á svæðinu fyrr um daginn í tengslum við HÍ-HR daginn. DJ Dóra Júlía opnaði hátíðina í Víking-tjaldinu klukkan 19:30, mætingin hefði getað verið betri en skoða má að fá lifandi tónlist til að opna frekar en plötusnúð. Birnir steig síðan á stökk klukkan 20:20 og þá var vel mætt í tjaldið og hélt það út til lokunar. Síðustu sett hátíðarinnar voru Daniil í Víking-tjaldinu, Sykur í Aukakrónu-tjaldinu, og ClubDub í Red Bull-tjaldinu og voru þau öll troðfull.

16.3.5. Samantekt

Hátíðin gekk ótrúlega vel og fór langt fram úr okkar björtustu vonum. Gríðarlega mikil vinna hafði farið í að gera hátíðina að veruleika og því ánægjulegt að vel hafi farið. Við settum okkur þrjú markmið með hátíðina og þau náðust öll. Þau voru í fyrsta lagi að ekkert ofbeldi af neinu tagi ætti sér stað á hátíðarsvæðinu, í öðru lagi að hátíðargestir væru ánægðir með hátíðina, og í þriðja lagi að Stúdentaráð myndi ekki tapa peningum á henni. Á næstu hátíð má gjarnan hrinda í framkvæmd hugmynd um nefnd skipaða nemendum sem fer með hátíðina að hluta til enda gefur það nemendum meiri hlutdeild í hátíðinni sem er nú í fyrsta skipti í langan tíma haldin af þeim, og léttir undir með skrifstofu.

Eitt sem vert er að taka fram er að þörf er á að samræma verklag um endurgreiðslur á miðum á hátíðina. Við vorum full kærulaus með þær og leyfðum flestum að fá endurgreitt. Það emur bæði niður á Stúdentaráði fjárhagslega auk þess að það er frekar mikil handavinna að endurgreiða svo mörgum. Mælt er með því að setja skýrar reglur og fylgja þeim.

17. Árshátíð SHÍ

Snemma á starfsárinu kviknaði sú hugmynd hjá forseta að endurvekja viðburð sem hafði lengi legið í dvala. Það er Árshátíð SHÍ, en hún hafði ekki verið haldin lengi og ekki í þessari mynd síðan, bara aldrei.

Eitt af höfuðmarkmiðum skrifstofu á yfirstandandi ári var að efla svokallaða „campus“ menningu á háskólasvæðinu, það er að gera háskólasvæðið skemmtilegra og meira lifandi, með þá sýn að leiðarljósi að nemendur muni frekar vilja sækja það heim og viðvera og umferð um svæðið muni aukast. Þó svo að samheldni og öflugt viðburðastarf innan nemendafélaga sé af hinu góða þá er það upplifun margra að deildir og nemendafélög séu nokkuð

einangraðar og ekki sé mikill samgangur. Þetta er þó auðvitað atviksbundið. Þá er viðburðastarf nemendafélaga misöflugt og þótt sumir hafi varla undan að mæta í vísindaferðir, party, og árshátíðir þá er það ekki raunin hjá öllum nemendafélögum. Því vildum við bjóða upp á viðburð sem gæti í raun gripið þá sem fá ekki að fara á sína eigin árshátíð, eða bara vilja fara á fleiri árshátíðir, og einnig bjóða upp á vettvang þar sem fólk mætir og fagnar með samnemendum í öðrum deildum og nemendafélögum.

17.1. Aðdragandi

Eins og svo oft áður á starfsárinu þurftum við hálfpartinn að finna upp hjólið þegar undirbúningsvinna fyrir árshátíðina hófst enda ekki verið haldin í langan tíma og aldrei í þeirri mynd sem við ætluðum okkur. Við nutum ráða hjá vinum okkar í stjórn SFHR en árshátíð nemendafélagsins í HR hefur lengi verið haldin og er í sama anda og við vildum hafa okkar árshátíð. Þá fengum við til liðs við okkur Basement ehf. sem er fyrirtæki sem annast viðburðapjónustu og fær Skarphéðinn Finnbogason hinar mestu þakkir fyrir ómetanlega vinnu við skipulagningu og framkvæmd árshátíðarinnar.

Fyrst þurfti að ákveða og útfæra ýmis atriði varðandi viðburðinn. Til að mynda þemu, skreytingar, markaðsefni, dagskrá, matseðil, listamenn, dagsetningu, og annað í þeim dúr. Þar sem ekki hefði verið haldin árshátíð áður í þessari mynd var ákveðið að þema yrði „frumsýning“ eða eins konar kvikmyndapema. Það féll vel að okkar hugmyndum enda auðvelt að skreyta skemmtilega í takt við þemað og auðvelt fyrir gesti að velja sér viðeigandi fatnað. Skreytingar féllu innan þema og var mynduð skreytinganefnd innan skrifstofu sem fór með þau mál. Markaðsefni tók mið af þema og á Haraldur Helgi Guðmundsson mikið hrós skilið fyrir framúrskarandi markaðsefni. Dagskráin tók einnig mið af þemanu og var unnin í samráði við veislustjóra. Við val á listamönnum var reynt að höfða til sem flestra og velja listamenn sem væru líklegir til að laða að háskólanema og aðra á því reiki. Dagsetningin var valin í samráði við forsvarsmenn nemendafélaga á samráðsfundi og þótti 21. febrúar henta vel, þá lofaði forseti einnig á sama fundi að miðaverð færi ekki yfir 10.000 krónur. Í takt við það loford var ákveðið að miði á ballið skyldi kosta 6.990 krónur og miði á borðhald og ballið skyldi kosta 9.990 krónur. Almenn ánægja ríkti með dagsetningu þótt auðvitað væru skiptar skoðanir, þar sem dagsetningin stangaðist á við viðburði tiltekinna nemendafélaga. Það er staða sem er illmögulegt að forðast þar sem nemendafélög Háskólans eru mörg og sum hver mjög virk. Mælt er með svipuðu fyrirkomulagi á næsta starfsári, það er að haldinn sé samráðsfundur og fulltrúum nemendafélaga gert kleift að tjá sig um tímasetningu.

Þá var ákveðið snemma í ferlinu að þetta yrði að vera alvöru árshátíð, það er að fyrst færi fram sitjandi borðhald og skemmtidagskrá undir handleiðslu veislustjóra. Að því loknu myndi hefjast dansleikur þar sem fremstu listamenn þjóðarinnar myndu koma fram. Þá kom upp sú áskorun hvernig miðasölu ætti að vera háttað. Litlar áhyggjur voru af miðasölu á dansleikinn þar sem við höfðum þegar reynslu af líkri miðasölu í

gegnum Aur og miðar á hann voru eðli málsins samkvæmt ekki jafn takmarkaðir. Miðar á borðhaldið voru það hins vegar.

Vegna kostnaðar og praktískra atriða var ákveðið strax í byrjun að miðar í borðhaldið yrðu á bilinu 300–400. Þá fannst okkur mjög mikilvægt að tryggja að sem flest nemendafélög gætu átt fulltrúa í borðhaldinu. Sú leið var farin að bjóða nemendafélögum að sækja um að fá borðum úthlutað, að hámarki tveimur, sem rúma 20 manns, til að byrja með. Að endingu höfðu sum nemendafélög meiri áhuga og önnur engan áhuga og þá voru borð færð á milli. Borðameistarar voru nemendafélagið Stigull – félag stærðfræði- og eðlisfræðinema og fær Sófus Máni Bender, þáverandi formaður félagsins, þakkir fyrir gott viðmót og aðstoð.

17.2. Skipulag – árshátíðin sjálf

Árshátíðin var haldin á fallegum föstudegi 21. febrúar á Hlíðarenda. Nóttina fyrir árshátíðardag höfðu Luxor komið með sinn búnað og stillt honum upp, auk Manhattan sem stilltu upp börunum.

Valgerður Laufey, Sigurbjörg, og Snæfríður Blær mynduðu skreytinganefnd skrifstofu og sáu um að versla og setja upp skreytingar á borðin í aðdraganda borðhalds. Var það mjög vel heppnað og eiga þær hrós skilið fyrir sitt starf. Þær mættu síðdegis og skreyttu borð og í kjölfarið mættu aðrir meðlimir skrifstofu þrúðbúnir og þá var ekkert að vanbúnaði.

Húsið opnaði klukkan 18:00 og fallegir gestir komu sér fyrir á borðum merktum nemendafélögum sínum. Búið var að skreyta forrými íþróttamiðstöðvarinnar með rauðum dregli, svörtum tjöldum, og myndavegg svo fátt eitt sé nefnt. Þegar gestir höfðu fengið sér sæti hófst borðhald klukkan 18:30 og borinn fram forréttur. Þá steig á svið strengjasveit sem spilaði kvikmyndatónlist undir borðhaldi og óska ég engum að mæta á árshátíð þar sem er engin strengjasveit. Að aðalrétti loknum hófst dagskrá þar sem Steiney Skúladóttir veislustjóri stýrði gestum í hinum ýmsu leikjum, auk þess

að veitt voru verðlaun í anda kvikmyndahátíða, t.a.m. fyrir rauðhærðasta formann nemendafélags og mest „Linkedin-coded“ nemendafélagið. Upp úr klukkan 21 var borðhaldsgestum beint á að yfirgefa borð sín og grípa sér drykk og þjónaher gekk frá borðum í salnum. Klukkan 21:30 hófst síðan dansleikur og háskólafólk streymdi inn í salinn. Fyrst steig á stökk tvíeykið ClubDub, á eftir þeim HubbaBubba, síðan Birnir, og loks aðalatriði kvöldsins GusGus. Ballið var einstaklega vel heppnað og engin alvarleg atvik að því er virðist, sem er gríðarlega ánægjulegt. Á meðan ballinu stóð voru samstarfsaðilar okkar í Nova með bíl fyrir utan þar sem þeir gáfu varning og voru með almenna stemmingu. Þegar tók að líða á ballið hófu Bæjarins beztu pylsur að selja ljúffengar pylsur í anddyrinu og var mikil lukka meðal gesta með það. Ballinu lauk klukkan 01:00 og voru gestir fljótir að yfirgefa húsið og halda heim á leið eða djamminu áfram.

17.3. Samantekt

Sérstakur heiðursgestur SHÍ á árshátíðinni var Ólafur Egilsson, en hann er elsti núlifandi forseti ráðsins og gegndi hann því hlutverki á árunum 1958 og 1959 fyrir hönd Vöku. Þökkum við honum

Skrifstofan er gríðarlega ánægð með árshátíðina og þakkar öllum sem lögðu okkur lið og ekki síst þeim gestum sem skemmtu sér með okkur. Vonandi verður þetta að árvissum viðburði sem stúdentar geta hlakkað til.

Mælt er með því að afla fleiri samstarfsaðila fyrir næstu árshátíð, en síðasta árshátíð var haldin í samstarfi við CCEP og kunnum við þeim bestu þakkar. Þá má einnig skoða að bjóða upp á þriggja rétta matseðil, en nú var ákveðið að hafa réttina tvo. Það er svo sem bara ákvörðun hverju sinni. Þá mætti einnig skoða að hækka miðaverð eða verja minni peningum í listamenn, svo árshátíðin standi betur undir sér. Ákveðið var í ár að tjalda öllu til og halda miðaverði í lágmarki þar sem árshátíðin hafði ekki verið haldin áður í þessari mynd og ekki komin rík venja um hana líkt og gildir um Októberfest. Að lokum vil ég hvetja stúdentaráð um ókomna tíð að halda þessari skemmtilegu hefð áfram sem nú hefur verið sköpuð.

18. Stúdentaráðsfundir

Á starfsárinu voru haldnir 9 stúdentaráðsfundir, en miðað var við að fundirnir yrðu með u.þ.b. mánaðar millibili. Fundadagskrá fyrir vorönn var birt snemma á árinu 2025, en mælt er til þess að fundardagsetningar séu ákveðnar í byrjun hverrar annar, með fyrirvara um breytingar.

Stúdentaráðsfundir voru haldnir á nokkrum stöðum, misgóðum. Snemma á starfsárinu myndaðist sú hefð að þeir yrðu haldnir í stofu N-132 í Öskju en sú stofa er vel búin og í hverri röð eru 17 sæti, sem glöggir taka eftir að er sami fjöldi og Stúdentaráðsliðar.

Veitingar voru alla jafna frá Joe & The Juice sem stóð sig heilt yfir vel, en þó urðu eitt eða tvö atvik þar sem veitingar voru tilbúnar seint eða pöntun röng. Gaman væri að gera samning við FS um að þau útvegi veitingar á fundi. Þá var yfirleitt boðið upp á kaffi úr Hámu.

18.1. Kjörfundur 16. apríl 2024

Kjörfundur var haldinn í stofu O-201 í Odda.

Á kjörfundi voru fjórir fulltrúar kjörnir á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, varafulltrúar í Stúdentaráði sem og fulltrúar í sviðsráð staðfestir. Þá voru staðfestar tilnefningar fylkinga í umhverfis- og samgöngunefnd, lagabreytinganefnd, félagslífs- og menningarnefnd, fjármála- og atvinnulífsnefnd, fjölskyldunefnd, nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd, og jafnréttisnefnd. Þar að auki var kjörinn Aurora-fulltrúi Stúdentaráðs og staðfestar tilnefningar fylkinga um skipan fulltrúa til háskólaþings.

18.2. 1. fundur – 21. maí 2024

Fyrsti fundur Stúdentaráðs, sem nefnist skiptafundur, var haldinn í stofu O-201. Fráfarandi forseti setur fundinn, fundargerð síðasta fundar var samþykkt, og afhendir síðan nýkjörnum forseta fundarstjórn og þar með hefur nýtt Stúdentaráð tekið við keflinu. Því næst var fundargerð kjörfundar samþykkt og framkvæmdastjóri fór yfir drög að ársreikningi. Næst var farið yfir praktísk atriði fyrir nýja Stúdentaráðsliða. Þá voru teknar fyrir tillögur.

- Tillaga um stúdentakort sem aðgengileg eru í farsímum stúdenta.

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að nemendur Háskóla Íslands geti fengið rafræn stúdentakort sem væru aðgengileg í farsímum stúdenta, til viðbótar við þau plastkort sem notuð eru í dag. Mikilvægt er að enginn aukinn kostnaður leggjist á stúdenta.

Flutningsmaður: Jóhann Almar Sigurðsson, stúdentaráðsliði Vöku.

Kosið var um tillöguna og hún einróma samþykkt.

- Tillaga um lagaráð.

Stofnað skal sérstakt lagaráð sem hefur það hlutverk að semja drög að nýjum lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands, og skal miða við að þeirri vinnu verði lokið að mestu fyrir fyrsta fund Stúdentaráðs að sumri loknu.

Í lagaráði hafa sæti forseti og varaforseti Stúdentaráðs, oddviti Röskvu og oddviti Vöku og lagabreytinganefnd. Aðalfulltrúar í Stúdentaráði hafa rétt til setu á fundum lagaráðs, og málfrelsisrétt.

Flutningsmenn: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti SHÍ; Krístrún Vala Ólafsdóttir, oddviti Röskvu; Júlíus Viggó Ólafsson, oddviti Vöku og Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, f.h. lagabreytinganefndar.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem sat hjá.

- Tillaga um Októberfest til 01:00 á ný.

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir að því að Reykjavíkurborg rými fyrir opnunartíma Októberfest hátíðarinnar, að hún vari til kl 01:00, í stað miðnættis líkt og hefur tíðkast undangengin ár, að fimmtudeginum undanskildum.

Flutningsmaður: Eiríkur Kúld Viktorsson, stúdentaráðsliði Vöku.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fulltrúa Vöku auk atkvæða Kristínar Friðu Sigurborgardóttur og Patryks Edel. Aðrir sátu hjá eða kusu gegn (óljóst í fundargerð).

- Tillaga um upphituð strætóskýli á háskólasvæðinu.

Stúdentaráð kallar eftir því að Reykjavíkurborg komi upp upphituum og skjólgóðum strætóskýlum á Háskólasvæðinu.

Flutningsmaður: Anna Sóley Jónsdóttir, stúdentaráðsliði Vöku.

Kosið var um tillöguna og hún einróma samþykkt.

- Tillaga um nýja stefnu stúdentaráðs um rekstur Hámu.

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) leggst alfarið gegn því að Hámu í Eirbergi sé lokað. Fulltrúar SHÍ í stjórn Félagsstofnunar stúdenta (FS) skulu beita meirihlutastöðu sinni til að stöðva þau áform. Fulltrúar SHÍ í stjórn FS skulu beita sér fyrir því að leitað sé allra leiða til að hagræða rekstri samtímis og staðinn sé vörður um útsölustaði Hámu. Til þess að styðja betur við rekstur Hámu og stuðla að ódýrari þjónustu við stúdenta í HÍ fellur Stúdentaráð frá íþyngjandi rekstrarkerfjum á

Hámu og leggur það í hendur FS að leita allra leiða til að hagræða rekstri með það að markmiði að loka ekki fleiri útsölustöðum og koma rekstri Hámu í eðlilegt horf.

FS skal skoða breytt úrval heitra rétta í hádegi og kaldra rétta í smásölu, útvistun verkefna líkt og eldhúss og/eða samlokugerðar, gerð samnings við drykkjaframleiðanda til að tryggja lægra verð á drykkjum, upptöku á sjálfsafgreiðslukössum, breytt vöruúrval í smásölu, breytt greiðslumiðlunarkerfi o.fl. valkosti sem gætu verið til þess fallnir að hagræða rekstri Hámu.

Ódýrar vörur þar sem stúdentar sækja nám sitt skulu ávallt vera meginmarkmið rekstursins og öll önnur markmið verða að lúta í lægra haldi fyrir því.

Flutningsmaður: Júlíus Viggó Ólafsson, Stúdentaráðsliði, lánasjóðsfulltrúi og oddviti Vöku.

Líflegar umræður sköpuðust um tillöguna og bar Sóley Anna Jónsdóttur upp bókun. Þá bar Ármann Leifsson upp breytingatillögu sem var felld. Að lokum var kosið um hina upprunalegu tillögu og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fulltrúa Vöku gegn atkvæðum allra atkvæðisbærra fulltrúa Röskvu.

Loks fór fram kosning um fulltrúa Stúdentaráðs í stjórn Byggingarfélags námsmanna en Arent Orri Jónsson Claessen og Janus Arn Guðmundsson hlutu kjör. Því næst var fundi slitið.

18.3. 2. fundur – 6. ágúst 2024

Annar fundur Stúdentaráðs fór fram í stofu VHV-007 í Veröld – húsi Vigdísar. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari Daníel Hjörvar Guðmundsson. Fyrst var fundargerð skiptafundar borin upp til samþykkis. Mistök voru gerð við ritun hennar og þar sem upptaka af skiptafundi fór forgörðum var hún efnislítill og ekki fullunnin. Umræður sköpuðust um fundargerðina og samþykkt var að fresta samþykkt hennar fram að næsta fundi Stúdentaráðs. Forseti bar síðan upp tillögu um að loka fundinum og var hún samþykkt.

- Tillaga: Samningur SHÍ við verktaka.

Flutningsmaður: Arent Orri Jónsson Claessen

Kosið:

Samþykkt: Allir atkvæðisbærir fulltrúar Vöku

Sitja hjá: Allir atkvæðisbærir fulltrúar Röskvu

18.4. 3. fundur - 26. ágúst 2024

Þriðji fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu HT-101 á Háskólatorgi. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari Daníel Hjörvar Guðmundsson. Fyrst var fjallað um fundargerð skiptafundar og sköpuðust nokkrar umræður um hana. Þá var einnig fjallað um fundargerð 2. fundar og voru báðar fundargerðir bornar upp til samþykktar. Að þeim samþykktum fór forseti yfir drög að fundaskipulagi haustsins. Næst var farið í fyrstu lagabreytingatillögu lagaráðs. Að því loknu var farið yfir tilnefningar í stjórn Stúdentasjóðs og þær samþykktar. Því næst var farið í tillögur.

- Tillaga að herferð Stúdentaráðs

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð fari í herferð um umhverfismál, einkum litið til vistspors Háskólans, birgja hans, sem og vistspor þeirra fyrirtækja sem stúdentar versla við.

Flutningsmaður: Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Ísleifs Arnórssonar sem kaus gegn henni.

- Tillaga um kynhlutlaus salerni

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) ítreki afstöðu sína um afnám aðgreiningar salerna eftir kyni í ljósi reglugerðar 903/2024 um hollustubætti og að skrifstofa SHÍ skori á Háskóla Íslands að fylgja ákvæðum reglugerðarinnar sem fyrst.

Flutningsmenn: Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði, Kristín Fríða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og Stúdentaráðsliði, Magnús Bergmann Jónasson stúdentaráðsliði, Sóley Anna Jónsdóttir og Styrmir Hallsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Júlíusar Viggós Ólafssonar og Jóhanns Almars Sigurðssonar sem sátu hjá.

- Tillaga um uppsetningu á rafhleðslustöðvum við Háskóla Íslands

Stúdentaráð lýsir yfir vilja þess til að komið verði upp rafhleðslustöðvum fyrir rafbíla á háskólasvæðinu.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og var hún samþykkt einróma.

- Tillaga um níkótínþúða í Hámu.

Stúdentaráð lýsir yfir vilja til þess að leyfa Félagsstofnun stúdenta (FS) að selja níkótínþúða á útsölustöðum Hámu.

Flutningsmaður: Tinna Eyvindardóttir, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og var hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða en Ísleifur Arnórsson, Kristín Fríða Sigurborgardóttir, og Sóley Anna Jónsdóttir kusu á móti og aðrir sátu hjá.

- Tillaga um að Stúdentaráð krefjist umbóta í almenningssamgöngum

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð lýsi yfir stuðningi við áform um Borgarlínu í gegnum háskólasvæðið og aðra þætti Samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem bæta samgöngur stúdenta. Einnig skal koma fram að þær löngu tafir sem orðið hafa á framkvæmdum Borgarlínu séu óásættanlegar og að þeim verði að linna. Skal það gert með útgáfu þeirrar ályktunar sem fylgir þessari tillögu. Einnig skal skrifstofa stúdentaráðs bjóða Betri samgöngum ohf. á næsta stúdentaráðsfund til þess að kynna þau áform sem snúa sérstaklega að stúdentum og einnig svara spurningum stúdentaráðs og annarra fundargesta.

Flutningsmaður: Guðni Thorlacius, nefndarmeðlimur umhverfis- og samgöngunefndar.

Gunnar Ásgrímsson bar upp breytingartillögu og er hún svohljóðandi:

Stúdentaráð Háskóla Íslands leggur til eftirfarandi ályktun um almenningssamgöngur.

Stúdentaráð Háskóla Íslands kallar eftir bættum almenningssamgöngum, eru þar nú sérstaklega nauðsynlegar í ljósi aukins umferðarþunga vegna mikillar uppbyggingar á háskólasvæðinu og í nærumhverfi þess. Þá má helst nefna nýjan Landspítala, uppbyggingu íbúða við flugvöllinn, uppbyggingu á Vísindagörðum og flutning Menntavísindasviðs í Sögu.

Almenningssamgöngur eiga að vera raunbæfur valkostur fyrir stúdenta og nægilega traustar til að námsmenn neyðist ekki til að kaupa sér bíl. Bættar almenningssamgöngur tryggja jafnari aðgang að námi.

Kosið var um hvort að breytingartillagan myndi ná fram að ganga og var það samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða en allir atkvæðisbærir Röskvuliðar kusu gegn henni.

Loks var kosið um hvort hin breytta tillaga næði fram að ganga og var það samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða en Ísleifur Arnórsson og Magnús Bergmann Jónasson kusu gegn og aðrir sátu hjá.

- Tillaga um matarvagna í prófatíð

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að matarvagnar venji komur sínar á háskólasvæðið á prófatíma.

Flutningsmaður: Birkir Snær Brynleifsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða auk Magnúsar Hallssonar, Patryks Edel, og Styrmis Hallssonar. Á móti var Sóley Anna Jónsdóttir en aðrir sátu hjá.

- Tillaga um vinnustundir skrifstofu

Undirrituð leggja til að skrifstofa Stúdentaráðs taki saman vinnustundir sínar í starfi og hvernig þeim er ráðstafað. Skulu vinnustundirnar vera aðgengilegar öllum þeim stúdentum sem óska þess að sjá þær. Við hver mánaðamót skulu stöðugildin sjö sem eru á Réttindaskrifstofu SHÍ hafa vinnustundir sínar yfir mánuðinn á breinu og þær aðgengilegar í einu skjali. Þá skulu vinnustundir skrifstofunnar yfir sumarið 2024 einnig teknar saman eftir bestu getu og gerðar aðgengilegar. Skal þá hvert stöðugildi miða við uppbaf ráðningarsamnings þegar taldar eru vinnustundir.

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir og Ísleifur Arnórsson, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún felld en allir atkvæðisbærir Vökuliðar kusu gegn henni og allir atkvæðisbærir Röskvuliðar kusu með henni.

- Tillaga um aukinn fyrirvara í starfi Stúdentaráðs

Undirrituð leggja til að skrifstofa Stúdentaráðs auki fyrirvara sinn í tilkynningum um viðburði o.fl. sem Stúdentaráð heldur eða tekur þátt í. Fyrirvarinn þarf að vera nægilegur til þess að

stúdentaráðsliðar, nefndarmeðlimir og aðrir tengdir störfum Stúdentaráðs eigi betri möguleika á að taka þátt í viðburðum ráðsins. Auk þess skal stjórn og skrifstofa Stúdentaráðs leggja kepp á að skipuleggja tímasetningar fyrir Stúdentaráðsfundi lengra fram í tímann. Það skal gert til dæmis með dagatali út árið til viðmiðunar og með því að tilkynna á hverjum stúdentaráðsfundi hvenær næsti stúdentaráðsfundur verður haldinn.

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, Ísleifur Arnórsson, Kristín Fríða Sigurborgardóttir og Sóley Anna Jónsdóttir, stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra röskvuliða en aðrir sátu hjá.

▪ Tillaga um borðbúnað í Öskju

Stúdentaráð skal berjast fyrir því að borðbúnaður líkt og hnífapör og diskar séu tiltæk utan opnunartíma Hámu í Öskju.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson, stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Ísleifs Arnórssonar sem sat hjá.

Loks voru tekin fyrir bókfærð mál og tilnefningar.

18.5. 4. fundur – 25. september 2024

Fjórdi fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari Daníel Hjörvar Guðmundsson. Fyrst var fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar. Katla Ólafsdóttir gerði athugasemd við hana sem var bætt við aftast. Fundargerðin var samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða auk Magnúsar Hallsonar, Patryks Edel og Styrmis Hallsonar. Katla Ólafsdóttir og Sóley Anna Jónsdóttir kusu gegn og aðrir sátu hjá. Næst kynnti forseti ný fundarsköp sem tóku gildi þá þegar. Katla Ólafsdóttir flutti bókun. Þá kom Bjarki Pétursson frá Laufinu og kynnti samstarf fyrirtækisins við Stúdentaráð og herferðina sem fjallað hafði verið um á síðasta fundi auk þess að svara spurningum frá stúdentaráðsliðum og öðrum gestum. Næst var komið að því að afgreiða tillögur.

- Tillaga um endurskoðun á skilgreiningu félaga sem starfa innan Háskólans

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð noti eftirfarandi skilgreiningar framvegis; nemendafélög eru félög sem starfa í þágu nemenda og eru afmörkuð við deild innan Háskólans, hagsmunafélög eru félög sem hafa þann tilgang að standa vörð um hagsmuni nemenda Háskólans, tiltekna eða almennt, önnur félög eru félög sem falla hvorki undir nemendafélög né hagsmunafélög eða félög þar sem félagsmenn eru ekki afmarkaðir við nemendur Háskóla Íslands.

Flutningsmaður: Sigurbjörg Guðmundsdóttir, varaforseti.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða auk Patryks Edel og Styrmis Hallsonar. Aðrir sátu hjá.

- Tillaga um takmörkun ábyrgðar vegna októberfest.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð stofni sérstakt félag utan um rekstur hátíðarinnar Októberfest til að fyrirbyggja að rekstri Stúdentaráðs muni nokkurn tíma verða hætt vegna hátíðarbalda. Í stjórn félagsins væru þeir sömu og í stjórn Stúdentaráðs, forseti yrði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs yrði jafnframt framkvæmdastjóri nýja félagsins.

Flutningsmaður: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

Umræður sköpuðust um tillöguna og Katla Ólafsdóttir flutti bókun. Það gerði Mathias Bragi Ölvísson einnig. Júlíus Viggó Ólafsson leggur til að opna mælendaskrá en henni hafði verið lokað. Var það samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða auk Ísleifs Arnórssonar og Patryks Edel. Sóley Anna Jónsdóttir kaus gegn því og aðrir sátu hjá. Miklar umræður fylgdu.

Loks var kosið um tillöguna og var hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða. Katla Ólafsdóttir og Sóley Anna Jónsdóttir kusu gegn og aðrir sátu hjá.

- Tillaga um að SHÍ framkvæmi reglulega stöðumat á liðan nemenda

Undirrituð leggja til að SHÍ framkvæmi stöðumat á liðan háskólanema á bið minnsta þriggja ára fresti ásamt því að afla upplýsinga um viðhorf og ábrif sálfræðipjónustu NHÍ.

Flutningsmaður: Mathias Bragi Ölvísson og Guðlaug Eva Albertsdóttir, varafulltrúar í Stúdentaráði.

Kosið var um tillöguna og hún einróma samþykkt.

- Tillaga um skráningu á vinnu skrifstofu Stúdentaráðs

Skrifstofa Stúdentaráðs skal taka saman fréttabréf í lok hvers mánaðar sem verður gert aðgengilegt á sameiginlegu drifi stúdentaráðsliða sem og öllum stúdentum HÍ á skrifstofu SHÍ. Í fréttabréfinu skal koma fram hverju skrifstofan hefur áorðað á liðnum mánuði og vinnustundir starfsmanna skrifstofunnar.

Flutningsmaður: Júlíus Viggó Ólafsson, menntasjóðsfulltrúi, stúdentaráðsliði og oddviti Vöku.

Umræða skapaðist um tillöguna og flutti Katla Ólafsdóttir bókun.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem sat hjá.

- Tillaga um vatns- og kaffivélar

Undirrituð leggur það til að skrifstofa Stúdentaráðs komi því í farveg að fjölgað verði vatnsvélum og kaffisjálfsölum á Háskólasvæðinu.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu

Undirrituð leggja til að SHÍ beiti sér fyrir að þrýsta á Háskóla Íslands (HÍ) og Nemendapjónustu HÍ (NHÍ) til þess að auka aðgengi að sálfræðiþjónustu t.d. með að ráða fleiri sálfræðinga og auðvelda bókunarferlið.

Flutningsmenn: Mathias Bragi Ölvisson og Guðlaug Eva Albertsdóttir.

Kosið var um tillöguna og hún einróma samþykkt.

- Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir upptöku samgöngukorts

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð Háskóla Íslands skori á háskólayfirvöld að bæta aðgengi stúdenta að almenningssamgöngum samhliða gjaldtöku á bílastæðum skólans. Stúdentaráð skal minna HÍ á fyrri viljayfirlýsingar skólans til stúdenta varðandi mótvægisáðgerðir vegna gjaldtöku á bílastæðum. Stúdentaráð skal skora á HÍ að veita stúdentum samgöngukort að erlendri fyrirmynd, héðan í frá kallað U-passi (e. University Pass) á viðráðanlegu verði, í þessu korti skal felast afsláttur í almenningssamgöngur, deilibíla, rafskútur og aðra umhverfisvæna samgöngumáta. Undirrituð leggja til að stjórn Stúdentaráðs boði sameiginlegan fund með Rektor, fulltrúum framkvæmda- og tæknisviðs HÍ og Strætó, og að fulltrúum HÍ sé gert að greina frá því hvers vegna hætt var við innleiðingu á U-passa. Eftir fundinn skal stjórn Stúdentaráðs birta Stúdentaráði greinargerð af fundinum, og skal greinargerðin vera gerð aðgengileg öllum stúdentum á vefsíðu ráðsins.

Flutningsmenn: Guðni Thorlacius, nefndarmeðlimur umhverfis- og samgöngunefndar og Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um að bæta Eduroam og nettengingu innan skólans

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að skólinn bæti nettenginguna innan skólans sem stendur stúdentum til boða.

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir og Kristín Fríða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Þá voru framkvæmdaáætlanir fjölskyldunefndar, fjármála- og atvinnulífsnefndar, félagslífs- og menningarnefndar, og jafnréttisnefndarkynntar og allarsamþykktar einróma. Einnig voru staðfestar tilnefningar Röskvu til háskólaþings, nýr forseti umhverfis- og samgöngunefndar var kjörinn, og nýr forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs. Þá voru breytingar á stúdentaráðsliðum en Bjarni Hjaltason sagði af sér sem varafulltrúi og kom Diljá Valsdóttir í hans stað. Þá var Styrmir Hallsson staðfestur sem aðalfulltrúi og Guðlaug Eva Albertsdóttir sem varafulltrúi. Í öðrum málum flutti Guðni Thorlacius bókun.

18.6. 5. fundur – 12. nóvember 2024

Fimmti fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og Daníel Hjörvar Guðmundsson var fundarritari. Fyrst var fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem sat hjá. Að því loknu fór forseti yfir nokkur mál sem voru þá á döfinni, t.a.m. samstarf við stéttarfélagið Visku og árshátíð SHÍ. Þá var farið í tillögur.

- Tillaga um skrifstofa Stúdentaráðs setji sér umhverfisstefnu.

Flutningsmaður: Jóhann Almar Sigurðsson stúdentaráðsliði.

Umræður sköpuðust um tillöguna og stungið er upp á því að henni verði breytt þannig standi að Stúdentaráð setji sér umhverfisstefnu frekar en skrifstofa. Jóhann fellst á það. Kosið var um tillöguna og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

- Tillaga um skilvirkara bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands.

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að gera bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands skilvirkara.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti sviðsráðs Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um að Stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi fyrirhugað frumvarp um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008

Undirritaður leggur til að SHÍ sendi inn athugasemd í samráðsgátt um fyrirhugað frumvarp háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og gagnrýni í henni þá mismunun nemenda, í formi mishárra skólagjalda, sem frumvarpið boðar.

Flutningsmaður: Ísleifur Arnórsson, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Umræður sköpuðust um tillöguna og bar Júlíus Viggó Ólafsson upp breytingartillögu sem var svohljóðandi.

- Tillaga um stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi fyrirhugað frumvarp Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla.

SHÍ sendir inn umsögn í samráðsgátt um fyrirhugað frumvarp háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar gjaldtökuheimildum opinberra háskóla og geri þar athugasemd um þær breytingar sem fyrirætlaðar eru sem varðar stöðu nemenda frá löndum utan EES.

Umræður sköpuðust um breytingartillöguna en síðan kosið um hana og hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða. Ísleifur Arnórsson, Katla Ólafsdóttir, og Sóley Anna Jónsdóttir kusu gegn henni og aðrir sátu hjá.

Þá var kosið um tillöguna í heild sinni eins og hún er eftir breytingu og var hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra Vökuliða auk Andreu Þóreyjar Sigurðardóttur. Ísleifur Arnórsson greiddi atkvæði gegn tillögunni og aðrir sátu hjá.

- Tillaga um aukningu tíðarvara í byggingu VR-II, Tæknigarðar og Öskju.

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að auka aðgengi að tíðarvörum í byggingum Háskólans, sérstaklega í VR-II, Tæknigarði og Öskju.

Flutningsmaður: Jóhann Almar Sigurðsson og Kristín Friða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að haldin verði inntökupróf í læknisfræði, sjúkráþjálfunarfræði og tannlæknisfræði víðar en í Reykjavík.

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að haldið verði inntökupróf í læknisfræði, sjúkráþjálfunarfræði og tannlæknisfræði á fleiri stöðum en í Reykjavík.

Flutningsmaður: Eiríkur Kúld Viktorsson, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefnda SHÍ og sviðsráða til að efla félagslíf og starfsemi nefndanna.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefndarstarfa SHÍ og sviðsráða til að efla starfsemi og standa undir því starfi sem þar fer fram. Framkvæmdastjóri skal taka saman tillögu að fjárhæðinni sem tekur mið af fjárstöðu Stúdentaráðs ár hvert, og stjórn Stúdentaráðs tekur ákvörðun byggð á þeirri tillögu. Undirritaður leggur einnig til að Lagaráð hafi tillöguna að leiðarljósi við endurskoðun laga, og meti hvort tillöguna ætti að festa sem efnisreglu í samþykktum SHÍ. Framkvæmdastjóri skal halda utan um fjárvörslu á styrk samkvæmt tillögunni, og halda utan um bókhald vegna þess. Skulu þessar fjárhæðir sérstaklega tilgreindar í ársreikningi Stúdentaráðs.

Flutningsmaður: Arent Orri Jónsson Claessen forseti.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Framkvæmdaáætlanir alþjóðanefndar, umhverfis- og samgöngunefndar, lagabreytinganefndar, og nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar voru kynntar og þær samþykktar einróma, utan þess að Gunnar Freyr Þórarinsson sat hjá við atkvæðagreiðslu um framkvæmdaáætlanir umhverfis- og samgöngunefndar, lagabreytinganefndar, og nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar en Andrea Þórey Sigurðardóttir sat einnig hjá í atkvæðagreiðslu um hina síðastnefndu.

Í bókfærðum málum var kosið í einu lagi um staðfestingar á skipunum Signýjar Pálu Pálsdóttur í umhverfis- og samgöngunefnd í stað Jóhanns Almars Sigurðssonar og S. Magga Snorrasonar og Þórkötu Eggerz Tinnudóttur í félagslífs- og menningarnefnd í stað Fjólu Kristnýjar Andersen og Kristjáns Benónýs Kristjánssonar.

Í öðrum málum var framkvæmdaáætlun kennslumálanefndar kynnt og samþykkt einróma auk þess sem ein tillaga var flutt.

- Tillaga um undanþágur fyrir stúdenta sem eru foreldrar barna sem lentu í smiti á Mánagarði.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að tekið verði tillit til foreldra barna sem lentu í E. coli smitinu á Mánagarði. Stúdentaráð geri þá kröfu að tekið verði tillit til þessara foreldra t.d. þegar kemur að kröfum fyrir íbúðir þeirra hjá Stúdentagörðum, námsframvindu fyrir námslán og niðurfellingu hjá MSNM, skil á skilaverkefnum hjá Háskólanum eða að þessir stúdentar geta fengið að taka sjúkrapróf þetta misseri án þess að þurfa að sýna fram á lækisvottorð, o.s.frv.

Flutningsmaður: Júlíus Viggó Ólafsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Loks kynnti forseti fyrirhugaðar breytingar á reglum um kosningar til Stúdentaráðs.

18.7. 6. fundur – 21. janúar 2025

Sjötti fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari var Daníel Hjörvar Guðmundsson. Í fyrsta lið fundarins kom Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og flutti stutta yfirferð um sína tíð sem rektor auk þess sem hann svaraði spurningum stúdentaráðsliða. Hann fékk blómvönd sem þakklætisvott frá Stúdentaráði. Síðan var fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar og var hún samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærna fundarmanna nema Ásthildar Berthu Bjarkadóttur sem sat hjá. Næst kom Gauti Skúlason frá Visku og kynnti samstarf stéttafélagsins við Stúdentaráð auk þess sem kynntur var nýr kjara- og réttindafulltrúi á skrifstofu SHÍ, Karen Lind Skúladóttir. Að því loknu voru afgreiddar tillögur.

- Tillaga um afstöðu Stúdentaráðs til réttar stúdenta til endurtekta.

Stúdentaráð ítrekar mikilvægi þess að allir stúdentar eiga að hafa rétt á endurtekt. Ólíðandi er að einstaka deildir meini stúdentum að taka endurtektarpróf, sérstaklega í þeim deildum þar sem þegar eru haldin sjúkrapróf.

Flutningsmaður: Tinna Eyvindardóttir stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um aðild Stúdentaráðs að Festu, miðstöð um sjálfbærni.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð gerist aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, en Festa eru frjáls félagasamtök sem snúa að sjálfbærni. Í félaginu eru um 200 fyrirtæki, sveitarfélög og stofnanir, þ.á m. Háskóli Íslands og mikilvægt að Stúdentaráð beiti sér innan félagsins.

Flutningsmaður: Arent Orri J. Claessen.

Kosið um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um hreiður á háskólasvæðinu.

Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að komið verði fyrir svokölluðum hreiðrum víða á háskólasvæðinu þar sem næði væri fyrir stúdenta til að vera með börn sín. Þar væri rými til brjóstgjafa, bleyjskipta, og leiks.

Flutningsmaður: Katla Ólafsdóttir, oddviti Röskvu og stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga að ályktun um kröfu um stórbættra fjarnámskosta.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki eftirfarandi ályktun. „SHÍ krefst þess að Háskóli Íslands beiti sér fyrir því að stórbæta möguleika nemenda til fjarnáms við Háskólann. Mikilvægt er að Háskóli Íslands sé aðgengilegur nemendum óháð búsetu. SHÍ telur að venjan atti að vera sú að námskeið séu einnig í boði í fjarnámi, nema góður og gildur rökstuðningur sé fyrir bendi, frekar en að möguleiki til fjarnáms sé undantekning. Horfa þarf sérstaklega til námsleiða í grunnnámi. Það er skylda skólans að vera háskóli alls Íslands.“

Flutningsmaður: Gunnar Ásgrímsson, forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Næst voru lagabreytingatillögur lagaráðs teknar fyrir og þær allar samþykktar. Í bókfærðum málum voru staðfest kjör Diljár Valsdóttur í sviðsráð Hugvísindasviðs, Dagmarar Ísleifsdóttur sem áheyrnarfulltrúa í Öryggisnefnd, og í kjörstjórn en hana mynduðu Albert Guðmundsson formaður, Janus Arn Guðmundsson, Benedikt Traustason, og Alexandra Ýr van Erven.

Þá bar Styrmir Hallsson upp tillögu í öðrum málum og því þurfti að kjósa um hvort hún yrði tekin til atkvæðagreiðslu. Patryk Edel og Tinna Eyvindardóttir kusu með því, Gunnar Ásgrímsson og Júlíus Viggó Ólafsson kusu gegn því og aðrir sátu hjá. Því verður ekki kosið um tillöguna.

18.8. 7. fundur – 25. febrúar 2025

Sjöundi fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari var Daníel Hjörvar Guðmundsson. Fyrst var fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Að því loknu voru teknar fyrir tillögur.

- Tillaga um að SHÍ beiti sér fyrir betra skipulagi innan deilda.

Undirrituð leggur til að SHÍ beiti sér í að þrýsta á deildir til að sambæfa prófa- og verkefnaáætlanir kennara innan deilda til að draga úr álagi á nemendur. Samræmi þarf að vera í prófa- og verkefnaáætlunum, og kennarar innan deilda skulu hafa samráð til að koma í veg fyrir ójafnt skipulag sem bitnar á námsárangri og samkeppnishæfni nemenda.

Flutningsmaður: Guðlaug Eva Albertsdóttir, varafulltrúi í Stúdentaráði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um möguleika þess að vinna sér inn einingar fyrir félagsstörf.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) beiti sér fyrir því að stúdentar geti unnið sér inn einingar fyrir störf sín í þágu nemendafélaga sem starfa innan Háskólans.

Flutningsmaður: Kjartan Leifur Sigurðsson, varafulltrúi í Stúdentaráði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um aukinn sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að aukinn sé sveigjanleiki í vettvangsnámi kennaranema í vettvangsvikum.

Flutningsmaður: Gunnar Ásgrímsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga að stuðningsyfirlýsingu við deildir Menntavísindasviðs.

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð gefi út yfirlýsingu til stuðnings sniðgönguadgerðum allra deilda menntavísindasviðs gagnvart ísraelskum menntastofnunum. Stúdentaráð skal skerpa á fyrri afstöðu sinni gagnvart yfirstandandi þjóðarmorðs í Palestínu, sér í lagi í ljósi tillagna bandarískra stjórnvalda um framkvæmd þjóðernishreinsana á Gazza. Stúdentaráð skal hvetja aðrar deildir til að endurskoða samstarf sitt við ísraelskar menntastofnanir, hvetja deildirnar til að birta tengsl við Ísrael og slíta þeim í ljósi aðgerða ísraelskra stjórnvalda á Gazza.

Flutningsmaður: Ísleifur Arnórsson og Sóley Anna Jónsdóttir, stúdentaráðsliðar.

Umræður sköpuðust um tillöguna og fluttu Anna Sóley Jónsdóttir og Gunnar Ásgrímsson bókun.

Kosið var um tillöguna og hún felld en allir atkvæðisbærir fulltrúar Röskvu greiddu atkvæði með henni en allir atkvæðisbærir fulltrúar Vöku greiddu atkvæði gegn henni.

- Tillaga að lengingu próftímabils.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð krefjist lengingu á próftímabila úr 11 dögum yfir 15 daga. Lengja atti því próftímabil á haustönn til 15. desember og á vorönn fram að 15. maí. Þetta felur í sér breytingu á 56. gr. reglna Háskóla Íslands um Próf og próftímabil um lengd próftímabils.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um ráðningu aðgengisfulltrúa við Háskóla Íslands.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð þrýsti á Háskóla Íslands um ráðningu á aðgengisfulltrúa.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson stúdentaráðsliði.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Að tillögum loknum var farið yfir bókfærð mál og tilkynningar en forseti kynnti fyrir fundarmönnum að daginn eftir fund yrði viðburður vegna herferðar Stúdentaráðs. Þá tilkynnti forseti fundarmönnum tímasetningu LÍS-þingsins sem átti sér stað helgina eftir Stúdentaráðskosningar. Í öðrum málum spurði Mathias Bragi út í uppgjör á Októberfest og Árshátíð. Framkvæmdastjóri tilkynnti að hann myndi fara yfir það á næsta fundi.

18.9. 8. fundur – 25. mars 2025

Áttundi fundur stúdentaráðs var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Fundarstjóri var Arent Orri Jónsson Claessen og fundarritari var Daníel Hjörvar Guðmundsson. Fundargerð síðasta fundar var borin upp til samþykktar og var hún samþykkt einróma. Því næst var farið í tillögur.

- Tillaga um aðgengi í Eirbergi

Stúdentaráð Háskóla Íslands skal beita sér fyrir því að aðgengi innan Eirbergs verði stórbætt, þar sem því er sérstaklega ábótavant þar, einkum þegar kemur að stigum frá anddyri byggingarinnar. Fara þarf ítarlega yfir aðgengismál í byggingunni allri og sjá til þess að hún sé aðgengileg öllum.

Flutningsmaður: Eiríkur Kúld Viktorsson.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um afstöðu SHÍ til tímasetninga sjúkra- og endurtektaprófa.

Stúdentaráð áréttar skýra afstöðu sína til þess að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri skuli haldin í desember og/eda janúar eftir lokapróf. Stúdentaráð leggst alfarið gegn því að sjúkra- og endurtektapróf fyrir haustmisseri verði færð aftur til loka vormisseris.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um Ástráð sem skylduáfanga í læknisfræði.

Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að áfanginn Ástráður (416G) verði gerður að skyldu í læknisfræði.

Flutningsmenn: Eiríkur Kúld Viktorsson.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um bætтар gangbrautamerkingar við HÍ.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð krefjist bættrar merkingar á gangbrautum við götur Háskóla Íslands. Eftirfarandi götur þurfa bætтар merkingar: Sturlugata (gangbraut frá Öskju yfir að Grósku), Sæmundargata (gangbraut frá malarstaði yfir að háskólabyggingum), Suðurgata (gangbraut frá Þjóðminjasafni í átt að Þjóðarbókehldunni).

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um gagnsæi í fjármögnun framboða.

Undirritaður leggur til að lagaráði sé gert að útfæra í drögum nýrra samþykkt Stúdentaráðs ákvæði sem gildir einnig fyrir þessar kosningar. Skal það ákvæði skylda framboð til ráðsins að opinbera ársreikninga sína og uppruna fjármuna. Skulu ársreikningar gerðir aðgengilegir á heimasíðu ráðsins.

Flutningsmenn: S. Maggi Snorrason og Mathias Bragi Ölvissón.

Kosið var um tillöguna og kusu Andrea Þórey og Ísleifur Arnórsson með henni. Allir fulltrúar Vöku kusu gegn henni og aðrir sátu hjá. Tillagan var því felld.

- Tillaga um breytingar á reglum Nýsköpunarsjóðs námsmanna.

Tillagan felur í sér breytingar á reglum Nýsköpunarsjóðs námsmanna til þess að auka stuðning við nemendur í vísindum innan Háskólans. Þar ber helst að nefna hækkun á grunnstyrk, að styrkur megi vera bluti af lokaverkefni nemanda, og að verkefnið megi dreifast yfir fleiri mánuði en júní, júlí og ágúst (þó að hámarksstyrkur fyrir hvern einstakling sé enn samsvarandi þremur mánuðum).

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Tillögunni var breytt lítillega af tillögubera en komið var inn línu um að Stúdentaráð krefjist að þetta sé gert. Kosið var um tillöguna og hún einróma samþykkt.

- Tillaga um aukið öryggi á Stúdentagörðum.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að öryggi á Stúdentagörðum verði bætt. Í því felst meðal annars að auka eftirlit á Stúdentagörðum og að hægt verði að nálgast aðstoð frá Félagsstofnun stúdenta (FS) um helgar og á sumrin.

Flutningsmaður: Patryk Edel.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um hækkun úthlutana úr Rannsóknarsjóði Rannís.

Tillagan felur í sér bækkun á úthlutun frá Rannsóknarsjóði Rannís til þess að styðja betur við doktorsnema við Háskóla Íslands.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Tillögunni er breytt lítillega af tillögubera en komið var inn línu um að Stúdentaráð krefjist þess að þetta sé gert. Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um matarsjálfsala í Háskólabíó.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð komi á sjálfsala á vegum Hámu/FS í Háskólabíói sem innibeldur samlokur og önnur matvæli frá Hámu.

Flutningsmaður: Styrmir Hallsson.

Tillögunni var breytt lítillega af tillögubera og orðalagi breytt á þann veg að sjálfsalinn þurfi ekki endilega að vera rekinn af FS en það sé aftur á móti æskilegt. Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um flutninga MVS í Sögu.

Undirritaðir telja tímabært að Stúdentaráð (SHÍ) tjái sig vegna þeirra tafa sem hafa orðið á flutningum Menntavísindasviðs frá Stakkahlöð yfir í Sögu. Lagt er til að SHÍ gefi út yfirlýsingu opinberlega þar sem núverandi ástand er fordæmt og úrbóta krafist. Með fylgir tillaga höfunda að slíkri yfirlýsingu.

Flutningsmenn: Magnús Bergmann Jónasson og Ármann Leifsson.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Næst var farið yfir uppgjör á Októberfest. Í bókfærðum málum og tilkynningum var tilkynnt að Janus Arn Guðmundsson segði af sér í kjörstjórn og hans sæti fengi Sigurður Helgi Birgisson. Var þetta samþykkt einróma af Stúdentaráði.

Í öðrum málum voru bornar upp tvær tillögur.

- Tillaga um þrýsting á yfirvöld vegna bættra samgangna.

Við undirrituð leggjum til að Stúdentaráð Háskóla Íslands taki frumkvæði og tryggi að stúdentar verði með í ráðum og öðrum ákvarðanatökufærlum sem snúa að samgöngum til og frá háskólasvæðinu. Við teljum að það sé nauðsynlegt að stúdentar séu fullgildir aðilar í umræðum um framtíðarsýn og framkvæmdarplön varðandi samgöngur í höfuðborgarsvæðinu.

Enn fremur leggjum við til að Stúdentaráð kalli eftir formlegum samráðsveitvangi þar sem fer fram samtal milli skólayfirvalda og stúdenta annars vegar og hins vegar milli skólayfirvalda, stúdenta og borgarstjórnar. Slíkt samstarf er lykilatriði að því að finna lausnir sem bæta aðgengi, skilvirkeni og öryggi samgangna, til hagsbóta fyrir alla sem eiga erindi á háskólasvæðið. Einnig er lagt til að stúdentaráð stofni starfsbóp í kringum málefnavinnu vegna þessa.

Flutningsmenn: Arent Orri Jónsson Claessen, Júlíus Viggó Ólafsson og Katla Ólafsdóttir.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

- Tillaga um að SHÍ beiti sér fyrir opnun bygginga HÍ yfir páskana.

Undirritaður leggur til að SHÍ beiti sér fyrir því að byggingar Háskóla Íslands verði opnar með aðgangskorti yfir páskana, sérstaklega í ljósi þess að páskahátíðin ber upp á prófatímabil í ár.

Flutningsmaður: Mathias Bragi Ölvísson.

Kosið var um tillöguna og hún samþykkt einróma.

Í lok fundar báru Styrmir Hallsson og Júlíus Viggó Ólafsson upp sitthvora bókunina.

18.10. Kjölfundur 29. apríl 2025.

Kjölfundur var haldinn í stofu N-132 í Öskju. Á kjölfundi var nýtt Stúdentaráð kynnt til leiks auk þess sem staðfest var kjör varafulltrúa í ráðið, sviðsráðsfulltrúa, nefndarfulltrúa og kjör í fleiri stöður.

19. Ársskýrslur sviðsráða

Sviðsráð Stúdentaráðs Háskóla Íslands gegna lykilhlutverki í hagsmunagæslu stúdenta innan hvers fræðasviðs. Sviðsráðin tryggja að raddir stúdenta heyrist í ákvarðanatöku innan sviðanna. Hvert sviðsráð samanstendur af fulltrúum nemenda frá hverju fræðasviði og er sviðsráðsforseti einnig kjörinn fulltrúi í Stúdentaráði. Sviðsráðin sinna mikilvægu aðhaldshlutverki og koma ábendingum og kröfum á framfæri við stjórnendur fræðasviða. Sviðsráðin eru mikilvægur þáttur í starfsemi Stúdentaráðs.

19.1. Ársskýrsla sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs

19.1.1. Um sviðsráð

Meðlimir

- | | |
|-------------------------------|---------------------------------|
| ▪ Eiríkur Kúld Viktorsson (V) | ▪ Viktoría Tea Vökudóttir (V) |
| Forseti f.o.m. október 2024 | ▪ Guðlaug Eva Albertsdóttir (R) |
| ▪ Tinna Eyvindar (V) | ▪ Jón Karl Einarsson (R) |

Forseti, segir af sér forsæti í október 2024

19.1.2. Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan heilbrigðisvísindasviðs og vera málsvári stúdenta í stjórn og nefndum sviðsins. Auk þess sér sviðsráð um að eiga góð samskipti og samráð við nemendafélög sviðsins.

19.1.3. Fundir sviðsráðs

Eiríkur Kúld Viktorsson, forseti sviðsráðs, stjórnaði fundum og fóru þeir iðulega fram í gegnum fjarfundarbúnað. Þess á milli fóru samskipti fram á Messenger. Unnið var saman að flestum verkefnum og rætt á fundum hvað hver og einn ætti að gera til að koma málum í farveg

19.1.4. Nefndir og ráð

Viktoría Tea Vökudóttir sat í jafnréttisnefnd sviðsins á skólaárinu 2024–2025. Nefndin fundaði einu sinni í mánuði til þess að ræða margvísleg málefni sem miðuðu að því að tryggja aukið jafnrétti og jafna stöðu allra stúdenta og starfsfólks. Áhersla var lögð á að skapa umhverfi innan Háskólans þar sem allir njóta sömu tækifæra og virðingar. Einnig fór nefndin yfir ýmis málefni og ábendingar sem komu á borð hennar frá stúdentum Háskólans.

Eiríkur Kúld Viktorsson var fulltrúi nema í kennslumálanefnd sviðsins. Haldnir voru um 6 fundir. Mikið var rætt um fjarnám, versnandi námsárangur sviðsins og endurtektarpróf. Rödd nemenda var haldið á lofti öllum stundum.

Tinna Eyvindar var fulltrúi nema í jafnréttisnefnd. Í byrjun starfsárs var gerð framkvæmdaráætlun jafnréttisnefndar þar sem jafnréttisnefnd setti markmið um hvað mætti helst bæta við Háskóla Íslands, svo sem aðgengismál, andleg veikindi og réttindi nemenda. Jafnréttisnefnd fundaði nokkrum sinnum yfir starfsárið og planaði þar viðburði og skipulagði jafnréttisviku SHÍ.

Tinna Eyvindar var fulltrúi nema í stjórn Stúdentasjóðs. Stjórn Stúdentasjóðs sá um að auglýsa úthlutanir Stúdentasjóðs fyrir stúdentum og fundaði svo nokkrum sinnum yfir starfsárið þar sem ákveðið var hverjir ættu að hljóta styrki.

Eiríkur Kúld Viktorsson sat fundi stjórnar Heilbrigðisvísindasviðs. Fundir voru haldnir að jafnaði annan hvern mánudag kl. 14:20–16:20 í Læknagarði. Haldið var uppi sterkri rödd nemenda á hverjum fundi.

19.1.5. Helstu verkefni og baráttumál

Barist var fyrir hagsmunum stúdenta með kjafti og klóm við hvert tækifæri. Fulltrúar sviðsráðs sóttu nefndarfundir eftir bestu getu og létu í sér heyra fyrir hönd nemenda Háskóla Íslands. Þá fór mikil vinna í að tryggja að inntökuþróf í læknis- og sjúkraþjálfunarfræði yrðu haldin á Akureyri, auk Reykjavíkur. Haldið var áfram þeirri vinnu að tryggja endurtektarþróf fyrir nemendur innan Heilbrigðisvísindasviðs. Auk þess var lagt mikið upp úr því að taka við málum frá nemendum og koma þeim í réttan farveg innan stjórnsýslu Háskólans.

19.1.6. Sýnileiki og viðburðir

Vísindaferð sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs var haldin 14. febrúar 2025 frá 17:00–19:00 á Stúdentakjallaranum. Boðið var upp á bjór, kynningar og Kahoot.

19.1.7. Samantekt

Þetta starfsár var árangursríkt og forréttindi að fá að vinna að bættem hagsmunum stúdenta Háskóla Íslands. Þá er einnig vert að nefna að sérstaklega góður andi var innan sviðsráðsins. Ánægjulegt starfsár er að baki og litið er björtum augum til framtíðar.

Eiríkur Kúld Viktorsson
Forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs
2024-2025

19.2. Ársskýrsla sviðsráðs Hugvísindasviðasvið

19.2.1. Um sviðsráð

Meðlimir

- Anna Sóley Jónsdóttir
- Diljá Valsdóttir
- Ísleifur Arnórsson
- Sóley Anna Jónsdóttir
- Védís Drótt Cortez

19.2.2. Hlutverk sviðsráðs

- Forseti: Ísleifur Arnórsson
- Ritari: Ísleifur Arnórsson

19.2.3. Nefndir og ráð

- Jafnréttisnefnd: Védís Drótt Cortez
- Kennslumálanefnd: Sóley Anna Jónsdóttir
- Stjórn Stúdentasjóðs: Anna Sóley Jónsdóttir
- Stjórn sviðsins: Ísleifur Arnórsson

19.2.4. Helstu verkefni og baráttumál

Fyrsta verkefnið sem sviðsráðið tók að sér var að koma af stað skipulagningu Hugvöku, hrekkjavökuballs nemendafélaga Hugvísindasviðs. Messenger-hópur var myndaður með forsetum nemendafélaga sviðsins og fundarboð sent út. Einnig heyrðu meðlimir sviðsráðsins í nokkrum fyrirtækjum varðandi leigu á sal til þess að auðvelda vinnu nemendafélagana. Á fundinn mættu meðlimir sviðsráðsins ásamt fulltrúum nemendafélagana; tilboðin sem fengust í sali voru borin upp, skipulagið rætt almennt og því komið af stað og í hendur nemendafélagana.

Um svipað leyti kom upp mál varðandi nemendaráðin í Eddu. Nemendum hafði verið úthlutað tveimur rýmum. Einu stóru þar sem pláss átti að vera fyrir borð og hillur en það var hugsað sem les- og lærdómsrými. Annað smærra aðliggjandi rými sem hægt er að loka, og var það frekar ætlað undir afslöppun og samræður. Síðan kom í ljós að ákveðið hefði verið að nemendur fengju ekki litla rýmið, þvert á það sem sagt hafði verið. Nemendafélögin sem sjá um rýmið töluðu við starfsfólk á sviðinu og fengu þá útskýringu að það væri ekki hægt, bæði vegna brunavarnaráðstafanna, en einnig vegna truflunar sem það gæti valdið í kennslustofunni við hliðina á, þar sem það sést þeirra á milli. Við fórum einnig með málið á fund stjórnar sviðsins og fengum í raun sömu útskýringu, en stjórnin sýndi mikinn samstarfsvilja á þeim fundi. Málið endaði með því að vera leyst með farsælum hætti, en nemendafélögin tóku að sér að gera það í samráði með sviðinu og umsjónaraðilum Eddu.

Aðgengi að byggingum hugvísindasviðs, einkum Árnagarði, var einnig ofarlega á baugi hjá okkur. Við tókum það fyrir á fundi stjórnar sviðsins og var mjög vel tekið í þá hugmynd að lengja opnunartíma bygginganna. Hins vegar stóðu yfir framkvæmdir í Árnagarði svo ekki var hægt ráðast í það að lengja opnunartímann strax. Því miður tókst ekki að taka málið aftur upp og ítreka óskir okkar varðandi þetta mál, svo næsta sviðsráð mun þurfa að ýta á eftir því. Hins vegar er tvennt afar jákvætt í stöðunni, þrátt fyrir að ekki hafi tekist að koma raunverulegum breytingum af stað: 1) tekist hefur að fá stjórn sviðsins með okkur í lið, og 2) það eru enn eftir a.m.k. tveir fundir stjórnar í maí/júní, svo það gæti tekist að koma þessu á framfæri fyrir næstu önn.

Sviðsráðið hélt einnig samráðsfund með nemendafélögum sviðsins. Fundurinn var haldinn 13. nóvember 2024 í Odda, en mæting var því miður ekki sérstök. Fundurinn var gagnlegur og við fengum innsýn inn í vandamál sem nemendur hafa þurft að glíma við á sviðinu. Mörg þeirra voru þó þess eðlis að nemendafélögin voru betur til þess fallin að takast á við þau en sviðsráðið.

Tvö mál komu upp á fundum stjórnarinnar sem kröfðust athugasemda frá sviðsráðinu, n.t.t. Ísleifi Arnórssyni sviðsráðsforseta sem sat þessa fundi:

1. Fyrirhugað frumvarp háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um að heimila innheimtu skólagjalds á nemendur HÍ utan EES-svæðisins olli miklum usla í stjórninni. Hún var ekki hrifin af því, fyrst og fremst vegna áhrifanna sem það hefði haft á aðsókn í greinar sviðsins. Sumar þeirra, t.d. meistaranám í miðaldafræði, eru nánast alfarið sóttar af erlendum nemum og eru margir þeirra frá löndum utan EES. Sviðsráðsforseti vakti athygli á að hagsmunum stúdenta væri ógnað af því, og tók stjórnin undir þessar áhyggjur en neitaði engu að síður að gera hagsmuni stúdenta að áhersluatriði í umsögn sinni sem send var inn í

samráðsgáttina.

2. Hugvísindasvið ákvað að taka upp inntökupróf í íslensku sem annað mál (hér eftir ÍAM). Þetta var gert vegna mikilla fjölgunar umsækjenda sem reyndust illa undirbúnir undir námið. Það hafði neikvæð áhrif á getu kennara til að sinna nemendum eins vel og þeir eiga að geta. Með inntökuprófinu þurfa nemendur að sýna fram á A1-færni í íslensku. Sviðsráðsforseti setti sig upp á móti þessum breytingum af tvennum ástæðum. Annars vegar að námið í ÍAM, einkum diplómaleiðin, er ætlað fólki sem býr ekki yfir íslenskukunnáttu til að byrja með, og inntökupróf gæti haft þau áhrif að fæla fólk frá því að sækja um, auk þess sem það stríðir gegn tilgangi námsbrautarinnar. Hins vegar að vandamálið stafaði ekki fyrst og fremst af þeirri ástæðu að sumir nemendur væru illa undirbúnir í háskólanám heldur getu skólans til að sinna þeim. ÍAM skortir bæði fjármagn og starfskraft, auk þess sem álag er mikið vegna fjölda umsókna af sömu ástæðum, sem gerir það að verkum að skólinn getur ekki svo auðveldlega síað út þær umsóknir sem ættu ekki að hljóta samþykki. Það að láta nemendur gjalda fyrir vanmátt skólans með því að gera umsóknarferlið erfiðara er ekki sanngjarnt og krafðist athugasemda. Að endingu var þessi tillaga hins vegar samþykkt.

Einnig er rétt að fara stuttlega yfir það sem fulltrúar sviðsráðsins hafa gert í jafnréttis- og kennslumálanefndum sviðsins:

- (Eftirfarandi var skrifað af Védísi Drótt Cortez, fulltrúa okkar í jafnréttisnefnd.) Jafnréttisnefnd SHÍ hélt einn viðburð á starfsárinu sem fór fram 10. febrúar á jafnréttisdögum Háskóla Íslands. Viðburðurinn bar heitið Herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum í samhengi við ráðandi hatursorðræðu á netinu. Á fyrirlestrinum fjallaði Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna '78, um herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismeðvitund og mannréttindum í ljósi hatursorðræðu sem ríkir á netinu. Viðburðurinn var haldinn á vegum SHÍ og Q-félags hinsegin stúdenta.
- (Eftirfarandi var skrifað af Sóleyju Önnu Jónsdóttur, fulltrúa okkar í kennslumálanefnd.) Engin mál komu upp sem kennslunefnd SHÍ þurfti að taka fyrir í sameiningu á seinasta skólaári. Við hittumst þó reglulega og bárum saman bækur okkar. Í kennslunefnd Hugvísindasviðs höfum við tekið margt merkilegt fyrir. Þar ber að minnast á tvímálakennslu, þ.e. hvernig hægt sé að útfæra fyrirkomulag þar sem samtímis sé hægt að kenna áfanga á ensku og á íslensku. Við komum á framfæri vilja okkar um að skil lokaverkefna fari fram í gegnum Canvas og sömuleiðis í gegnum Turnitin og gekk það í gegn. Við tókum fyrir og lögðum fram stuðning við ósk

Jafnréttisskóla Gró um stofnun nýrrar 60 eininga námsleiðar. Mikið hefur verið rætt um hvernig efla skuli framhaldsnám sviðsins og höfum við þróað áfram hugmyndir um vinnustofur sem myndu fela í sér nám þar sem nemendur eru mjög virkir og gerir kennurum einnig kleift að kenna áfanga með takmörkuðum nemendafjölda sem fylgir yfirleitt framhaldsnámi innan sviðsins. Við höldum kennsluþing þar sem fjallað var um lokaritgerðir og hvernig hægt sé að fara betur að þeim, bæði fyrir kennara og nemendur. Við lögðum fram bréf til sviðsforseta um hvernig innleiða mætti jafnréttisfræðslu og kynjafræði sem skyldu fyrir alla nemendur sviðsins. Ég gerði svo talsverðar athugasemdir við fyrirkomulag og upplýsingar um meistaranám á hugvísindasviði á námsbrautarfundi menningargreina og tóku allir viðstaddir afar vel í þær.

19.2.5. Sýnileiki og viðburðir

Sviðsráðið hélt ekki neina viðburði í eigin nafni þetta árið. Hins vegar, eins og minnst hefur verið á, átti það þátt í skipulagningu Hugvöku, hrekkjavökuballs nemendafélaga hugvísindasviðs.

Sviðsráðið átti fyrir einhverjum árum samfélagsmiðla, en sökum gleymdra lykilorða og fleiri slíkra vandamála, hafa þeir hreinlega glatast. Sviðsráð þessa árs kom því ekki í verk að stofna nýja samfélagsmiðlaaðganga svo sýnileiki ráðsins var takmarkaður.

19.2.5. Samantekt

Illa gekk að funda yfir árið. Ekki tókst að koma á föstu fundaplani sem leiddi til þess að ráðið hittist afar sjaldan og var ekki eins virkt og það hefði getað verið. Þegar ráðið hittist gekk samstarfið aftur á móti vel. Samráðsfundurinn sem haldinn var 13. nóvember 2024 er ágætis dæmi um það.

Gagnlegar upplýsingar:

1. Það væri sniðugt að tryggja að meiri tenging sé á milli fráfarandi sviðsráðs og þess sem tekur við, svo mikilvægar upplýsingar um starfið komist til skila, og til þess að starfsemi þess komist sem fyrst og með sem einföldustum hætti af stað. Meðlimir sviðsráða eru vanalega með nóg af skyldum nú þegar, nám, vinna og önnur störf innan SHÍ og stúdenta fylkinga svo dæmi séu nefnd. Það getur því reynst flókið og yfirþyrmandi að þurfa að finna út úr því hvernig reka eigi sviðsráð. Öll hjálp kemur sér mjög vel, og hver er betur til þess fallinn að veita slíka hjálp en forverar í starfi?

2. Mikilvægt er að koma upp föstu fundarplani sem fyrst til að tryggja virkni ráðsins. Þetta var brýnt fyrir okkur í upphafi árs af forverum okkar, en það reyndist því miður ekki nóg. Hugsanlega væri sniðugt að gera þetta í samstarfi við fráfaramandi sviðsráð, sem gæti veitt aðstoð og aðhald þangað til slíkt plan er komið upp.
3. Næsta sviðsráð þarf að hafa það í huga að stofna þarf nýja samfélagsmiðla-aðganga fyrir ráðið svo sýnileiki þess verði sem mestur.

Ísleifur Arnórsson
Forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs
2024-2025

19.3. Ársskýrsla sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

19.3.1. Um sviðsráð

Meðlimir

- | | |
|-----------------------------------|-------------------------------------|
| ▪ Kristín Fríða Sigurborgardóttir | ▪ Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir |
| forseti | ▪ Jóhann Almar Sigurðsson |
| ▪ Fannar Gíslason | ▪ Magnús Hallsson |

19.3.2. Hlutverk sviðsráðs

Sviðsráð Verkfræði- og Náttúruvísindasviðs sinnir því hlutverki að gæta hagsmuna stúdenta á sviðinu og sjá til þess að þeir séu upplýstir um réttindi sín. Sviðsráðið sér um samskipti við stjórn sviðsins og fulltrúar sviðsráðs taka þátt í ýmsum nefndum.

19.3.3. Nefndir og ráð

- Forseti: Kristín Fríða Sigurborgardóttir
- Ritari: Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir
- Fulltrúar í NORDTEK: Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir og Magnús Hallsson
- Fulltrúi í úthlutunarnefnd Stúdentasjóð: Fannar Gíslason
- Fulltrúi í kennslumálanefnd: Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir
- Fulltrúi í jafnréttisnefnd: Magnús Hallsson
- Fulltrúar í vísindanefnd: Jóhann Almar Sigurðsson og Kristín Fríða Sigurborgardóttir
- NáttVerk fulltrúi: Fannar Gíslason

19.3.4. Helstu verkefni og baráttumál

- *Jafnréttisnefnd*: Nefndin vinnur markvisst að því að styrkja jafnrétti og aðgengi innan VoN. Þar hjálpuðum við að við forgangsroðun verkefnum úr skýrslu um aðgengi bygginga. Auk þess þróar nefndin rafræna og staðbundna jafnréttisfræðslu fyrir kennara og nemendur, byggða á rannsóknum og fyrirmyndum frá öðrum háskólum.

- *Vísindanefnd*: Þessi nefnd mótar reglur og stefnu um rannsóknir og menntun. Helsta verkefni ársins var gerð áætlunar um varðveislu gagna eftir lok rannsóknarverkefna.

- *NORDTEK*: Markmið NORDTEK er að efla samstarf, auka möguleika starfsnámstækifæra og samræma námskrár meðal háskóla sem taka þátt í verkefninu. Á árinu voru sendir tveir fulltrúar til Finnlands og Eistlands, til að styrkja tengsl verkfræðinema innan NORDTEK samtakanna. Fulltrúarnir heimsóttu tvo háskóla, Turku í Helsinki og TalTech í Tallinn, þar sem áhersla var lögð á að kynnst samstarfsverkefnum og miðla reynslu milli nemendafélaga og deilda.

Í Finnlandi var nýjasta tækni í verkfræði kynnt, sérstaklega gervigreind og rätt var um innleiðingu slíkrar tækni í störfum og námi. Í Eistlandi voru nemendafélög og starfsfólk verkfræðideilda heimsótt og tekið var þátt í kynningum á Erasmus+ verkefnum og NORDTEK-mobilitetsstyrkjum. Fulltrúar kynntu sér netöryggislausnir og gervigreindarverkfæri í CAD-forritum frá Siemens og Deemos. Enn fremur voru

ræddar hugmyndir að stofnun nýrra verkferla innan NORDTEK um grænni og stafrænni umbreytingu í verkfræðinámi. Auk þess var unnið að leiðbeiningum fyrir notkun gervigreindar í kennslu.

- *Kennslumálanefnd:* Helsta verkefnið er að samræma verklagsreglur fyrir námsbrautarformenn, uppfæra starfsreglur og hæfniviðmið og tryggja skýrt ferli fyrir skilafresti verkefna og prófa. Nefndin undirbýr leiðbeiningar- og erindisbréf til deildarforseta, stýrir kennsluviðurkenningum með tilnefningum og kosningum og þróar fræðslupakka um gervigreind í samstarfi við Kennslumiðstöð.
- *Almennt:* Ráðið stuðlaði að fjármögnun sameiginlegs hrekkjavökuviðburðar með nemendafélögum VoN. Það var einnig kannaður möguleiki á að halda nýnemaviku með leikjum, flokkaskiptingu milli deilda og kynningu á félagslífi, þar á meðal Team Spark, Háskólakórnum og Vélmennavinafélaginu fyrir næsta haust.

Drýst var á umbætur í aðstöðu fyrir nemendafélögin í Öskju og skoðaðir voru möguleikar á lengri opnunartíma kennslustofa og huguðum að því að skipta tölvurými á jarðhæð í tvennt. Óskað var eftir endurnýjun vatnsvéla og örbylgjuofna og kannaðir möguleikar á að setja snaga í fleiri stofur í Öskju. Auk þess lögðum við fram ósk um lampa í Öskju á lokaprófatíma haustannarinnar, þar sem loftljósinn á efstu hæð slokkna sjálfkrafa klukkan 22:00.

Einnig komum við á framfæri kvörtunum vegna aðgengis að stofum í VR-II og beittum okkur fyrir auknu rafrænu aðgengi að fyrirlestrum. Sviðsráðið hvatti til endurvakningar Verkvals og tryggðum við að keyptur yrði sófi í aðstöðuna, með aðstoð FV og sviðsins. Við óskuðum eftir lagfæringum á innstungum í Háskólabíói og fleiri fjöltengjum og töflutússpennum á efstu hæð VR-II. Við mótmæltum 100% lokaprófum og síðbúnum breytingum á námsmati, lögðum ríka áherslu á skýra upprifjunarviku fyrir próf sem var að lokum samþykkt og könnuðum jafnframt möguleikann á atvinnustyrktum áföngum. Að lokum lögðum við fram ósk um að auka aðgengi að tíðarvörum í byggingum Háskólans, sérstaklega í VR-II, Tæknigarði og Öskju.

19.3.5. Sýnileiki og viðburðir

Sviðsráðið tók þátt í nýnemadögum. Við kynntum starfsemina og hvöttum nýnema til að fylgja okkur á Instagram. Það skilaði þó takmörkuðum árangri. Við auglýstum helstu viðburði í gegnum nemendafélögin og Instagram-síðuna okkar, svidsradvon.

Aðgangur að Facebook-síðu okkar týndist milli ára þegar lykilordðið gleymdist en við gátum samt auglýst þar með því að birta í gegnum Instagram. Meðal viðburða sem við kynntum voru Vísindaferð VoN og Ryðjum veginn.

Vísindaferð VoN var haldin þann 13. febrúar í Stúdentakjallaranum. Rúmlega 20 manns mættu og við buðum upp á Jeopardy-leik með bjórkút og vinninga fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti. Viðburðurinn gekk mjög vel og gestirnir fóru sáttir heim.

Ryðjum veginn var haldinn 27. febrúar í N-132 í Öskju og rúmlega 30 manns mættu. Veitingar í boði sviðsins voru Lemon og gos. Viðburðurinn snýst um að auka sýnileika kvenfyrirmynda í verkfræði og náttúruvísindum. Fyrirlesarar í ár voru Hörn Hrafnadóttir, Helga Dögg Flosadóttir, Guðríður Helgadóttir og Fjóla Sigtryggadóttir. Við erum afar þakklát fyrir þann tíma sem þær gáfu okkur og fyrir aðstoð sviðsins.

19.3.6. Samantekt

Starfsárið var viðburðaríkt og samstarfið milli fylkinga gekk vel. Við sameinuðum krafta okkar með það markmið að bæta starfsemi sviðsins og berjast fyrir réttindum stúdenta. Það reyndist erfitt að viðhalda sýnileika á árinu og sviðsráðið mælir sérstaklega með því að funda oftár með nemendafélögunum þegar slík staða kemur upp.

Við funduðum tvisvar yfir starfsárið með nemendafélögunum og á þeim fundum tókst okkur að varpa ljósi á fjölda mála og bæta úr þeim. Þetta var helsta leiðin okkar til að tengjast stúdentum.

Í upphafi starfsársins hefði mátt bæta upplýsingaflæði, m.a. þar sem sleppt var að halda pylsuveislu á nýnemadeginum en það undirstrikaði hversu mikilvægt það er fyrir stúdenta að viðburðir séu haldnir þar sem þeir geta mætt, hitt annað fólk og haft gaman.

Gagnlegar upplýsingar:

Sviðsráð heldur úti Google Drive síðu þar sem hægt er að nálgast öll gögn, eins og fundargerðir, ályktanir, verklagsreglur og gagnlegar upplýsingar. Helstu samskipti milli sviðsráðs og nemendafélaga fóru fram á Messenger ef ekki var um persónuverndargögn að ræða.

Almennar fyrirspurnir á sviðið má senda á nemvon@hi.is eða hafa beint samband við einstaklinga sem eiga í hlut.

Sviðsráð er með HÍ netfangið studentvon@hi.is sem forseti hefur aðgang að og þau í sviðsráði sem óska eftir því. UTS hjálpar við að skipta um eiganda. Við erum að taka netfangið svidsradvon@gmail.com úr notkun og notum það eingöngu til þess að hýsa gögn eða stofna samfélagsmiðlasíður.

Kristín Fríða Sigurborgardóttir

Forseti sviðsráðs Verkefna- og náttúruvísindasviðs

2024-2025

19.4. Ársskýrsla Sviðsráðs Menntavísindasviðs

19.4.1. Um sviðsráð

Meðlimir

▪ Gunnar Ásgrímsson (V)

Stúdentaráðsliði

▪ Magnús Bergmann Jónasson (R)

Stúdentaráðsliði

▪ Ásthildur Bertha Bjarkadóttir (V)

Stúdentaráðsliði

▪ Gunnar Freyr Þórarinnsson (V)

▪ Andrea Þórey Sigurðardóttir (R)

19.4.2. Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráð Menntavísindasviðs er að standa vörð um hagsmuni og réttindi stúdenta á sviðinu með vinnu við bætt námsumhverfi að leiðarljósi. Sviðsráðið er tengiliður stúdenta og nemendafélaga við stjórn sviðsins og helstu nefndir þess.

▪ Forseti: Gunnar Ásgrímsson

Hlutverk sviðsráðsforseta var að sjá um þau verkefni sem ráðið fékk á borð til sín og deila niður verkefnum á aðra meðlimi ráðsins. Forseti situr í stjórn Menntavísindasviðs og situr fundi mánaðarlega. Forseti boðar varafulltrúa á þá fundi ef hann forfallast. Stjórnarseta menntavísindasviðs er launuð. Forseti situr einnig í Stúdentaráði og stjórn Stúdentaráðs, þar sem fundir eru mánaðarlega.

▪ Ritari: Gunnar Freyr Þórarinnsson

Hlutverk ritara er að halda utan um fundargerðir og gera þær aðgengilegar öðrum í sviðsráði.

▪ Upplýsingafulltrúi: Ásthildur Bertha Bjarkadóttir

Hlutverk upplýsingafulltrúa er að sjá um markaðs- og samskiptamál, sem og samfélagsmiðla sviðsráðsins. Markmiðið er að auka sýnileika sviðsráðsins og fá nemendur til þess að leita til okkar. Er upplýsingafulltrúi tengiliður sviðsráðs við nemendafélögin á sviðinu.

- Kennslumálafulltrúi: Andrea Þórey Sigurðardóttir

Hlutverk kennslumálafulltrúa er að sitja í kennslumálanefnd Menntavísindasviðs og SHÍ og sjá um að upplýsingar flæði milli funda.

- Hagsmunafulltrúi: Magnús Bergmann Jónasson

Hlutverkhagsmunafulltrúa er að standa vörð um hagsmuni stúdenta á Menntavísindasviði.

19.4.3. Nefndir og ráð

- *Jafnréttisnefnd sviðsins*: Andrea Þórey Sigurðardóttir sat í jafnréttisnefnd MVS fyrir hönd nemenda.

- *Kennslumálanefnd*: Óttar Haraldsson sat í kennslumálanefnd MVS fyrir hönd nemenda. Varamaður hans var Andrea Þórey Sigurðardóttir.

- *Stjórn Stúdentasjóðs*: Gunnar Freyr Þórarinnsson sat í stjórn Stúdentasjóðs fyrir hönd MVS.

- *Stjórn sviðsins*: Gunnar Ásgrímsson sviðsráðsforseti sat í stjórn MVS fyrir hönd nemenda.

- *Starfshópur um flutning menntavísindasviðs í Sögu*: Magnús Bergmann Jónasson og Gunnar Ásgrímsson áttu sæti í Sögu-hóp fyrir hönd nemenda.

- *Fastanefnd meistaranema MVS*: Gunnar Freyr Þórarinnsson sat í nefndinni fyrir hönd nemenda.

19.4.4. Helstu verkefni og baráttumál

- Flutningur í Sögu

- Loforð um aðstöðu fyrir hreiður í Sögu: Gert er ráð fyrir hreiðri, aðstöðu fyrir foreldra með börn, í Sögu og búið að taka frá herbergi undir það.

- Aðstaða fyrir nemendafélög: Nemendafélög munu fá aðgang að fundarherbergjum og geymslum í Sögu.

- Fyrirsjáanleiki í námi

- Unnið að því innan stjórnar MVS og kennslunefndar að hafa aukinn fyrirsjáanleika í stundatöflum. Vel tekið í þær hugmyndir og stefnt að meiri fyrirsjáanleika eftir flutning í Sögu.

- Stofnun félags meistaranema
 - Gunnar Freyr sat í fastanefndinni þar sem unnið var að stofnun félags meistaranema á MVS. Stefnt er að stofnfundi í staðlotu haustannar 2025.
- Tillögur á Stúdentaráðsfundum
 - Tillaga um aukinn sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema
 - Gunnar Ásgrímsson flutti tillögu um að SHÍ beitti sér fyrir auknum sveigjanleika í vettvangsnámi kennaranema í vettvangsvikum.

19.4.5. Sýnileiki og viðburðir

- *Nýnemadagar:* Sviðsráð tók þátt í að halda nýnemadag Menntavísindasviðs í samstarfi við nemendafélögin og skrifstofu MVS. Gunnar Ásgrímsson fór með erindi fyrir hönd sviðsráðs og bauð nýnema velkomna í Háskóla Íslands. Allir sviðsráðsfulltrúar komu að viðburðinum.
- *Samráðsfundur nemendafélaga:* Haldin var samráðsfundur með fulltrúum nemendafélaganna, Kennó, Vatninu, og Tuma í janúar. Þar var farið yfir dagskrá nemendafélaganna, flutninginn í Sögu og hvaða stuðning nemendafélögin þyrftu frá Sviðsráði og SHÍ.
- *Kynning í Kvennó:* Á haustmisseri fóru fjórir fulltrúar sviðsráðs og kynntu nám á MVS fyrir nemendum við Kvennaskólann. Gunnar Ásgrímsson, Gunnar Freyr, Ásthildur, og Magnús fóru ásamt starfsmanni og kynntu sínar deildir.

19.4.6. Samantekt

Samstarf innan sviðsráðsins gekk vel og var mikil samstaða í hópnum. Einungis voru haldnir fjórir formlegir fundir, en gott væri að stefna að fastari fundartíma og örari. Halda þarf vel um þau loforð sem sviðsráðinu hefur verið veitt varðandi flutning í Sögu, aðgengi nemendafélaga að aðstöðu og tilkomu hreiðurs. Ekki náðist að vinna meira að eflingu staðlotna, líkt og síðasta sviðsráð hafði byrjað að tala fyrir. Gott væri að halda þeirri vegferð áfram, sem og að auka fyrirsjáanleika og sveigjanleika í námi með tilliti til aðstæðna stúdenta MVS.

Gunnar Ásgrímsson
Forseti sviðsráðs Menntavísindasviðs
2024-2025

19.5. Ársskýrsla sviðsráðs Félagsvísindasviðs

19.5.1. Um sviðsráð

Meðlimir

- Ragnheiður Geirsdóttir
- Ólöf Soffía Eðvarsdóttir
- Alda María Þórðardóttir
- Birkir Snær Brynleifsson
- Patryk Edel

19.5.2. Hlutverk sviðsráðs

Hlutverk sviðsráðs er að gæta hagsmuna stúdenta innan félagsvísindasviðs og vera málsvári stúdenta í stjórn og nefndum sviðsins. Fundir sviðsráðs fóru fram í persónu og öðru hvoru voru meðlimir með á Teams, ef viðkomandi gat ekki verið með í persónu. Á milli funda fóru samskipti fram í gegnum samfélagsmiðla.

- Forseti var Ragnheiður Geirsdóttir
- Ritari var Birkir Snær Brynleifsson
- Upplýsingafulltrúi var Alda María Þórðardóttir
- Fulltrúi í kennslumálanefnd var Ólöf Soffía Eðvarsdóttir
- Fulltrúi sviðsráðs í fulltrúaráði var Patryk Edel

19.5.3. Nefndir og ráð

- Jafnréttisnefnd: Fulltrúi sviðsráðs í jafnréttisnefnd sviðsins var Valgerður Laufey Guðmundsdóttir.
- Kennslumálanefnd: Fulltrúi sviðsráðs í kennslumálanefnd var Ólöf Soffía Eðvarsdóttir.

- Stjórn Stúdentasjóðs: Sviðsráð tilnefndi Viktor Pétur Finnsson sem fulltrúa Félagsvísindasviðs í stjórn Stúdentasjóðs.
- Stjórn sviðsins: sviðsráð á tvo fulltrúa í stjórn sviðsins, einn fullgildan stjórnarmeðlim og einn áheyrnarfulltrúa. Ragnheiður Geirsdóttir sviðsráðsforseti sat í stjórn sviðsins sem fullgildur stjórnarmeðlimur og áheyrnarfulltrúi sviðsins var Ólöf Soffía Eðvarsdóttir.

19.5.4. Helstu verkefni og baráttumál

- *Vatnsvél:* Sviðsráð 2023–2024 barðist fyrir vatnsvél í Odda vegna lokunar Hámu í byggingunni. Mikil óánægja ríkti á meðal nemenda vegna lokunar Hámu og því vildi sviðsráð gera aðstöðuna í Odda betri. Eftir þrýsting frá sviðsráði kom Félagsvísindasvið upp vatnsvél á annarri hæð í Odda.
- *Aðstaða fyrir nemendafélög:* Sviðsráð fundaði með kennslustýru og forseta sviðsins um rými fyrir nemendafélögin. Í lok fundar gengu fundarmeðlimir um byggingar Félagsvísindasviðs til þess að vega og meta hvar best væri að koma slíkri aðstöðu fyrir. Farið var ofan í kjallara þar sem tvö nemendafélög hafa lengi verið með sína aðstöðu og skoðað herbergi þar. Það herbergi hentaði ekki svo aðrir möguleikar voru skoðaðir. Niðurstaðan var að ekkert svæði innan Odda eða Gimla hentaði. Sviðsráðsforseti hringdi í aðra umsjónarmenn til að athuga stöðuna í fleiri byggingum en ekkert fannst. Þá bauðst kennslustýra að aðstoða nemendafélög við að bóka stofur og sviðsráð sýndi nemendafélögum hvernig mætti bóka stofur í gegnum Outlook.
- *Sjúkra- og endurtektarpróf:* Umræðan um sjúkra- og endurtektarprófin kom nokkrum sinnum upp á stjórnarfundum sviðsins þar sem fulltrúar nemenda þurftu að ítreka ánægju nemenda með fyrirkomulagið. Forseti SHÍ fór á fund með rektor og ítrekaði mikilvægi þess að halda núverandi fyrirkomulagi áfram.
- *Nemendafélög:* Sviðsráð hélt fund með fulltrúaráði og fóru nemendafélög yfir það sem betur mætti fara. Mikilvægt er að halda samstarfinu áfram á komandi starfsári og efla tengsl á milli nemendafélaganna enn frekar. Mörg nemendafélaganna hafa áhuga á frekara samstarfi með öðrum, t.d. að halda saman viðburði og fara í vísindaferðir.
- *Kennslumál:* Fulltrúi sviðsráðs fór á nokkra fundi kennslumálanefndar og var einnig í samskiptum við kennslustýru. Notkun gervigreindar meðal nemenda var oft til umræðu og skiptar skoðanir voru á því hvort gervigreind sé gott verkfæri eða ekki. Nemendafulltrúi beitti sér fyrir jákvæðri tækniþróun og taldi að ekki væri æskilegt að banna notkun gervigreindar innan Háskólans, heldur nýta kosti hennar. Önnur mál voru móttaka nýnema, vægi bakkalárritgerða og aðlögun námsmats.

19.5.5. Sýnileiki og viðburðir

- *Nýnemadagar:* Sviðsráð tók þátt í nýnemadögum Háskóla Íslands og hélt kynningu fyrir alla nýnema sviðsins í Háskólabíói ásamt forseta sviðsins og fleirum innan sviðsins. Í Háskólabíói kynnti forseti sviðsráðs sig og aðra sviðsráðsmeðlimi fyrir nemendum, einnig hlutverk ráðsins og Októberfest SHÍ. Kynningin þótti heppnast vel.
- *Vísindaferð í SHÍ:* Vísindaferð félagsvísindasviðs í SHÍ var haldin á Stúdentakjallaranum. Sviðsráð hélt þar kynningu um störf ráðsins og hélt einnig pöbbkviss.

19.5.6. Samantekt

Samstarfið innan sviðsráðs gekk almennt mjög vel. Verkaskiptingin var nokkuð jöfn og flestir tóku virkan þátt. Ég ráðlegg næsta sviðsráði að halda fulltrúaráðsfund fyrr en við gerðum, jafnvel í lok september/byrjun október. Einnig ráðlegg ég næsta sviðsráði að hrista hópinn betur saman í byrjun starfsárs, svo að allir kynnist.

Ragnheiður Geirsdóttir
Forseti sviðsráðs félagsvísindasviðs
2024-2025

20. Fastanefndir Stúdentaráðs

Fastanefndir Stúdentaráðs eru nú talsins. Þessar nefndir gegna mismunandi hlutverkum í starfsemi Stúdentaráðs. Nefndirnar halda utan um mismunandi verkefni og viðburði sem haldnir eru á skólaárinu. Fastanefndir Stúdentaráðs veita einnig vettvang til frekara málefnnastarfs sem eflir starfsemi Stúdentaráðs.

20.1. Félagslífs- og menningarnefnd

20.1.1. Meðlimir

Í félagslífs- og menningarnefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|---|---|
| ▪ Kristófer Breki Halldórsson, forseti | ▪ Fjóla Kristný Andersen
(Hætti í september) |
| ▪ Björgvin Viðar Þórðarson | |
| ▪ Íris Gunnarsdóttir | ▪ Þórkatla Eggerz Tinnudóttir
(Kom inn í nóvember) |
| ▪ Kristján Benóný Kristjánsson
(Hætti í september) | ▪ S. Maggi Snorrason
(Kom inn í nóvember) |

20.1.2. Hlutverk nefndar

Hlutverk félagslífs- og menningarnefndar SHÍ er að sjá um skipulagningu og framkvæmd helstu viðburða SHÍ.

20.1.3. Fundir nefndar

Nefndin fundaði af og til yfir allt árið en fundir voru haldnir nánast tvisvar í viku rétt fyrir Októberfest þar sem að mest var að gera hjá nefndinni í kringum hátíðina.

20.1.4. Fundir nefndar

Verkefni nefndarinnar voru að halda nýnemamótið í fótbolta, SHÍ-laugina, HÍ-HR daginn og Fyndnasta háskólanemann. Auk þessara viðburða skreytti nefndin Háskólatorg fyrir hrekkjavökuna.

20.1.5. Nýnemamót

Fyrsti viðburður ársins var Powerade-nýnemamótið sem haldið var á föstudegi í nýnemavikunni. Mótið var haldið á grasinu fyrir framan aðalbygginguna og byrjaði kl. 11:00. Alls voru 18 lið skráð til keppni, eitt lið þurfti að draga sig úr keppni kvöldið

fyrir mótið en sem betur fer var annað nemendafélag sem hafði gleymt að skrá sig sem fyllti upp í skarðið. Við fengum mörk frá KR og voru þau sótt á fimmtudeginum og skilað beint eftir að mótinu lauk. Powerade var samstarfsaðili okkar og sá til þess að allir keppendur fengu Powerade auk þess sem allir sem áttu leið hjá gátu fengið sér orkudrykkinn Monster.

20.1.6. SHÍ-laugin

Næsti viðburður sem nefndin hélt var SHÍ-laugin (áður Smitten-laugin), sem haldin var 4. september á Stúdentakjallaranum. Þar voru 8 keppendur skráðir til leiks, 4 stelpur og 4 strákar. Patrekur Jaime var kynnir ásamt Hrafnhildi Önnu sem vann fyndnasta háskólanemann á síðasta skólaári. Stúdentakjallarin er mjög góður staður til þess að halda þennan viðburð og eins og síðustu ár þá fylltist kjallarin vel áður en viðburðurinn byrjaði og bjórinn var fljótur að fara þegar opnað var fyrir dæluna.

20.1.7. HÍ-HR dagurinn

HÍ-HR dagurinn var nýjung hjá nefndinni. Hann byggði á eldri viðburði, sem hét Ölympíuleikarnir og haldinn hafði verið seinustu ár milli nemendafélaga. Þess í stað kepptu HÍ og HR hvor á móti öðrum í alls konar keppnum eins og flonky, reipitogi, bjórþambi, bjórspretti, bjórpörun og fleiru. Keyptur var veglegur bikar sem skólarnir kepptu um og endaði HÍ á því að taka bikarinn heim eftir að hafa sigrað allar keppnirnar nema eina.

20.1.8. Fyndnasti háskólaneminn

Fyndnasti háskólaneminn var haldinn í vikunni fyrir árshátíð SHÍ og voru 6 keppendur skráðir en einn dró sig úr keppni vegna veikinda stuttu fyrir viðburðinn. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við Landsbankann á Stúdentakjallaranum og voru dómararnir Steiney Skúladóttir, Inga Steinunn og Guðmundur Einar. Í verðlaun fyrir fyrsta sætið voru 100.000 aukakrónur og stóð Oddur Sigurðarson uppi sem sigurvegari.

20.1.9. Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Framkvæmd allra viðburða gekk eins og í sögu en það sem hefði mátt ganga betur í þeim öllum var skráningin og mikið um það að verið væri að redda fólki til þess að keppa á

seinustu stundu. Fyrir næsta fótboltamót væri fínt að skoða það að fá utanaðkomandi dómara þar sem að mikill tími fór í það hjá meirihluta nefndarinnar að dæma á meðan mótið var í gangi og því var ekki hægt að halda eins vel utan um allt á mótinu sjálfu. Ef farið verður í að skreyta Háskólatorg aftur fyrir hrekkjavökuna þarf að hafa í huga hvað Háskólatorg er stórt og lítið skraut sem keypt er í Partýbúðinni týnist mjög mikið í svona rými. Það þarf mun meira af skrauti en maður heldur.

20.1.10. Aðrar gagnlegar upplýsingar

Skrifstofa SHÍ er öll tilbúin að hjálpa nefndinni af minni reynslu og gott að geta treyst á starfsfólkið þegar álagið er mikið. Ef nefndarmeðlimum dettur eitthvað í hug sem þeir vilja svör við þá mega þeir endilega hafa samband við mig í tengslum við skipulagið og framkvæmd viðburða. Ég heyrði mikið af því að nemendafélög hafi verið svekkt á því að Ölympíuleikarnir hafi ekki verið haldnir og því getur næsta nefnd skoðað hvort þau geti komið þeirri keppni fyrir einhvers staðar á planinu fyrir árið

Kristófer Breki Halldórsson
Forseti félagslífs- og menningarnefndar

20.2. Félagslífs- og menningarnefnd

20.2.1. Meðlimir

Í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|------------------------------|--|
| ▪ Hannes Lúðvíksson, forseti | ▪ Muhammad Muzammal Mustafa |
| ▪ Patryk Lukasz Edel | ▪ Þórður Ársæll Johnson
Guðlaugsson |
| ▪ Gunnar Snær Mogensen | ▪ Grímur Ólafsson |
| ▪ Haraldur Bergvinsson | |

20.2.2. Hlutverk nefnda

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd hefur það hlutverk að efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarfsemi innan veggja Háskóla Íslands. Nefndin vinnur náið með Nýsköpunarsviði Háskólans, KLAK og nýsköpunarnefnd HR-Sprota. Nefndin veitir nemendum Háskólans þann stuðning og þau ráð sem þeir þurfa ef upp kemur hugmynd að frumkvöðlastarfsemi. Nefndin tekur að sér verkefni innan Gulleggsins, bæði vísindaferð fyrir nemendur Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

20.2.3. Fundir nefndar

Fundir voru haldnir yfir starfsárið með reglulegu millibili en ekki á neinum föstum tíma. Forseti sendi út fundarboð með góðum fyrirvara áður en fundur var haldinn. Rætt var um það sem var næst á dagskrá hjá nefndinni ásamt því að koma með fleiri hugmyndir að verkefnum sem hægt væri að framkvæma. Verkum var skipt niður meðal nefndarmeðlima þegar vísindaferð Gulleggsins var ásamt því að passa upp á að öllum helstu upplýsingum væri miðlað áfram á samfélagsmiðlum nefndarinnar.

20.2.4. Sýnileiki og viðburðir

Markmið okkar var að auka sýnileika nefndarinnar á samfélagsmiðlum og þá helst á Instagram og Facebook. Nefndin sá um það að halda vísindaferð Gulleggsins á haust- og vorönn með Sprota sem er nýsköpunarnefnd HR. Stofnaður var Facebook-hópur til að opna upp á aukin samskipti áhugasamra nemenda innan skólans, „Frumkvöðlar í HÍ“.

KLAK Icelandic Startups tók virkan þátt í að skipuleggja vísindaferðina með okkur. Þau útveguðu allt tengt fjármagni viðburðarins, ásamt því að bjóða bakhjörslum að kynna sína starfsemi í vísindaferðinni. Allir nefndarmeðlimir tóku virkan þátt í undirbúningi viðburða ásamt öllum nefndarmeðlimum Sprota frá Háskólanum í Reykjavík.

20.2.5. Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Samstarf við KLAK og HR-nefndina gekk mjög vel. Helsta markmið nefndarinnar er að upplýsa nemendur skólans um þá aðstoð sem er í boði fyrir þá sem stunda nýsköpun. Helsta vandamálið er því að koma öllum þeim upplýsingum til nemenda, en það getur verið erfitt.

*Hannes Lúðvíksson
Forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar*

20.3. Umhverfis- og samgöngunefnd

20.3.1. Meðlimir

Í umhverfis – og samgöngunefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|-------------------------------|--------------------------------|
| ▪ Jóhann Almar Sigurðsson | ▪ Guðni Thorlacius |
| forseti fram til október 2024 | ▪ Signý Pála Pálsdóttir |
| ▪ Ásdís Rán Kolbeinsdóttir | (frá byrjun árs 2025) |
| forseti frá október 2024 | ▪ Svanlaug Halla Baldursdóttir |
| ▪ Brittany Kristín Skagfield | |
| (til lok árs 2024) | |

20.3.2. Hlutverk nefnda

Í byrjun starfsárs var gerð framkvæmdaáætlun fyrir árið 2024-2025 og farið yfir þau verkefni sem nefndarmönnum þóttu hvað áhugaverðust. Fyrri framkvæmdaáætlun var höfð til fyrirmyndar. Nefndin hafði umsjón með grænfánanefndinni en þessar nefndir unnu þétt saman. Forseti nefndarinnar sat síðan í sjálfbærninefnd Háskóla Íslands fyrir hönd stúdenta. Helstu markmið nefndarinnar voru að fræða einstaklinga innan skólans um umhverfismál og að sækja um grænfánann við lok starfstímabils.

20.3.3. Fundir nefndar

Nefndin fundaði jafnt og þétt yfir önnina en í heildina voru haldnir áttu fundir. Samskipti milli nefndar meðlima fóru fram í gegnum samskiptaforrit. Fundarskrá var gerð fyrir hvern fund og í lok hvers fundar voru sett niður verkefni fyrir næsta fund.

20.3.4. Undirnefndir

Grænfánanefnd er eina undirnefnd umhverfis – og samgöngunefndar. Nefndirnar unnu þétt saman og voru fundir haldnir sameiginlega. Þar sem nefndin sá um að sækja

um grænfánann fyrir tvö starfsár var ákveðið að vinna áfram með þau þemu sem voru valin árið áður. Þau voru „Neysla og hringrásarhagkerfið“ og „Loftslagsbreytingar og samgöngur“. Grænfáanefnd setti sé markmið fyrir starfsárið. Þann 19. mars 2025 tók nefndin við grænfáanum ásamt Umhverfis- og samgöngunefnd.

Grænfáanefndina skipuðu:

- Svanlaug Halla Baldursdóttir
- Ásdís Rán Kolbeinsdóttir

20.3.5. Helstu verkefni

Nefndin fór seint af stað í ár og kom það því miður niður á fjölda verkefna sem að nefndin tók þátt í. Ekki hafði verið sótt um grænfánann fyrir skólaárið 2023–2024, svo það var fyrsta verkefni nefndarinnar. Áhersla var lögð á fræðslu og viðburði innan skólans.

20.3.6. Sýnileiki og viðburðir

Nefndin hélt tvær vikur á seinna misseri, Umhverfisviku og Loftlagsviku. Til þess að auka sýnileika var fræðsla inn á samfélagsmiðlum nefndarinnar (Facebook og Instagram) en einnig voru stærri viðburðir auglýstir á skjám Háskóla Íslands. Nefndin tók einnig þátt í að skipuleggja opinn fund með rektorsframbjóðendum til þess að ræða sjálfbærnimál.

20.3.7. Veganvika

Vikan var haldin dagana 20.- 26. janúar 2025 en hún byrjaði á því að gjafaleikur var kynntur og var í verðlaun gjafabréf frá Lemon, „osta“ karfa frá Livefood, og súkkulaði frá Ellu Stínu. Til þess að taka þátt átti að senda inn sína eigin vegan uppskrift en siguruppskriftinni var deilt á samfélagsmiðlum umhverfis- og samgöngunefndar.

Haldið var bíókvöld á þriðjudeginum og myndin „Chicken Run“ sýnd. Á miðvikudeginum var síðan „miðvegandagur“ í Hámu og var þá aðeins boðið upp á heitan vegan mat. Á meðan vikunni stóð var hægt að fá afslátt á vegan mat hjá Súpustöðinni sem er í Veröld – húsi Vigdísar. Fræðslu um vegan-lífstíl var síðan að finna á samfélagsmiðlum nefndarinnar.

20.3.8. Opinn fundur með rektorsframbjóðendum

Umhverfis- og samgöngunefnd tók þátt í skipulagningu á opnum fundi með rektorsframbjóðendum ásamt sjálfbærninefnd Háskóla Íslands og Sjálfbærnistofnun. Þar fengu rektorsframbjóðendur að ræða um sjálfbærnimál og áherslur þeirra í þeim málum. Fundurinn var haldinn 27. febrúar 2025 í Odda og var í boði streymi.

20.3.9. Umhverfisvika

Vikan var haldin dagana 17.–23. mars 2025. Gjafaleikur var haldinn á samfélagsmiðlum nefndarinnar þar sem að lögð var áhersla á að auka sýnileika vikunnar. Fólki þurfti því aðeins að fylgja nefndinni til þess að vera komið í pottinn og var súkkulaðiaskja frá Ellu Stínu í verðlaun. Nefndin tók við grænfanum ásamt Jóni Atla Benediktssyni, fráfarandi rektor, á Háskólatorgi í hádeginu á miðvikudeginum. Það var Landvernd sem afhenti fánann og var hann síðan dreginn upp, þá í fimmta sinn og erum við mjög stolt af því. Haldnar voru ræður að viðstöddum fjölda nemenda. Á laugardeginum var haldinn allsherjarmarkaður á Háskólatorgi þar sem að fólk gat komið með alls kyns varning og selt. Drykkir voru í boði fyrir gesti. Viðburðurinn var auglýstur bæði á Instagram og Facebook og einnig á skjáum Háskóla Íslands. 23 einstaklingar skráðu sig og héldu úti bás.

20.3.10. Önnur verkefni

Forseti nefndarinnar sat mánaðarlega fundi með sjálfbærninefnd Háskóla Íslands þar sem að farið var yfir sjálfbærnimál en nefndin fangaði þeim árangri að nú væri aðstoðarrektor vísinda með sjálfbærnimál undir sínum hatti.

20.3.11. Hvað gekk vel og hvað má gera betur

Samvinna var góð og áttu meðlimir nefndarinnar auðvelt með að kom sér saman um hvaða verkefni ætti að taka fyrir yfir starfsárið. Töluverðar mannbreytingar urðu í nefndinni sem gerði það að verkum að ekki náðist að gera eins mikið og nefndin hefði viljað en fáir sitja í nefndinni og því munar um hvern og einn. Góð ábending til næstu nefndar er að byrja snemma og leggja mikla áherslu á mætingu nefndarmeðlima. Síðan er gott að sjá hvar áhugi þeirra liggur og út frá því útvega öllum verkefni þannig að hver og einn hafi einhverja ábyrgð. Nefndin telur mikilvægt að Nýnemadagar og Hjólað í

skólann verði aftur tekið upp á næsta starfsári og getur næsta nefnd haft samband við fráfarandi forseta hvað það varðar ef vilji er til.

Sýnileiki er mjög mikilvægur fyrir nefndina og því skorum við á næstu nefnd að koma með frumlegar leiðir til þess að auka sýnileika. Oft á tíðum var þátttaka á viðburði ekki eins góð og við vonuðumst til.

20.3.12. Aðrar gagnlegar upplýsingar

Við mælum eindregið með því að næsta nefnd fari yfir seinustu framkvæmdaáætlun en einnig framkvæmdaáætlunina 2023–2024 til þess að sjá verkefni seinustu ára og þannig ákveða hvað nefndin vill leggja áherslu á. Einnig mælum við með að næsta nefnd velji sér ný þemu fyrir tilvonandi grænfánaverkefni. Ef það eru einhver vafaatriði þá er lítið mál að heyra í fyrrum nefndarmeðlimum, eins og fráfarandi forseta, og erum við til í að aðstoða ykkur.

Ásdís Rán Kolbeinsdóttir

Forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ

20.4. Lagabreytinganefnd

20.4.1. Meðlimir

Í lagabreytinganefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- Jens Ingi Andrússon forseti
- Helga Björg Óladóttir
- Gísli Laufeyjarson Höskuldsson
- Kjartan Leifur Sigurðsson

20.4.2. Hlutverk nefnda

Lagabreytinganefnd Stúdentaráðs hefur það hlutverk að endurskoða lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggja fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Nefndin skal líta til þess að lögin séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggi skilvirkni í störfum Stúdentaráðs. Á síðastliðnu ári hefur þó bæst við störf sem tengjast nýstofnuðu lagaráði en nefndin hefur gengt lykilhlutverki í stöfum lagaráðs.

20.4.3. Fundir nefndar

Fundir nefndarinnar á síðastliðnu ári fóru allir fram á vettvangi áðurnefnds lagaráðs en þar voru haldnir 4 fundir:

- Fundur 25. júní 2024
- Fundur 13. ágúst 2024
- Fundur 8. október 2024
- Fundur 8. desember 2024

20.4.4. Helstu verkefni

Eins og var fjallað um í fyrri köflum lutu helstu verkefni nefndarinnar að ráðgjafarhlutverki í lagaráði en þar fóru fram heildarbreytingar og umbætur á lögum SHÍ sem Stúdentaráð afgreiddi síðar á fundum sínum.

20.4.5. Sýnileiki og viðburðir

Eðli nefndarinnar veldur því að ekki er þörf á viðburðum með sama móti og á við um aðrar nefndir SHÍ. Nefndin er einkum sýnileg í hlutverki sínu í umfangsmiklum störfum áður nefnds lagaráðs.

20.4.6. Tillaga um að halda áfram störfum lagaráðs

Vakin er athygli á þörfinni fyrir áframhaldandi starfi lagaráðs í nánú samstarfi við Stúdentaráð og skrifstofu SHÍ, til þess að betrumbæta lög SHÍ en reynsla síðastliðins árs sýnir fram á þann árangur sem lagaráð er til þess fallið að ná með störfum sínum. Þessi nálgun leiðir til aukins samráðs á milli mismunandi eininga innan SHÍ með tilsvarende sérfræðiþekkingu frá aðilum sem hafa hagsmuni af skilvirkari regluverki um störf SHÍ í heild sinni.

Jens Ingi Andr sson
Forseti lagabreytinganefndar
2024–2025

20.5. Fjármála- og atvinnulífsnefnd

20.5.1. Meðlimir

Í fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|----------------------------|---------------------------|
| ▪ Signý Rut Hermannsdóttir | ▪ Björn Rúnar Kristinsson |
| forseti | ▪ Ármann Leifsson |
| ▪ Afomia Mekonnen | |

20.5.2. Hlutverk nefnda

Nefndin tekur til meðferðar fjármál stúdenta auk tengsla þeirra við atvinnulífið. Markmið nefndarinnar er að skapa mikilvæga tengingu stúdenta við atvinnulífið, tengingu sem helst til framtíðar. Einnig tekur nefndin þátt í skipulagningu Atvinnudaga hvert ár.

20.5.3. Atvinnudagar

Líkt og fyrri ár vann F/A að skipulagningu á Atvinnudögum í samstarfi við náms- og starfsráðgjöf HÍ. Undirbúningurinn hófst í október hjá okkur og miðaðist vel. Dagskráin á Atvinnudögum í ár var fjölbreytt og skemmtileg. F/A skipulagði heilan dag á Atvinnudögum í ár sem bar heitið Fjárfestum í framtíðinni! Hugmyndin að baki viðburðinum voru hversdagsleg málefni sem snerta stúdenta í atvinnumálum og fjármálum þeirra. Við fengum FS, Dale Carnegie og Landsbankann til liðs við okkur. Auglýsingar voru unnar með aðstoð frá nemanda við LHÍ. Við prentuðum plaköt, dreifimiða og borða sem við dreifðum um allan skólann. Auk þess prentaði Landsbankinn út standandi borða fyrir viðburðinn. Dagskráin var fjölbreytt og heppnaðist vel. Landsbankinn sá um fyrri hluta dagskrár og var sá hluti mjög vel sóttur. Hins vegar sá Dale Carnegie um þann seinni og var hann ekki jafn vel sóttur.

20.5.4. Hlutverk nefnda

Það sem hefði mátt fara betur var að byrja að auglýsa viðburðinn fyrr. Ekki tókst að auglýsa vel og þar af leiðandi var viðburðurinn Atvinnudagar ekki jafn vel sóttur og í fyrra, þrátt fyrir að fólk hefði mikinn áhuga á efninu. Ég hef fulla trú á að fleiri innan Háskólans hefðu áhuga á efninu.

20.5.5. Gagnlegar upplýsingar

Við skipulagningu á Atvinnudögum er gagnlegt að heyra í Lydíu Sigurðardóttur hjá FS sem tók yfir skipulagningu á Atvinnudögum í fyrra. Einnig hefur Ingvar Orri Björgvinsson veitt okkur mikla hjálp frá Landsbankanum.

Signý Rut Hermannsdóttir
Forseti fjármála- og atvinnulífsnefndar
2024–2025

20.6. Fjölskyldunefnd

20.6.1. Meðlimir

Í fjölskyldunefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- Karen Lind Skúladóttir forseti
- Linda Rún Jónsdóttir
- Fjóla María Sigurðardóttir
- Viktoría Tea Vökudóttir

20.6.2. Hlutverk nefndar

Hlutverk fjölskyldunefndar SHÍ er að gæta hagsmuna foreldra í námi við HÍ og stuðla að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan Háskólans. Nefndin leggur áherslu á að tillit sé tekið til foreldra í námi. Einnig sér nefndin um að halda viðburði fyrir börn stúdenta.

20.6.3. Fundir nefndar

Í byrjun hvorrar annar tókst okkur að funda saman í persónu til að fara yfir komandi verkefni, áherslur og markmið. Þess á milli var fundað í gegnum fjarfundarbúnað og samskipti fóru fram á hópsspalli nefndarinnar. Eftir hvern viðburð var farið yfir helstu atriðin á hópsspalli nefndarinnar, þar sem rætt var hvað gekk vel og hvað hefði betur mátt fara.

20.6.4. Sýnileiki, viðburðir og helstu verkefni

Helstu verkefni þetta starfsárið fólust aðallega í umsjón og aðkomu að viðburðum og verkefnum nefndarinnar. Nefndin hélt nokkra viðburði yfir starfsárið sem allir gengu afar vel. Viðburðirnir voru auglýstir á samfélagsmiðlum nefndarinnar. Á miðlunum okkar vorum við einnig dugleg að deila með stúdentum þeim fjölskylduvænu viðburðum sem áttu sér stað í nágrenni við Háskólann. Voru það ýmist viðburðir á vegum Norræna hússins eða Loftskýtastöðvarinnar.

20.6.5. Fjölskylduhátíð SHÍ og Jólaball HÍ

Fyrsta viðburðinn, Fjölskylduhátíð SHÍ, héldum við laugardaginn 14. september. Viðburðurinn var haldinn í íþróttahúsi HÍ þar sem við höfðum aðgengi að íþróttasalnum auk pallsins og garðsins fyrir aftan. Veðrið var frábært og mætingin góð. Við leigðum hoppukastala frá Skátunum (sjóræningjaskipið) sem var settur upp á grasfleti aftan við

íþróttahúsið. Úti á palli var litastöð þar sem börn og fullorðnir gátu setið saman og litað. Inn í salnum vorum við með þrautabraut sem svipaði til uppsetningu íþróttaskóla SHÍ. Fyrir allra yngstu börnin var boðið upp á skvísur og ungbarnasnarl sem við fengum frá Holle. Fyrir eldri börn og foreldra buðum við upp á safa, Gifflasnúða og kaffi.

Þann 30. desember héldum við jólaball ásamt mannauðssviði fyrir börn starfsfólks og stúdenta HÍ. Jólaballið fór fram á Háskólatorgi þar sem Langleggur og Skjóða mættu ásamt jólasveinunum og skemmtu börnunum. Aðkoma fjölskyldunefndar að viðburðinum er að sjá um veitingar fyrir börn og fullorðna. Til að koma í veg fyrir að veitingarnar kláruðust snemma eins og gerðist á seinasta jólaballi var keypt meira inn auk þess að bjóða upp á veitingarnar á öðrum stað en hefur verið gert. Boðið var upp á veitingarnar hjá salatbar Hámu þar sem fólk gat komið og sótt sér. Mætingin var góð, bæði hjá starfsfólki og stúdentum. Viðburðurinn var auglýstur á miðlum nefndarinnar sem og á Facebook-hópum ákveðinna stúdentagárða. Ég held að það hafi borið góðan árangur.

20.6.6. Íþróttaskóli SHÍ

Á haust- og vorönn var íþróttaskóli SHÍ á sínum stað. Ólíkt fyrirkomulagi íþróttaskólans undanfarin ár, hvað varðar undirbúning og uppsetningu, sá nefndin alfarið um hann að þessu sinni. Íþróttaskólinn var haldinn í íþróttahúsi HÍ á laugardagsmorgnum, sjö skipti á haustönn og átta skipti á vorönn. Íþróttaskólinn var fyrir tvo aldurshópa, fyrir yngri hópinn voru skvísur og snarl frá Holle í boði í lok hvers tíma og fyrir eldri hópinn voru safar og Gifflasnúðar. Karen og Viktoría sáu um uppsetningu íþróttaskólans til skiptis.

Á haustönn var gerð tilraun til að bjóða stúdentum upp á íþróttaskólann fyrir börnin sín, þeim að kostnaðarlausu. Þau áhrif sem það virtist hafa birtist aðallega í aukinni skráningu í íþróttaskólann en virtist ekki auka mætingu (samanborið við undanfarin ár). Á vorönn héldum við okkur við fyrirkomulag fyrri ára, þ.e. rukkuðum stúdenta lítils háttar gjald fyrir skráningu barna þeirra í íþróttaskólann. Skráningin var þá aðeins slakari en mætingin svipuð og fyrr um haustið. Það virðist því ekki hafa mikil áhrif á mætingu hvort rukkað er fyrir íþróttaskólann eða ekki.

20.6.7. Gagnlegar upplýsingar og lokaorð

Nefndin skrifaði niður hjá sér í skjal ýmsar gagnlegar upplýsingar sem gætu nýst næstu nefnd, eins og magn veitinga á jólaballi HÍ og atriði varðandi uppsetningu íþróttaskóla SHÍ. Við gátum alltaf leitað til starfsfólks á skrifstofu SHÍ og reyndust þau okkur mjög hjálpleg þegar kom að viðburðum nefndarinnar. Þrátt fyrir litla þátttöku hluta nefndarinnar tókst okkur að halda flotta viðburði auk þess að halda íþróttaskólanum vel gangandi. Vonandi verður virkni næstu nefndar skárri og verkefnaálagið dreifðara.

Þá væri hægt að einbeita sér enn betur að hagsmunamálum foreldra í námi. Fráfarandi nefnd þakkar fyrir sig og hlakkar til að sjá hvernig komandi starfsár verður hjá næstu fjölskyldunefnd.

*Karen Lind Skúladóttir
forseti fjölskyldunefndar*

20.7. Alþjóðanefnd

20.7.1. Hlutverk nefndar

Hlutverk alþjóðanefndar SHÍ er að gæta hagsmuna og réttinda alþjóðlegra stúdenta við Háskóla Íslands. Nefndin skipuleggur viðburði og fræðslu, vinnur að réttindamálum og stuðlar að aukinni þátttöku, aðlögun og vellíðan alþjóðlegra nemenda. Hún gegnir einnig mikilvægu hlutverki í mótun alþjóðastefnu Stúdentaráðs og stuðlar að fjölbreyttu háskólasamfélagi. Alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs starfaði sem formaður nefndarinnar. Þrír einstaklingar eru skipaðir í nefndina af Stúdentaráði og Alþjóðafulltrúi velur svo þrjá meðlimi til viðbótar úr umsóknum. Þetta stuðlar að aukinni þátttöku alþjóðanema í málum Stúdentaráðs. Mikilvægt er að alþjóðafulltrúi velji vel inn í nefndina þar sem alþjóðanefndin kemur til með að aðstoða alþjóðafulltrúa með viðburði og álagstímabil. Helstu álagstímabil alþjóðanefndar eru nýnemadagar (e. Orientation Days) og alþjóðadagar (e. International Days)

20.7.2. Skipulag nefndar

Tveir fulltrúar voru skipaðir af Stúdentaráði en þrjú sæti voru opnuð fyrir almennar umsóknir. Markmiðið með því er að auka þátttöku alþjóðlegra stúdenta.

Nefndarmeðlimir voru ekki skipaðir í ákveðin hlutverk þar sem starf alþjóðanefndar er gríðarlega fjölbreytt og krefst sveigjanleika. Þó var einn nefndarmeðlimur skipaður sem samfélagsmiðlastjóri og sá um að auglýsa alla viðburði sem nefndin stóð á bakvið.

20.7.3. Sýnileiki og viðburðir

Alþjóðanefndin hélt eða tók þátt í eftirfarandi viðburðum. Ítarlegri upplýsingar um viðburðina má finna í ársskýrslu alþjóðafulltrúa.

- Nýnemadagar
(e. Orientation Days)
- Móttaka skiptinema
(e. Welcome reception)
- Mentor Mingle
- Göngur um háskólasvæðið
(e. Tour around campus)
- Speed-Friending
- Bar-hopp
(e. Bar-jumping)
- Karaóki
(e. karaoke)
- Alþjóðadagar
(e. International Days)
- Alþjóðatorg
(e. International Festival)
- Pöbbkviss
(e. Pub-Quiz)
- Alþjóðlegt Pálínuboð
(e. International Potluck)
- Jafnréttisdagar
- Pallborð: Þegar dropinn holar steininn
- Pizza-Föstudagar
Hugmyndin var að halda reglulegan viðburð síðasta föstudag hvers mánaðar. Alþjóðanefnd hafði samband við Flatey Pizza og fékk þar tilboð í svokallað „All-you-can-eat“ hlaðborð, þar sem hver þátttakandi greiddi 3.000 krónur. Viðburðurinn gaf alþjóðlegum nemum tækifæri til að hittast, njóta góðs matar og kynnast nýju fólki í afslöppuðu umhverfi.
- Kveðju party (e. Goodbye Party)
Viðburðir voru kynntir í gegnum samfélagsmiðla nefndarinnar (@internationalcommitteeui á Instagram og Facebook), fjöldapósta, og í Facebook- og Whatsapp-hópum fyrir alþjóðlega nemendur. Allir viðburðir voru ókeypis og opnir öllum, að undanskilnum stökum viðburðum sem höfðu takmarkað pláss og kröfðust skráningar (Bar-hopp og International Potluck).

20.7.4. Samantekt

Þrátt fyrir að alþjóðafulltrúi hafi leitt alla viðburði og réttindamál á vegum nefndarinnar, sýndi alþjóðanefndin mikinn metnað og tók virkan þátt þegar þurfti á því að halda. Þetta skipti sérstaklega miklu máli á álagstímabilum, þar sem samvinna og sveigjanleiki voru lykilatriði.

Þó að hlutverk innan nefndarinnar hafi ekki verið formlega skilgreind, fyrir utan samfélagsmiðlastjóra, var samstarfið vel skipulagt og nefndarmeðlimir sinntu verkefnum sínum af ábyrgð. Allir viðburðir nefndarinnar voru vel heppnaðir og nutu mikillar þátttöku.

Góð stemning og samheldni einkenndi störf nefndarinnar. Umræður voru virkar, þátttaka hvött og gagnkvæm virðing skapaði jákvætt og uppbyggilegt vinnuumhverfi.

20.7.5. Gagnlegar upplýsingar

- Kolbrún (*kolbrunb@hi.is*) sér um viðburði í tengslum við móttöku og Alþjóðadaga.
- Aníta (*anita@hi.is*) sér um komu nýrra alþjóðlegra nemenda og skráningu í Mentor-kerfið.
- Alma (*almaagusts@hi.is*) sér um tækifæri stúdenta innan Aurora-samstarfsins.

Mikilvægt er að vara nefndarmeðlimi tímanlega við fyrirhuguðum álagstímum, sérstaklega í kringum móttöku og alþjóðadaga.

*Snæfríður Blær Tindsdóttir,
Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs Háskóla Íslands
2024-25*

20.8. Jafnréttisnefnd

20.8.1. Meðlimir

Í jafnréttisnefnd stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|-----------------------------------|------------------------|
| ▪ Valgerður Laufey Guðmundsdóttir | ▪ Friðrik Þór Ólafsson |
| forseti | ▪ Tinna Eyvindardóttir |
| ▪ Agla Arnars Katrínardóttir | ▪ Védís Drótt Cortez |
| ▪ Ásthildur Bertha Bjarkadóttir | |

20.8.2. Hlutverk nefndar

Jafnréttisnefnd Stúdentaráðs sér um að standa vörð um jafnrétti innan Háskóla Íslands og vekur athygli á því þegar pottur er brotinn í þeim málum. Nefndin stuðlar að því að allir stúdentar Háskólans séu settir undir sama hatt, óháð kyni, bakgrunni, kynþætti, aldri, fötlun eða öðru. Nefndin vekur athygli á jafnréttismálum sjálfstætt og í samstarfi við jafnréttisfulltrúa Háskóla Íslands með skipulagningu á viðburðum sem geta vakið áhuga háskólastúdenta á jafnréttismálum í víðum skilningi.

20.8.3. Fundir nefndar

Nefndin fundaði fjórum sinnum yfir starfsárið en var í samskiptum í netheimum þess á milli. Dagsetningar funda: 29. ágúst 2024, 12. september 2024, 14. nóvember 2024 og 22. janúar 2025. Forseti nefndarinnar fundaði einnig með fulltrúa frá Q-félaginu og forseta alþjóðanefndar SHÍ til að skipuleggja viðburðinn sem nefndin hélt á Jafnréttisdögum, þegar aðrir meðlimir nefndarinnar komust ekki.

20.8.4. Viðburður á Jafnréttisdögum háskólanna

Nefndin hélt viðburð á Jafnréttisdögum háskólanna 10. febrúar 2025, í samvinnu við Q-félagið og alþjóðanefnd SHÍ. Jafnréttisdagur er samstarfsverkefni háskólanna á Íslandi og þemað árið 2025 var hatur og mismunur. Viðburður nefndarinnar var í formi fyrirlestrar á Stúdentakjallaranum og bar heitið: „Þegar dropinn holar steininn: Herferð Bandaríkjaforseta gegn jafnréttismedvitund og mannréttindum í samhengi við ráðandi hatursorðræðu á netinu“.

Framsögumenn voru Þorbjörg Þorvaldsdóttir, samskipta- og kynningarstjóri Samtakanna '78, og Sigríður Jónsdóttir, fulltrúi frá Tabú, sem er feminísk fötlunarhreyfing. Að lokinni framsögu þeirra bauðst gestum að spyrja spurninga úr sal. Sá partur bjó til áhugaverðar og mikilvægar umræður.

Viðburðurinn var m.a. auglýstur á Facebook-síðu Jafnréttisdaga, á Instagram-síðu SHÍ og Instagram-síðu nefndarinnar. Um 30 manns mættu á Stúdentakjallarann til að fylgjast með vel heppnuðum viðburði.

20.8.5. Hvað gekk vel og hvað má gera betur næst

Viðburðurinn gekk mjög vel. Það gekk vel að skipuleggja hann og að auglýsa. Það hefði mátt ganga betur að finna tíma til að funda og þar af leiðandi koma öðrum hugmyndum í verk. Ég hvet meðlimi næstu nefndar í að vera virka í þátttöku og gefa nefndinni tíma.

Valgerður Laufey Guðmundsdóttir
Forseti jafnréttisnefndar SHÍ

20.9. Kennslumálanefnd

20.9.1. Meðlimir

Í kennslumálanefnd Stúdentaráðs 2024-2025 sátu:

- | | |
|--|---|
| ▪ Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
forseti og fulltrúi sviðsráðs
Félagsvísindasviðs | ▪ Eiríkur Kúld Viktorsson
fulltrúi sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs |
| ▪ Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir
fulltrúi sviðsráðs Verkfræði- og
náttúruvísindasviðs | ▪ Sóley Anna Jónsdóttir, fulltrúi
sviðsráðs Hugvísindasviðs |
| | ▪ Óttar Haraldsson
fulltrúi sviðsráðs Menntavísindasviðs |

20.9.2. Hlutverk nefndar

Hlutverk kennslumálanefndar SHÍ er að tryggja að raddir og kröfur stúdenta í kennslumálum séu áberandi innan stjórnýslu Háskólans. Nefndin er mikilvægur samráðsvettvangur þar sem hún samanstendur af fulltrúum sviðsráða allra fræðasviða

sem sitja í kennslunefndum síns fræðasviðs. Nefndarmeðlimum gefst því tækifæri til að bera saman stöðu mála milli sviða og vinna mál samhliða, þvert á fræðasvið. Þar að auki situr forseti nefndarinnar í kennslumálanefnd háskólaráðs. Kennslumál eru víðfeðmur þáttur í starfsemi Háskólans og snerta alla stúdenta við Háskóla Íslands.

20.9.3. Helstu verkefni og baráttumál

Í kennslumálanefnd háskólaráðs hafa nokkur stór mál hafa verið í forgrunni á skólaárinu. Gervigreind var mikið í umræðunni meðal nefndarinnar. Rætt var um möguleg úrræði og breytingar sem þyrfti að gera innan skólans og nemendafulltrúi beitti sér fyrir því að auka fræðslu um notkun gervigreindar frekar en að ýta á bremsurnar. Farið var yfir hvernig Háskólinn getur sem best tekið á móti nýnemum og farið var yfir hvort skólinn ætti að ráðast í stærri og betri nýnemadaga heldur en það sem er boðið er upp á í dag. Þetta verður skoðað betur með komandi skólaári. Stefnt er á allsherjar yfirhalingu á uppsetningu kennslukannana í sumar. Afar mikilvægt er að fulltrúar nemenda verði hafðir með í ráðum í þeirri vinnu til þess að tryggja að hún skili tilætluðum árangri og nýtist nemendum jafnt sem kennurum og starfsmönnum skólans. Mikill vilji er meðal kennslumálanefndar til að hafa nemendafulltrúa og nemendaráð inni í þessu ferli. Talað var um að auka samráð við skrifstofu SHÍ og boða nemendafélög inn í samtalið líka.

Í kennslumálanefnd Félagsvísindasviðs höfum við tekið fyrir margt fyrir. Notkun gervigreindar meðal nemenda við verkefnavinnu var mikið rædd og skiptar skoðanir voru um hvort þetta sé gott verkfæri eða ekki. Nemendafulltrúi lagði áherslu á jákvæðar hliðar tækniþróunar og að það væri ekki rétta leiðin að banna notkun gervigreindar innan Háskólans. Frekar verði lögð áhersla á að kenna hvernig best er að nota hana. Það sem var helst á borði kennslumálanefndar er hvernig er best er að sinna þörfum nemenda innan sviðsins. Rætt var hvernig tekið er á móti nýnemum, vægi BA-ritgerða og hvernig hægt er að aðlagja námsmat. Auk þess mun þing Félagsvísindasviðs þetta árið vera um hvernig best er að mæta ólíkum þörfum nemenda. Ítarleg úttekt var gerð á kennslukönnunum á sviðinu og niðurstöður skoðaðar milli deilda og til stóð að halda rýnihópa um niðurstöðurnar en það náðist ekki á þessu starfsári vegna skorts á fjármagni.

Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir

Kennslumálanefnd VoN hélt fundi aðra hverja viku allt skólaárið. Endurskoðuð voru skipunarbréf til námsbrautarformanna og verklagsreglur fyrir deildir. Mikið var rætt um gervigreind í námi og hvernig kennarar gætu nýtt sér gervigreindina. Kennslunefnd hélt þá málstofu fyrir kennara sviðsins 1. október um gervigreind og hvernig nýta mætti hana í kennslu. Fulltrúi nemenda lagði áherslu á það að gervigreind gæti verið notuð

eins og hvert annað námstól á sviðinu og að kenna þyrfti nemendum að meta þær upplýsingar sem hún gefur, frekar en að banna nemendum að nýta sér gervigreindina. Kennsluþing var svo haldið þar sem rætt var hvernig hægt væri að virkja nemendur meira í kennslustofum og sérstaklega var tekið fyrir nýtt námskeið innan sviðsins fyrir nemendur sem féllu í stærðfræðigreiningu 1.

Ingibjörg Birna Finnbjörnsdóttir

Eiríkur Kúld Viktorsson var fulltrúi nema í kennslumálanefnd Heilbrigðisvísindasviðs. Haldnir voru um 6 fundir. Mikið var rætt um fjarnám, versnandi námsárangur sviðsins og endurtektarpróf. Hagsmunir nemenda voru hafðir í hávegum öllum stundum.

Eiríkur Kúld Viktorsson

Í kennslunefnd Hugvísindasviðs höfum við tekið margt merkilegt fyrir. Þar ber að minnast á tvímálakennslu, þ.e. hvernig hægt sé að útfæra fyrirkomulag þar sem samtímis sé hægt að kenna áfanga á ensku og á íslensku. Við komum á framfæri vilja okkar um að skil lokaverkefna færi fram í gegnum Canvas og sömuleiðis í gegnum Turnitin og gekk það í gegn. Við tókum fyrir og lögðum fram stuðning við ósk Jafnréttisskóla Gró um stofnun nýrrar 60 eininga námsleiðar. Mikið hefur verið rætt um hvernig efla skuli framhaldsnám sviðsins og höfum við þróað áfram hugmyndir um vinnustofur sem myndu fela í sér nám þar sem nemendur eru mjög virkir og gerir kennurum einnig kleift að kenna áfanga með takmarkaða nemendafjöldanum sem fylgir yfirleitt framhaldsnámi innan sviðsins. Við höldum kennsluþing þar sem fjallað var um lokaritgerðir og hvernig hægt sé að fara betur að þeim, bæði fyrir kennara og nemendur. Við lögðum fram bréf til sviðsforseta um hvernig innleiða mætti jafnréttisfræðslu og kynjafræði sem skyldu fyrir alla nemendur sviðsins. Ég gerði svo talsverðar athugasemdir við fyrirkomulag og upplýsingar um meistaranám á hugvísindasviði á námsbrautarfundi menningargreina og tóku allir viðstaddir afar vel í þær.

Sóley Anna Jónsdóttir

20.9.4. Það sem má gera betur og gagnlegar upplýsingar

Virgni nefndarinnar á samfélagsmiðlum féll því miður á milli þils og veggjar á þessu starfsári. Það hefði verið gott að vera með hnitmiðaðra skipulag í kringum það og mögulega verkaskiptingu. Það þyrfti að byrja alveg frá grunni með þá samfélagsmiðla þar sem upplýsingar um aðganganna hafa týnst milli ára. Nefndin er með Google Drive þar sem haldið er utan um fundargerðir og önnur vinnuskjöl nefndarinnar. Þar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um vinnu og viðfangsefni nefndarinnar á líðandi ári. Í upphafi starfsárs fundaði fyrrum forseti með nýskipuðum forseta sem var afar gagnlegt. Forseti nefndarinnar fundaði einnig með Steinunni Gestsdóttur, aðstoðarrektr kennslumála, og reyndist það vel til að fá skýrari mynd af hlutverki fulltrúa í kennslumálanefnd háskólaráðs.

Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
Forseti kennslumálanefndar SHÍ 2024-2025

21. Skýrslur annarra starfseininga

Skrifstofa taldi að eðlilegt væri að allir fulltrúar sem starfa í umboði stúdenta fyrir hönd SHÍ myndu skila af sér skýrslu um sín störf fyrir starfsárið. Þetta hefur ekki verið gert áður og þökkum við þeim sem stóðu að þessum skýrslum fyrir framlag sitt. Við teljum að þessar skýrslur gefi lesendum dýpri skilning á þeirri fjölbreyttu starfsemi sem á sér stað innan vébanda Stúdentaráðs Háskóla Íslands

21.1. Lagaráð

Á fundi Stúdentaráðs 21. maí 2024 var samþykkt tillaga um stofnun sérstaks lagaráðs sem hefur það hlutverk að semja drög að nýjum lögum Stúdentaráðs Háskóla Íslands. Tillagan var að þeirri vinnu yrði að mestu lokið fyrir fyrsta fund Stúdentaráðs að sumri loknu. Í lagaráði sitja samkvæmt tillögunni forseti og varaforseti Stúdentaráðs, oddviti Röskvu og oddviti Vöku, sem og lagabreytinganefnd. Aðalfulltrúum í Stúdentaráði er heimilt að sitja fundi lagaráðs og hafa þeir málfrelsisrétt.

Í rökstuðningi með tillögunni segir að síðustu misseri hafi leitt í ljós þörf fyrir skýringu á þeim reglum sem gilda um störf Stúdentaráðs og nefndir þess. Þá eru reglurnar óljósar að mörgu leyti, t.a.m. er varðar fundarsköp, umboð stjórnar og skrifstofu Stúdentaráðs. Lögð var rík áhersla á mikilvægi samráðs milli aðila og að það ríki alger sátt um heildarendurskoðun á lögum Stúdentaráðs. Einnig kom fram að mikilvægt væri að endurmeta reglurnar frá grunni, en ekki einungis að hreinskrifa eða lagfæra texta laganna. Lagaráð fundaði fyrst 25. júní 2024 og lagði línurnar fyrir starfið. Lagaráð setti sér viðmið um nýja kafla samþykktanna og ákvað að taka fyrir breytingarnar í áföngum. Lagaráð lagði fram fyrsta áfanga samþykktanna fyrir fund Stúdentaráðs þann 26. ágúst, sem var samþykktur og birtur þann 29. ágúst s.á.

Fyrsti áfangi fól í sér megináherslu á I., III. og IV. kafla. Tillagan sem um ræðir, eða annar áfangi í endurskoðun laganna, leggur megináherslu á ákvæði sem gilda um kosningar.

Í öðrum áfanga var megináhersla á þær reglur sem gilda um kosningar, þ.e. VII. kafli um kosningar og VIII. kafla um kjörstjórn. Mikil sátt ríkti innan lagaráðs með ákvæði kaflana, en þó var deilt um ákvæði um talningu hvað mest. Öllum er ljóst að talningarkerfi kosninganna er þeim annmörkum háð að eftir að opnað var á einstaklingsframboð og röðun atkvæðaseðla, er auðvelt að misnota kerfið og knýja fram meirihluta í stúdentaráði án þess að hafa meirihluta atkvæða. Umræðurnar sneru þá að því hvaða kerfi yrði notað eða hvaða aðferðum beitt. Niðurstaðan var að láta sérfræðing í kosningakerfum meta afleiðingar nýs kerfis á niðurstöður kosningarnar og leggja mat á kosti og galla mismunandi kerfa. Sú tilhögun sem helst var nefnd var að beitt yrði svokallaðri „prófkjörleið“.

Líkt og gildir um þær samþykktir sem birtar voru 29. ágúst 2024 felur tillagan, sem liggur fyrir, ekki í sér tæmandi ákvæði þeirra kafla sem um ræðir. Þeim ákvæðum er þó ætlað að ganga framar lögum Stúdentaráðs. Í þeim tilfellum þar sem samþykktirnar ná ekki til gilda eldri lög ráðsins. Lagaráð leggur því fyrir Stúdentaráð ofangreinda tillögu til samþykktar en eldri lög falla þó ekki úr gildi heldur koma til fyllingar á ofangreindum samþykktum við þau tilvik þar sem ofangreindar samþykktir ná ekki til.

21.2. Skipulagsnefnd HÍ

Nýr fulltrúi stúdenta, Júlíus Viggó Ólafsson, var skipaður í skipulagsnefnd HÍ á starfsárinu í stað fyrrverandi fulltrúa stúdenta, Sindra Freys Ásgeirssonar. Fyrsti fundur nefndarinnar frá skipun nýs fulltrúa var haldinn 17. desember 2024 en fyrir það hafði nefndin síðast fundað í maí 2024. Síðan þá hafa aðeins verið haldnir tveir óformlegir fundir. Annars vegar kynningarfundur 16. janúar 2025 þar sem fulltrúar Reykjavíkurborgar kynntu áform um borgarlínu á háskólasvæðinu og hins vegar hugarflugsfundur um framkvæmdaáætlun um fyrsta hluta hringgarðs 3. febrúar sama ár. Lítil virkni hefur annars verið í nefndinni.

Fulltrúi stúdenta í nefndinni hefur þó ekki setið auðum höndum. Þar til að nýr fulltrúi var skipaður hafði ekki verið vakið nein athygli innan nefndarinnar á andstöðu stúdenta við skerðingu á bílastæðum á háskólasvæðinu. Framtíðaráætlun um háskólasvæðið sem nefndin hefur mótað gerir ráð fyrir töluverðri fækkun á bílastæðum og gjaldskyldu á þau sem eftir eiga að standa, en engar formfastar áætlanir eru til staðar um staðsetningu á bílastæðahúsi eða öðrum aðgerðum til að koma til móts við þá stúdenta sem þurfa að nota bíla til að komast til og frá háskólasvæðinu í núverandi samgönguumhverfi.

Skipulagsnefndin hafði þau áform að hefja fyrsta kafla í framkvæmdum á framtíðaráætluninni með því að skipuleggja fyrsta hluta af hringgarðinum svokallaða fyrir framan Tæknigarð og VR II. Nýr fulltrúi stúdenta í nefndinni mótmælti þá þeim áformum um að fækka bílastæðum fyrir framan þessar byggingar án nokkurra mótvægisáðgerða fyrir stúdenta verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Sú andstaða fulltrúa stúdenta kom öðrum nefndarmeðlimum í opna skjöldu og var mörgum þeirra nokkuð brugðið. Fulltrúi stúdenta hefur gert afstöðu Stúdentaráðs til áformanna mjög skýra, og virðist skriðþungi verkefnisins eitthvað hafa hjaðnað í kjölfar þess. Fulltrúi stúdenta mun halda áfram að halda afstöðu stúdenta á lofti og gera allt í sínu valdi til þess að koma í veg fyrir að aðstaða stúdenta verði skert á háskólasvæðinu án nokkurra fyrirætlana um hvað eigi að koma í staðinn.

21.3. Öryggisnefnd HÍ

Öryggisnefndum HÍ er falið að byggja upp vinnuverndarstarf og öryggismenningu við skólann í samræmi við lög 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og reglugerð 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Samkvæmt þeim ber atvinnurekandi ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað. Öryggisnefndir HÍ setja upp, kynna og framfylgja slíkri áætlun hvar sem starfsfólk HÍ er við störf. Meginþættir vinnuverndar eru: umhverfisþættir, sálfélagslegt umhverfi, tæki og vélbúnaður, hreyfi- og stoðkerfi og efni og efnahættur. Það eru því mörg og fjölbreytt verkefni sem eru til umræðu hjá nefndinni.

Helstu verkefni öryggisnefndar á nýliðnu starfsári hafa snúið að eftirfarandi verkefnum:

- Fræðsla um öryggismál, m.a. áhættumatsgerð, umræðufundur um ofbeldi, öryggisþing o.fl. regluleg námskeið
- Undirbúningur fyrir gerð almenns Canvas-námskeiðs um öryggismál.
- Undirbúningur áhættumatsgerðar á öllum sviðum Háskólans

- Gerð viðbragðsáætlunar í tengslum við ofbeldi og vopnaburð á háskólasvæðinu
- Umræður um mikilvægi þess að efla sálfræðipjónustu fyrir nemendur og starfsfólk sem getur stutt við velferð og geðheilsu nemenda og starfsfólks fyrir heldur en seinna.
- Umræður um þróun og einföldun verkferla í tengslum við tilkynningar um EKKO-mál (einelti, kynferðisleg eða kynbundið áreiti eða ofbeldi og annað ofbeldi) til að gera þau skilvirkari.
- Umræður um hvernig er hægt að efla öryggismenningu og öryggisvitund við HÍ og hvernig er hægt að bæta viðbrögð við ábendingum um öryggismál, slysaættur o.þ.h.

Dagmar Ísleifsdóttir

Fulltrúi stúdenta í öryggisnefnd

21.4. Íslensk málnefnd Háskóla Íslands 2023-2025

Ég, Piergiorgio Consagra, er búinn að sitja í íslenskri málnefnd sem fulltrúi stúdenta síðan 2023, en hún hefur verið starfandi frá árinu 2016. Málnefndin heyrir undir rektor og er skipuð fulltrúum allra fræðasviða, sameiginlegrar stjórnsýslu skólans og stúdenta. Meginhlutverk málnefndar HÍ er að vera stjórnendum og öðru starfsfólki skólans til ráðuneytis um málefni íslenskrar tungu og gera tillögur um framkvæmd málstefnu skólans. Á skipunartíma 2023–2025 hélt nefndin reglulega fundi og lagði megináherslu á að bæta stuðning í íslensku við erlenda málhafa í HÍ. Þá beitti nefndin sér einnig fyrir betri aðlögun lykilupplýsinga- og samskiptakerfa innan skólans að íslensku máli og endurskoðaði og kynnti málstefnu skólans. Auk þessara meginverkefna svaraði nefndin m.a. fyrirspurnum, sendi inn umsagnir er varða málefni íslenskrar tungu og var starfsfólki skólans og öðrum er tengjast Háskólanum (t.d. Kennsluakademíu opinberu háskólanna á Íslandi) til ráðuneytis um málefni íslenskunnar og tungumálanotkun innan skólans.

21.4.1. Betri stuðningur í íslensku við erlenda málhafa í HÍ

(Tungumálamiðstöð og Ritver HÍ)

Málnefndin lagði megináherslu á að tryggja starfsfólki og nemendum skólans af erlendum uppruna íslenskukennslu og aðra stoðþjónustu í íslensku, þar sem erlendu starfsfólki og nemendum í skólanum hefur fjölgað hratt á undanförunum árum, t.d. hóf um 13% fleira starfsfólk af erlendum uppruna störf við HÍ á árunum 2023 og 2022 en árið 2021. Allt bendir til að þessi þróun haldi áfram og enn meiri fjölgun verði í þessum hópi á næstu árum enda er það á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að fjölga erlendum sérfræðingum og nemendum við íslenska háskóla. Til þess að stuðla að því að þessi stóri hópur geti betur tekið þátt í háskólasamfélaginu og íslensku samfélagi fór málnefndin þess á leit við rektor að efla starfsemi Tungumálamiðstöðvar HÍ og Ritvers HÍ með auknum fjárframlögum þannig að hægt yrði að bjóða upp á fleiri íslenskunámskeið fyrir starfsfólk og aukinn stuðning við nemendur og starfsfólk við skrif á íslensku. Rektor tók vel í þessar tillögu málnefndarinnar og í kjölfarið var fjárveiting til Tungumálamiðstöðvar aukin. Í ár eru tíu íslenskunámskeið í boði, sem nokkurn veginn anna eftirspurn fastráðins starfsfólks. Í ár er einnig boðið upp á fjarnámskeið fyrir starfsfólk sem starfar úti á landi, t.d. á háskólasetrum. Málnefndin lagði einnig áherslu á rekstrargrundvöllur Ritvers HÍ. Í Ritveri HÍ geta nemendur og starfsfólk af öllum sviðum skólans sótt stuðning við fræðileg skrif, bæði á íslensku og ensku, og er gríðarleg eftirspurn eftir þjónustu þess.

21.4.2. Framtíðarbaráttumál

Baráttunni fyrir bættu aðgengi starfsfólks og nemenda HÍ af erlendum uppruna að ókeypis íslenskukennslu og annarri stoðþjónustu í íslensku innan HÍ er hvergi nærri lokið. Næstu skref eru að tryggja stundakennurum og doktorsnemum íslenskukennslu í gegnum Tungumálamiðstöðina og fjölga íslenskunámskeiðum fyrir það starfsfólk HÍ sem er lengra komið í íslenskunámi (komið á færnistig B eða C samkvæmt evrópska tungumálarammanum). Einnig þarf að berjast fyrir því að staða forstöðumanns Ritversins verði auglýst og að ráðinn verði annar fastur starfsmaður í Ritverið, m.a. til að veita nemendum með annað móðurmál en íslensku stuðning við fræðileg skrif. Treysta þarf stöðu bæði Tungumálamiðstöðvar og Ritvers HÍ og tryggja þessum mikilvægu stofnunum fasta fjárveitingu frá Háskólanum árlega vegna íslenskunámskeiða og stoðþjónustu bæði í íslensku og ensku.

Á undanförunum árum hafa erlenda samskipta- og upplýsingakerfið Teams og námsumsjónarkerfið Canvas verið innleidd í HÍ. Á starfstíma sínum lagði málnefnd HÍ áherslu á að starfsfólk og nemendur geti nýtt þau í íslensku málumhverfi. Fyrir tilstilli nefndarinnar er símsvörun í Teams innan skólans nú ekki einungis á ensku heldur einnig á íslensku, þar sem talskilaboð á íslensku koma á undan sjálfvirkri ensku

talskilaboðunum frá Microsoft. Málnefndin sendi einnig frá sér ályktun um brýna þörf þess að íslensk þýðing námsumsjónarkerfisins Canvas væri endurskoðuð og að nýjungar og viðbætur við kerfið, sem enn hafa ekki verið íslenskaðar og birtast notendum á ensku, væru þýddar á íslensku.

21.4.4. Teams í betri íslenskan búning

Málnefndin vann einnig að því að bæta símsvörun í Teams innan skólans þannig að hún væri á íslensku og ensku (í þessari röð) en ekki aðeins á ensku eins og áður var. Yfirstjórn Háskólans samþykkti þá tillögu málnefndarinnar að tekin yrðu upp stöðluð talskilaboð á íslensku og ensku á Teams fyrir allt starfsfólk skólans, í stað sjálfvirku ensku símsvarakveðjunnar frá Microsoft sem hófst á því að íslensk nöfn notenda voru afbökðuð. Auk málnefndarinnar og skrifstofu rektors komu Upplýsingatækisvið og Markaðs- og samskiptasvið skólans að þessari breytingu sem var keyrð í gegn í fyrra. Nú koma talskilaboð á íslensku á undan sjálfvirku ensku símsvaraskilaboðunum frá Microsoft í þeim tilvikum þegar fólk nær ekki í þann sem það er að hringja í á Teams. Þessi breyting á notendaviðmóti símsvörunar á Teams innan skólans skiptir máli fyrir ásýnd Háskólans út á við og er í takt við samsvarandi breytingar í samfélaginu á undanförunum árum.

21.4.5. Canvas í betri íslenskan búning

Endurskoðun á íslenskri þýðingu stafræna námsumsjónarkerfisins Canvas og íslensk þýðing á viðbótum við kerfið, sem enn eru á ensku, hefur verið nefndarmönnum í málnefnd HÍ hugleikin á starfstímanum. Canvas er námsumsjónarkerfi Háskóla Íslands og annarra háskóla á landinu. Námskeið á háskólastigi á Íslandi eiga kennsluvef í Canvas þar sem námsefni námskeiðs, verkefnaskil, endurgjöf kennara, umræður stúdenta og kennara o.fl. fara fram. Hér er því um gríðarlega öflugt verkfæri að ræða sem háskólanemar á landinu nota daglega allt skólaárið. Málnefndin hefur í gegnum árin verið í sambandi við starfsfólk deildar stafrænnar kennslu og miðlunar í Kennslumiðstöð HÍ. Málnefndin sendi ályktun á alla rektora og sviðsstjóra kennslu- og upplýsingasviða íslenskra háskóla og á tengilið fyrirverandi/núverandi ráðherranefndar um íslenska tungu þar sem nefndin segist óttast að óvönduð og oft óskiljanleg þýðing Canvas hafi neikvæð áhrif á málnotkun háskólanema. Einnig muni það lita viðhorf þeirra til íslensku að ekki sé hirt um að þýða enskar viðbætur við kerfið. „Brýn þörf er á að endurskoða íslenska þýðingu Canvas og þýða nýjungar og viðbætur við kerfið sem enn hafa ekki verið íslenskaðar og birtast notendum á ensku,“ segjum við m.a. í ályktun okkar og beinum jafnframt þeim tilmælum til háskólayfirvalda að „ tryggja framvegis að íslensk þýðing erlends hugbúnaðar sé örugglega góð og vönduð áður en samningar

um innleiðingu búnaðarins eru undirritaðir og notendur búnaðarins á Íslandi ofurseldir misþyrmingu íslenskunnar til frambúðar“. Einn svörin sem málnefndin fékk við ályktun sinni voru frá Ragnhildi Helgadóttur, rektor HR, sem lýsti yfir stuðningi við ályktunina og frá Krístrúnu Heiðu Hauksdóttur, sérfræðingi í menningar- og viðskiptaráðuneytinu, sem lofaði að koma ályktuninni áfram til þeirra sem vinna að málefnum íslenskunnar innan ráðuneyta stjórnarráðsins, einkum til Háskólaráðuneytisins (HVIN).

21.4.6. Framtíðarbaráttumál

Berjast fyrir endurskoðun á íslenskri þýðingu Canvas og íslenskri þýðingu á viðbótum við kerfið, sem enn eru á ensku. Einnig er mikilvægt að málnefndin minni það starfsfólk HÍ sem sér um samninga og innleiðingu nýs hugbúnaðar í skólanum stöðugt á hversu mikilvægt það er fyrir framtíð íslenskunnar að tryggt sé að íslensk þýðing hans sé strax í upphafi góð og vönduð.

21.4.7. Endurskoðun málstefnu HÍ

Málnefndin endurskoðaði málstefnu HÍ á starfstímanum og formaður kynnti hana og starf málnefndarinnar á háskólaþingi í apríl 2023 og fyrir öllum fræðasviðum skólans á haust- og vormánuðum 2023-2024. Endurskoðuð málstefna HÍ var samþykkt á háskólaþingi 26. apríl 2023 og í háskólaráði 2. nóvember 2023. Þetta er í annað sinn sem málstefna skólans er endurskoðuð en Háskólinn setti sér málstefnu árið 2004 sem var fyrst endurskoðuð árið 2016. Endurskoðun málstefnunnar að þessu sinni fólst bæði í efnislegum og formlegum breytingum þar sem stefnan var uppfærð í takt við kröfur samtímans og flæði textans gert betra. Sérstaklega var hugað að því að málstefnan stangist ekki á við lög og reglur skólans. Málnefndin þýddi einnig endurskoðaða málstefnu HÍ yfir á ensku. Málstefna skólans er aðgengileg á íslensku á vefslóðinni: https://www.hi.is/haskolinn/malstefna_haskola_islands og á ensku á vefslóðinni: <https://www.hi.is/>. Rétt er að benda á að málstefna skólans er „lifandi plagg“ sem endurskoðaða þarf reglulega og að málstefnan er almenn stefnumótun, ekki lög eða reglur, sem getur aldrei endurspeglað allt það fjölbreytta starf sem fer fram innan HÍ.

21.4.8. Framtíðarbaráttumál

- Eftirfylgni með framkvæmd málstefnu skólans skv. hlutverki málnefndarinnar.
- Við HÍ er aðeins hægt að fá íslenskan texta þýddan yfir á ensku en ekki öfugt. Mikilvægt er að Háskólinn bjóði einnig upp á að hægt sé að fá enskan texta sem saminn er innan skólans þýddan yfir á íslensku, m.a. í ljósi þess að ríkisstjórnin hyggst fjölga erlendum sérfræðingum við háskóla á næstu árum.

- Leiðbeiningar til kennara og starfsfólks um kynhlutlaust mál.
- Fylgjast með notkun gervigreindarhugbúnaðar innan HÍ, þróun hans og áhrifum á notkun íslensku í starfi skólans.
- Stuðla áfram að viðgangi íslenskrar tungu og minna á mikilvægi þess að hún sé nothæf – og notuð – á öllum fræðasviðum HÍ.
- Sjá einnig frétt sem birtist á vef HÍ um starf málnefndarinnar sl. þrjú ár: Betri stuðningur við erlenda málhafa í HÍ og bætt íslenska í upplýsingaumhverfi | Háskóli Íslands

21.4.9. Önnur verkefni

Auk þessara meginverkefna sinnti nefndin ýmsum öðrum störfum. Hún fundaði m.a. með ýmsum aðilum innan skólans um málefni tungunnar, skrifaði umsagnir, t.d. um drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026, og svaraði fyrirspurnum úr ráðuneytum varðandi kennslumál innan HÍ og málstefnu skólans. Nefndin var einnig starfsfólki skólans og öðrum er tengjast Háskólanum (t.d. Kennsluakademíu opinberu háskólanna á Íslandi) til ráðuneytis um málefni íslenskrar tungu og tungumálanotkun innan skólans.

Piergiorgio Consagra
Fulltrúi stúdenta í málnefnd
2024–2025

21.5. Sjálfbærninefnd HÍ

Megintilgangur sjálfbærninefndar er að aðstoða Háskóla Íslands í að gera betur í sjálfbærnimálum en starfssvið nefndarinnar nær til sjálfbærni í víðum skilningi, sbr. heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og heildarstefnu Háskóla Íslands hverju sinni (skv. þjónustuvef Háskóla Íslands). Nefndin stóð fyrir einum viðburði á skólaárinu en það var opinn fundur með rektorsframbjóðendum til þess að ræða sjálfbærnimál og áherslur þeirra í þeim málum. Nefndin sótti um styrki úr Aldarafmælisjóði en ekki var tillaga frá fulltrúa stúdenta í ár í þeim sjóði þar sem sitjandi stúdent tekur við þessari stöðu þegar töluvert liðið var á starfsár nefndarinnar. Þetta er hins vegar frábært tækifæri til þess að fá fjármagn fyrir hugmyndir umhverfis- og samgöngunefndar (eða aðrar hugmyndir hvað varðar sjálfbærnimál) en starfsárið 2023-2024 fékk nefndin styrk til þess að setja upp aðstöðu til þess að þrifa fjölnota ílát á Háskólatorgi og væri frábært að koma til dæmis sambærilegri aðstöðu upp á Hótel Sögu. Nefndin fagnaði því að nú væri aðstoðarrektor vísinda með sjálfbærnimál undir sínum hatti og væri nú aðstoðarrektor vísinda og samfélags. Nefndinni þótti samfélag ekki nógu lýsandi orð og vinnur því að því að koma með betra starfsheiti sem hefur jafnvel víðari merkingu. Sjálfbærninefnd vinnur gott starf og áhugavert var að mæta á fundi þetta starfsár. Taka má fram að sjálfbærninefnd vinnur mest að því að setja niður hvað þarf að gera í Háskóla Íslands í sjálfbærnimálum en til dæmis er nú ár hvert gefin út sjálfbærniskýrsla Háskóla Íslands að beiðni sjálfbærninefndar.

Ásdís Rán Kolbeinsdóttir

*Forseti umhverfis – og samgöngunefndar SHÍ og
fulltrúi í sjálfbærninefnd HÍ
2024–2025*

21.6. Starfshópur um gervigreind

Arent Orri Jónsson Claessen, forseti SHÍ, var skipaður af rektor í starfshóp um gervigreind.

21.7. Nefnd um endurskoðun á deildaskipan Háskóla Íslands

Nefnd um endurskoðun á deildaskipan Háskóla Íslands var skipuð í mars síðastliðnum. Hún er skipuð einum fulltrúa af hverju fræðasviði, auk formanns nefndarinnar og fulltrúa stúdenta. Hlutverk nefndarinnar er að leggja mat á faglega og fjárhagslega stærðarhagkvæmni háskóladeildar með það í huga að tilgangi og markmiðum sem sett eru með starfseiningunni háskóladeild verði sem best þjónað og náð. Í erindisbréfi nefndarinnar segir að hún skuli leitast við að skilgreina viðmið um það hvenær lítil deild er of lítil og þá einnig hvenær stór deild er of stór. Þar segir og að sérstaklega skuli horft til þess hvort mögulegt sé að fækka deildum án þess að það komi niður á aðkomu einstakra fræðigreina að nefndum á fræðasviðum og miðlægt. Það er hægara sagt en gert og virðist þróun síðustu ára frekar hafa verið á þá leið að námsbrautir vilji kljúfa sig frá deild og stofna nýja, líkt og sjúkrahjálfunarfræðin óskaði eftir fyrir nokkrum árum.

Nefndin fundaði með forsetum allra fræðasviða auk fulltrúa frá umhverfis- og auðlindafræði sem er þverfræðileg námsleið. Þessir fundir reyndust mjög mikilvægir til þess að fá innsýn í stöðuna á hverju sviði fyrir sig og varð nefndinni ljóst að aðstæður eru í sumum tilvikum mjög ólíkar eftir sviðum. Nefndin notaðist við ýmiss konar töluleg gögn, m.a. um fjölda nemenda eftir námsleiðum, fjölda starfsmanna og brautskráningar.

Þó komu einnig fram sjónarmið um mikilvægi þess að líta til fleiri atriða en einungis tölulegra gagna, svo sem samfélagslegs hlutverks deilda, sérstöðu þeirra og virkni í kennslu og rannsóknum.

Þegar þetta er skrifað hefur nefndin fundað sex sinnum og til stendur að formaður nefndarinnar kynni vinnu hennar á fundi háskólaráðs í júní. Enn sem komið er hafa ekki verið sett fram föst viðmið af hálfu nefndarinnar um það hvenær deildir eru of litlar eða of stórar en nefndin kemur til með að halda vinnu sinni áfram í haust og skila háskólaráði drögum að niðurstöðu í framhaldinu.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Varaforseti SHÍ
2024–2025

21.8. Úrskurðarnefnd Stúdentagarða

Úrskurðarnefnd Stúdentagarða er skipuð þremur fulltrúum, einum frá Félagsstofnun stúdenta, einum frá SHÍ og einum frá Náms- og starfsráðgjöf HÍ.

21.8.1. Hlutverk nefndar

Nefndin sker úr öllum ágreiningsmálum sem upp koma varðandi umsóknir og úthlutanir og er niðurstaða nefndarinnar endanleg, skv. 12. gr. úthlutunarreglna Stúdentagarða.

21.8.2. Fundir nefndar

Nefndin fundaði 20 sinnum frá júní 2024 til maí 2025. Fulltrúi SHÍ mætti á alla fundina.

21.9. Ráð um málefni fatlaðs fólks

Fulltrúar Stúdentaráðs í ráði um málefni fatlaðs fólks voru Styrmir Hallsson og Margrét Lilja Arnheiðardóttir. Ráðið er skipað jafnréttisfulltrúa HÍ, einum fulltrúa frá Framkvæmda- og tæknisviði, einum fulltrúa frá Náms- og starfsráðgjöf Háskólans og einum fulltrúa með sérþekkingu á sviði fötlunarfræða tilnefndum sameiginlega af Félagi háskólakennara og Félagi prófessora.

21.9.1. Hlutverk

- að hafa yfrumsjón með málefnum fatlaðs fólks í Háskóla Íslands og nemenda með sértæka námsörðugleika, í umboði rektors og háskólaráðs;
- að gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra;
- að undirbúa og fylgja eftir áætlunum um framkvæmd á stefnu Háskólans í málefnum fatlaðra;
- að stuðla að samstarfi hinna ýmsu aðila sem að málaflokknum koma innan Háskóla Íslands, þar á meðal Náms- og starfsráðgjafar, jafnréttisnefndar, Framkvæmda- og tæknisviðs, kennslusviðs, deilda og fræðasviða;
- að veita umsagnir, sbr. 14. gr., álit, sbr. 15. gr., og ráðgjöf þegar aðilar innan skólans leita eftir því;
- að veita ráðgjöf við hönnun nýbygginga á vegum Háskóla Íslands og gera tillögur um úrbætur sé þess þörf. Einnig að fylgja eftir að aðgengi á háskólasvæðinu sé í samræmi við stefnu um málefni fatlaðra;
- að afla tölulegra upplýsinga og birta skýrslu um málaflokkinn á þriggja ára fresti;
- að hafa frumkvæði að fræðslu og umræðum um málefni fatlaðs fólks innan háskólasamfélagsins;

- að fylgjast með nýmælum og því hvernig málefnum fatlaðs fólks er háttað við háskóla og aðrar sambærilegar stofnanir heima og erlendis, og stuðla að því að málefni fatlaðs fólks séu sjálfsagður þáttur í starfi Háskólans.

Ráð um málefni fatlaðs fólks fundar að jafnaði einu sinni í mánuði.

21.9.2. Starfsárið 2024–2025

Á starfsárinu áttu sér stað sex fundir (121. fundur ráðsins–126. fundur ráðsins). Auk þess var samráðsfundur með jafnréttisnefnd og Framkvæmda- og tæknisviði og ráðs um málefni fatlaðs fólks og vettvangsferð í Sögu (sem var óaðgengileg hjólastólanotendum vegna framkvæmda sem enn áttu sér stað. Á meðal hápunkta starfsársins var vígsla ramps við aðalbyggingu HÍ í samstarfi við Römpum upp Ísland.

Á samráðsfundi jafnréttisnefndar, framkvæmda- og tæknisviðs og ráðs um málefni fatlaðs fólks var rætt um algilda hönnun í skólamannvirkjum, framkvæmdir á háskólasvæðinu og aðgerðir er snúa að aðgengismálum, og hvernig hægt væri að vinna að umhverfisvænna háskólasvæði.

Styrmir Hallsson hélt erindi á sviðsþingi Félagsvísindasviðs fyrir hönd ráðsins þar sem þema var jafnréttismál. Erindið fjallaði um áskoranir í aðgengismálum við Háskólann og leiðir til þess að eiga í skilvirkari samskiptum við Framkvæmda- og tæknisvið til þess að finna lausnir á vandamálum tengdum aðgengi í byggingum.

Á meðal verkefna sem unnið var að var umsögn ráðsins um sérstök aðgengismál nema við HÍ, endurskoðun á reglum um sértæk námsúrræði við HÍ, þátttaka á jafnréttisdögum í samstarfi með Tabú (feminísk fötlunarhreyfing sem beinir sjónum sínum að margþættri mismunun gagnvart fötluðu fólki), unnið að aðgengislýsingu á Sögu, aðstoð við uppsetningu á gátlista um jafnrétti í kennslu, þrýst á FS að bæta aðgengi á stúdentagörðum, unnið að bættum brunavörnum fyrir fatlað fólk í Háskólanum

Í samráði við jafnréttisfulltrúa HÍ var unnið að aðgengismálum innan Háskólans líkt og sjálfstýrðum aðgangshurðum í Öskju, Háskólatorgi, Árnagarði og handriðum við inngang í Odda. Umræða um mikilvægi aðgengisfulltrúa átti sér stað og mögulegt hlutverk aðgengisfulltrúa við Háskólann var mótað.

*Margrét Lilja Arnheiðardóttir og
Styrmir Hallsson
Fulltrúar stúdenta*

21.10. Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands

Fulltrúi SHÍ í jafnréttisnefnd Háskóla Íslands á starfsárinu var Valgerður Laufey Guðmundsdóttir hagsmunafulltrúi. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar jafnréttisnefnda fræðasviða, jafnréttisnefndar sameiginlegrar stjórnsýslu, einn fulltrúi stúdenta tilnefndur af Stúdentaráði og formaður sem rektor skipar. Jafnréttisfulltrúar sitja jafnframt fundi nefndarinnar.

21.10.1. Starfssvið

Starfssvið nefndarinnar nær til jafnréttismála í víðum skilningi, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, og ber henni að hafa gildandi lög um jafna stöðu kvenna og karla að leiðarljósi.

21.11. Kennslumálanefnd háskólaráðs

Í kennslumálanefnd háskólaráðs hafa nokkur stór mál hafa verið í forgrunni á skólaárinu. Gervigreind var mikið í umræðunni meðal nefndarinnar, rætt var um möguleg úrræði og breytingar sem þyrfti að gera innan skólans og nemendafulltrúi beitti sér fyrir því að auka fræðslu um notkun gervigreindar frekar en að ýta á bremsurnar. Farið var yfir hvernig Háskólinn getur best tekið á móti nýnemum og farið var yfir hvort skólinn ætti að ráðast í stærri og betri nýnemadaga heldur en það sem er boðið er upp í dag. Þetta verður skoðað betur með komandi skólaári. Stefnt er á allsherjar yfirhalningu á uppsetningu kennslukönnunar í sumar. Afar mikilvægt er að fulltrúar nemenda verði hafðir með í ráðum í þeirri vinnu til þess að tryggja að hún skili tilætluðum árangri og nýtist nemendum jafnt sem kennurum og starfsmönnum skólans. Mikill vilji er meðal kennslumálanefndar til að hafa nemendafulltrúa og nemendaráð inn í þessu ferli. Talað var um að eiga aukið samráð við skrifstofu SHÍ og boða nemendafélög inn í samtalið líka.

Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir
Fulltrúi stúdenta

22.12. Háskólaráð

Nýtt háskólaráð tók til starfa á ágústfundi og var stutt í fyrsta alvöru mál okkar. Það kom tillaga á borð ráðsins um að leggja niður nám í tæknifræði og megartróník og fór ég ásamt Viktori Pétri Finnssyni á fund nemendafélags stúdenta í viðkomandi námi. Við fengum þar sjónarhorn þeirra á málið sem var mikilvægt fyrir fundinn. Að lokum náðum við ekki að hafa áhrif á aðra ráðsmeðlimi og fór því miður þannig að tæknifræðin var lögð niður. Einnig hefur gjaldskylda á bílastæðum við byggingar Háskólans verið mikið til umræðu. Þar hef ég gagnrýnt harðlega hve lengi það tekur að vinna þetta mál. Öll eru orðin langþreytt á endalausum frestunum og er það verst fyrir hagsmunabarráttu stúdenta að hafa engar formlegar tillögur til að gagnrýna heldur óljósar hugmyndir eins og raunin er núna. Á aprílfundi ráðsins samþykkti tilvonandi rektor að hafa sem sitt fyrsta barráttumál bæta aðgengi fyrir fatlaða stúdenta. Þetta mál hefur einnig verið til umræðu á vettvangi SHÍ og sýnir glögglega hversu mikilvægt er að hagsmunabarráttu stúdenta sé samstígt. Hitt málið er svo að á maífundum ráðsins, sem er næstseinasti fundurinn fyrir sumarleyfi, mun ég koma fram með gagnrýni á að til standi að leggja niður starfstengt diplómanám, a.m.k. tímabundið. Þetta nám hefur skipt sköpum fyrir þau ungmenni sem hafa getað tekið það og hefur stuðlað að sjálfstæði þeirra í samfélaginu. Að lokum lagði ég fram harðorða bókun á háskólaráðsfundi í maí gegn áformum Háskólans um hækka skrásetningargjöld. Það mál verður til umræðu á næsta skólavetri og þurfum við að vera á verði.

Andri Már Tómasson
Fulltrúi stúdenta (Röskva)
2024–2025

Undanfarið ár hefur verið viðburðaríkt í háskólaráði. Við sem sitjum þar af hálfu stúdenta höfum látið til okkar taka og staðið vaktina, komið með mál á borð ráðsins og opnað á umræðu um hin ýmsu mál sem við vonumst til að verði sett á oddinn og að þið stúdentar fáið að upplifa raunverulegar breytingar á.

Sjálfur hef ég lagt mikið kapp á að tala fyrir endurtektar- og sjúkraprófum í öllum deildum og lagði fram bókun þess efnis á fundi í apríl sem Andri Már Tómasson stóð með mér að. Ég hef viðrað hugmyndir utan fundarliða eins og að fjölga fánadögum

við HÍ og að Grillið í Sögu skuli verða að stúdentalofti sem, líkt og kjallarinn, skuli vera samkomustaður stúdenta. Háskólaráð er mikilvægur vettvangur fyrir stúdenta og tilvalinn til þess að setja málefni stúdenta á dagskrá eins og ég gerði á aprílfundinum með endurskoðun á kennslu og námsmati í sálfræði og hjúkrunarfræði. Þegar við setjum mál á dagskrá fara hjólin að snúast og nú er ég í þeirri vinnu að hitta sem flesta deildarforseta til að geta talað við þá um áskoranir nemenda og leitað lausna.

Ég hef ítrekað talað fyrir því að ekki skuli sett gjöld á bílastæði, skrásetningargjöld ekki hækkuð og að álögur skuli lækkaðar á stúdenta. Ég hef talað fyrir auknu fjarnámi og hagsmunum landsbyggðarinnar svosem með því að halda inntökupróf í læknisfræði utan Reykjavíkur. Ég er stoltur af því hve mikill fjöldi nemenda hefur samband varðandi hin ýmsu mál og hlakka til að halda áfram að gæta hagsmuna allra. Get ég stoltur sagt að þegar nemendur tæknifræðinnar komu á máli við okkur í háskólaráði gerði ég allt sem ég gat til þess að berjast fyrir þeim og var að lokum sá eini sem kaus gegn því að leggja niður deildina.

Ég er líka sáttur með samstöðu fylkinganna innan háskólaráðs en báðir höfum við borið upp bókanir og boðið hvor öðrum að taka þátt, þar sem hagsmunir stúdenta eru samþættir sama úr hvaða fylkingu hagsmunabaráttan kemur. Vil ég því nýta tækifærið og þakka Andra fyrir gott samstarf á liðnu ári og hrósa honum fyrir góð störf, sérstaklega þegar kemur að aðgengismálum og starfstengdu diplómanámi. Sömuleiðis vil ég þakka Jóni Atla rektor fyrir hans starf í þágu HÍ og fyrir samstarfið undanfarið ár.

Viktor Pétur Finnsson
Fulltrúi stúdenta (Vaka)
2024–2025

22. Stúdentasjóður

Sjúður er sjálfstæður styrktar-sjóður stúdenta við HÍ. Tilgangur sjóðsins er að styðja við félagslíf og menningarlíf stúdenta og efla það. Þar sem um er að ræða miklar trúnaðarupplýsingar undirrita stjórnarmenn trúnaðaryfirlýsingu ásamt því að setja verklagsreglur um hvernig úthlutunum skuli háttað. Ákveðið var á fyrsta fundi stjórnar að leggja meiri metnað í stuðning við nemendafélög skólans og efla félagslíf. Ekki fengust upplýsingar frá fyrri stjórn um hvernig styrkveitingum hafi verið háttað áður. Sjóðurinn samanstendur af styrktarfé frá Háskóla Íslands sem samkvæmt reglugerð

skal vera árleg greiðsla á reikning sjóðsins sem verið hafði nær vaxtalaus reikningur undir fyrri stjórn sem þýðir að sjóðnum hefur orðið af milljónum í vaxtatekjur undanfarin ár. Eitt fyrsta verk var því að stofna nýjan reikning á hærri vöxtum til að ávaxta bankainnistæðuna. Úthlutanir sjóðsins voru alls fjórar á árinu þar sem auglýst var eftir umsóknum í pósti til nemenda og á heimasíðu stúdentaráðs. Engin vafamál komu upp á árinu og ánægja með úthlutanir var mikil. Á samráðsfundi með nemendafélögum var nýju fyrirkomulagi fagnað og stjórn þakkað fyrir veitta styrki.

22.1. Um störf stúdentasjóðs

22.1. Stjórn Stúdentasjóðs 2024-2025

- | | |
|-------------------------|-----------------------------|
| ▪ Viktor Pétur Finnsson | ▪ Fannar Gíslason |
| forseti | ▪ Gunnar Freyr Þórarinnsson |
| ▪ Tinna Eyvindardóttir | ▪ Ólöf Soffía Eðvarðsdóttir |
| varaforseti | ▪ Sæþór Már Hinriksson |
| ▪ Anna Sóley Jónsdóttir | |

22.2. Tímasetningar á úthlutunum 2024-2025

1. *úthlutun:* 21. október–3. nóvember 2024
2. *úthlutun:* 10. desember–27. desember 2024
3. *úthlutun:* 4. mars–18. mars 2025
4. *úthlutun:* 4. maí–28. maí 2025

22.3. Fjöldi umsókna

1. *úthlutun:* 87 umsóknir (47 samþykktar, 40 hafnað)
2. *úthlutun:* 56 umsóknir (18 samþykktar, 38 hafnað)
3. *úthlutun:* 84 umsóknir (46 samþykktar, 38 hafnað)
4. *úthlutun:* ekki komið í ljós er ársskýrsla var unnin

22.4. Starfsemi stúdentasjóðs

Eins og fyrri ár var sendur út póstur á alla skráða nemendur HÍ við upphaf úthlutunartímabila með umsóknareyðublaði ásamt lögum og verklagsreglum

sjóðsins. Pósturinn var alltaf sendur tveimur vikum áður en umsóknarfrestur rann út. Umsóknareyðublað var rafrænt og mælt var til þess að umsækjendur skiluðu gögnum í ólæstum Google Drive möppum og/eða Dropbox.

Í upphafi starfsárs skrifuðu stjórnarmeðlimir undir trúnaðaryfirlýsingu sem forseti útbjó, en unnið er með mikið magn trúnaðargagna við hverja úthlutun fyrir sig. Öllum gögnum var síðan eytt að úrvinnslu lokinni. Stjórn kom saman í lok hverrar úthlutunar og fór yfir umsóknir sem höfðu borist. Ef ágreiningsmál komu upp greiddi stjórn atkvæði um hvort samþykkja skyldi eða hafna umsókn. Forseti sendi síðan út pósta á alla umsækjendur, með upplýsingum um hvort umsókn viðkomandi hafi verið samþykkt eða hafnað, og loks sendi forseti skjal á framkvæmdastjóra SHÍ með reikningsupplýsingum þeirra sem fengu umsókn sína samþykkt og sá hann um að útdeila styrkjum. Gott samtal var á milli sjóðsstjórnar og skrifstofu SHÍ.

23. Viðaukar

Viðhengi 1: viðburðir og dagskrá í aðdraganda Októberfest

Viðburðir í aðdraganda hátíðarinnar voru þessir.

12. ágúst mánudagur	13. ágúst þriðjudagur	14. ágúst miðvikudagur	15. ágúst fimmtudagur	16. ágúst föstudagur	17. ágúst laugardagur	18. ágúst sunnudagur
		Gjafaleikur x BBP	Artist announce- ment 2			
19. ágúst mánudagur	20. ágúst þriðjudagur	21. ágúst miðvikudagur	22. ágúst fimmtudagur	23. ágúst föstudagur	24. ágúst laugardagur	25. ágúst sunnudagur
Orientation days	Orientation days	Orientation days	Orientation days	Orientation days		Food Pot- luck ESN
Welcome reception	Guided tour around campus	Guided tour around campus	Guided tour around campus	Karaoke SK		
Speed friending ESN	Mentor Mingle	Icelandic in 90-minutes	Welcome Reception			
		Swimming pool trip	Pub Crawl			
26. ágúst mánudagur	27. ágúst þriðjudagur	28. ágúst miðvikudagur	29. ágúst fimmtudagur	30. ágúst föstudagur	31. ágúst laugardagur	1. sept. sunnudagur
		Miðasala HT				
SHÍ bás HT			Miðasala HR			
			Artist HT	Bæjarins bestu?		
			Red Bull air drop utan HT	Powerade Fótboltamór		
2. sept. mánudagur	3. sept. þriðjudagur	4. sept. miðvikudagur	5. sept. fimmtudagur	6. sept. föstudagur	7. sept. laugardagur	8. sept. sunnudagur
	Miðasala HT		Októberfest			
	Miðasala HR		DJ HT	HÍ-HR dagurinn		
DJ HT?	Artisti í bókasölu	Red Bull stemning HT lukkuhjól	Eitthvað í hádeginu			
gefa drykki?		Smitten laugin	Eitthvað pre- Októberfest Coke			

Viðhengi 2: leiðrétting á kynslóðahalla milli MSN og LÍN

Menningar-, nýsköpunar- og
háskólaráðuneytið

Reykjastræti 8

101 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2025

Efni: leiðrétting á kynslóðahalla milli MSN og LÍN

Landssamtök íslenskra stúdenta, Stúdentaráð Háskóla Íslands, Samband íslenskra námsmanna erlendis, BHM og Viska – stéttarfélag (hér eftir „samtökin“) hafa ítrekað lýst yfir áhyggjum af þeim *kynslóðahalla sem myndast hefur milli greiðenda innan MSN-kerfisins og LÍN-kerfisins*. Eitt skref í átt að því að vinna gegn þeim halla er tekið í þeim breytingum á fyrirkomulagi námsstyrkja sem nú liggja fyrir þinginu. Þó frumvarpið nái fram að ganga mun kynslóðahallinn eftir sem áður vera töluverður og mismikill eftir námsframvindu. Í eftirfarandi minnisblaði er fjallað um kynslóðahallann og velt upp mögulegum lausnum á vandanum. *Minnisblaðið er ekki til útgáfu opinberlega og er hugsað sem inntak í samráð aðila um heildarendurskoðun námslánakerfisins*

Um kynslóðahallann milli MSN og LÍN

Á meðan eldri kynslóðir njóta vaxtaleysis eða 0,4% fastra raunvaxta af námslánum sínum skv. skilmálum LÍN verður framtíðarkynslóðum gert að greiða allt að 4% raunvexti á endurgreiðslutíma námslána og bera töluverða vaxtaáhættu skv. skilmálum MSN. Auk þess bera greiðendur í MSN kerfinu alla áhættu vegna affalla sjóðsins með vaxtaálagi. Til að vega upp á móti áhrifum vaxtamunar milli námslána mismunandi kynslóða geta lántakar þó unnið sér inn 30% niðurfellingu höfuðstóls í MSN-kerfinu háð námsframvindu skv. núverandi lögum. Þessi niðurfelling er þó háð nokkuð þröngum skilyrðum og raunin sú að aðeins 56% lántaka hafa hlotið námsstyrk frá gildistöku laganna 2020. Hætt er við að þetta fyrirkomulag námsstyrkja nýtist ekki þeim sem þurfa mest á stuðningi að halda. *Í nýju kerfi felst grundvallarbreyting frá LÍN-kerfinu, þar sem ígildi námsstyrks fólst í verulegri vaxtaniðurgreiðslu á endurgreiðslutíma, til allra lántaka, ekki sumra*. Sjá töflu

Tafla 1. Raunvextir mismunandi lána og líklegur aldur greiðenda.

Veitt	Raunvextir	Niðurfelling	Vaxtaáhætta	Líklegur aldur greiðenda í dag
2020-	Allt að 4% raunvextir	30% fyrir sum	Töluverð	30-40 ára
1992-2020	Fast 0,4%	0%	Engin	30-68 ára
1982-1992	Fast 0%	0%	Engin	58 ára og eldri

Samtökin hafa bent á að 30% niðurfelling á höfuðstól, sem aðeins sum hljóta, dugar ekki til að jafna virði vaxtamunar og áhættumisvægis milli MSN og LÍN. Hversu mikið fólk mun greiða á núvirði yfir starfsævina í MSN-kerfinu, umfram LÍN, er þó háð mikilli óvissu tengt raunvaxtastigi og námsframvindu framtíðargreiðenda í MSN kerfinu. Hægt er að áætla mun milli kerfanna gróflega þegar kemur að samanlögðum heildargreiðslum yfir starfsævina, að gefnu meðalraunvaxtastigi fyrir verðtryggt lán.

Sé gert ráð fyrir meðalraunvaxtastigi á bilinu 3-4% á endurgreiðslutíma verðtryggðs láns¹ má áætla að *heildargreiðsla af námsláni verði allt að u.p.b. 60% hærri skv. skilmálum H-lána en G- og R-lána*, hljóti fólk ekki niðurfellingu við námslok, en *allt að 70% hærri af H-lánum en S-lánum*, hljóti fólk ekki niðurfellingu við námslok. Samsvarandi tölur eru *allt að 12% og allt að 19% fái fólk fulla niðurfellingu á höfuðstól við námslok*. Sjá töflu.

Tafla 2. Hversu mikið meira munu námsmenn greiða af MSN- lánum, miðað við LÍN?*


Meðalraun- vextir	Miðað við G og R-lán		Miðað við S-lán	
H-lán	Engin niðurfelling	30% niðurfelling	Engin niðurfelling	30% niðurfelling
3,00%	42%	0%	51%	6%
3,20%	46%	2%	55%	8%
3,40%	50%	5%	59%	11%
3,60%	53%	7%	63%	14%
3,80%	57%	9%	67%	17%
4,00%	61%	12%	70%	19%

¹Meðaltal lægstu raunvaxta hjá bönkum voru 3,98% á tímabilinu 2003 til dagsins í dag. Raunvextir hafa þó sveiflast verulega á tímabilinu. 3-4% raunvextir eru hér notaðir í dæmaskyn.

*Samanburður verðtryggðra lána og heildargreiðslna yfir starfsævina. Athugum að taflan gefur hugmynd um bil kynslóðahallans og er háð þó nokkurri óvissu.

Þá má nefna að *efnabagsleg staða ungs fólks í dag er allt önnur en staða foreldra þeirra var á sama aldri fyrir tuttugu árum síðan*. Hvergi er þetta sýnilegra en á húsnæðismarkaðnum. 80 fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar nú nær 10falt á við ráðstöfunartekjur ungs fólks samanborið við rúmlega 6falt á árinu 2009.

Graf 1. Verð 80 fm íbúðar á höfuðborgarsvæði í hlutfalli við ráðstöfunartekjur ungs fólks



Heimild: Hagstofa.is, Fasteignaskrá og útreikningar Visku.

Ýmsar leiðir að því að leiðrétta kynslóðahallann

Nái fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi niðurfellingar fram að ganga má ætla að flestir lántakar muni hljóta námsstyrk framvegis í MSN kerfinu. Breytingarnar vinna þó fyrst og fremst að *hluta gegn kynslóðahallanum hjá þeim sem ekki hlutu námsstyrk* skv. skilmálum núverandi laga en enn á eftir að taka til umræðu aðgerðir til að eyða þeim halla að fullu. *Þá hefur ekkert verið gert til að eyða kynslóðahalla hjá þeim ljúka námi með útskrift og á réttum tíma. Í raun eykst hann lítillaga samhlíða breytingum í nýju frumvarpi.*

Í ljósi ofangreinds og vilja stjórnvalda til að standa með ungu fólki telja undirrituð mikilvægt að stjórnvöld skoði hvaða leiðir eru færar til að eyða þessum halla milli kynslóða. Hér eru ýmsar leiðir færar og *kalla samtökin eftir nánari greiningu á hverri þeirra:*

1. *Að færa MSN alfarið aftur í LÍN-fyrirkomulagið:* Allir munu þá greiða 0,4% fasta raunvexti af námslánum til framtíðar, bera enga vaxtaáhættu en ekki hljóta námsstyrk. Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru augljósir; fullkomið samræmi næst milli MSN kerfisins og LÍN kerfisins sem einfalda mun heildarendurskoðun

kerfisins í framhaldi. Þessi aðgerð færir áhættu sjóðsins af greiðendum á herðar ríkissjóðs. Helsti ókostur þessarar aðgerðar er jákvæð ímynd námsstyrkja og auðskiljanlegt fyrirkomulag beins námsstuðnings. Samtökin hafa þó bent á að upptaka námsstyrkja hefur ekki haft þau hvataáhrif sem ætlað var.

2. *Blandað kerfi vaxtaniðurgreiðslu og námsstyrkja:* Þar með yrði námsstyrknum haldið framvegis en vaxtaþakið lækkað með það að markmiði að jafnstilla núvirði lána samkvæmt skilmálum LÍN kerfisins og MSN kerfisins. Helstu kostir blandaðs fyrirkomulags er að áfram verður námsstyrkur að hluta veittur með beinum styrkjum í formi niðurfellingar, á sama tíma og veittur er óbeinn námsstyrkur í formi vaxtaniðurgreiðslna miðað við núverandi kerfi, sem veitir einnig vörn fyrir óstöðugu efnahagsumhverfi Íslands.
3. *Hærri námsstyrkir:* Upptaka styrkjafyrirkomulags frá Noregi gæti svo til eytt kynslóðahallanum. Er þar átt við 25% niðurfellingu á höfuðstól eftir hverja önn og 15% niðurfellingu við námslok, auk þess sem fallið verði frá tímamörkum á námslokum. Hér ber þó að nefna að líklega þyrfti upphæð niðurfellingar að jafngilda 40% af upphæð námslána yfir námstímann til að eyða kynslóðahallanum að fullu. Samtökin ítreka þá kröfu að fallið verði frá tímatakörkum námsloka til að hljóta niðurfellingu. Það væri liður í að tryggja sveigjanleika til þess að koma til móts við fjölbreyttar aðstæður stúdenta.


Að lokum vilja samtökin benda á að taka þarf aðra þætti kerfisins til skoðunar í samtali aðila en hér hafa verið nefndir. Nauðsynlegt er t.a.m. að fara strax af stað í endurskoðun á úthlutunarreglum sjóðsins. Tryggja verður úthlutanir taki raunverulegt tillit til mismunandi aðstæðna stúdenta, t.a.m. með auknum sveigjanleika undanþágureglna auk þess að hækka framfærslu námsmanna þannig að hún taki mið af raunverulegum framfærslu- og húsnæðiskostnaði. Samkvæmt núverandi reglum sjóðsins eru ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris í leiguhúsnæði nær þriðjungur undir framfærsluviðmiði Umboðsmanns skuldara. Þessi staðreynd dregur skýrt fram að kynslóðahallinn birtist ekki eingöngu á endurgreiðslutíma heldur líka námstíma.

Taka þarf þá til skoðunar kosti og galla annarra þátta innan núverandi lagaumgjörðar. Þar ber t.a.m. að nefna heimild ráðherra til að ákveða sérstaka tímabundna ívilnun við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina. Til að mynda í þeim tilfellum að skortur sé fyrirsjáanlegur í tilteknum starfstéttum. *Samtökin vilja þó taka skýrt fram að tímabundnar ívilnanir geta aldrei komið í stað varanlegra og breiðvirkra aðgerða til að vinna gegn innbyggðum kynslóðahalla í kerfinu.*

Í ljósi ofangreinds óska samtökin eftir frekara samtali við stjórnvöld um þær leiðir sem

færar eru til að vinna á kynslóðahallanum. Kalla þarf eftir útreikningi og tillögum frá sérfræðingum sjóðsins byggt á þeim hugmyndum sem hér hafa verið nefndar. Nauðsynlegt er að vinna fari fram í samvinnu við hagaðila frá upphafi.

Fyrir hönd LÍS, SHÍ, SÍNE, BHM og Visku

A handwritten signature in cursive script, reading "Lisa Margrét Gunnarsdóttir", written over a horizontal line.

Forseti Landssambands íslenskra stúdenta

Viðhengi 3: umsögn Visku og SHÍ um drög að frumvarpi til laga á breytingu á lögum um MSNM

Háskóla- iðnaðar og
nýsköpunarráðuneytið,

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík, 10. mars 2025


Efni: Umsögn Visku og Stúdentaráð Háskóla Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um menntasjóð námsmanna

Viska – stéttarfélag og Stúdentaráð Háskóla Íslands (hér eftir „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um menntasjóð námsmanna. Athugasemdir samtakanna lúta annars vegar að *innbyggðum kynslóðaöjöfnuði* í kerfinu og hins vegar að annmörkum og vannýttum tækifærum í umgjörð námslána á Íslandi.

Hækkum niðurfellingu í 40% til að jafna stöðu kynslóðanna

Samtökin fagna því að breyta eigi fyrirkomulagi niðurfellingar í frumvarpsdrögunum (20% í lok hverrar námsannar og 10% við námslok) en telja að breytingarnar gangi of skammt. Hækka ætti niðurfellingu í lok námsannar í 25% og í 15% við námslok, í samræmi við kerfið í Noregi. Með því yrði staða ungs fólks á við eldri kynslóðir jöfnuð m.t.t. greiðslna af námslánunum yfir starfsævina. Sjá skýringu að neðan og mynd. Núverandi kynslóð námsmanna greiðir tífalt hærri raunvexti af námslánunum en foreldrar þeirra, eða um 4% miðað við 0,4% hjá þeim sem tóku lán á árunum 1992-2020. Á móti fá námsmenn 30% niðurfellingu á höfuðstól ef námi er lokið á réttum tíma. Þessi niðurfelling nægir ekki til að vega upp á móti hærri vaxtagreiðslum yfir endurgreiðslutímamann, samanborið við gamla kerfið. Þau sem ekki ljúka námi á réttum tíma munu greiða um 60% meira af námslánunum yfir starfsævina en foreldrar þeirra greiða skv. skilmálum gamla kerfisins. Með 30% niðurfellingu lækkar þessi munur í 13%. Ef niðurfelling höfuðstóls yrði færð nær 40%, í samræmi við norska kerfið, er staða kynslóðanna alfarið jöfnuð hvað varðar endurgreiðslu námslána. En eingöngu hjá þeim sem ljúka námi á réttum tíma. Sjá mynd að neðan.


Munur á endurgreiðslum námslána, nýja kerfið samanborið við gamla kerfið.
Eftir því hversu mikil niðurfelling fæst í nýja kerfinu*



Heimild: Menntasjodur.is og útreikningar Visku. *Miðað er við núverandi raunvaxtastig á námslánum fyrir H-lán og 0,4% raunvexti fyrir eldri lán, samanburðurinn miðar við verðtryggð lán í öllum tilfellum. Gert er ráð fyrir 3% verðbólgu á endurgreiðslutíma.

Að mati samtakanna ætti að skoða kosti og galla þess að færa í kerfið í átt að blöndu námsstyrkja og vaxtaniðurgreiðslu til lengri tíma. Óásættanlegt er að núverandi kynslóð námsmanna beri meiri byrðar af námslánum en foreldrar þeirra og sérstaklega þau sem ekki klára nám á réttum tíma. Hér ber að hafa í huga að efnahagsleg staða ungs fólks í dag er allt önnur en staða foreldra þeirra var á sama aldri fyrir tuttugu árum síðan. Hvergi er þetta sýnilegra en á húsnæðismarkaði. Kaupmáttur ungs fólks á aldrinum 25-34 ára gagnvart húsnæði á höfuðborgarsvæðinu hefur minnkað um nær 40% síðustu 15 ár. 80 fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu kostar nú nær 10falt á við ráðstöfunartekjur ungs fólks samanborið við rúmlega 6falt á árinu 2009.


Verð 80 fm íbúðar á höfuðborgarsvæði í hlutfalli við ráðstöfunartekjur ungs fólks (25-34 ára)



Heimild: Hagstofa.is, husaskjol.is og útreikningar Visku.

Þriggja ára meðaltal vaxta ekki endilega besta sveiflujöfnunin

Samtökin fagna því horft sé til þess að minnka áhættu námsmanna gagnvart vaxtabreytingum. Hins vegar benda samtökin á að þessi sveiflujöfnun er ekki æskileg í öllum tilfellum. Sé horft til hlutfallslegs munar í mánaðarvöxtum Seðlabankans og þriggja ára hlaupandi meðaltals stýrivaxta allt frá árinu 2011 kemur í ljós að þriggja ára meðaltalið hefði verið íþyngjandi fyrir námsmenn í nær 60% tilfella. Sjá mynd að neðan sem sýnir hlutfallslegan mun í breytilegum vöxtum á mánaðargrundvelli og þriggja ára hlaupandi meðaltals.



Heimild: Seðlabankinn og útreikningar Visku.

Stjórnvöld þurfa að velta því fyrir sér hvort þriggja ára meðaltal sé besta leiðin til að draga úr áhrifum hagsveiflna á endurgreiðslubyrði námslana. Nær væri að lækka vaxtaþakið og/eða hverfa til vaxtaniðurgreiðslna að hluta líkt og í gamla kerfinu.

Fjölmarginir annmarkar og vannýtt tækifæri

Samtökin gera einnig athugasemdir við framfærsluviðmið menntasjóðsins og vannýtt tækifæri í lagaumgjörðinni. Nauðsynlegt er að hækka framfærslu námsmanna þannig að hún taki mið af opinberum framfærsluviðmiðum og raunverulegum húsnæðiskostnaði.

Samkvæmt núverandi reglum sjóðsins verða ráðstöfunartekjur einstæðs foreldris í leiguhúsnæði um 329.000 krónur á mánuði, að því gefnu að viðkomandi fái húsnæðisbætur og vinni ekki með námi. Þessi upphæð er langt undir opinberum framfærsluviðmiðum, að teknu tilliti til líklegs leiguverðs á Stúdentagörðum. Samkvæmt opinberum framfærsluviðmiðum þyrfti viðkomandi 483.000 krónur á mánuði í ráðstöfunartekjur – nær helmingi meir en það sem menntasjóðurinn gerir ráð fyrir. Þessi mikli munur bendir til þess að brýn þörf sé á endurskoðun framfærslu í reglum menntasjóðsins til

að tryggja raunhæfan stuðning við námsmenn. Sjá
samanburðartöflu að neðan.

Tafla 1. Reiknuð framfærsla einstæðs foreldris miðað við lánareglur 2024-2025.

Grunnframfærsla	122
Framfærsla vegna húsnæðis	118
Framfærsla barna	38
Samanlögð framfærsla	278
Húsnæðisbætur	51
Ráðstöfunartekjur vegna námslána	329

Tafla 2. Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara fyrir einstætt foreldri.

Matur, hreinlætisvörur og heimilisbúnaður	99	47%
Föt og skór	11	
Læknis- og lyfjakostnaður	15	
Tómstundir	40	
Samskiptakostnaður	21	
Samgöngur	74	
Önnur þjónusta fyrir heimili	23	
Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara án húsnæðis og annarra útgjalda	283	
Leiguverð á stúdentagörðum + önnur útgjöld	200	
Samtals framfærsluviðmið	483	

Að lokum vilja samtökin benda á að innan lagaumgjörðar námslána á Íslandi eru veruleg vannýtt tækifæri. Sérstaklega ber að nefna heimild ráðherra til að veita tímabundnar ívilnanir við endurgreiðslu námslána vegna tiltekinna námsgreina þar sem skortur er á fagfólki. Samkvæmt gildandi reglum er hægt að beita slíkum ívilnunum ef fyrir liggja upplýsingar um viðvarandi eða fyrirsjáanlegan skort í starfsstétt, ásamt rökstuddri skýrslu stjórnvalda í samráði við hlutaðeigandi atvinnurekendur.

Samtökin telja eðlilegt að stjórnvöld nýti þessa heimild í ríkari mæli, sérstaklega þegar um er að ræða starfsstéttir sem telja má þjóðhagslega mikilvægar. Einnig mætti skoða hvernig ívilnanir við endurgreiðslu námslána gætu nýst til að styrkja byggðir þar sem skortur er á menntuðu starfsfólki, enda heimila lögin slíkar aðgerðir í samráði við Bygðastofnun og viðkomandi sveitarfélög. Með því að nýta þessar úrræði betur gætu stjórnvöld bæði stutt við nauðsynlegar starfsstéttir og stuðlað að fjölbreyttari búsetu um landið.

Virðingarfyllt,
Vilhjálmur Hilmarsson
Hagfræðingur Visku

Arent Orri J. Claessen
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

25. Lög Stúdentaráðs

Lög Stúdentaráðs

I. Kafi – Nafn og hlutverk 2

II. Kafi – Almenn ákvæði 2

III. Kafi – Stúdentaráð 5

IV. Kafi – Sviðsráð 8

V. Kafi – Nefndir 9

VI. Kafi – Stjórn Stúdentaráðs 11

VII. Kafi – Skrifstofa Stúdentaráðs og útgáfa 12

VIII. Kafi – Almennur Stúdentafundur 13

IX. Kafi – Kosningar og kjörstjórn 14

X. Kafi – Hagsmunaskrá Stúdentaráðs 18

XI. Kafi – Gildistaka og breytingar á lögum, bráðabirgðaákvæði 19

I. Kafi – Nafn og hlutverk

1. Grein – Nafn Stúdentaráðs

a. Við Háskóla Íslands skal starfa Stúdentaráð, sem nefnist fullu nafni: Stúdentaráð

Háskóla Íslands (e. The Student Council of the University of Iceland), hér eftir SHÍ.

Heimili þess er skrifstofa Stúdentaráðs á Háskólatorgi við Sæmundargötu. Varnarþing þess er í Reykjavík.

2. Grein – Tilgangur Stúdentaráðs

a. SHÍ er hagsmuna- og réttindasamtök stúdenta við Háskóla Íslands og æðsti fulltrúi

þeirra innan Háskólans og utan. Ráðið stendur vörð um hvers kyns hagsmuni stúdenta við Háskóla Íslands, svo sem menningarlega, félagslega og fjárhagslega hagsmuni.

Hlutverk SHÍ er m.a. að koma fram fyrir hönd stúdenta við Háskóla Íslands gagnvart opinberum aðilum í hverskyns hagsmunamálum svo sem varðandi löggjöf, framkvæmd hennar og í dómsmálum er snerta rétt þeirra.

b. Stúdentaráð skal vera þeim félögum stúdenta við Háskóla Íslands, sem annast félagslíf og hagsmunamál, til aðstoðar ef þurfa þykir. Ráðinu ber að vinna að því að félögin þjóni hlutverki sínu.

c. SHÍ stundar ekki atvinnustarfsemi í hagnaðarskyni.

3. Grein – Aðild Stúdentaráðs að öðrum samtökum

a. Ráðinu er heimilt að taka þátt í störfum annarra samtaka samkvæmt samþykkt hverju sinni. Ákvörðun um skipulagsbundna aðild að öðrum samtökum lýtur sömu reglum og lagabreytingar.

4. Grein – Starfstími Stúdentaráðs

a. Starfstími Stúdentaráðs miðast við skiptafund ár hvert, sem skal haldinn á næstu tveimur vikum eftir hefðbundin vormisserispróf. Ársreikningur ráðsins miðast við 1. júní og skal vera yfirfarinn af skoðunarmanni.

II. Kafi – Almenn ákvæði

5. Grein – Stjórnskipan Stúdentaráðs

a. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands skulu fulltrúar hvers fræðasviðs taka sér sæti og gæta hagsmuna allra nemenda við skólann. Einn fulltrúi frá hverju fræðasviði skal taka sér sæti sem forseti viðkomandi sviðsráðs og fara fyrir því skv. 18. gr. laganna

b. Forseti Stúdentaráðs, í forföllum hans varaforseti, skal vera málsvári ráðsins út á við

og gagnvart yfirstjórn Háskólans, eftir því sem við á. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á að kynna ársskýrslu nýlokens starfsárs SHÍ á skiptafundi ráðsins.

c. Stúdentaráð getur ályktað um tiltekið málefni og tekur Stúdentaráðsfundur

fullnaðarákvörðun í öllum málum sem heyra undir sviðsráð, fastanefndir, starfshópa, stjórn, skrifstofu, starfsfólk og fulltrúa ráðsins.

d. Stúdentaráð setur verklagsreglur um ályktanir ráðsins, m.a. um möguleika á rafrænni afgreiðslu þeirra.

e. Stúdentaráð getur lýst yfir vantrausti á alla fulltrúa sem ráðið hefur kosið til að gegna embætti.

f. Stúdentaráðsliði getur lýst yfir vantrausti á annan Stúdentaráðsliða. Stúdentaráð skal greiða atkvæði og sé tillagan samþykkt skal boða til almenns stúdentafundar. Fari fram atkvæðagreiðsla á stúdentafundinum þarf 2/3 atkvæða fundarmanna til að víkja Stúdentaráðsliða úr embætti, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands hið minnsta tekið þátt í atkvæðagreiðslunni.

g. Stúdentaráð getur falið nefndum og einstaklingum sérstök verkefni með samþykki hverju sinni. Ráðinu er einnig heimilt að stofna starfshópa í kringum ákveðin og afmörkuð verkefni. Viðkomandi einstaklingar skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs þegar verkefninu er lokið. Feli verkefnið hvers konar kostnaðar á vegum Stúdentaráðs skal skýrslan vera ítarleg og skulu fylgja með bókhaldsupplýsingar.

6. Grein – Skipun helstu embætta

a. Forseti Stúdentaráðs boðar nýkjörið ráð til kjörfundar eigi síðar en sex vikum eftir kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs.

b. Kjörfundinn skal boða með tryggilegum hætti meðal stúdenta Háskóla Íslands með

minnst 10 daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina frá tilgangi fundarins og þeim möguleika að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa, lánasjóðsfulltrúa, nefndir Stúdentaráðs og önnur embætti Stúdentaráðs sem kjörið er í á fundinum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr. c. Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndir og annarra embætta á vegum SHÍ eru allir þeir sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum á undan sérstökum kjörfundi.

7. Grein – Kjörin embætti

a. Á kjörfundi er kosið í helstu embætti Stúdentaráðs af nýkjörnum fulltrúum Stúdentaráðs, hér eftir Stúdentaráðsliðar. Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður hlutfallskosning. Séu fleiri en einn kosinn í tiltekinni kosningu hlýtur sá sem hlýtur flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli.

i. Forseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.

ii. Varaforseti Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi.

iii. Lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs er kjörinn á kjörfundi. Hann situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna. Hann tekur þó ekki við af fyrri fulltrúa fyrr en samningaviðræðum um úthlutunarreglur næsta skólaárs er lokið. Skrifstofa Stúdentaráðs skipar varafulltrúa úr hópi starfsfólks í stjórn Menntasjóðsins.

iv. Hagsmunafulltrúi er kjörinn á kjörfundi.

v. Í fjármála- og atvinnulífsnefnd, umhverfis- og samgöngunefnd, fjölskyldunefnd, félagslífs- og menningarnefnd og lagabreytinganefnd skulu kjörnir fjórir einstaklingar á kjörfundi.

vi. Í kennslumálanefnd skulu skipaðir fimm einstaklingar, einn af hverju

fræðasviði, af sviðsráðum í kjölfar kjörfundar og fyrir skiptafund ár hvert.

Skulu þeir einstaklingar vera kjörnir af sviðsráðum og vera úr röðum sviðsráðsmeðlima hvers sviðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í kennslunefndum fræðasviðanna.

vii. Í jafnréttisnefnd skulu kjörnir fimm einstaklingar, einn af hverju sviði, og skulu þeir kjörnir á kjörfundi. Forseti nefndarinnar skal vera hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs. Skulu þeir jafnframt taka sæti sem fulltrúar stúdenta í jafnréttisnefndum fræðasviðanna.

viii. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Icelandic Startups skipar einn aðila og sjálf velur nefndin sér fjóra fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að hausti.

ix. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í alþjóðanefnd og eru þeir kjörnir á kjörfundi. Sjálf velur nefndin sér þrjá fulltrúa. Auglýsa skal laus pláss meðal nemenda Háskólans að hausti og alþjóðanemar hafa forgang.

x. Stúdentaráðsliðar skulu hafa forgang yfir aðra fulltrúa í forsæti í nefndum, fyrir utan alþjóðanefnd þar sem alþjóðafulltrúi situr sem forseti nefndar og jafnréttisnefnd þar sem hagsmunafulltrúi situr sem forseti nefndar.

xi. Stúdentaráð skipar 10 fulltrúa til Háskólaþings. Á kjörfundi skulu kjörnir 7 fulltrúar úr hópi Stúdentaráðsliða og varafulltrúa þeirra til þingsins og sjö til vara. Það skal gert í hlutfalli við niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs. Gefi fleiri fulltrúar kost á sér kýs Stúdentaráð á milli þeirra eftir hlutfallskosningu. Hinir þrír fulltrúarnir sem eftir eru skulu skipaðir af Skrifstofu Stúdentaráðs úr hópi starfsfólks.

xii. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í kennslu- og gæðaráði Háskóla Íslands. Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ. Í fyrsta sinn sem skipað er í nýtt stefnu- og gæðaráð skal varaforseti taka sæti til eins árs í stað fyrrum forseta.

xiii. Forseti Stúdentaráðs situr til tveggja ára í fulltrúaráði Landssamtaka íslenskra stúdenta (hér eftir LÍS). Setan er samkvæmt fléttuskipulagi og er kjörtímabil hvers aðalfulltrúa tvö ár. Jafnframt skulu tveir varafulltrúar skipaðir til eins árs og skulu þeir valdir úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestir af stjórn SHÍ.

b. Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti jafnréttisnefndar Stúdentaráðs gegnir embætti jafnréttisfulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í jafnréttisnefnd Háskólaráðs.

c. Forseti kennslumálanefndar Stúdentaráðs gegnir embætti kennslumálafulltrúa Stúdentaráðs. Hann á sæti í kennslumálanefnd Háskólaráðs.

d. Við kjör í stjórn Félagsstofnunar stúdenta skal hver fulltrúi ásamt varafulltrúa kjörinn sérstaklega. Heimilt er að krefjast þess, að sá sem stungið er upp á láti í ljós samþykki sitt eða samþykkið sé vottað með öðrum tryggilegum hætti. Stjórn Stúdentaráðs kýs fulltrúana og er ákvörðun stjórnar lögð fyrir Stúdentaráð með atkvæðagreiðslu.

e. Stúdentaráð á tvo fulltrúa í Stúdentaráði Aurora, samstarfsneti háskóla í Evrópu. Annar þeirra skal koma úr röðum Stúdentaráðsliða og vera kjörinn á kjörfundi en hinn skal vera alþjóðafulltrúi skrifstofu Stúdentaráðs.

f. Stúdentaráð á einn fulltrúa í fulltrúaráði Landssambandi ungmennafélaga (LUF). Skal hann valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ.

g. Þegar skipa þarf í önnur embætti er það auglýst meðal allra stúdenta með almennum stúdentapósti. Stúdentaráð greiðir atkvæði um þær umsóknir sem berast á næsta fundi sínum.

h. Stúdentaráð skipar tvo fulltrúa í stjórn Stúdentasjóðs skv. 2. gr. laga sjóðsins.

Stúdentaráð skal skipa fulltrúana á Stúdentaráðsfundi fyrir 15. september ár hvert og sitja fulltrúarnir í stjórn sjóðsins í eitt ár. Hinir fulltrúarnir eru kjörnir af sviðsráðum og skulu vera einn af hverju sviði sbr. 2. gr. laga Stúdentasjóðs.

III. Kafi – Stúdentaráð

8. Grein – Stjórnskipan Stúdentaráðs og sviðsráða

a. Í Stúdentaráði sitja nemendur frá hverju fræðasviði og skal fjöldi þeirra vera í samræmi við nemendafjölda. Fyrir hvert svið með 1-3,499 nemendur skulu sitja 3 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með 3,500-6,999 nemendur skulu sitja 5 fulltrúar í Stúdentaráði. Fyrir hvert svið með fleiri en 7,000 nemendur skulu sitja 7 fulltrúar í Stúdentaráði.

b. Stúdentaráðsliðar innan hvers sviðs skulu kjósa sín á milli um forseta sviðsráðs fyrir kjörfund ár hvert. Sviðsráðsforseti situr bæði í Stúdentaráði og í sviðsráði.

c. Kjörstjórn skal endurskoða fjöldi Stúdentaráðsliða hvers sviðs í samræmi við viðurkenndan lista nemendaskrár miðað við fjölda nemenda á haustönn. Fjöldi fulltrúa skal tilkynntur Stúdentaráði eigi síðar en 1. desember ár hvert.

d. Kjörstjórn er heimilt að taka ákvörðun um að fjöldi Stúdentaráðsliða skuli ekki taka breytingum þrátt fyrir ákvæði d-liðar þessa greinar, sbr. a-liður hennar, liggi veigamikil rök þar að baki. Skal sú ákvörðun rökstutt sérstaklega í tilkynningu Kjörstjórnar til Stúdentaráðs.

9. Grein – Stúdentaráðsfundir og aðgengi að þeim

- a. Stúdentaráðsfundir eru opnir öllum háskólastúdentum.
- b. Meirihluti ráðsins getur ákveðið að loka fundi eða einstaka dagskrárliðum fundar þegar slíkt telst nauðsynlegt til varnar viðkvæmum persónulegum hagsmunum einstaklinga sem mál varðar, til varnar trúnaðarupplýsingum eða ef óhjákvæmilegt þykir til að halda uppi friði á fundinum.
- c. Á lokuðum fundi eða þegar dagskrárlið hefur verið lokað skulu allir aðrir en þeir sem hafa málfrelsisrétt á fundum Stúdentaráðs víkja af fundinum. Stúdentaráðsfundur getur, að fenginni beiðni frá öðrum stúdentum en þeim sem hafa málfrelsisrétt á fundum ráðsins, heimilað almennar umræður um dagskrárliði áður en fundi er lokað ef meirihluti viðstaddra ráðsliða samþykkir það. Með almennum umræðum er átt við almennar útskýringar á dagskrárliðnum sem falla ekki undir umfjöllun um viðkvæma persónulega hagsmuni einstaklinga.
- d. Fundarritari skal aðeins halda fundargerð um ákvarðanir og atkvæðagreiðslur sem fara fram undir lokuðum dagskrárliðum/fundum.
- e. Fulltrúi sérhvers nemendafélags skal þó, ef hann óskar, geta tekið til máls án sérstaks samþykkis Stúdentaráðs nema fundi hafi verið lokað, enda gæti hann reglna um fundarsköp ráðsins.

10. Grein – Fundarstjórn Stúdentaráðs

- a. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans, varaforseti, stjórnar fundum ráðsins eða tilnefnir annan í sinn stað.

11. Grein – Fundarboð Stúdentaráðsfundar

- a. Stúdentaráðsfundir skulu haldnir a.m.k. 9 sinnum á ári. Forseti Stúdentaráðs boðar

til Stúdentaráðsfundar. Meirihluti stjórnarmeðlima getur, ef ágreiningur rís um meðferð mála innan stjórnar, vísað máli til næsta ráðsfundar til ákvörðunar. Sjö stúdentaráðsliðar geta skriflega krafist fundar í ráðinu, sem skal þá halda innan viku frá því að krafan er fram komin.

b. Fundi skal boða með minnst 5 daga fyrirvara á tryggilegan hátt með tölvupósti til allra

ráðsliða eða með annarri aðferð sem Stúdentaráð samþykkir. Einnig skal láta fulltrúa nemenda- og hagsmunafélaga vita og birta tilkynningu á vefsíðu Stúdentaráðs.

Jafnframt skal senda tölvupóst á nemendur við skólann og skal þar tekið fram að fundir eru opnir öllum stúdentum sbr. 9. gr. laga SHÍ. Stúdentaráðsfundur telst löglegur sé löglega til hans boðað.

c. Heimilt er að boða til fundar með skemmri fyrirvara ef nauðsyn ber til og ber forseta þá að gera grein fyrir ástæðu skamms fyrirvara í fundarboði. Í fundarboði skal fylgja með dagskrá og fundargögn fundarins.

d. Eigi atkvæðagreiðsla á stúdentaráðsfundi sem boðað er til samkvæmt grein þessari að vera lögleg verður meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðs, skv. 12. gr., að vera viðstaddur eða ef 12 ráðsliðar hið minnsta sitja hann.

e. Fundargerðir stúdentaráðsfunda skal senda stúdentaráðsliðum og setja á vefsíðu Stúdentaráðs.

f. Í fundarboði og fundardagskrá skal tilgreina ef „bókfærð mál“ eru til afgreiðslu fyrir ráðið. Til bókfærðra mála heyra ýmis mál sem þarfnast ekki sérstakrar umræðu en Stúdentaráð þarf að samþykkja, til dæmis úrsögn úr Stúdentaráði eða nefndum og tilnefning nýs fulltrúa, afgreiðslur tilnefninga fulltrúa stúdenta í ólaunaðar

nefndarstöður eða fundarsetur ef engin mótframboð berast o.s.frv.. Er það gert til að auka skilvirkni og ráðrúm fyrir umræður um önnur víðameiri mál. Óski fulltrúar í Stúdentaráði að gera athugasemdir eða ræða einstök bókfærð mál skulu þeir gera grein fyrir því eigi síðar en áður en fundur hefst skv. boðuðum fundartíma, öðrum kosti skoðast þau samþykkt

12. Grein – Atkvæði á Stúdentaráðsfundi

- a. Hver fulltrúi í Stúdentaráði hefur eitt atkvæði á fundum þess.
- b. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum. Sjö Stúdentaráðsliðar geta þó krafist almenns stúdentafundar um mál.
- c. Sé eitthvað borið upp til atkvæðagreiðslu skal Stúdentaráðsliðum og öðrum stúdentum tilkynnt það í fundargögnum. Taka skal fram í fundardagskrá að um atkvæðagreiðslu sé að ræða í þeim dagskrárliðum þar sem það á við. Stúdentaráði er þó heimilt að ákveða að ganga til atkvæðagreiðslu, þó að hún hafi ekki verið boðuð fyrir fram, með ☐ greiddra atkvæða. Við atkvæðagreiðslu skal atkvæði hvers og eins Stúdentaráðsliða eða löggilts varafulltrúa hans rituð í fundargerð, nema leynilegrar atkvæðagreiðslu sé óskað og hún samþykkt af þriðjungi ráðsliða með fyrrgreindri aðferð.
- d. Ráðsliða er heimilt að biðja fundarstjóra um orðið til þess að gera stuttlega grein fyrir atkvæði sínu áður en atkvæði eru talin.
- e. Nú falla atkvæði jafnt og telst tillaga því fallin. Ef atkvæði falla jafnt við kjör skal endurtaka kosningu milli frambjóðenda þegar í stað. Falli atkvæði aftur jafnt ræður hlutkesti. Framkvæmdarstjóri telur atkvæði nema hann sjálfur sé í kjöri og tilnefnir Stúdentaráð þá varafulltrúa hans.

13. Grein – Úrsögn úr Stúdentaráði

a. Úrsögn úr Stúdentaráði skal berast varaforseta skriflega. Segi Stúdentaráðsliði sig úr ráðinu skal næsti einstaklingur af sama framboðslista taka fast sæti í Stúdentaráði. Sé ekki öðrum einstaklingi að skipta tekur varafulltrúi þess sviðsráðsliða sem fyrstur hefði tekið sæti í hans stað og svo koll af kolli.

14. Grein – Fundargerð Stúdentaráðsfundar

a. Framkvæmdarstjóri Stúdentaráðs ritar fundargerð á fundum Stúdentaráðs. Aðrir starfsmenn Stúdentaráðs rita fundargerð forfallist framkvæmdarstjóri. Heimilt er að taka Stúdentaráðsfundi upp og rita fundargerð eftir fundinn. Skal halda slíkum upptökum til haga og veita aðgang eftir óskum. Ritara er heimilt að vísa til upptöku í fundargerð varðandi almennar umræður en í fundargerðinni skulu helstu atriði fundarins koma fram.

b. Fundargerð skal lesin upp og samþykkt í fundarlok, sé þess óskað og hafi hún verið rituð á fundinum, ellegar send út skriflega fyrir næsta fund og tekin fyrir þá til samþykktar. Skulu breytingartillögur afgreiddar þegar í stað.

c. Frekari breytingar fundar meðlima á gerðabókinni eru ekki heimilar nema í formi skriflegrar athugasemdar, sem afhenda skal ritara. Ritara er skylt að skrá slíka athugasemd aftan við umdeilda fundargerð enda sé hún undirrituð og ekki lengri en 100 orð.

15. Grein – Fundarsköp Stúdentaráðs

a. Fundar meðlimur sem óskar að taka til máls skal óska þess við fundarstjóra, sem skal skrá fundar meðlimi á mælendaskrá í þeirri röð sem þau biðja um orðið.

Flutningsaðila skal þó leyft að koma að stuttum skýringum þrátt fyrir mælendaskrá.

b. Bókun á fundi Stúdentaráðs: Fundar meðlimir geta skilað inn skriflegri bókun á Stúdentaráðsfundi varðandi málefni sem til umræðu eru á fundinum. Skal þá slík bókun færð í fundargerð á tilheyrandi stað. Bókanir sem berast á fundum skal skila til fundarritara undir þeim dagskrárlið sem þær eru bornar upp. Ekki eru greidd atkvæði um bókanir. Bókun skal lögð fram þegar kemur að þeim sem leggur hana fram í mælendaskrá.

c. Bókun fyrir fund Stúdentaráðs: Fundar meðlimir geta boðað framlagningu bókunar fyrir þegar boðaðan fund og skal hún þá berast ritara stjórnar Stúdentaráðs eigi síðar en í upphafi þess Stúdentaráðsfundar eftir að til hennar var boðað.

d. Staðfesting bókunar: Fundargestur sem ber upp bókun skal í lok fundar staðfesta framlagningu bókunarinnar og staðsetningu hennar í fundargerð við fundarritara

e. Tillögur skal taka til umræðu um leið og þær berast. Þó skulu eftirfarandi tillöguflokkar bornir undir atkvæði þegar í stað og umræðulaust, nema ef á ræðu stendur eða atkvæðagreiðslu

i. Tillaga um fundarhlé.

ii. Dagskrártillaga.

iii. Tillaga um að ganga til atkvæðagreiðslu.

iv. Tillaga um að heimila atkvæðagreiðslu skv. c-lið 11. greinar.

v. Frávísunartillaga.

vi. Tillaga um að vísa máli til stjórnar eða nefndar.

vii. Tillaga um vantraust á fundarstjóra.

f. Hver Stúdentaráðsliði eða lögmætur varafulltrúi hans getur lagt fram ályktun. Skulu greidd atkvæði um hana þegar í stað sé það samþykkt samkvæmt c-lið 11. gr., ellegar

á næsta Stúdentaráðsfundi. Einnig getur Stúdentaráðsliði boðað framlagningu ályktunar innan hæfilegs tíma fyrir fund og skal henni þá bætt við fundargögn og -dagskrá.

16. Grein – Málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisréttur á Stúdentaráðsfundi

- a. Allir Stúdentaráðsliðar hafa málfrelsis-, tillögu- og atkvæðisrétt.
- b. Varafulltrúar hafa málfrelsis- og tillögurétt en þó ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fyrir aðalfulltrúa. Ef ástæða þykir til má fundarstjóri takmarka þennan rétt eða víkja honum frá með samþykki Stúdentaráðs.
- c. Fulltrúar í sviðsráðum og nefndum hafa málfrelsis- og tillögurétt.
- d. Aðal- og varafulltrúar í fulltrúaráði LÍS hafa málfrelsis- og tillögurétt á fundum Stúdentaráðs. Sama gildir um fulltrúa Stúdentaráðs í framkvæmdarstjórn LÍS.
- e. Fulltrúar stúdenta í Háskólaráði hafa málfrelsis- og tillögurétt.
- f. Forseti og varaforseti Stúdentaráðs hafa málfrelsis- og tillögurétt.
- g. Starfsfólk réttindaskrifstofu Stúdentaráðs hefur málfrelsis- og tillögurétt.
- h. Aðrir sem koma á Stúdentaráðsfund til að flytja erindi samkvæmt dagskrá fundar mega taka til máls innan þess dagskrárliðar, en hafa þó ekki tillögurétt né atkvæðisrétt.

IV. Kafi – Sviðsráð

17. Grein – Sviðsráð

- a. Á hverju fræðasviði Háskólans skal starfa sviðsráð Stúdentaráðs.
- b. Sérhvert sviðsráð skal gæta hagsmuna nemenda á viðkomandi sviði í störfum sínum. Skal sviðsráð vera sjálfstætt í sínum störfum nema kveðið sé á um annað í lögum þessum. Sviðsráð skal setja sér verklagsreglur um störf ráðsins í upphafi hvers

starfsárs.

c. Starfstími sviðsráða miðast við skiptafund ár hvert. Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að

skiptafundi skal fráfari sviðsráð leggja sig fram við að setja nýkjörið sviðsráð inn í fyrirbyggjandi verkefni og aðstoða við undirbúning komandi starfsárs.

18. Grein – Sviðsráðsfulltrúar

a. Í hverju sviðsráði Háskólans sitja 4 fulltrúar sem Stúdentaráð tilnefnir og kys á kjörfundi, í hlutfalli við kosninganiðurstöður, auk forseta sviðsráðs, sem skipaður er skv. b-lið 8. gr. Hafa stúdentaráðsliðar forgang í sviðsráð.

b. Forseti sviðsráðs stýrir fundum þess.

V. Kafli – Nefndir

19. Grein – Nefndir Stúdentaráðs

Á vegum Stúdentaráðs starfa fastanefndir sem kveðið er á um í staflaðum ákvæðisins og sitja fimm fulltrúar í hverri þeirra að undanskilinni nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd.

i. Alþjóðanefnd sinnir þjónustu við erlenda nemendur og aðstoðar skrifstofu

Alþjóðasviðs við skipulagningu viðburða, á borð við móttöku erlendra

nemenda og Alþjóðadaga Háskóla Íslands Alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs á

forsæti í alþjóðanefnd.

ii. Félagslífs- og menningarnefnd skal stuðla að bættu félagslífi innan Háskólans og auknu menningarlegu hlutverki Stúdentaráðs.

iii. Fjármála- og atvinnulífsnefnd tekur til meðferðar málefni er varða fjárhagsleg hagsmunamál stúdenta, auk tengsla Háskólans og atvinnulífsins við stúdenta.

iv. Fjölskyldunefnd skal stuðla að bættu umhverfi fyrir fjölskyldufólk innan

Háskólans.

v. Jafnréttisnefnd tekur til meðferðar jafnréttismál stúdenta innan Háskólans og stuðlar að bættu jafnrétti innan hans.

vi. Kennslumálanefnd tekur til meðferðar kennslumál stúdenta í samstarfi við kennslumálanefnd og gæðanefnd háskólaráðs ásamt Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

vii. Lagabreytinganefnd endurskoðar lög Stúdentaráðs og Stúdentasjóðs og leggur fram tillögur til breytinga á þeim, ef þörf þykir. Hún skal líta til þess að þau séu skýr, aðgengileg, samræmd og tryggi skilvirkni í störfum ráðsins. Heimilt er að vísa lagabreytingartillögum sem bornar eru upp á Stúdentaráðsfundum til umsagnar í nefndinni.

viii. Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd skal efla nýsköpunar- og frumkvöðlastarf meðal nemenda Háskólans. Nefndin er í samstarfi við Icelandic Startups og kemur verkefnum þeirra á framfæri meðal háskólanema.

ix. Umhverfis- og samgöngunefnd tekur til meðferðar mál er tengjast umhverfisog sjálfbærismálum sem og samgöngumál stúdenta. Auk þess tekur nefndin afstöðu til framkvæmda- og skipulagsmála er snerta hagsmuni stúdenta. Fulltrúi Stúdentaráðs í skipulagsnefnd háskólaráðs sem skipaður er skv. i-lið 19. gr. hefur rétt til setu á fundum nefndarinnar og hefur þar málfrelsis- og tillögurétt.

1. Grænfánanefnd er undirnefnd Umhverfis- og samgöngunefndar.

Nefndinni er ætlað að beita sér í umhverfis- og loftslagsmálum

ásamt því að vinna með starfsfólki skólans að verkefnum tengdum

Grænfána. Meðlimur Umhverfis- og samgöngunefndar skal fara fyrir

nefndinni en að öðru leyti skal öllum stúdentum gert kleift að sækja

um setu í nefndinni.

b. Kosið skal um forseta nefnda á kjörfundi Stúdentaráðs, og skulu Stúdentaráðsliðar hafa

forgang til forsætis.. Þá eiga þeir rétt á að sitja fundi fastanefnda og hafa þar

málfrelsis- og tillögurétt.

20. Grein - Skipulag nefnda

a. Frá kjörfundi, sbr. 6. gr. og fram að skiptafundi skulu fráfarandi nefndarmeðlimir

leggja sig fram við að setja nýkjörna inn í fyrirliggjandi verkefni og aðstoða við

undirbúning komandi starfsárs. Í upphafi starfsárs skal varaforseti funda með nýrri nefnd.

b. Fastanefndir halda fundi þegar þurfa þykir eða innan viku eftir að krafa um fund kemur fram, en sérhver nefndarfulltrúi getur krafist fundar.

c. Forseti fastanefndar boðar fundi skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara, nema samkomulag sé í nefnd um annað. Fundir eru opnir öllum stúdentum, nema nefnd ákveði annað ef þörf er á.

d. Stúdentaráðsliðar hafa rétt til setu á fundum fastanefnda. Hverri fastanefnd er heimilt að kalla til aðra stúdenta til nefndarfunda.

e. Fastanefndir skulu í upphafi starfsárs setja sér starfs- og fjárhagsáætlun að svo miklu leyti sem hægt er. Nefndir skulu skila skriflegri skýrslu um störf sín til Stúdentaráðs.

f. Nefndir leggja framkvæmdaáætlanir í sínum málaflokki fram fyrir Stúdentaráð til

samþykktar. Á þeim Stúdentaráðsfundi getur hver nefnd lagt til breytingartillögu.

21. Grein – Skipan í nefndir Háskólaráðs

a. Stúdentaráð skipar fulltrúa í nefndir Háskólaráðs. Sé ekki tilgreint sérstaklega hvaða embætti tekur sæti í nefnd, skal auglýst meðal háskólanema laust pláss og

Stúdentaráð skal kjósa á fundi sínum fulltrúa í nefnd.

b. Hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs, sem forseti Jafnréttisnefndar SHÍ skal sitja fundi jafnréttisnefndar.

c. Forseti Umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ skal sitja fundi umhverfis- og sjálfbærninefndar.

d. Fulltrúi stúdenta í kennslumálanefnd Háskólaráðs skal vera forseti Kennslumálanefndar SHÍ á skipunartíma hans.

e. Skipaður skal fulltrúi í vísindanefnd Háskólaráðs eftir tilnefningu FEDON, félags doktorsnema og nýdoktora við Háskóla Íslands.

f. Auglýst skal eftir fulltrúa í ráð um málefni fatlaðs fólks.

g. Auglýst skal eftir fulltrúa í skipulagsnefnd háskólaráðs.

h. Auglýst skal eftir fulltrúa í málnefnd.

i. Auglýst skal eftir áheyrnarfulltrúa í Öryggisnefnd.

VI. Kafi – Stjórn Stúdentaráðs

22. Grein – Stjórn Stúdentaráðs og verkefni hennar

a. Á vegum Stúdentaráðs starfar stjórn sem fer með daglega hagsmunabaráttu á vegum ráðsins.

b. Stjórn Stúdentaráðs annast framkvæmd þeirra verkefna er ráðið felur henni.

Jafnframt getur hún á fundum sínum tekið ákvarðanir og afgreitt mál innan þeirra

marka er ráðið ákveður hverju sinni.

23. Grein – Skipan stjórnar

- a. Stjórn Stúdentaráðs skal skipuð forsetum allra sviðsráða auk forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Sérhver fulltrúi í stjórn skal skipa varafulltrúa sinn og hefur hann seturétt á stjórnarfundum sem sá aðalfulltrúi sér ekki fært um að mæta á.
- b. Forseti Stúdentaráðs, í fjarveru hans varaforseti, stjórnar fundum stjórnar. Í fjarveru þeirra einhver stjórnarmeðlima samkvæmt ákvörðun hverju sinni. Forseti, í forföllum hans varaforseti, kemur fram fyrir hönd Stúdentaráðs í skiptum þess við aðila innan sem utan Háskólans. Gjaldkeri skal vera úr röðum stjórnarmeðlima og framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal vera ritari.
- c. Ritari ritar fundargerðir stjórnarfunda og heldur utan um fundargerðir Stúdentaráðs.
- d. Gjaldkeri hefur aðgang að fjárhagsáætlun Stúdentaráðs sem er undirbúin af framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs eitt ár fram í tímann og lögð fyrir ráðið til samþykktar. Hann fylgist með hvernig áætlun stenst, gerir tillögur um leiðréttingar eftir því sem þörf krefur og bendir á fjáröflunarleiðir.
- e. Gjaldkeri og framkvæmdarstjóri gera Stúdentaráði grein fyrir fjárhagsstöðu ráðsins í upphafi starfsárs og vormisseris. Forseti og framkvæmdarstjóri skulu vera prókúruhafar að reikningum Stúdentaráðs.
- f. Aðrir fulltrúar í stjórn Stúdentaráðs taka þátt í störfum hennar með þeim hætti sem þurfa þykir.

24. Grein – Starfshættir stjórnar

- a. Stjórnarfundur telst lögmætur ef fjórir stjórnarmeðlimir hið fæsta sitja fund.
- i. Hver fulltrúi í stjórn hefur eitt atkvæði á fundum þess og ræður einfaldur

meirihluti úrslitum mála og kjöri, nema annað sé tekið fram í lögum þessum

b. Stjórn Stúdentaráðs skal setja verklagsreglur um störf stjórnarinnar og skrifstofu Stúdentaráðs í upphafi hvers starfsárs.

c. Stjórn Stúdentaráðs skal reglulega, minnst einu sinni á hverju starfsári, boða alla deildarfulltrúa nemenda við Háskóla Íslands á samráðsfund með sér. Á þeim fundum skal kynna störf Stúdentaráðs og Háskólaráðs fyrir deildarfulltrúum og leitast eftir áliti þeirra á helstu málefnum og upplýsingum um stöðu mála í þeirra deildum.

d. Á hverjum fundi Stúdentaráðs skal stjórn skýra ráðinu frá störfum sínum síðan síðasti fundur var haldinn.

e. Á þeim tíma sem líður frá kosningum og þar til ný stjórn Stúdentaráðs tekur við, er fráfarandi stjórn Stúdentaráðs óheimilt að stofna til verulegra skuldbindinga sem ekki eru í samræmi við daglegan rekstur skrifstofu Stúdentaráðs.

f. Lýsi Stúdentaráð vantrausti á stjórnarmeðlim, skal hann víkja frá fundi. Þó er honum heimilt að krefjast annars Stúdentaráðsfundar um málið, hafi ráðið ekki verið fullskipað er vantrausti var lýst. Skal sá fundur haldinn innan viku og gildir ákvörðun hans, sé hann lögmætur. Verði vantraustið samþykkt aftur, skal Stúdentaráð kjósa annan í hans stað.

VII. Kafi – Skrifstofa Stúdentaráðs og útgáfa

25. Grein – Skipan skrifstofu Stúdentaráðs

a. Stúdentaráð skal ráða eða kjósa starfsfólk samkvæmt töluliðum i-vi þessarar greinar til að annast daglega framkvæmd ráðsins á skrifstofu Stúdentaráðs. Skrifstofan samanstendur af:

i. Forseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Forseti stýrir fundum ráðsins og

stjórnar þess, er málsvári ráðsins út á við og gagnvart Háskólanum ásamt öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.

ii. Varaforseta Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Varaforseti er staðgengill forseta í forföllum og sinnir öðrum verkefnum samkvæmt lögum þessum eða eðli máls.

iii. Lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Lánasjóðsfulltrúi situr í stjórn Menntasjóðs námsmanna fyrir hönd Stúdentaráðs og er fulltrúi ráðsins á fundum og í stefnumótun um Menntasjóðinn.

iv. Hagsmunafulltrúa Stúdentaráðs, kjörinn á kjörfundi. Hagsmunafulltrúi er umboðsmaður stúdenta gagnvart Háskólanum og leiðbeinir og aðstoðar stúdenta til að gæta réttar síns.

v. Framkvæmdarstjóra Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26. gr.. Framkvæmdarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri skrifstofu ráðsins í samráði við stjórn Stúdentaráðs og forseta. Hann hefur yfirumsjón með bókhaldi og reikningum Stúdentaráðs og ber ábyrgð á gerð ársreikninga Stúdentaráðs. Skal hann kynna ársreikninga fyrir Stúdentaráði eins fljótt og auðið er frá lokum reikningsárs og birta þá á vefsíðu ráðsins eftir samþykkt þeirra.

vi. Alþjóðafulltrúa Stúdentaráðs, ráðinn skv. 26 gr.. Alþjóðafulltrúi gegnir embætti forseta alþjóðanefndar. Hann starfar á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs og skal gegna hlutverki þjónustuaðila við erlenda stúdenta við Háskóla Íslands. Hann annast fyrirspurnir erlenda stúdenta varðandi háskólavistina sem og annað sem snýr að dvöl þeirra hérlandis.

Alþjóðafulltrúi er annar af tveimur fulltrúum stúdenta í Aurora

samstarfsnetinu og starfar náið með Alþjóðasviði.

vii. Ritstjóra Stúdentablaðsins og Akademiunnar, ráðinn skv. 26 gr.. Ritstjóri skal aldrei ráðinn til lengri tíma en eins árs. Hann hefur yfrumsjón með útgáfu Stúdentablaðsins og Akademiunnar og ákveður efni ritanna í samráði við ritstjórn og ber ábyrgð á þeim að lögum. Ritstjóri skal leggja fjárhagsáætlun hvers tölublaðs fyrir framkvæmdarstjóra.

26. Grein – Ráðning starfsfólks

a. Við ráðningu þeirra fulltrúa sem ekki eru kjörnir skal meta umsækjendur á faglegum grunni og líta sérstaklega til starfsreynslu og þekkingar á viðkomandi sviði. Auglýsa skal starfið laust til umsóknar, með skýrum hætti t.a. á opinberu vefsvæði Stúdentaráðs og með tölvupósti til stúdenta. Auglýsinguna skal birta minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests. Sérstök ráðningarnefnd skipuð skv b lið fer með ráðningaferli og leggur tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs til atkvæðagreiðslu.

b. Ráðningarnefnd er skipuð af oddvitum beggja fylkinga, forseta Stúdentaráðs og fulltrúa frá starfsmannasviði Háskólans.

c. Fjöldi umsækjenda til starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs skal gerður Stúdentaráði opinber. Ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs um ráðningu skal rökstudd og birt opinberlega.

d. Eins skulu upplýsingar um ákvörðun launa starfsfólks liggja fyrir við ráðningu og öllum

aðgengilegar er þeirra óskar.

e. Starfsráðninga annarra en þeirra er getið er í 25. gr. skulu fara eftir ákvörðun stjórnar Stúdentaráðs og tilkynntar Stúdentaráði.

27. Grein – Útgáfa Stúdentaráðs

- a. Stúdentaráð gefur út Stúdentablaðið, sem koma skal út reglulega yfir skólaárið. Blaðið skal fjalla um málefni stúdenta og vera opið öllum stúdentum.
- b. Stúdentaráð gefur út Akademíuna í upphafi haustmisseris. Blaðið skal miða að því að kynna Stúdentaráð og Háskólann fyrir nýnemum.
- c. Ritstjóri skal auglýsa eftir fulltrúum í ritstjórn Stúdentablaðsins með almennum stúdentapósti. Ritstjóra er einnig heimilt að leita sér aðstoðar við útgáfu Akademíunnar.

VIII. Kafi – Almennur Stúdentafundur

28. Grein – Boðun almenns stúdentafundar

- a. Almenna stúdentafundi skal halda eftir kröfu 50 háskólastúdenta hið fæsta eða fimm Stúdentaráðsliða. Skal krafan vera skrifleg og beint til stjórnar Stúdentaráðs, er síðan boðar til fundarins ásamt dagskrá eigi síðar en svo, að fundinn megi halda innan viku frá því að krafan er fram komin.
- b. Til almenns stúdentafundar skal boða í almennum stúdentapósti og með auglýsingu í helstu kennslubyggingum Háskólans. Fundarefnis skal geta í fundarboði. Forseti Stúdentaráðs stjórnar kosningu fundarstjóra í upphafi fundar, en er að öðru leyti ekki ábyrgur fyrir störfum fundarins, nema hann hljóti kjör sem fundarstjóri. Rétt til að taka þátt í afgreiðslu máls á almennum stúdentafundi hafa þeir einir, er skráðir eru til náms í Háskólanum. Komi upp ágreiningur um rétt til fundarsetu skal málinu skotið til úrskurðar fundarins.

29. Grein – Almennur Stúdentafundur

- a. Almennir stúdentafundir taka til umræðu og ályktana mál sem heyra til verksviðs

Stúdentaráðs eða snerta á annan hátt alla nemendur sem skráðir eru til náms í Háskóla Íslands. Stúdentaráði er skylt að fara að fyrirmælum ☐ fundarmeðlima á almennum stúdentafundi um málefni sem auglýst hefur verið í fundarboði, enda hafi 200 stúdentar Háskóla Íslands a.m.k. tekið þátt í atkvæðagreiðslu um málið. Almennur stúdentafundur getur úrskurðað um hvort Stúdentaráð hafi farið að fyrirmælum fundarins getur hann samþykkt að boðað verði til kosninga innan fjögurra vikna frá fundinum. Sömu reglur gilda um fjölda fundarmeðlima og samþykki á þeim fundi.

b. Stúdentaráð skal tryggja að atkvæðagreiðsla fari fram leynilega.

30. Grein – Málskotsréttur stúdenta

a. Skrif 5% eða fleiri háskólanemar undir áskorun þess efnis skal Stúdentaráð boða til almennra kosninga í Háskólanum um ákveðið málefni sem viðkemur hagsmunum stúdenta.

b. Stúdentaráði er skylt að fara eftir niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar, þar sem einfaldur meirihluti gildir, ef kjörsókn er ekki meira en 5 prósentustigum lægri en í síðustu kosningum til Stúdentaráðs.

c. Leitast skal við að þessar kosningar séu rafrænar og að öllum háskólanemum gefist kostur á að kjósa.

d. Stúdentaráð skal boða til kosninganna, skipuleggja þær og kynna hvað kosið er um mest viku eftir að gild áskorun berst ráðinu og skulu kosningarnar fara fram minnst viku og mest tveimur vikum síðar. Um kærur um lögmæti kosninganna fer eftir 36. grein laga þessara.

IX. Kafi – Kosningar og kjörstjórn

31. Grein – Kosningar og kjörstjórn

a. Á vorönn skulu kjörnir fulltrúar allra sviða Háskólans í Stúdentaráð. Annað hvert ár skulu auk þess kjörnir fulltrúar nemenda í háskólaráð samhliða kosningum til Stúdentaráðs. Leitast skal við eftir fremsta megni að sem flestir stúdentar nýti kosningarétt sinn. Í því skyni skal taka mið af frívikum deilda. Kjörtímabil fulltrúa í Stúdentaráði er eitt ár. Kjörtímabil fulltrúa í háskólaráði er frá 1. júlí þess árs sem kosning fer fram til 30. júní tveimur árum síðar.

b. Kosningarétt og kjörgengi til Stúdentaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms á yfirstandandi skólaári á viðkomandi fræðasviði samkvæmt reglugerð Háskólans. Sé nemandi skráður til náms á fleiri en einu fræðasviði getur hann aðeins boðið fram og kosið á einu sviði. Kjörstjórn úrskurðar um á hvaða sviði nemendur hafa kjörgengi og kosningarétt. Kosningarétt og kjörgengi til háskólaráðs hafa allir sem skráðir hafa verið til náms við Háskóla Íslands á yfirstandandi skólaári.

c. Framboð til Stúdentaráðs geta verið einstaklingsframboð eða framboðslistar sem samanstanda af minnst tveimur frambjóðendum og mest þeim fjölda fulltrúa sem taka munu sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði. Framboð til háskólaráðs skulu vera framboðslistar sem samanstanda af fjórum frambjóðendum. Allir framboðslistar skulu tilteknir á kjörseðli.

d. Framboð skulu vera skrifleg. Skal fylgja hverju framboði skriflegt samþykki allra þeirra sem í framboði eru því til staðfestingar.

e. Framboð skulu safna tilhlýðandi stuðningi af stúdentum á viðkomandi fræðasviði. Frambjóðendur til Stúdentaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við

framboð skal vera skriflegur. Safna skal 10 stuðningsmönnum fyrir hvern einstakling á framboðslista. Bjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. Kjörstjórn má ákveða að stuðningur við framboð sé gerður með rafrænum hætti og skal það auglýst með auglýsingu um framboð.

f. Frambjóðendur til háskólaráðs geta ekki stutt eigin framboðslista og stuðningur við framboð skal vera skriflegur. Hver einstaklingur í framboði skal studdur af 20 stúdentum við Háskóla Íslands en frambjóðendur á sama lista geta safnað undirskriftum sínum í nafni listans.

g. Kjósandi má greiða öllum einstaklingum í framboði atkvæði sitt óháð framboðslistum, í þeirri röð sem hann kys. Kjósanda skal heimilt að kjósa einn eða fleiri frambjóðanda en þó engu fleiri en þann fjölda fulltrúa sem taka á sæti í Stúdentaráði á viðkomandi sviði og hvern frambjóðanda má aðeins setja í eitt sæti. Kjósendur geta hakað við framboðslista og velja þannig sjálfkrafa frambjóðendur listans í þeirri röð sem þeir bjóða fram á viðkomandi lista. Kjósendum er þó heimilt að breyta því vali eftir að hakað hefur verið við lista.

h. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs skal sjá um að útbúa kjörskrá fyrir hvert fræðasvið í samráði við Nemendaskrá og skal hún liggja fyrir minnst tveimur vikum áður en kjörfundur hefst. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að koma kjörskrá til Upplýsingatæknisviðs (UTS) ásamt öðrum samskiptum við UTS vegna framkvæmda rafrænna kosninga.

32. Grein – Kjörstjórn

a. Stúdentaráð kys fyrir 1. nóvember ár hvert kjörstjórn til að sjá um kosningar til

Stúdentaráðs. Annað hvert ár skal sú kjörstjórn einnig sjá um kosningar til háskólaráðs.

b. Kjörstjórn er skipuð fjórum einstaklingum, tveir fulltrúar frá hvorri fylkingu. Óheimilt er að skipa Stúdentaráðsliða, háskólaráðsliða eða frambjóðendur til setu í kjörstjórn.

Stúdentaráð skipar einnig forseta kjörstjórnar sérstaklega. Nú falla atkvæði jafnt á kjörstjórnarfundi, ræður þá atkvæði forseta úrslitum.

c. Kjörstjórn annast aðalkosningar og aukakosningar, undirbýr kosningar, ákveður kjörfund og hverja aðra framkvæmd sem viðkemur kosningum. Tímasetning kjörfundar skal liggja fyrir og vera auglýst meðal Stúdenta eigi síðar en 1. desember ár hvert. Kjörstjórn er heimilt að skipa sér aðstoðarmanneskju við framkvæmd kosninga.

d. Framboð eiga rétt á að fá aðgang að kjörskrá, en þó ekki fyrr en að gildu framboði hefur verið skilað til kjörstjórnar. Einungis skal afhenda kjörskrá gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar. Kærur vegna kjörskrár skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12,00 á hádegi einni viku áður en almennur kjörfundur hefst. Úrskurðum kjörstjórnar má skjóta til Stúdentaráðs.

e. Kjörstjórn lýsir eftir framboðum og skal framboðsfrestur vera minnst ein vika og rennur út 10 dögum fyrir kjörfund. Kjörstjórn skal auglýsa aðsetur sitt með almennum stúdentapósti, þar sem framboðum er veitt viðtaka og þar sem unnt er að ná sambandi við hana.

f. Framboð skulu tilnefna umboðsaðila sinn samhliða staðfestingu á framboði og skal sá

aðili vera helsti tengiliður framboða við kjörstjórn. Umboðsaðila þessum er heimilt að

hafa eftirlit með kjörstjórn og skal hafa aðgang að fundargerðum kjörstjórnar.

Kjörstjórn skal leitast við að halda góðu upplýsingaflæði til framboðanna í gegnum umboðsaðilann, sem ber svo ábyrgð á því að upplýsa sitt framboð. Umboðsaðilinn skal hafa aðgang að fundargerðum kjörstjórnar.

g. Opnunartími kjörstaða skal auglýstur samhliða auglýsingu eftir framboðum, en opnunartíminn skal jafnframt auglýstur viku fyrir fyrri kjördag og báða kjördaga.

h. Berist ekki framboð til tiltekins sviðs skal framlengja framboðsfrest á því sviði um 3 sólarhringa og fresta kosningum jafn lengi. Skal slík framlenging auglýst rækilega af kjörstjórn. Berist ekki nægilega mörg framboð til sviðsins eftir þann frest skulu framkomnir frambjóðendur, ef einhverjir eru, teljast sjálfkjörnir og nýkjörið

Stúdentaráð skipar aðra fulltrúa á viðkomandi sviði þar til það er fullmannað skv. 13.

gr. Lýsi fleiri yfir áhuga á setu í Stúdentaráði á viðkomandi sviði við svo búið skal Stúdentaráð kjósa milli þeirra í hlutfallskosningu.

i. Séu frambjóðendur til Stúdentaráðs á viðkomandi sviði ekki fleiri en fulltrúar þess sviðs skoðast þeir frambjóðendur sjálfkjörnir.

j. Berist færri en fjögur framboð til háskólaráðs skal nýkjörið Stúdentaráð skipa aðalfulltrúa og/eða varafulltrúa í háskólaráð þar til ráðið er fullskipað og réttum fjölda varafulltrúa náð.

k. Kjörstjórn skal auglýsa rækilega framkomin framboð og alla kosningatilhögun og hvenær kjörfundur fer fram. Kjörstjórn annast gerð kjörseðla. Á honum skulu koma fram allir frambjóðendur og framboðslistar sem eru í framboði á því sviði sem kjósandinn kys.

l. Kjörstjórn skal skila skriflegri skýrslu um störf sín og framkvæmd kosninganna til

Stúdentaráðs og háskólaráðs eigi síðar en 2 mánuðum eftir kosningarnar.

33. Grein – Framkvæmd kosninga

a. Kosningar til Stúdentaráðs og háskólaráðs skulu vera rafrænar sé þess kostur.

i. Kjörstjórn skal heimilt að leita til sérfróðra aðila um framkvæmd rafrænna

kosninga. Framkvæmd skal vera hagað þannig að öllum stúdentum sé gert

kleift að nýta kosningarétt sinn og skal kosning opin á hinu rafræna

kosningakerfi í allt að tvo daga. Kjörstjórn ákveður opnunartíma hins rafræna

kosningakerfis á kjördögum.

ii. Kjörstjórn skal auglýsa opnunartíma kosningakerfisins a.m.k. 15 dögum fyrir

kjörfund. Heimilt er að skjóta ákvörðunum kjörstjórnar um opnunartíma

kosningakerfisins til Stúdentaráðs. Skal það gert a.m.k. 10 dögum fyrir upphaf

kjörfundar.

b. Frambjóðendur og aðrir sem tengjast framboðunum skulu koma fram að virðingu og

heiðarleika í kosningabaráttu sinni. Þeim er ekki heimilt að vera með áróður í

byggingum skólans á kjördögum.

i. Kjörstjórn skal setja frekari reglur um það hvað framboðunum er heimilt í

samskiptum við kjósendur og önnur framboð í aðdraganda kosninga og

hvaða afleiðingar brot á þeim reglum hafa í för með sér. Reglur þessar skulu

staðfestar af Stúdentaráði og birtar á heimasíðu Stúdentaráðs.

ii. Kjörstjórn skal funda með fulltrúum framboðanna og fara yfir reglur þessar.

Fulltrúar frá framboðunum skulu skrifa undir drengskaparheit þess efnis að

þau muni fylgja reglunum og séu meðvituð um afleiðingarnar séu þær

brotnar. Undirskrift þessi er skilyrði fyrir framboði í kosningum til

Stúdentaráðs og háskólaráðs.

iii. Brjóti framboð gegn þessum reglum eða lögum Stúdentaráðs skulu

kjörstjórnarfulltrúar bregðast við með skriflegri áminningu.

Kjörstjórnarfulltrúi sem áminningu veitir skal gera áminntum aðila grein fyrir

ástæðu áminningarinnar og veita honum færi á að koma að athugasemdum.

iv. Áminntur aðili getur skotið áminningunni til kærunefndar kjörstjórnar innan

klukkustundar eftir að hún er veitt. Skal hún úrskurða um réttmæti

áminningar innan klukkustundar frá því að kæra berst. Kjörstjórn skal skipa

þrjá einstaklinga í kærunefnd viku fyrir fyrri kjördag.

d. Framboðslistum er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum

sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en

eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans. Verði framboðslisti uppvís að slíku

skal kjörstjórn tilkynna opinberlega um brotið og brotlegan aðila. Við ítrekuð og

alvarleg brot á þessu hefur kjörstjórn heimild til að vísa viðkomandi framboði úr

kosningum. Þeirri ákvörðun má þó áfrýja til Stúdentaráðs og 2/3 hlutar Stúdentaráðs

geta hnekkst henni.

e. Kjörstjórn skal birta niðurstöður kosninga eigi síðar en fjórum vikum eftir kosningar.

Þar skal koma fram fjöldi atkvæða sem hver frambjóðandi hlýtur ásamt tölum um

kosningaþátttöku.

34. Grein – Talning atkvæða í kosningu til Stúdentaráðs

a. Að afloknum kosningum telur kjörstjórn atkvæði og úrskurðar hverjir teljist réttkjörnir

samkvæmt almennum reglum um lýðræðislegar kosningar.

b. Á hverju sviði skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósenda sem

kýs frambjóðanda í tiltekið sæti á ákveðnu sviði í Stúdentaráði, fær viðkomandi

frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:

i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.

ii. $\frac{1}{2}$ atkvæði fyrir 2. sæti.

iii. $\frac{1}{3}$ atkvæði fyrir 3. sæti o.s.frv. eftir atvikum.

c. Þeir frambjóðendur á hverju sviði sem hljóta flest atkvæði samkvæmt þessari talningu

hljóta sæti sem aðalfulltrúar í Stúdentaráði fyrir viðkomandi fræðasvið. Þeir sem

næstir koma á viðkomandi framboðslista skulu vera varafulltrúar aðalfulltrúa, jafnir að tölu og aðalfulltrúar.

35. Grein – Talning atkvæða í kosningu til Háskólaráðs

a. Við kosningar til háskólaráðs skal reikna kosningaúrslit með þeim hætti að fyrir hvern kjósenda sem kýs frambjóðanda í tiltekið sæti fær viðkomandi frambjóðandi tiltekinn fjölda atkvæða:

i. Eitt atkvæði fyrir 1. sæti.

ii. $\frac{1}{2}$ atkvæði fyrir 2. sæti.

iii. $\frac{1}{3}$ atkvæði fyrir 3. sæti.

iv. $\frac{1}{4}$ atkvæði fyrir 4. sæti.

b. Frambjóðendur til háskólaráðs hljóta eftirfarandi sæti eftir atkvæðafjölda:

i. Fyrsti aðalfulltrúi.

ii. Annar aðalfulltrúi.

iii. Varafulltrúi fyrsta aðalfulltrúa.

iv. Varafulltrúi annars aðalfulltrúa.

c. Hljóti frambjóðendur jafnmörg atkvæði skv. þessari talningu og skera þarf úr um

hvor

þeirra fær sæti í Stúdentaráði eða háskólaráði skal sá þeirra sem hlaut fleiri atkvæði í

1. sæti í kosningum ná kjöri. Ráði það ekki úrslitum er litið til 2. sætis og svo koll af kolli. Ráði það ekki úrslitum skal notast við hlutkesti.

36. Grein – Kosningakæra

a. Hver sá sem hefur kosningarétt í kosningum til Stúdentaráðs og háskólaráðs getur véfengt lögmæti kosninganna og skal hann þá leggja fram skriflega og rökstudda kæru til skrifstofu Stúdentaráðs innan tveggja vikna frá lokum kjörfundar. Gerðardómur Stúdentaráðs Háskóla Íslands úrskurðar um lögmæti kosninganna.

b. Gerðardómur Stúdentaráðs HÍ skal fullskipaður ekki síðar en viku eftir að kærufrestur er liðinn, hafi skrifleg og rökstudd kæra borist skrifstofu SHÍ. Þeir frambjóðendur sem bjóða fram í viðkomandi kosningum skulu koma sér saman um þrjá hlutlausa einstaklinga til þess að sitja í dómnum. Í dóminn skal skipa a.m.k. einn lögfræðing. Í Gerðardóminn má ekki skipa stúdenta við HÍ.

c. Gerðardómurinn skal skila niðurstöðu sinni um lögmæti kosninganna innan tveggja vikna eftir að hann er fullskipaður. Sé niðurstaða Gerðardóms SHÍ að kosning til Stúdentaráðs og/eða háskólaráðs eða háskólapings hafi brotið í bági við lög þessi og ætla megi að brotið hafi haft áhrif á úrslit kosninganna, skulu aukakosningar fara fram innan mánaðar. Sömu reglur gilda um aukakosningar og aðalkosningar. Að kærufresti liðnum skal eyða kjörgögnum og eftirlitsgögnum framboðanna.

X. Kafli – Hagsmunaskrá Stúdentaráðs

37. Grein – Hagsmunaskrá SHÍ

a. Hagsmunaskrá SHÍ er samansafn upplýsinga um starfsemi fulltrúa SHÍ innan félaga-

og

stjórnmalastarfa. Tilgangur hagsmunaskrár er að auka gegnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í störfum SHÍ.

b. Upplýsingaskyldu hafa allir fulltrúar SHÍ: Stúdentaráðsliðar (bæði aðal- og varafulltrúar), nefndarmeðlimir, sviðsráðsmeðlimir, skrifstofa SHÍ (bæði ráðnir og skipaðir fulltrúar) ásamt öðrum fulltrúum sem gegna embættum innan SHÍ.

c. Upplýsingaskylda felur í sér að tilgreina eftirfarandi störf. Taka skal fram hvort hvort aðild/og eða þátttaka var ólaunuð eða launuð og sæti á lista, titil embættis og/eða starfsheiti eftir því sem við á:

i. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka síðastliðin 2 ár.

ii. Trúnaðarstarf innan stjórnmalaflokka samhliða starfi í SHÍ.

iii. Stjórnarstörf innan félagasamtaka síðastliðin 2 ár.

iv. Stjórnarstörf innan félagasamtaka samhliða starfi í SHÍ.

v. Önnur þátttaka í starfi flokka og/eða félagasamtaka.

viii. Mögulega hagsmunaárekstra ofangreindra liða í starfi SHÍ.

d. Falli upplýsingar í liðum iii. og iv. í c-lið undir viðkvæmar persónuupplýsingar (skv. 8. tl.

2. gr. persónuverndarlaga nr 77/2000) er viðkomandi óskýlt að gefa þær upp.

e. Forseti SHÍ skal senda rafrænt eyðublað til útfyllingar fyrir hagsmunaskrá á viðeigandi fulltrúa, sbr. 36. gr., eigi síðar en einni viku eftir fyrsta Stúdentaráðsfund (í kjölfar skiptafundar). Komi nýr fulltrúi til starfa eða verði skipti á fulltrúum innan SHÍ skal þeim vera sent sama eyðublað eigi síðar en viku eftir að þeir hefja störf.

f. Hagsmunaskrá skal gerð opinber og aðgengileg eins fljótt og auðið er á skrifstofu SHÍ

og heimasíðu, nema viðkomandi fulltrúi stúdenta óski þess að undanskilja birtingu á heimasíðu.

38. Grein – Verklagsreglur

a. Um störf Stúdentaráðs Háskóla Íslands gilda verklagsreglur sem samþykktar skulu á fyrsta fundi ráðsins eftir skiptafund árlega. Stúdentaráði er heimilt að leggja til breytingar á verklagsreglunum, skal þá kosið um þær á Stúdentaráðsfundi.

XI. Kafi – Gildistaka og breytingar á lögum, bráðabirgðaákvæði

39. Grein – Lagabreytingar

a. Til þess að lögum þessum verði breytt eða við þau aukið, verður eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

i. Tillaga um breytinguna þarf að hafa verið kynnt í fundarboði eða lögð fram á síðasta fundi ráðsins.

ii. Breytingin þarf að hljóta samþykki a.m.k. 2/3 fundar meðlima á löglega boðuðum Stúdentaráðsfundi.

iii. Lagabreyting öðlast þegar gildi nema á annan veg sé kveðið í henni.

Lagabreytingar skal auglýsa tryggilega. Tilkynning um samþykki Stúdentaráðs á lagabreytingu skal birt á vefsíðu Stúdentaráðs.

iv. Sé almennur stúdentafundur haldinn um lagabreytinguna innan mánaðar frá því að hún var samþykkt, getur hann því aðeins felld hana úr gildi að hann fullnægi ákvæðum þessara laga. Fullnægi almennur stúdentafundur ekki þessum ákvæðum ákveður Stúdentaráð hvort lagabreytingin skuli felld úr gildi eða málið tekið upp að nýju.

v. Að loknum lagabreytingum skal forseti Stúdentaráðs gefa út gildandi lög

ráðsins. Forseti Stúdentaráðs ber ábyrgð á því að gildandi lög Stúdentaráðs
séu alltaf aðgengileg.

26. Skýrsla kjörstjórnar

Samkvæmt lögum Stúdentaráðs ber að skipa kjörstjórn fyrir Stúdentaráðskosningar. Fylkingarnar skipa hvor um sig tvo fulltrúa í kjörstjórn. Kjörstjórn tryggir eðlilega framkvæmd kosninga og að báðar fylkingar fari eftir settum reglum.

26.1. Skipan kjörstjórnar

Þann 21. janúar 2025 skipaði Stúdentaráð fulltrúa í kjörstjórn í samræmi við lög ráðsins. Voru eftirfarandi skipuð í kjörstjórn:

Vaka: Albert Guðmundsson, formaður kjörstjórnar, og Janus Arn Guðmundsson.

Röskva: Alexandra Ýr van Erven og Benedikt Traustason.

Fulltrúi Vöku í kjörstjórn, Janus Arn Guðmundsson, þurfti að segja sig frá störfum í kjörstjórn vegna vinnuferðar erlendis. Á fundi Stúdentaráðs þann 24. mars var Sigurður Helgi Birgisson skipaður í hans stað.

26.2. Fundir kjörstjórnar

Kjörstjórn fundaði alls átta sinnum formlega. Þess á milli var kjörstjórn í samskiptum sín á milli í Messenger-hóp kjörstjórnar.

26.2.1. Fyrsti fundur kjörstjórnar

Fundargerð kjörstjórnar SHÍ 30. janúar 2025

Matt voru: Albert Guðmundsson, form. kjörstjórnar, Janus Arn Guðmundsson, Alexandra Ýr van Erven og Benedikt Traustason. Arent Orri J. Claessen boðaði og sat fundinn.

1. *Dagsetning kosninga:* Farið var yfir þær dagsetningar sem komu til greina fyrir Stúdentaráðskosningar. Vegna rektorskjörs var ákveðið að nýta undanþáguheimild 2. mgr. 23. gr. samþykktar SHÍ og ákveða að kjördagar yrðu 2. og 3. apríl 2025.
2. *Verklagsreglur:* Farið var yfir verklag kjörstjórnar við störf sín. Fyrir lágu verklagsreglur fyrri kjörstjórna sem samþykkt var að starfa eftir.

26.2.2. Verklagsreglur frá kjörstjórn Stúdentaráðskosninga 2023

Farið var yfir verklag kjörstjórnar við störf sín. Fyrir lágu verklagsreglur fyrri kjörstjórnna sem samþykkt var að starfa eftir.

Verklagsreglur frá kjörstjórn Stúdentaráðskosninga 2023

1. Kjörstjórn ber að gæta hlutleysis í störfum sínum. Meðlimir kjörstjórnar deila ekki kosningaáróðri á neinum vettvangi. Meðlimir kjörstjórnar sækja ekki viðburði framboða þar til kjörstöðum hefur verið lokað né taka þátt í störfum framboða á annan hátt.
2. Samskipti við framboð
 - a. Samskipti við framboð er tengjast kosningum skulu fara fram eftir samráð innan kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við framboð eiga sér stað án undangengis samráðs innan kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
3. Kjörstjórn ber að haga samskiptum við skrifstofu SHÍ faglega.
 - a. Samskipti við skrifstofu SHÍ skulu fara fram í samráði kjörstjórnar ef kostur er.
 - b. Ef samskipti við skrifstofu SHÍ fara ekki fram í samráði kjörstjórnar skal kjörstjórn upplýst um viðkomandi samskipti.
4. Kjörstjórn leitast við að svara erindum sem henni berast innan 24 klukkustunda.
5. Kjörstjórn skal bóka allar ákvarðanir sínar og niðurstöður. Fundargerðir skulu vera aðgengilegar fulltrúum framboða sbr. f-lið 32. gr. laga SHÍ.
6. Kjörstjórn sinnir störfum sínum af heilindum. Ákvarðanir kjörstjórnar skulu ávallt miða að því að auka traust í garð lýðræðislegra kosninga til Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

26.2.3. Fjöldi sæta á hverju fræðasviði

Kjörstjórn kannaði fjölda nemenda við skólann og ákvað óbreyttan fjölda sæta á hverju fræðasviði frá fyrri árum, þ.e. 5 sæti á Félagsvísindasviði, 3 sæti á Hugvísindasviði, Heilbrigðisvísindasviði, Menntavísindasviði og Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

26.2.4. Tölvupóstur á kjörstjórn HÍ vegna rektorskosninga

Kjörstjórn ákvað að senda eftirfarandi tölvupóst á kjörstjórn HÍ vegna rektorskosninga og rektor HÍ og með honum láta vita af þeirri ákvörðun kjörstjórnar að halda stúdentaráðskosningar 2. og 3. apríl og fara þess á leit að rektorskjör yrði haldið á tímabilinu 18.-25. mars.

Erindi til kjörstjórnar Háskólaráðs HÍ

Heil og sæl.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands hefur nú komið saman til fundar og ákveðið að halda kosningar til stúdentaráðs dagana 2. og 3. apríl nk. Þær dags. urðu fyrir valinu m.t.t. rektorskjörs.

Með bliðsjón af því förum við þess á leit við kjörstjórn háskólaráðs Háskóla Íslands að rektorskjör verði haldið á tímabilinu 18.–25. mars nk. Þannig fari fyrri umferð kosninganna fram 18. mars og sú síðari 25. mars, ef til hennar kemur.

Óheppilegt gati reynst að halda tvær kosningar, innan veggja háskólasamfélagsins, samtímis - enda gati það haft áhrif á kjörsókn.

Vanalega hafa stúdentaráðskosningar farið fram í febrúar en samkvæmt nýjum samþykktum SHÍ skulu kosningar til stúdentaráðs fara fram fyrir 1. apríl. Áralöng venja er svo fyrir því að þær séu framkvæmdar á miðvikudegi og fimmtudegi. Til skoðunar var því að halda kosningarnar dagana 26. og 27. mars. Samkvæmt okkar skilningi skarast þær dagsetningar hins vegar á við þann tímaramma sem kemur til greina fyrir rektorskjör.

Kjörstjórn hefur því nýtt undanþáguákvæði til að fresta framkvæmd stúdentaráðskosninga fram yfir mánaðamót mars/apríl.

Heppilegast er því að rektorskjörið fari fram á tímabilinu 18.–25. mars, enda teljum við þannig tryggt að stúdentum gefist viðunandi tími í viðleitni til upplýstrar ákvarðanatöku. Með því að halda ákveðnu bili á milli kosninganna er tillit tekið til þessara sjónarmiða.

Háskóli Íslands er lýðræðisstofnun, en það er einmitt þess vegna sem við teljum afar brýnt að gengið sé á undan með góðu fordæmi og reynt sé eftir föngum að tryggja lýðræðislega ferla innan veggja Háskólans. Til þess að tryggja virka þátttöku stúdenta er því skynsamlegt að fordæst skörun kosninga, svo kosningarnar öðlist sitt eigið rými og vægi í hugum stúdenta. Því viljum við beina því til kjörstjórnar háskólaráðs Háskóla Íslands að rektorskjörið verði haldið dagana 18.– og eftir atvikum 25. mars 2025.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Virðingarfyllt,

Albert Guðmundsson,

Form. kjörstjórnar SHÍ.

26.3. Næstu fundir og framhald

Ákveðið var að stofna Messenger-spjallhóp með fulltrúum kjörstjórnar. Boðað verður til næsta fundar þegar nær dregur.

Fundi slitið

26.3.1. Annar fundur kjörstjórnar

Fundargerð fundar kjörstjórnar SHÍ 6. mars 2025

Matt voru þau: Albert Guðmundsson form. kjörstjórnar, Alexandra Ýr van Erven, Benedikt Traustason og Janus Arn Guðmundsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur hófst kl. 17:10

1. Yfirferð formanns vegna tímalínu fram undan
 - a. Formaður kjörstjórnar kynnir tímalínu og upplýsir um að kjörskrá verði tekin út 8. mars nk. Hann upplýsir enn fremur um að framboðin eigi ekki rétt á kjörskrá fyrir en þau hafi skilað inn framboði. Þá þurfa frambjóðendur að skila inn 10 meðmælum fyrir hvern frambjóðanda en þó ekki meira en eitt hundrað meðmæli hver fylkingin sbr. lög SHÍ. Framboðsfrestur rennur út 23. mars en form. leggur til að kjörskráin sé afhent þá.
2. Ákvörðun um hvenær kjörskrá verði afhent
 - a. Samþykkt að fela form. að kanna hvenær kjörskrá geti legið fyrir. Framboðum verður tjáð að um leið og gildum framboðum verði skilað inn geti þau fengið afhenta kjörskrá. Dags. óráðin.
3. Ákvöðun um hvort meðmælum skuli skilað rafrænt
 - a. Samþykkt samhljóða að skila undirskriftum með rafrænum hætti en þó er heimilt að skila inn meðmælum á pappír.

4. Kjörstjórn hittir framboð

a. Samþykkt að hitta framboðin í næstu viku þar sem farið er yfir framkvæmd kosninganna, skrifað undir drengskaparheit, farið yfir rafrænar undirskriftir og óskað eftir tilnefningu umboðsmanna.

5. Opnunartími kosninga

a. Samþykkt sem upplegg - með þeim fyrirvara hvað UTS segir - að hafa kosningu opna frá 9:00 – 20:00 eða 22:00 fyrri kjördaginn annars vegar og frá 9:00 – til 18:00 síðari daginn hins vegar.

6. Næsti fundur kjörstjórnar með fulltrúum fylkinga

a. Samþykkt að stefna að því að hitta fulltrúa fylkinga mánudaginn 10. mars. Útfærsluatriði kl. hvað kjörstjórn og fulltrúar fylkinganna hittast.

7. Önnur mál

a. Formaður leggur til að kjörstjórn verði dugleg að senda út auglýsingapósta með hliðsjón af gagnsæi.

b. Alexandra veltir fyrir sér hvort upplýsingabæklingur verði sendur út á vegum SHÍ þar sem farið er yfir hlutverk SHÍ. AG falið að spyrjast fyrir um þetta atriði.

c. AG leggur til að heimilt verði að greiða atkvæði innan veggja skólans, þ.e. að koma upp kjörklefum í Háskólanum. AG leggur til að þetta atriði verði borið undir fylkingar en heimild er fyrir þessu í lögum SHÍ.

d. Alexandra leggur til að kjörstjórn leggi til hvert hún fari út að borða á næsta fundi sínum.

Fundi slitið kl. 18:00

26.3.2. Þriðji fundur kjörstjórnar

Fundargerð kjörstjórnar SHÍ með umboðsmönnum fylkinga - 13. mars 2025

Fundartími: 13. mars 2025, kl. 17:00

Staðsetning: Skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands, Sæmundargötu 4, 102 Reykjavík

Mætt voru þau: Albert Guðmundsson, form. kjörstjórnar, Alexandra Ýr van Erven, sem ritaði fundapunkta og Janus Arn Guðmundsson, sem hreinritaði fundargerð. Benedikt Traustason boðaði forföll. Þá voru sérstakir gestir fundarins fulltrúar fylkinga þau Alda María Þórðardóttir og Sæþór Már Hinriksson (Dósi) frá Vöku, fls. annars vegar og Ármann Leifsson frá Röskvu hins vegar.

Fundarefni:

1. *Drengskaparheit og siðareglur fyrir fylkingar:* Fundurinn byrjaði á því að form. kynnti og útskýrði drengskaparheit sem fulltrúar fylkinga þurfa að undirrita. Þetta drengskaparheit kveður á um siðareglur sem fylkingarnar þurfa að fylgja í kosningunum.
2. *Viðurlög samkvæmt nýjum lögum Stúdentaráðs:* Farið var í ný lög Stúdentaráðs sem kveða á um viðurlög við brotum í kosningunum. Kjörstjórn hefur heimild til að stöðva kosningarnar, víkja fylkingu eða einstaklingum úr framboði ef kjörstjórn telur brotið á ákvæðum drengskaparheits skv. ákvæðum sem nýju lögin kveða á um. Umboðsmönnum fylkinga var einnig sérstaklega bent á að kynna sér viðurlögin sem tengjast broti á drengskaparheitinu.
3. *Ákveðnar útfærslur varðandi afhendingu kjörskrár:* Ákveðið var að reyna að afhenda fylkingunum kjörskrár samtímis föstudaginn 21. mars. Þetta var ákveðið til að reyna að forðast aðstöðumun milli fylkinga. Forsenda afhendingar kjörskrár eru að framboðum sé skilað á tilsettum tíma samkvæmt lögum SHÍ. Þar á meðal þarf að vera undirritað framboð, og frambjóðendur verða að vera skráðir nemendur við Háskóla Íslands á yfirstandandi skólaári. Þá er krafa um að tíu undirskriftum sé skilað fyrir hvern frambjóðanda, en samtals þarf að safna 100 undirskriftum.

Fylkingarnar hafa ákveðinn tíma til að vinna með kjörskrána. Við afhendingu kjörskrár þurfa fulltrúar fylkinga að undirrita trúnaðaryfirlýsingu, þar sem skráin er trúnaðargagn, í samræmi við lög um persónuvernd.

4. *Rafrænar undirskriftir, meðmælendur:* Kynnt var fyrir umboðsmönnum að undirskriftum væri hægt að skila rafrænt í gegnum Ísland.is. Kjörstjórn tók þá ákvörðun í þeirri viðleitni að auðvelda ferlið og bæta aðgengi fyrir fylkingarnar í tengslum við kosningarnar. Þá voru fylkingar jafnframt hvattar til að skila rafrænt til að flýta vinnunni við yfirferð undirskrifta og afhendingu kjörskrár.
5. *Skapalón vegna framboða:* Form. upplýsir fulltrúa fylkinga um að hann muni senda tölvupóst með skapalónum fyrir skil á framboðum auk eintaks af undirskriftarlista fyrir meðmælendur framboðanna vilji fylkingar skila meðmælum á pappír.

Framboðin þurfa að skila 100 meðmælum í heildina. Form. upplýsir um að farið verði yfir hver einustu meðmæli og gengið úr skugga um að þau séu frá nemendum við HÍ. Nemandi getur aðeins mælt með einu framboði.

6. *Kvartanir og tengsl við kjörstjórn:* Umboðsmönnum fylkinga var kynnt að eingöngu þeir ættu að fara fyrir kvörtunum og setja sig í samband við kjörstjórn í þeim tilfellum sem þeim þætti ástæða til. Kjörstjórn áskilur sér svo rétt til að boða hvaða aðila sem er á fund sinn, telji hún ástæðu og efni til, við úrlausn ágreiningsefna.

Formaður kjörstjórnar upplýsti einnig um að hann yrði í beinu sambandi við báðar fylkingar en annars munu umboðsmenn geta haft samband við fulltrúa sinn í kjörstjórn fyrir frekari upplýsingar eða aðstoð vegna atvika sem upp kunna að koma í tengslum við kosningabaráttu fylkinganna.

7. *Ágreiningsmál og viðurlög:* Formaður kjörstjórnar upplýsti fylkingar um að hann muni reyna eftir fremsta megni að leysa úr ágreiningsefnum með sáttaleiðum, án þess að grípa til þyngstu viðurlaga. Hins vegar áréttaði hann að kjörstjórn muni ekki hika við að beita þeim viðurlögum sem ný lög SHÍ kveða á um, ef það reynist nauðsynlegt að mati kjörstjórnar. Jafnframt var lögð áhersla á mikilvægi þess að fylkingar og frambjóðendur fylgi settum reglum, sýndu háttvísi og góða hegðun til að tryggja sanngjarnar og umfram allt lögmætar kosningar sem hafnar væru yfir vafa. Form. vísaði til háttarnisreglna sem framboðin hafi skuldbundið sig að fara eftir með undirritun (drengskaparheits).

Fundarályktun: Fulltrúar fylkinga samþykktu drengskaparheit og viðurkenndu þær siðareglur sem fylkingarnar þurfa að fylgja. Einnig var samþykkt að fylgja nýjum lögum um viðurlög við brotum og tryggja rétta framkvæmd kosninganna. Ákveðið var að fylkingarnar myndu afhenda undirrituð framboð og undirskriftir samkvæmt þeim reglum sem lög SHÍ kveða á um. Jafnframt var lagt til að meðmælasöfnun gæti farið fram rafrænt.

Fundinum var slitið kl. 17:25.

26.3.3. Fjórði fundur kjörstjórnar

Fundargerð kjörstjórnar SHÍ með starfsmanni upplýsingatækisviðs HÍ - 13. mars 2025

Fundartími: 13. mars 2025, kl. 14:00

Staðsetning: Neshagi 16, 107 Reykjavík, Háskóli Íslands

Mætt voru þau: Albert Guðmundsson, form. kjörstjórnar, Benedikt Traustason,

Alexandra Ýr van Erven og Janus Arn Guðmundsson, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var starfsmaður upplýsingatæknisviðs HÍ, Hörður Guðmundsson, sem jafnframt er umsjónarmaður kjörkerfisins, sérstakur gestur á fyrri part fundar kjörstjórnar.

Fundarefni:

1. *Yfirlit yfir kjörkerfi og ágalla frá síðustu kosningum:* Fundurinn hófst með kynningu á kjörkerfinu og þeim ágöllum sem komu fram í síðustu kosningum. Starfsmaður Upplýsingatæknisviðs HÍ útskýrði ferlið og hvaða ráðstafana hafi verið gripið til svo unnt sé að koma í veg fyrir að þessir ágallar endurtaki sig. Á meðal þeirra mála sem tekin voru fyrir var að loka þurfti fyrir kosningar á ákveðnum tímamarki í fyrra, sem olli því að sumum nemendum gafst ekki færi á að kjósa. Þá voru aðrir sem gátu ekki skráð sig inn á Uglu til að kjósa.
2. *Nýjar aðferðir til að tryggja betra aðgengi:* Starfsmaður Upplýsingatæknisviðs upplýsti um nýja möguleika sem nemendur hafa til að fletta sér upp á kjörskrá áður en kosningar hefjast. Þetta gefur nemendum tækifæri til að kanna hvort þeir séu á kjörskrá og í vafatilfellum, kanna hvernig þeir geti bætt stöðu sína með því e.t.v. að kæra sig inn á kjörskrá. Ef nemendur eiga í vandræðum með að kjósa af persónulegum eða tæknilegum ástæðum, getur starfsfólk Upplýsingatæknisviðs HÍ veitt aðstoð við atkvæðagreiðsluna á þjónustuborði á Háskólatorgi.
3. *Ábendingar um lykilorð og aðgengi:* Þar sem kosningarnar eru rafrænar var sérstaklega bent á að kjósendur þurfa að hafa lykilorð til að komast inn á Uglu. Þetta er forsenda fyrir þátttöku í kosningunum.

Fleira var ekki rætt með starfsmanni upplýsingatæknisviðs og gert var hlé á fundinum

Fundarblé: Á fundinum var gert hlé kl. 14:50 og Hörður vék af fundi. Fundinum var framhaldið á útisvæði Kaffi Vest kl. 15:00.

4. *Staðkosning innan veggja HÍ:* Á Kaffi Vest, eftir fundinn með starfsfólki Upplýsingatæknisviðs, hafði Janus samband við Helgu Laxdal, skrifstofustjóra borgarstjórnar, og óskaði eftir að fá lánaða kjörklefa eða þar til gerð borð með skilrúmunum. Helga óskaði eftir því að fá sendan tölvupóst vegna málsins og Janusi var falið að senda eftirfarandi tölvupóst

Heil og sæl, Helga.

Kærar þakkeir fyrir upplýsandi og ánægjulegt samtal á dögnum.

Eins og ég nefndi fara kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands fram dagana 2. og 3. apríl nk. Við í kjörstjórn Stúdentaráðs leitum því til ykkar með ósk um að fá lánaða kjörklefa eða partilgerð borð með skilrúmum, sem borgin keypti og nýtti í síðustu Alþingiskosningum. Ef Reykjavíkurborg hefur tök á að lána okkur þrjár slíkar kjördeildir, væri það okkur mikils virði.

Við í kjörstjórn SHÍ leggjum áherslu á að hvetja nemendur til virkrar þátttöku í mótun háskólasamfélagsins með því að nýta kosningarétt sinn. Til að tryggja öruggan og faglegan feril verða tölvurnar settar upp með þeim hætti að eingöngu verði hægt að nýta þær í þeirri viðleitni að kjósa.

Til að stuðla að virkri þátttöku stúdenta er mikilvægt að bjóða þeim aðgengilegt, trúverðugt

og vel útbúið rými fyrir kosningarnar. Með þessu móti vonumst við til að auka kjörsókn og gera kosningarnar sýnilegri og aðgengilegri fyrir nemendur Háskólans.

Við metum mikils allan þann stuðning og þá reynslu sem þið á skrifstofu borgarstjórnar búið yfir varðandi framkvæmd kosninga. Ekki hika við að koma með hugmyndir eða atugasemdir ef einhverjar eru.

Ég hef kjörstjórn SHÍ, þau Albert Guðmundsson, form. kjörstjórnar, Benedikt Traustason og Alexöndru Ýr van Erven í afriti þessa tölvupósts.

Hlökkum til að heyra frá þér.

*Með kærri kveðju,
Janus.*

5. *Tímasetning kosninga og afbending kjörskrár: Ákveðið var að kosningarnar skyldu verða opnar frá 9:00 til 21:00 fyrri kjördaginn og frá 9:00 til 18:00 seinni kjördaginn, þann 2. og 3. apríl nk.*

Samþykkt samhljóða

Ákveðið var að reyna að afhenda fylkingunum kjörskrá samtímis föstudaginn 21. mars, til að reyna að forðast eftir föngum aðstöðumun. Forsenda afhendingu kjörskrár eru skil á framboðum skv. lögum SHÍ. Meðal annars er gerð krafa um undirrituð framboð en áskilnaður er um að frambjóðendur þurfi að vera í námi við Háskólann eða skráðir í hann á yfirstandandi skólaári. Þá þarf að skila tíu undirskriftum fyrir hvern frambjóðanda en þó ekki fleiri undirskriftum en eitt hundrað samtals, sbr. lög SHÍ. Fylkingarnar hafa ákveðinn tíma til að vinna með kjörskrána. Við afhendingu kjörskrárinnar þurfa fulltrúar fylkinga að undirrita trúnaðaryfirlýsingu þar sem skráin er trúnaðargagn með hliðsjón af lögum um persónuvernd.

6. *Störf kjörstjórnar og heiðursmannasamkomulag á milli meðlima kjörstjórnar:* Gert var munnlegt heiðursmannasamkomulag á milli meðlima kjörstjórnar að sækja ekki viðburði á vegum fylkinga nema þá einungis til eftirlits og í samráði við formann kjörstjórnar. Þetta var ákveðið til að tryggja hlutleysi kjörstjórnar og koma í veg fyrir árekstra eða fyrirstöður í tengslum við framkvæmd kosninganna. Einnig var ákveðið að upplýsa umboðsmenn fylkinga um að þeir ættu að vera í beinu sambandi við kjörstjórn ef einhverjar spurningar eða kvartanir myndu koma upp á meðan kosningum stæði.

Fundarályktun: Ákveðið var að tryggja eftir föngum að aðgengi og tæknileg útfærsla kosninganna yrði bætt frá því í fyrra til að koma í veg fyrir fyrri ágalla sem komu í ljós þá. Kosningarnar verða haldnar 2. og 3. apríl nk., og kjörskrá afhent samkvæmt fyrirhugaðri tímalínu formanns.

Fundinum var slitið kl. 15:34

26.3.4. Fimmti fundur kjörstjórnar

Fundargerð kjörstjórnar SHÍ þann 20. mars 2025

Fundartími: Skrifstofa SHÍ

Fundartími: 17:00

Mætt voru þau: Albert Guðmundsson form. Kjörstjórnar, Benedikt Traustason og Alexandra Ýr van Erven sem ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. *Undirskriftir varaframbjóðenda við skil á framboðum:* Vegna misskilnings stóð annað framboðið í þeirri trú að varaframbjóðendur þyrftu ekki að undirrita framboðsyfirlýsingu og þar eð skil á framboðum voru daginn eftir var óskað eftir sveigjanleika frá kjörstjórn. Kjörstjórn samþykkti að ef ekki verður mögulegt að framboðandi undirriti framboð, skuli kjörstjórn sannreyna framboð með öðrum hætti. Því var þó beint til fylkinga að reyna eftir bestu getu að fá undirskriftir allra varaframbjóðenda og skyldi einungis líta á þessa heimild sem undantekningu.
2. *Undirskriftir meðmalenda:* Undirskriftir komnar vel á veg hjá báðum fylkingum. Búast má við því að báðar fylkingar skili inn sínum framboðum 21. mars líkt og staðið hefur til.
3. *Bannmerkingar:* Tíðkast hefur að SHÍ fái utanaðkomandi aðila til þess að yfirfara

bannmerkingar á kjörskrá og hafa fylkingarnar skipti á milli sín kostnaði á þeirri yfirferð. Ákveðið að halda því fyrirkomulagi.

4. *Framboðsskil*: Fylkingar hitta kjörstjórn þann 21. mars þ.e. á morgun. Mun kjörstjórn taka við framboðunum á skrifstofu SHÍ.
5. *Kjörklefar*: Í kjölfar fundar kjörstjórnar þann 13. mars hafði Janus samband við Reykjavíkurborg og spurði hvort skrifstofa borgarinnar geti lánað SHÍ kjörklefa sem borgin notar í Alþingis- og sveitarstjórnarkosningum. Borgin samþykkti beiðni kjörstjórnar og bauðst til þess að lána SHÍ nokkra kjörklefa. Kjörstjórn skal leitast eftir leyfi frá umsjónarmönnum fasteigna við það að koma kjörklefunum fyrir. AG ræðir við tölvuþjónustuna um möguleika á að fá tölvu lánaða fyrir hvern kjörklefa. Að lokum var umræða um merkingar við kjörklefana. Ákveðið að hafa stutt skilaboð frá kjörstjórn inni í kjörklefanum og mögulega stærri merkingu fyrir framan þá.
6. *Flaggað á kjördag*: Alexandra leggur til að kjörstjórn óski eftir því að íslenska fánanum verði flaggað fyrir framan Aðalbyggingu Háskóla Íslands á kjördag. Hún ræðir við umsjónarmenn fasteigna um möguleika á því.

26.3.5. Sjötti fundur kjörstjórnar

Fundergerð kjörstjórnar SHÍ þann 22. mars 2025 - könnun framboðslista og meðmælenda

Fundarstaður: Háskólatorg

Fundartími: 12:00

Matt voru þau: Alexandra Ýr van Erven, Benedikt Traustason, Albert Guðmundsson

Fundarefni

1. *Könnun framboða og meðmæla*: Kjörstjórn tók til könnunar framboð og meðmælalista Vöku og Röskvu

Kjörstjórn kannaði alla meðmælendur framboðslistanna og úrskurðaði að báðar fylkingar hefðu skilað tilskildum fjölda meðmæla.

Kjörstjórn úrskurðaði að öll framboð fylkinganna væru lögleg.

Óska þurfti eftir nánari upplýsingum um námsleið Önnu Sóleyjar Jónsdóttur, frambjóðanda Vöku á Hugvísindasviði. Í ljós kom að frambjóðandi var skráð í

nám á Hugvísindasviði á yfirstandandi skólaári en hafði skipt um námsleið um áramót. Framboð taldist því gilt samkvæmt lögum stúdentaráðs HÍ.

Kjörstjórn útbjó eftirfarandi reglur fyrir framboð vegna vörslu og vinnslu kjörskrár.

Við móttöku á kjörskrá Háskóla Íslands vegna Stúdentaráðskosningar 2025 ábyrgist

móttökuaðili að fylgja eftirfarandi fyrirmælum frá kjörstjórn þeirri sem skipuð hefur verið af Stúdentaráði Háskóla Íslands. Móttakandi ábyrgist einnig að tilnefndur verði ábyrgðaraðili vegna vörslu og meðhöndlunar kjörskrár.

Tilkynning um tilnefndan ábyrgðaraðila skal berast kjörstjórn fyrir lok dags 23. mars 2025.

Ábyrgðarmaður heitir því fyrir hönd fylkingarinnar að fara eftir fyrirmælum kjörstjórnar og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs um meðferð á persónuupplýsingum, hér eftir kölluð gögnin, sem fylkingin hefur fengið afhent til notkunar í kosningum til Stúdentaráðs 2025, að viðlögðum drengskap sínum og mögulegri bótaskyldu fylkingarinnar. Með mögulegri

bótaskyldu er átt við að fylkingin greiði allt tjón sem Stúdentaráð Háskóla Íslands kann að verða fyrir vegna óvarlegrar notkunar fylkingarinnar á kjörskrá, hvernig sem slíkt tjón kynni að verða. Ábyrgðarmaður heitir því fyrir hönd fylkingarinnar að hlýða fyrirmælum kjörstjórnar um

meðferð gagnanna, jafnvel þó að fyrirmælin hafi ekki verið kynnt fyrir fram. Gildir um slík fyrirmæli hið sama og um fyrirmæli er kynnt voru fyrir afhendingu gagnanna.

Eftirfarandi fyrirmæli skulu gilda um notkun fylkingarinnar á umræddum gögnum til

yllingar þeim lögum og reglum sem gilda um meðferð persónuupplýsinga:

- 1. Verkefni við afhendingu kjörskrár skal fylgt í einu og öllu.*
- 2. Virtur verði í einu og öllu réttur kjósanda til leynilegrar kosningar. Ekki skal undir neinum kringumstæðum krefja kjósanda um sönnun á kosningu eða að kjörseðill sé sýndur.*
- 3. Skipulagðar úthringingar og skilaboðasendingar að frumkvæði fylkingarinnar vegna kosninga skulu aðeins fara fram á milli kl. 08 að morgni til 22 að kvöldi.*
- 4. Frambjóðendur skulu ekki að bringja í einstaklinga sem svara ekki símhringingum oftar en þrisvar sinnum.*
- 5. Ábyrgðarmaður ábyrgist að ekki verði haft sambandi við þá nemendur sem óskað hafa eftir því að ekki verði haft samband við þá í tengslum við Stúdentaráðskosningar 2025.*

6. *Ábyrgðarmaður ábyrgist að ekki verði haft samband við þá nemendur sem bannmerktir eru fyrir markaðsstarfssemi hjá úrtakslistum Þjóðskrár.*
7. *Fylkingunni er óheimilt að leiðbeina kjósendum skipulega um að raða atkvæðum sínum til þess að skekkja úrslit kosninga og koma fleiri fulltrúum í Stúdentaráð en eðlilegt væri miðað við fjölda atkvæða til listans, sbr. 5. gr. laga Stúdentaráðs um framkvæmd kosninga.*
8. *Fylkingum er einungis heimilt að vinna kjörskrá í þágu Stúdentaráðskosninga 2025 og í þeim tilgangi að kynna nemendum framboð sitt. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á því að meðferð gagna standist gildandi lög og reglur.*
9. *Fylkingum er skylt að tryggja að hýsing kjörskrár og varðveisla gagna uppfylli gildandi lög og reglur.*
10. *Ábyrgðarmaður skal hafa yfirlit yfir það hverjir hafa aðgang að gögnunum.*
11. *Framboðum er skylt að eyða öllum gögnum er tengjast kjörskrá og vinnslu á henni að kosningum loknum, eigi síðar en 4. apríl, undir eftirliti framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.*
12. *Framboð skulu halda vinnsluskrá sem ábyrgðarmaður ber ábyrgð á, meðan gögnin eru enn í þeirra vörslu.*
13. *Ábyrgðarmaður ábyrgist að öllum kvörtunum sem framboðið verður vart við í kosningabaráttu sinni verði komið áleiðis til kjörstjórnar og framkvæmdastjóra Stúdentaráðs.*

Fundi var slitið kl. 18:00

26.3.6. Sjöundi fundur kjörstjórnar

Fundur kjörstjórnar 29. mars 2025

Fundarstaður: Háskólatorg

Fundartími: 11:30

Mætt voru þau: Albert Guðmundsson, Sigurður Helgi Birgisson, Alexandra Ýr van Erven, Benedikt Traustason

1. *Nýtt eintak af kjörskrá: Ný kjörskrá afhent í dag. Ekki kt. á henni. AG athugar það.*
2. *Fundur með Herði: Mán. 31.03.25, kl. 14 á kjörstjórn fund með Herði hjá UTS v. kosningakerfis. Lokaskoðun fyrir kjördag. Framboð komin á stafrænu formi til Harðar.*

3. *Kjörklefar*: Kjörklefi á kjördag. Hefur verið nýtt tölva á HT fyrir slíkt áður. Vandamál með tölvu ef þetta á að vera „stönt“. Væri hægt að setja bara upp klefa með engri tölvu. Þarf að svara Helgu Laxdal og klára það og ræða við húsverði. AYV ræðir við húsverði m. kjörklefa og flöggun.
4. *Erindi um bannmerkingar*: Fulltrúar Röskvu tjáðu kjörstjórn að erindi um bannmerki væri á leiðinni en það hefur ekki borist ennþá.
5. *Áróður á kjörstað*: Áróður á kjörstað. Allt merkt fylkingum farið úr byggingum HÍ fyrir miðvikudag. Umboðsmönnum hefur verið tilkynnt það. Albert ætlar að taka hring um háskólasvæðið að morgni fyrri kjördags.
6. *Kvöldmatur á kjördag*: Matur á fimmtudegi. Fordrykkur á Holtinu. Matur á Skreið. AYV bókar borð.
7. *Umræður um októberfestmálið*: Fulltrúar Röskvu áttu samtal við Paxel og Mána Pétursson. Villandi upplýsingar í kringum samningsmál Stúdentaráðs til kjörstjórnar. Bókun frá fulltrúum Röskvu:

Fulltrúar Röskvu í kjörstjórn harma þær misvísandi og röngu upplýsingar sem borist hafa undanfarna sólarbringa frá forystu Stúdentaráðs. Þar hafa spunnist upp getgátur um lögsóknir frá þriðja aðila vegna samfélagsmiðlaefnis Röskvu. Þessar getgátur hafa ekki átt sér stöð í raunveruleikanum. Fulltrúar Röskvu í kjörstjórn ítreka að slík vinnubrögð eru engum sæmandi og hvetja framhjódendur og aðra sem koma að kosningunum til þess að temja sér fagleg vinnubrögð. Þetta mál gefur tilefni til þess að ferill og meðferð kvartana verði endurskoðaður.

Fundi skitið kl 12:38

26.3.7. Áttundi fundur kjörstjórnar

Fundur kjörstjórnar 31. mars 2025

Fundarstaður: Skrifstofa UTS

Fundartími: 14:00

Mætt voru þau: Albert Guðmundsson, Sigurður Helgi Birgisson, Alexandra Ýr van Erven, Benedikt Traustason ásamt Herði Guðmundssyni starfsmanni UTS.

1. Kosningarviðmót tilbúið
 - a. Búið að setja upp kosninguna. AG og BT geta fengið aðgang til að skoða. Munum yfirfara nöfn á framboðslistum ofl síðar í dag.

b. Ath áminningarglugga sem þarf að loka áður en haldið er áfram eins og var í rektorskjöri. Á að koma lítill blár gluggi sem minnir á kjörið.

2. Vandamál í rektorskjöri

a. Athugasemdir frá rektorskjörinu um vandræði. Gæti tengst ákveðnum vöfrum en var ekki mikið. Um 6 sem lentu í þessu og kusu ekki aftur. Búið að uppfæra villumeldingu svo fólk prófi annan vafra. Vonum að þetta sé þá í lagi en munum fylgjast með.

3. Móttaka kosningaúrslita

a. Upplýsingar um kjörstjórn. Hörður tekur út og sendir á kjörstjórn.

b. Að lokinni kosningu. Hörður sendir útskrift en AG og BT geta fengið aðgang að kerfinu til að fylgjast með og fá hrá gögn. Hörður keyrir út niðurstöðu og setur upp í formúlu.

4. Kjör varamanna

a. Vangaveltur um varamenn og kjör þeirra. Ekki fullkomlega skýrt hvernig að kjöri skuli staðið. Kjörstjórn leggur til að fylgja fyrirkomulagi kosninga eins og hefur verið og gefa ekki færi á breytingum á röðun varamanna.

Fundi slitið kl 14:27

26.4. Samskipti kjörstjórnar á milli funda

Kjörstjórn stofnaði spjallhóp á forritinu Messenger þar sem samskipti áttu sér stað milli funda. Kjörstjórn var í virkum samskiptum vikunnar fyrir fundina og átti nokkra stutta fundi í gegnum hópsímtal á Messenger þar sem ýmis mál voru rædd.

26.4.1. Tölvupóstar til nemenda

23. febrúar 2025:

Kæru stúdentar,

Kosningar til Stúdentaráðs Háskóla Íslands verða haldnar miðvikudaginn 2. apríl og fimmtudaginn 3. apríl n.k. Kosningarnar eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna (www.ugla.hi.is). Í kosningum munu stúdentar hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ) lýsir hér með eftir framboðum til Stúdentaráðs árið 2025.

Skilafrestur framboða:

Skilafrestur framboða er til kl. 18:00, 23. mars 2025. Vinsamlegast hafið samband við kjor@hi.is hafið þið hug á framboði til að fá afhenda undirskriftalista og eyðublað vegna framboða. Framboð til Stúdentaráðs skulu uppfylla ákvæði VIII. kafla samþykktar SHÍ um kosningar.

Hver frambjóðandi skal safna tíu undirskriftum. Þjóði sömu samtök fram framboðslista á öllum

sviðum þurfa stuðningsmenn listans þó aldrei að vera fleiri en 100 í heildina. Samblíða þessu skulu framboð tilnefna umboðsmann þess gagnvart kjörstjórn, sem sér um samskipti við hana.

Kjörstjórn mun taka á móti framboðum rafrænt í gegnum netfangið kjor@hi.is til kl. 18:00 23. mars og verður ekki tekið við framboðum eftir þann tíma. Komi upp vandkvæði skal hafa samband við kjörstjórn í gegnum sama netfang.

Kjörskrá:

Kjörskrá mun liggja fyrir þann 8. mars og skulu kærur vegna kjörskrár hafa borist kjörstjórn eigi síðar en kl. 12:00 þann 15. mars. Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2024-2025. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt.

Framboð til Stúdentaráðs munu fá afhenda skrá yfir stúdenta, í þeim tilgangi að hafa samband

við stúdenta vegna kosninganna. Kjörskrá verður keyrð saman við bannskrá Þjóðskrár og símanúmer þeirra sem eru þar skráð verða tekin út af skránni sem afhent verður framboðunum. Jafnframt verður gætt að skilyrðum 94. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022. Þá er öllum sem eru á skránni veittur réttur til að andmæla notkun á sínum persónuupplýsingum í þessum tilgangi.

Ef stúdent vill ekki að bringt sé í sig í aðdraganda kosninga getur viðkomandi fyllt út eyðublað hér. Hægt er að koma á framsæri andmælum til klukkan 23:59 þann 7. mars. Tekið verður tillit til andmæla sem þá hafa borist.

Framboðum er óheimilt að bringja í einstaklinga sem svara ekki símbringningum oftast en þrisvar sinnum. Eins mega framboðin hvorki senda SMS-skilaboð né hafa samband við einstakling sem er ekki „vinur“ viðkomandi á samfélagsmiðlum í þeim tilgangi að kynna framboð.

14. mars 2025:

Kæru stúdentar

Kosningar til Stúdentaráðs og Háskólaráðs fara fram miðvikudaginn 2. og fimmtudaginn 3. apríl næstkomandi. Þar munu nemendur hvers fræðasviðs kjósa sér fulltrúa í Stúdentaráð til eins árs. Kosningarnar eru rafrænar og fara fram í gegnum innri vef Háskólans, Ugluna.

Á kjörskrá eru þeir stúdentar sem skráðir eru í nám við Háskóla Íslands skólaárið 2024-2025. Gesta- og skiptinemar, sem og nemar sem skráðir eru á námsleiðir með stökum námskeiðum, líkt og í Símennt, hafa ekki atkvæðisrétt. Nemendur geta athugað með atkvæðisrétt sinn á Uglunni.

Ef ykkur þykir áreið af bringingum orðið of mikið er ætíð hægt að hafa samband við Stúdentaráð (shi@hi.is) eða kjörstjórn (kjor@hi.is). Ef þið fáið símtal frá framboðum sem þið teljið vera ólögmat eða viljið ekki frekari símtöl er jafnframt hægt að senda tilkynningu á fyrrnefnd póstbólf og framboðum verður gert viðvart.

Frekari spurningum má beina á netfangið kjor@hi.is.

Kjörstjórn Stúdentaráðs Háskóla Íslands árið 2025 skipa Albert Guðmundsson (oddviti), Janus Arn Guðmundsson, Benedikt Traustason og Alexandra Ýr van Erven.

F.b. Kjörstjórnar SHÍ,
Albert Guðmundsson

Kosningakerfið verður opið frá klukkan 9:00 til klukkan 21:00 þann 2. apríl og frá klukkan 9:00 til klukkan 18:00 þann 3. apríl.

Hér má finna upplýsingar um framboð til Stúdentaráðs 2025.

Frekari spurningum eða kvörtunum má beina á netfangið kjor@hi.is.

F.b. Kjörstjórnar SHÍ,
Albert Guðmundsson

2. apríl 2025:

Kæru stúdentar

Í dag og á morgun fara fram kosningar til Stúdentaráðs. Kosið er á Uglu í dag, miðvikudag 2. apríl, frá kl. 09:00 til 21:00 og á morgun, fimmtudag 3. apríl, frá kl. 09:00 til 18:00.

Ef nemendur eiga í erfiðleikum með að kjósa geta þeir haft samband við kjor@hi.is.

Við hvetjum alla nemendur til að nýta sér kosningaréttinn!

26.5. Kjördagar

Fyrir fyrri kjördag gekk fulltrúi kjörstjórar um háskólasvæðið og gekk úr skugga um að fylkingar hefðu fjarlægt allan kosningaáróður frá sér í samræmi við drengskaparheit og reglur Stúdentaráðs. Örfá plaköt frá báðum fylkingum héngu ennþá uppi á veggjum og voru þau fjarlægð. Sömuleiðis voru í nokkrum tilvikum bæklingar frá fylkingum í þar til gerðum blaðarekkum. Tilkynningar bárust frá báðum fylkingum um kosningaefni frá hinni fylkingunni í byggingum Háskólans. Kjörstjórn kom þeim tilmælum áleiðis til umboðsmanna fylkinga að bregðast við því. Almennt var þó háskólasvæðið laust við áróður og merkingar frá fylkingum við upphaf kjördags svo ekki þótti tilefni til að bregðast frekar við.

Fyrri kjördag bárust kjörstjórn fjórir tölvupóstar frá nemendum þess efnis að þeir væru skráðir í nám en væru ekki á kjörskrá. Kjörstjórn kom þeim ábendingum áleiðis til umsjónarmann kosninganna hjá Upplýsinga- og tæknisviði Háskóla Íslands (UTS) og var þeim nemendum bætt við kjörskrá.

Kjörstjórn barst ein tilkynning frá tveimur nemendum um að þeir ættu í erfiðleikum með að kjósa. Af lýsingum þótti ljóst að þeir hefðu ekki áður virkjað tvöfalda auðkenningu

á heimasvæði sitt á Uglu. Leiðbeiningar frá UTS varðandi það uppsetningarferli voru áframsendar á þá.

Fyrri kjördag barst kjörstjórn kvörtun frá umboðsmanni Röskvu þess eðlis að frambjóðandi Vöku væri að ganga milli borða á háskólasvæðinu og spyrja nemendur hvort þeir væru búnir að kjósa og hvort þau hefðu kosið Vöku. Taldi umboðsmaður Röskvu að þetta striddi gegn því drengskaparheiti sem fylkingarnar undirrituðu. Þótt drengskaparheitin kveði aðeins á um dreifingu kosningaefnis í byggingum Háskólans beindi kjörstjórn þeim tilmælum til umboðsmanns Vöku að þessu athæfi yrði hætt tafarlaust og við því var orðið.

Ein tilkynning barst kjörstjórn um villu í kosningakerfi sem lýsti sér þannig að frambjóðendur Vöku birtust undir atkvæðaseðli merktum Röskvu og öfugt. Kjörstjórn gerði athugun á kerfinu hjá fleiri nemendum á sama fræðasviði og gat ekki fundið þessa villu annars staðar. Ekki reyndist svo mögulegt að sannreyna tilkynninguna. Gengið var því út frá því að um hrekk væri að ræða.

Í aðdraganda kosninganna óskuðu 17 nemendur eftir því að símanúmer þeirra yrðu fjarlægð úr kjörskrá. Alls bárust kjörstjórn 9 kvartanir frá nemendum vegna símhringina fylkinganna, ein í aðdraganda kosninganna og 8 yfir kjördagana tvo. Í tveimur tilvikum voru um að ræða einstaklinga sem sögðust vera bannmerktir í þjóðskrá. Ein varðaði einnig ágengni hringjanda, sem spurði samkvæmt tilkynningunni hvort tilkynnandinn hafi ekki kosið þá fylkingu sem hann hringdi frá. Ekki var tekið fram frá hvorri fylkingunni símtalið kom. Aðrar tilkynningar vörðuðu ónæði vegna hringinganna. Kjörstjórn brást við þessum tilkynningum með því að hafa samband við umboðsmenn fylkinganna og fara þess á leit að þessir einstaklingar yrðu fjarlægðir af hringilistum. Einnig var þeim bent á að símhringingar í bannmerkta einstaklinga varðaði við landslög og væru refsiverðar. Þá var þeim skilaboðum komið áleiðis að virða rétt nemenda til leynilegra kosninga og ekki spyrja um afstöðu í hringingum. Sömuleiðis voru umboðsmenn minntir á þau drengskaparheit sem þau undirrituðu og þær reglur sem giltu um vinnslu kjörskrár, svo sem um fjölda símhringina í hvern nemanda.

26.6. Tillögur til úrbóta

Í ljósi þess að einn kjörstjórnarmeðlimur þurfti að segja sig úr kjörstjórn vegna vinnuferðar erlendis telur kjörstjórn eðlilegt að skoða hvort tilefni sé til að Stúdentaráð skipi varamenn samhliða skipun aðalmanna kjörstjórn. Það myndi hindra að störf kjörstjórnar röskuðust ef kjörstjórnarmaður myndi forfallast skyndilega og einnig koma í veg fyrir að Stúdentaráð þyrfti að koma saman einungis til að skipa nýjan kjörstjórnarmann.

Kjörstjórn bærust athugasemdir frá umboðsmanni Röskvu eftir kosningar þess eðlis að kjörstjórn hafi ekki nægilegar valdheimildir til bregðast við brotum framboða á reglum SHÍ og þeim drengskaparheitum sem þau undirrita. Sérstaklega á þetta við hringingar umfram þau þrjú skipti sem leyfileg eru og úthringingar í bannmerкта. Kjörstjórn telur rétt á að koma þeim athugasemdum áleiðis.

Tekið skal fram að kjörstjórn skal samkvæmt 34. gr. samþykktar SHÍ veita frambjóðanda áminningu gerist hann brotlegur við reglur samþykktanna. Kjörstjórn hefur heimild til að birta áminninguna opinberlega sé brotið ítrekað eða verulegt. Þá hefur kjörstjórn heimild til að víkja framboði úr kosningun, í heild eða hluta, brjóti frambjóðendur verulega af sér. Samkvæmt 30. gr. samþykktar SHÍ getur kjörstjórn svo stöðvað kosningar telji hún að þær hafi farið fram með ólögmætum hætti. Við framkvæmd Stúdentaráðskosninga 2025 taldi kjörstjórn hvorugt framboð hafi gerst brotleg í kosningabaráttu sinni svo það kallaði á opinbera áminningu eða þyngri viðurlög.

Kjörstjórn telur þó eðlilegt að reglur SHÍ er varða kjörstjórn og kosningar, sem og þær reglur sem kjörstjórn setur framboðum, séu í stöðugri endurskoðun, með það fyrir augum að stuðla að sem mestri þáttöku nemenda í Stúdentaráðskosningum, en í senn tryggja að friðhelgi einkalífs nemenda sé virt. Telur kjörstjórn því eðlilegt að Stúdentaráð skoði hvort tilefni sé til að skýra frekar í reglum sínum hvað teljist eðlileg samskipti við nemendur í kosningabaráttum og hvenær framboð teljist hafa gerst brotleg í framgöngu sinni og rétt sé að kjörstjórn beiti þeim valdheimildum sem henni eru falin.

26.7. Kjörsókn

Heildarkjörsókn í Stúdentaráðskosningum 2025 var 40,25%. Kjörsókn var lægst á Hugvísindasviði, eða 31,51%, en hæst á Félagsvísindasviði, 51,69%. Kjörsókn var talsvert meiri en undanfarin ár en árið 2024 var heildarkjörsókn í Stúdentaráðskosningum 31,11%. Kjörstjórn telur þessa þróun mjög ánægjulega en bindur þó vonir við að hægt sé að auka þátttöku nemenda enn frekar.

27. Starfsemi Stúdentaráðs og Tímalína

5. apríl 2024

Kjörfundur boðaður af fráfaramandi forseta með eftirfarandi fundarboði:

Kæru verðandi Stúdentaráðsliðar,

Ég vil byrja á að óska ykkur til hamingju með kjörið! Í kjölfar Stúdentaráðskosninga kýs nýtt Stúdentaráð sér fulltrúa til starfa á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs, ásamt því að kjósa í önnur embætti ráðsins á sérstökum kjörfundi. Þá má nálgast niðurstöður kosninga til Stúdentaráðs hér. Þið eruð hér með boðuð til kjörfundar sem verður haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2024 kl. 17:00 í stofu O-201 í Odda.

Hér kemur langur póstur, sem er mikilvægt er að lesa vel. Spurningar eru velkomnar og skal beina þeim til mín, forseta Stúdentaráðs á sh@hi.is eða heyra í mér í s. 661-9950

Hver þarf að mæta á fundinn?

Eingöngu nýkjörnir aðalfulltrúar geta mætt á kjörfund til þátttöku, þar sem löglegt kjör varafulltrúa hefur ekki farið fram og því getur varafulltrúi ekki sótt fundinn fyrir hönd aðalfulltrúa. Aðkvæðagreiðsla á Stúdentaráðsfundum er einungis lögleg ef meirihluti réttkjörinna fulltrúa hvers sviðs er viðstaddur eða ef 12 stúdentaráðsliðar hið minnsta sitja fundinn skv. c-lið 11. gr. laga Stúdentaráðs. Því er nauðsynlegt að staðfesta mætingu með því að samþykka fundarboðið.

Fundardagskrá:

Almenna fundardagskrá má finna á heimasíðu

Stúdentaráðs. Hér er hins vegar að finna ítarlegri fundardagskrá sem útskýrir hvern fundarlið fyrir sig nánar, þegar þess telst þörf. Það er mjög mikilvægt að kynna sér fundargögn vel fyrir fundinn.

Vakin er athygli ykkar á að fundir Stúdentaráðs eru opnir öllum skv. a-lið 9. gr. laga Stúdentaráðs.

Á kjörfundi er mögulegt að gefa kost á sér í embætti forseta, varaforseta, hagsmunafulltrúa og lánasjóðsfulltrúa Stúdentaráðs. Einnig í fastanefndir Stúdentaráðs og önnur embætti sem nánar er fjallað um í fundargögnum. Þau sem kjörin eru á kjörfundi taka við störfum á skiptafundi, sbr. 4. gr. laga Stúdentaráðs. Kjörgengir til embætta á skrifstofu, í nefndir og önnur embætti á vegum Stúdentaráðs eru öll þau sem hafa verið skráðir til náms við Háskóla Íslands á síðustu þremur árum, á undan sérstökum kjörfundi.

Stúdentaráðsliðar hafa forgang til forsætis í nefndum Stúdentaráðs og sömuleiðis forgang í sviðsråd. Fylkingarnar eru hvattar til að hafa það í huga. Þegar breytingar voru samþykktar vormisserið 2020 á fækkun Stúdentaráðsliða var hugsunin meðal annars að auka tengingu Stúdentaráðs og nefndarstarfa. Stúdentaráðsliðar eru því hvattir til að sitja í nefndum ráðsins hafi þeir rými til, en eru ekki skyldugir til þess eða til að sitja í sviðsráði. Stúdentaráðsliðar eiga að

hafa ráðrúm til að forgangsraða tímanum sínum eins og þeir telja best. Íhuga skal sæti í nefndir eða sviðsráð einungis til að halda tengingu málefna starfsins innan nefnda og sviðsráða við Stúdentaráð.

Gefi fleiri kost á sér en kosið er ræður blutfallskosning. Séu fleiri en einn í framboði í tiltekinni kosningu, hlýtur sá einstaklingur sem fær flest atkvæði embættið, svo sá sem þar eftir kemur og svo koll af kolli.

Hvað þarf að gera fyrir fundinn?

Fyrir fundinn þurfa stúdentaráðslíðar á hverju sviði fyrir sig að hafa kosið sér sviðsráðsforseta, sem tekur sæti í sviðsráði og stýrir störfum þess, samhlöða stöðu sinni í Stúdentaráði.

Fyrirkomulagið er skv. b-lið 8. gr. laga Stúdentaráðs. Hinir 4 fulltrúarnir eru síðan tilnefndir og kjörnir á kjörfundi skv. a-lið 18. gr. laganna. Þetta þýðir að ný kjörnu Stúdentaráðslíðarnir á hverju sviði fyrir sig verða að koma saman fyrir 16. apríl og kjósa nýjan forseta. Í beinu framhaldi þurfa kjörnir sviðsráðsforsetar að skila inn staðfestingu þess efnis á sh@hi.is.

Tilnefningar í embætti skal skila til forseta Stúdentaráðs af oddvitum fylkinga degi fyrir kjörfund á sh@hi.is eða á fundinum sjálfum. Sé óskað eftir því að taka fyrir önnur mál á fundinum eiga þau að vera tilkynnt á sh@hi.is degi fyrir fund.

16. apríl 2024

Kjörfundur fór fram.

29. apríl 2024

Stjórnarfundur FS.

Vikulegur fundur skrifstofu.

30. apríl 2024

Fundur rektors og forseta.

Fundur kjörinna fulltrúa á skrifstofunni

5. maí 2024

Leiðtoga ráðsfundur LUF.

6. maí 2024

Vikulegur fundur með skrifstofu.

Árlegur samráðsfundur HÍ og skólastjórnenda framhaldskólanna. Rakel Anna Boulter fer með erindi um hvað fái stúdenta til að mæta í skólann

9. maí 2024

Fyrsti fundur stjórnar Stúdentaráðs.

Fundargerð:

Fyrsti fundur stjórnar Stúdentaráðs, 9. maí kl. 12:30

Á staðnum:

- Arent Orri Jónsson Claessen, forseti Stúdentaráðs
 - Sigurbjörg Guðmundsdóttir, varaforseti Stúdentaráðs
 - Ragnheiður Geirsdóttir, forseti sviðsráðs FVS
 - Gunnar Ásgrímsson, forseti sviðsráðs MVS
 - Kristín Friða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs VoN
 - Ísleifur Arnórsson, forseti sviðsráðs HUG
 - Tinna Eyvindardóttir, forseti sviðsráðs HVS
 - Júlíus Viggó Ólafsson, oddviti Vöku
-
1. Farið yfir ákvæði laga Stúdentaráðs er varða stjórn Stúdentaráðs
 2. Varafulltrúar stjórnarmeðlima
 - a. Hver fulltrúi í stjórn skipar sinn varafulltrúi. Ákveðið að þeir verði tilnefndir í tölvupósti og tilnefningar bornar upp til samþykktar á næsta fundi eða rafrænt.
 3. Verklagsreglur
 - a. Mikilvægt að þær séu skýrar. Rætt betur síðar.
 4. Stjórn fundar að jafnaði viku fyrir stúdentaráðsfundi
 5. Ráðningar
 - a. Ákvörðun um ráðningar framkvæmdastjóra, alþjóðafulltrúa og ritstjóra þarf að liggja fyrir 1. júní í allra síðasta lagi

b. Samskiptafulltrúi (tímabundið starf í tengslum við Októberfest) ráðinn síðar

c. A.m.k. 10 daga umsóknarfrestur

d. Forseti SHÍ, oddvitar beggja fylkinga og fulltrúi frá Mannauðssviði HÍ sitja í ráðningarnefnd. Nefndin sér um að taka viðtöl við umsækjendur og leggja tillögu að ráðningum fyrir stjórn.

e. Senda út auglýsingu á morgun, umsóknarfrestur til 20. maí og stjórnarfundur 28. / 29. maí

6. Kjör gjaldkera stjórnar

a. Gunnar tekur það verkefni að sér. Enginn á móti

7. Endurnýjun á samningi við Jean Remi ritstjóra

a. Ákveðið að auglýst verði eftir umsóknum

b. Hvetjum Jean Remi til að sækja um, Arent sér um það

8. Endurnýjun á samningi við Nönu út ágústmánuð

a. Starf alþjóðafulltrúa snýst að miklu leyti um að undirbúa byrjun skólaárs.

b. Nana er nánast búin að para saman mentora og alþjóðanema sem von er á í haust, skv. Rakel

c. Nana vill halda áfram út sumarið vegna verkefnis um nýja vinnulöggjöf sem er í gangi núna og hún er búin að vera að vinna að í vetur.

d. Umræða um það hvort hægt væri að skipta starfshlutfallinu í sumar á milli Nönu og nýs alþjóðafulltrúa

e. Mikilvægt að þetta komi ekki niður á verkefnum næsta alþjóðafulltrúa

f. Í auglýsingu eftir umsóknum verður ekki niðurneglt starfshlutfall

i. Taka fram í auglýsingunni að hægt sé að semja um starfshlutfall

g. Júlíus leggur fyrir stjórn að hefja ráðningarferlið með þeim fyrirvara að Nana geti klárað verkefnið fyrir verktakagreiðslur

i. Tillaga samþykkt einróma

ii. Umsóknarfrestur til og með 20. maí

9. Fulltrúar í stjórn Byggingafélags námsmanna

a. Aðalfundur 23. maí kl. 16 í HR

b. Frá Stúdentaráði mæta fjórir fulltrúar á fundinn

i. Lagt til að það verði tveir frá fráfarandi skrifstofu SHÍ og tveir frá nýrri skrifstofu

c. SHÍ á tvo fulltrúa í stjórn BN. Í kafla 4,4. í verklagsreglum Stúdentaráðs segir: „Stúdentaráð á tvo fulltrúa í stjórn Byggingafélags námsmanna (hér eftir “BN”). Annar fulltrúinn ásamt varafulltrúa skal valinn úr hópi starfsfólks skrifstofu SHÍ og staðfestur af stjórn SHÍ. Hitt sætið skal auglýst meðal allra stúdenta. Skal skrifstofa Stúdentaráð auglýsa eftir umsóknum og skal auglýsingin vera birt minnst 10 dögum fyrir lok umsóknarfrests.

Stjórn Stúdentaráðs skal taka umsóknirnar fyrir eftir faglegu ferli og kjósa fulltrúann á grundvelli hæfniramma. Ákvörðun stjórnar skal vera lögð fyrir Stúdentaráð til staðfestingar með atkvæðagreiðslu samkvæmt 7. gr. laga Stúdentaráðs.

Skipað skal til tveggja ára í senn og skal þess gætt með fléttu fyrirkomulagi að annað hvort aðalfulltrúi eða varafulltrúi sitji á skrifstofu SHÍ.”

d. Ákveðið á fundi stjórnar að auglýst verði eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur varafulltrúum með tölvupósti til stúdenta.

10. Kjör varastjórn í Menntasjóð námsmanna

a. Samkvæmt verklagsreglur þá þarf það að vera að öðru kyni en Júlíus. Arent tilnefnir Valgerði Laufeyju (hagsmunafulltrúi). Samþykkt af meirihluta.

11. Skipun í nefndir háskólaráðs

Frestað þar til næsta fund.

12. LÍS

a. Samkvæmt lögnum þá er Arent og Rakel fulltrúar, tveir varafulltrúar af kosnir skrifstofu SHÍ. Arent tilnefnir Júlíus Viggó og Sigurbjörg Guðmundsdóttir. Samþykkt af meirihluta.

Fundi slitið, 9 maí kl. 14:11

14. maí 2024

Arent hittir Rakel uppi á skrifstofu til að fara yfir grunnatriði.

Kjörnum fulltrúum gert ljóst að þeirra krafta sé ekki óskað frá skiptafundi, og gert sé ráð fyrir að öll yfirfærsla og skil á verkefnum hafi farið fram fyrir þann tíma.

Fundarboð sent á nýkjörið Stúdentaráð vegna skiptafundar:

Kæru Stúdentaráðslíðar og aðrir gestir,

Boðað er hér með til fundar Stúdentaráðs þriðjudaginn 21. maí, kl. 17:00 í stofu O-201. Dagskrá fundarins má finna hér. Stúdentaráðslíðum er bent á að nánari fundardagskrá og fundargögn eru að finna á heimasvæði ráðsins á Onedrive. Mikilvægt er að fundargestir kynni sér dagskrá og fundargögn fyrir fundinn.

Vinsamlegast staðfestið mætingu með því að samþykka fundarboðið. Forfallist aðalfulltrúi

skal viðkomandi boða varafulltrúa tímanlega og láta vita á shi@hi.is hver mætir í hans stað. Það er á ábyrgð aðalfulltrúa að gera grein fyrir mætingu.

Velkomið er að hafa samband við undirritaðan, í síma 771-1337 eða með tölvupósti á aoj15@hi.is, ef spurningar vakna um fundinn eða dagskrá hans.

Dagskrá:

Stúdentaráðsfundur 21. maí 2024

Miðvikudaginn 21. maí 2024 fer Stúdentaráðsfundur fram kl. 17:00 í stofu O-201.

Samkvæmt 9. gr. laga Stúdentaráðs eru fundir ráðsins opnir öllum stúdentum við Háskóla Íslands. Þá skal auglýsa meðal stúdenta og er áhugasömum velkomið að mæta á fundi ráðsins. Athugið að fundurinn fer fram á íslensku.

Vinsamlegast hafið samband við skrifstofu Stúdentaráðs, í síma 570-0850 eða í tölvupósti, shi@hi.is, ef spurningar vakna um fundinn eða dagskrá hans. Jafnframt er öllum stúdentum velkomið að hafa samband við skrifstofu Stúdentaráðs vakni spurningar um réttindi þeirra.

Fundardagskrá:

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs 5. mars borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:05-17:10

3. Drög að ársreikningi Stúdentaráðs 2023-2024 kynnt 17:10-17:25
4. Ársskýrsla Stúdentaráðs kynnt 17:25-17:50
5. Bókfærð mál

Nýtt stúdentaráð 2024-2025 tekur við 17:50

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:50
2. Fundargerð kjörfundar borin upp til samþykktar 17:50-17:55
3. Praktísk atriði til nýrra Stúdentaráðsliða 17:55-18:10
4. Fundarhlé 18:10-18:20
5. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:25
6. Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að stúdentakortin verði gerð rafræn (atkvæðagreiðsla) 18:25-18:35
7. Tillaga um stofnun lagaráðs til endurskoðunar á lögum um Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 18:35-18:45
8. Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að Októberfest fái að standa yfir lengur (atkvæðagreiðsla) 18:45-18:55
9. Tillaga um stefnu Stúdentaráðs er varðar rekstur Hámu (atkvæðagreiðsla) 18:55-19:05
10. Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að upphituðum strætóskýlum verði komið upp á háskólasvæðinu (atkvæðagreiðsla) 19:05-19:15
11. Kjör fulltrúa SHÍ í stjórn Byggingafélag námsmanna (atkvæðagreiðsla) 19:15-19:20
12. Önnur mál 19:20-19:35
13. Fundi slitið 19:35

20. maí 2024

Skrifstofa SHÍ - vikulegur fundur

Fundur hjá ráðningarteyminu, Arent, Mathiasi Braga og Júlíusi Viggó Ólafssyni.

21. maí 2024

Ráðningarviðtöl - Ritstjóri

Skiptafundur fór fram

22. maí 2024

Fyrsti fundur með Mána Péturssyni

23. maí 2024

Stöðufundur, Arent og Júlíus Viggó

Ársfundur HÍ

Ráðningaviðtöl

Fundur rektors og forseta Stúdentaráðs

Samráðsfundur með Áslaugu Örne, háskólamálaráðherra

Aðalfundur Byggingafélags Námsmanna

Skiptafundur LÍS

28. maí 2024

Fundur með jafnréttisfulltrúum HÍ um aðkomu nemenda að Jafnréttisstarfi HÍ

31. maí 2024

Stjórnarfundur FS

5. júní 2024

Fundur í úrskurðarnefnd FS – forseti steig inn

11. júní 2024

Fundur forseta og alþjóðafulltrúa

13. júní 2024

Fundur forseta og CCEP um mögulegt samstarf

Fundur í úrskurðarnefnd FS – forseti tók

14. júní 2024

Fundur með Red Bull um mögulegt samstarf

18. júní 2024

Stöðufundur með skrifstofunni.

19. júní 2024

Fundur með Ara, rekstrarstjóra Hámu. Júlí og Arent tóku.

Fundur í úrskurðarnefnd FS

Fundur með Bæjarins bestu um mögulegt samstarf

Fundur með háskólaráðsliða

20. júní 2024

Fundur með Ölgerðinni um mögulegt samstarf.

21. júní 2024

Fundur í úrskurðarnefnd FS

24. júní 2024

Fundur forseta með nemendaráðgjöf

Stöðufundur með skrifstofunni

25. júní 2024

Fundur forseta með Mána Péturssyni og rekstri fasteigna um leyfi til að halda Októberfest.

Fundur með Gauta Skúlasyni hjá Visku stéttarfélagi vegna mögulegs samstarfs.

Fundur með CCEP vegna mögulegs samstarfs.

Fundur með Orkusölunni vegna mögulegs samstarfs

